FRÍMERKI ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS II

2000-2020

FRÍMERKI ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS

II. bindi

2000-2020

3. útgáfa

Samantekt:
Eðvarð T. Jónsson (2000-2020)
Aðalsteinn Ingólfsson (Íslensk myndlist 2010-2019)
Vilhjálmur Sigurðsson (Viðauki)

Útgefandi: Íslandspóstur ohf - Frímerkjasalan ©2022
Umsjón útgáfu: Vilhjálmur Sigurðsson
Hönnun: Hlynur Ólafsson grafísk hönnun/Guðrún Berglind Sigurðardóttir
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis frá útgefanda.

ISBN 978-9935-9653-1-8

Frímerki eru fyrir suma aðeins sönnun þess að búið er að greiða sendingarkostnað en fyrir aðra eru þau eftirsóttur söfnunargripur, jafnvel nafnspjald viðkomandi lands. Hvernig sem litið er á frímerkið er það lítið listaverk sem krefst mikillar tæknilegrar og listrænnar þekkingar, allt frá hönnun til framleiðslu.

Vilhjálmur Sigurðsson
Frímerkjablaðið nr. 16, 2007

Formáli II. bindi

Bókin, Frímerki íslenska lýðveldisins 1944-2020, fjallar um efni allra útgefinna frímerkja á 76 ára tímabili og er umfjöllunin misjafnlega ítarleg eftir frímerkja-útgáfum. Á þessum tíma komu út 735 frímerkjaútgáfur með samtals 1490 frímerkjum enda fjöldi frímerkja mismunandi í hverri útgáfu eða allt frá einu upp í þrettán frímerki (íslensku jólasveinarnir 1999). Í þessum tölum eru talin með öll frímerki sem hafa mismunandi tökkun. Tvenns konar tökkun kemur nefnilega fyrir í einstaka útgáfum, svo sem þegar frímerkin voru gefin út bæði í örkum og heftum (Leppalúði 1999 o.fl.) og er slíkt þá talið sem tvær útgáfur. Endurprentanir frímerkja, sem upphaflega voru gefin út undir konungsríkinu (1938-1939), en endurprentuð á lýðveldistíma (1945-1949) eru hins vegar ekki talin með í þessum uppgefna fjölda frímerkja á umræddu tímabili.

Eins og nærri má geta hafa fjölmargir listamenn og hönnuðir auk ljósmyndara og myndgrafara, komið að gerð íslenskra frímerkja á þessu 76 ára tímabili, en því miður var þessara aðila ekki alltaf getið í tilkynningum póststjórnarinnar, ólíkt því sem síðar varð. Teiknistofa Póst- og símamálastofnunar kom að ýmsum frímerkjaverkefnum með teiknistofustjórann, Árna Sveinbjörnsson fremstan í flokki en fyrst og fremst voru það teiknarar og hönnuðir utan stofnunarinnar sem hönnuðu íslensk frímerki. Menn eins og Stefán Jónsson, Þröstur Magnússon, sem hannað hefur fleiri íslensk frímerki en nokkur annar eða 211 alls, Hlynur Ólafsson, Tryggvi T. Tryggvason og Örn Smári Gíslason svo nefndir séu þeir afkastamestu. Auðvitað voru það miklu fleiri, jafnt innlendir sem erlendir aðilar, sem komu að hönnun íslenskra frímerkja á þessu tímabili eða hátt í 200 einstaklingar. Nokkur fjöldi íslenskra frímerkja var einnig hannaður hjá þeim erlendu prentsmiðjum sem prentuðu frímerkin. Var þá myndefni t.d. ljósmyndir, sent í prentsmiðjurnar og starfsmenn þeirra gengu frá hönnuninni m.t.t. letur-gerðar og útlits frímerkjanna.

Íslensk frímerki hafa alla tíð verið prentuð erlendis og þá í sérstökum öryggis-prentsmiðjum sem hafa sérhæft sig í frímerkjaprentun. Þannig var skipt við 17 erlendar prentsmiðjur í 11 löndum á umræddum tíma sem bókin nær yfir. Mest við prentsmiðjuna Cartor Security Printing í Frakklandi sem prentað hefur 185 frímerkjaútgáfur á 26 ára tímabili. Þar næst prentsmiðjuna Hélio Courvoisier S.A. í Sviss sem prentaði 159 frímerkjaútgáfur á 36 ára tímabili auk þess sem prentsmiðjan hannaði fjölda íslenskra frímerkja, en prentsmiðjan hætti rekstri 2001. Í þriðja sæti er svo hollenska prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print sem prentað hefur 137 frímerkjaútgáfur á 37 ára tímabili. Það er einmitt á sviði prentunar sem orðið hafa miklar breytingar á umræddu tímabili m.t.t. prenttækni en ekki síður á sviði hönnunar þar sem tölvutæknin er allsráðandi.

Það er von okkar að útgáfa þessarar bókar nýtist áhugamönnum um íslenska frímerkjasögu.

Vilhjálmur Sigurðsson

Forstöðumaður Frímerkjasölu Íslandspósts

2000

Villtir ætisveppir

Hinn 4. febrúar gaf Íslandspóstur í annað sinn út frímerki í útgáfuröðinni, Villtir ætisveppir, sem hóf göngu sína 1999. Myndefni frímerkjanna er kantarella og ullserkur.

Í tilkynningu með þessum frímerkjum kemur fram að kantarella (*Cantharellus cibarius*), sem er myndefni 40,00 kr. frímerkisins, tilheyrir flokki kólfsveppa sem kallast hattleysingjar. Þetta er góður og vinsæll matsveppur sem vex í skógum eða í grennd við þá og þá oft í þyrpingum meðfram stígum. Kantarella er ekki algengur hérlendis en finnst þó á nokkrum stöðum.

Ullserkur (*Coprinus comatus*) er myndefni 50,00 kr. frímerkisins. Hann er algengur við híbýli víða í byggð og við vegkanta. Hann vex í þyrpingum og sést þá á ýmsum þroskastigum. Þetta er bragðgóður sveppur en geymist þó ekki ferskur nema í nokkra klukkutíma og er einn örfárra sveppategunda hérlendis sem borða má hráa. Sveppurinn er einnig þekktur undir nafninu Ullblekill.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Kristnitaka á Íslandi 1000 ára

Þennan sama dag, 4. febrúar, gaf Íslandspóstur út smáörk og stakt frímerki til að minnast þess að 1000 ár voru liðin frá kristnitöku á Íslandi. Í smáörkinni er eitt 40,00 kr. frímerki, sem er verðgildi arkarinnar. Smáörkin var gefin út í samvinnu við Kristnihátíðarnefnd og segir í tilkynningu frá Íslandspósti að myndefnið eigi að túlka samleið trúar og þjóðar í þúsund ár með tilvitnun í stefið Da pacem Domine (Af gæsku þinni gef oss frið) sem blaktir á nótnastreng eins og fáni yfir fulltrúum þjóðarinnar á Þingvöllum.

Staka frímerkið, 40 kr., er gefið út í samvinnu við Páfagarð. Það sýnir altarisklæði frá lokum miðalda úr dómkirkjunni á Hólum, saumað refilsaumi, þar sem getur að líta biskupana Guðmund góða Arason, Jón helga Ögmundsson og Þorlák helga Þórhallsson. Aðdragandi þessarar útgáfu var sá að 1996 skrifaði Sigurður H. Þorsteinsson bréf til Ólafs Tómassonar, þáverandi póst og símamálastjóra, og hreyfði við hugmyndinni. Eftir kynningu hjá herra Jóhannesi Gijsen, Reykjavíkurbiskupi, var að hans ráði leitað til G. Ceirano erkibiskups, sendiherra Páfastóls á Norðurlöndum. Skrifaði hann formanni nefndar Páfastóls um þessi mál og í október 1997 barst tilkynning um að nefndin hefði samþykkt sameiginlega útgáfu á árinu 2000, til að minnast kristnitökunnar. Smiðshöggið ráku svo P. Biggio, erkibiskup og sendiherra, ásamt tveim íslenskum sendiherrum við Páfastól.

Árið 2000 var þess minnst, að þúsund ár eru síðan samþykkt var á Alþingi að allir landsmenn skyldu taka kristna trú. Lögsögumaðurinn, Þorgeir Ljósvetningagoði, kvað upp þann úrskurð en var þó ekki í hópi hinna kristnu sjálfur. Þungt vógu í úrskurði hans þau rök að með því móti einu mætti varðveita frið í landinu. Í tilkynningu póstsins segir orðrétt: „Í þúsund ár hefur íslensk þjóð hlýtt hinum kristna sið, helming þess tíma tilheyrði hún hinni rómversk-kaþólsku kirkju, en síðari helminginn, að stærstum hluta, hinni evangelísk-lútersku.

Í strjálbýlu landi reynir mjög á heimilin og fjölskyldurnar að varðveita trúna. Hin sungna tjáning trúarinnar í versum og bænum hefur verið kjölfesta heimilanna í því efni í þúsund ár. Ekkert eitt stef bindur þar betur saman kynslóðir og kirkjudeildir en stefið Da pacem Domine: Af gæsku þinni gef oss frið, sem sungið hefur verið í óbreyttri mynd eða sem sálmvers jafnlengi og kristni hefur verið í landinu. Frímerkið, sem gefið er út tilefni þessara tímamóta, tjáir þennan veruleika og geymir um leið ósk handa nýrri öld: Da pacem Domine.“

Tryggvi T. Tryggvason hannaði bæði smáörkina og staka frímerkið. Smáörkin var offsetprentuð hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi og staka frímerkið hjá Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi.

Fundur Norður-Ameríku 1000 ára

2000

Hinn 16. mars gaf Íslandspóstur út fjögur frímerki og eina smáörk, með sömu frímerkjunum, til að minnast þess að 1000 ár voru liðin frá því að norrænir menn fundu Ameríku. Myndefni 40,00 kr. frímerkisins er höggmynd Einars Jónssonar af Þorfinni karlsefni. Myndefni 50,00 kr. og 75,00 kr. frímerkjanna eru víkingaskip og myndefni 90,00 kr. frímerkisins er höggmynd Alexanders Stirling Calder af Leifi Eiríkssyni.

Í tilkynningu Íslandspósts er gerð ítarleg grein fyrir þessari útgáfu:
Frá landafundunum er sagt í tveimur íslenskum sögum. Eiríks sögu rauða og Grænlendinga sögu. Bjarni Herjólfsson og Leifur heppni, sonur Eiríks rauða, eru hvor um sig sagðir hafa fundið þrjú lönd sem nefnd voru Vínland, Markland og Helluland. Lönd þessi hafa líklega verið Labradorskaginn og Baffinsland. Minjar um byggð norrænna manna hafa fundist á norðurodda Nýfundnalands þar sem heitir L'Anse aux Meadows og hyggja sumir að þar hafi Vínland verið en aðrir telja að nafn landsins og lýsingar sagnanna sýni að það hafi verið sunnar, í Nýju-Brúnsvík, Maine eða jafnvel Massachusetts.

Samkvæmt Grænlendinga sögu fann Bjarni Herjólfsson hin nýju lönd er hann villtist af leið til Grænlands en síðan tók Leifur heppni við og kannaði löndin og gaf þeim nöfn. Í Eiríks sögu segir að Leifur hafi fundið Vínland fyrstur manna þegar hann var á leið til Grænlands frá Noregi sem kristniboði Ólafs Tryggvasonar árið 1000.

Frá Grænlandi voru gerðir út nokkrir leiðangrar til að nema land á Vínlandi í upphafi 11. aldar og kvað þar mest að ferð Þorfinns karlsefnis og manna hans. Hann sigldi til Vínlands með Guðríði Þorbjarnardóttur, konu sinni, og miklu föruneyti og hugðist reisa byggð á Vínlandi. Dvöldust þau þar í tvo til þrjá vetur. Á þeim tíma fæddist þeim sonur, Snorri Þorfinnsson. Er hann fyrsti afkomandi Evrópumanna sem fæddist í Ameríku.

Þröstur Magnússon hannaði frímerkin og smáörkina en Martin Mörck gróf hana í stálstungu. Frímerkin voru prentuð í stáldjúpþrykki hjá Seðlaprentsmiðju Kanada (Canadian Bank Note Company, Limited) í Ottawa, Kanada. Voru það fyrstu frímerkin sem þessi prentsmiðja prentaði fyrir Íslandspóst.

Af þessu sama tilefni var einnig gefið út sérstakt myntbréf með smáörkinni og sérslegnum minnispeningi. Var það í fyrsta skipti sem slíkt var gert. Hlynur Ólafsson hannaði myntbréfið og minnispeninginn. Verð myntbréfsins var kr. 3.900.

Gufuvaltarinn Bríet og slökkvidæla

Hinn 27. apríl komu út tvo fjögurra frímerkja smáhefti og var þetta annað árið í röð sem slík smáhefti komu út á vegum Íslandspósts.

Myndefni 50,00 kr. frímerkisins er gufuvaltarinn Bríet. Valtarinn var smíðaður hjá Aveling & Porter Ltd., í Englandi árið 1911 og almenningur nefndi hann jafnan „Bríeti Knútsdóttur" eftir bæjarfulltrúunum Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og Knud Zimsen sem beittu sér fyrir að fá hann keyptan hingað til lands. Valtarinn kom til Íslands árið 1912 og var lengst af notaður við gatnagerð í Reykjavík. Á veturna var hann notaður til að knýja grjótmulningsvél á Skólavörðuholti en mölin var notuð til gatnagerðar í bænum. Gatnagerð í Reykjavík vélvæddist síðan hægt og sígandi á öðrum og þriðja áratug aldarinnar. Valtarinn Bríet var fluttur á Árbæjarsafn 1961.

Myndefni 75,00 kr. frímerkisins er slökkvidæla. Í útgáfutilkynningu Íslandspósts segir, að slökkvilið Reykjavíkur hafi verið stofnað 1875 en slökkvistöðin í bænum var þó ekki tekin í notkun fyrr en 1912. Slökkviliðið var illa búið tækjum í fyrstu og átti lengi vel enga véldælu. Árið 1915 varð stórbruni í Reykjavík. Þá brunnu tólf hús í miðbæ Reykjavíkur og var þar með endir bundinn á „timburhúsaöldina“ í bænum. Ein véldæla var þá til í landinu og hafði einkaaðili flutt hana inn árið 1912. Framleiðandi var Ludwigsberg Verkstads. Aktiebolag í Svíþjóð. Dælan var mun afkastameiri en þær sem slökkviliðið hafði til umráða, dældi um 480 lítrum á mínútu. Í brunanum 1915 var véldælan tekin traustataki og síðan keypt. Með þessum kaupum hófst vélvæðing slökkviliðsins í Reykjavík.

Frímerkin og heftin hannaði Hlynur Ólafsson sem einnig tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Árþúsundamót

Hinn 27. apríl gaf Íslandspóstur einnig út tvö frímerki í tilefni árþúsundamótanna. Á þessum frímerkjum var skyggnst til fortíðar og framtíðar.

Á 40,00 kr. frímerkinu er táknmynd eins helsta afreks Íslendinga síðustu þúsund árin, ritun Íslendingasagna. Myndefnið byggir á minnum úr íslenskum handritum. Í bakgrunni er vangamynd manns sem lítur yfir farinn veg. Við vanga hans ber fjaðrapenna og skreyttan upphafsstaf úr Jónsbók frá 16. öld. Textinn á bláa fletinum er úr Ormsbók frá miðri 14. öld.

Á 50,00 kr. frímerkinu er litið til óráðinnar framtíðar og myndefnið er tækni og erfðavísindi. Erfðavísindum hefur fleygt fram á síðustu áratugum og Íslendingar hafa haslað sér völl í erfðarannsóknum. Jafnframt hefur notkun einkatölva farið mjög vaxandi og er meiri á Íslandi en í flestum, ef ekki öllum, öðrum Evrópulöndum. Yfir táknmynd mannsins á frímerkinu er erfðafræðilegt ættartré karls (ferningur) og konu (hringur). Flöturinn sem maðurinn stendur á táknar rökrásir í tölvuvélbúnaði.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Evrópa 2000

Hinn 18. maí gaf Íslandspóstur út eitt Evrópufrímerki með 50,00 kr. verðgildi og var þema þess, Evrópa 2000. PostEurop, Samband opinberra póstrekenda í Evrópu, ákvað að aðildarlöndin skyldu gefa út aðeins eitt frímerki þetta ár með sameiginlegu myndefni. Efnt var til alþjóðlegrar samkeppni um myndefni frímerkisins og fyrir valinu varð tillaga franska myndlistarmannsins Jean-Paul Cousin, sem sýnir börn að leik með gular stjörnur í stíl við einkennismerki Evrópusambandsins. Jafnframt gaf Íslandspóstur út 10 frímerkja hefti með þessu frímerki.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið og frímerkjaheftið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2000

Sjávarspendýr

Hinn 18. maí gaf Íslandspóstur einnig út fjögur frímerki þar sem myndefni voru sjávarspendýr og var þetta önnur frímerkjaröðin í þessum flokki á tveimur árum. Myndefnin að þessu sinni voru andarnefja (5,00 kr.), leiftur (40,00 kr.), hnúfubakur (50,00 kr.) og hrefna (75,00 kr.).

Í tilkynningu Íslandspósts er fjallað um þessa útgáfu í ítarlegu máli. Myndefnið á 5 kr. frímerkinu er andarnefja (*Hyperoodon ampullatus*). Um hana segir að hún finnist eingöngu í norðanverðu Norður-Atlantshafi. Hún tilheyrir ætt svínhvala og heldur sig mest á djúpsævi. Fullvaxnir tarfar ná mest um 10 m lengd en kýrnar eru talsvert minni. Andarnefjan er að mestu farhvalur og er gjarnan í hópum sem telja 4-10 dýr. Þessi tegund, ásamt búrhvalnum, kafar lengst (allt að 2 klst.) og dýpst (yfir 2 km) allra hvala. Andarnefjan er talin verða kynþroska um 7 ára gömul. Fengi- og burðartíminn er á vorin en meðgöngutíminn er um 12 mánuðir. Við burð er andarnefjan um 3,5 metra löng og er kálfurinn á spena í a.m.k. eitt ár. Kýrnar bera að jafnaði á 3-4 ára fresti. Talið er að stofnstærð andarnefju í N-Atlantshafi sé um 40 þúsund dýr.

Á 40 kr. frímerkinu er myndefnið leiftur (*Lagenorhynchus acutus*). Útbreiðsla hans er bundin við norðanvert Norður-Atlantshafið. Hér við land er tegundin algengust sunnan og suðaustan við landið. Leifturinn nær mest 2,7 metra lengd og eru kvendýrin heldur minni en tarfarnir. Leiftur er félagslynd tegund og á úthafinu má oft sjá hópa sem skipta hundruðum dýra. Dýrin verða kynþroska á aldursbilinu 5-8 ára en burðar- og fengitími nær hámarki í júní og júlí. Talið er að kálfarnir, sem eru um eins metra langir við fæðingu, séu á spena í allt að 18 mánuði en kýrnar bera að jafnaði 2.-3. hvert ár.

Hnúfubakur (*Megaptera novaeangliae*) sem prýðir 50 kr. frímerkið, er útbreiddur um öll heimshöfin. Hann er fardýr og ólíkt reyðarhvalategundum eru vetrarstöðvar hnúfubaksins í Norður-Atlantshafi þekktar, en þær eru á nokkrum

stöðum við kóralrif í Karíbahafi. Þótt hnúfubakur sé í mestu magni hér við land á sumrin hefur nokkur fjöldi hnúfubaka vetursetu á Íslandsmiðum ár hvert. Tegundin telst til sérstakrar ættkvíslar innan reyðarhvalaættar með mun kubbslegra byggingarlag og lengri bægsli en hinir eiginlegu reyðarhvalir. Hnúfubakurinn nær mest 16 metra lengd og allt að 50 tonna þyngd. Kynþroska-aldur er talinn vera um 5 ár og bera kýrnar að jafnaði annað hvert ár.

Hrefna (*Balaenoptera acutorostrata*) eða hrafnreyður er myndefni 75 kr. frímerkisins. Hún er algengust skíðishvala í heiminum og finnst í öllum heims-höfum allt frá hitabeltinu að ísröndinni bæði á norður- og suðurhveli jarðar. Eins og aðrir reyðarhvalir er hún fardýr sem ferðast í átt að heimskautum á vorin og í átt að miðbaug á haustin. Þótt hrefnu hafi orðið vart hér við land á öllum árstímum er hún langalgengust á tímabilinu maí til september og finnst þá á landgrunninu allt kringum landið. Talið er að um 56 þúsund hrefnur séu hér við land að sumarlagi. Hrefnan er minnst skíðishvalanna og nær mest um 10 metra lengd og 9-10 tonna þyngd á norðurhveli jarðar og eru kýrnar heldur stærri en tarfarnir. Hrefnan nær kynþroska við 5-6 ára aldur og bera kýrnar yfirleitt einn kálf á ári.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði þessa frímerkjaröð eins og hina fyrri.
The House of Questa Ltd., í London, Englandi offsetprentaði frímerkin.

2000

Blómafrímerki

Hinn 14. september voru gefin út tvö frímerki þar sem myndefnin voru sumarblóm og var þetta fyrsta frímerkjaröðin í þeim flokki.

Myndefni 40,00 kr. frímerkisins er stjúpur (*Viola x wittroekiana*). Þessi blóm eru tvíærar jurtir og ræktaðar sem sumarblóm. Þær eru 15-20 cm á hæð og bera blóm mikinn hluta sumars. Þær eru mjög harðgerðar og þrífast alls staðar en þó best á sólríkum stöðum. Á Íslandi er venjulega sáð til stjúpublóma snemma í ágúst. Stjúpur eru mikið ræktaðar hérlendis og fjöldi yrkja er til af þeim.

Á 50,00 kr. frímerkinu er sumarblómið tóbakshorn (*Petunia x hybrida*), en það er venjulega einær jurt sem blómgast aðeins eitt sumar og er fjölgað með fræi. Nokkrar tvíærar jurtir eru þó ræktaðar sem sumarblóm. Öll sumarblóm þarf að vökva þegar þurrkar ganga. Tóbakshorn blómgast um mitt sumar. Fræi er sáð inni í mars og smájurtirnar gróðursettar úti þegar tíð er orðin góð. Tóbakshornið þrífst best í skjóli á sólríkum stað í frjósömum, lausum moldarjarðvegi. Það er gróðursett í beð eða í kerjum.

Ólafur Pétursson hannaði blómafrímerkin og voru þau offsetprentuð hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

Íslenskir nytjafiskar

Sama dag, 14. september, kom út þriðja frímerkjaröðin í flokknum Íslenskir nytjafiskar.

Ýsa (*Mellanogrammus aeglefinus*) sem prýðir 10,00 kr. frímerkið er algeng við Ísland og í Norður-Atlantshafi. Hún er botnfiskur og lifir mest á 100-200 metra dýpi á leir- og sandbotni. Hún verður sjaldan lengri en 80 cm. Ýsan hrygnir yfirleitt á 50-150 metra dýpi við suður-, vestur- og norðvesturströnd landsins og fer hrygningin fram í apríl til júní. Hún nærist af margs konar botndýrum, einkum skrápdýrum og skeldýrum.

Loðna (*Mallotus villosus*) prýðir 250,00 kr. frímerkið. Fullþroska loðna er 13-18 cm á lengd en getur þó orðið lengri. Hún er útbreidd um öll nyrstu höf jarðar og við Ísland er hún mjög tíð, bæði við strendur og á hafi úti. Fæðan er smá svifdýr af ýmsu tagi. Loðnan verður kynþroska 3 ára. Hrygningin hefst í marsbyrjun og þá leitar loðnan inn á grynningar í stórum torfum. Mikið af loðnunni deyr að lokinni hrygningu.

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

2000

Fiðrildi

Hinn 9. október gaf Íslandspóstur út frímerkjaröð þar sem myndefni voru fiðrildi sem eru algeng á Íslandi.

Fiðrildafána Íslands er afar fáskrúðug, jafnvel í samanburði við næstu lönd. Er þar landfræðilegri einangrun um að kenna að nokkru leyti sem hefur tvíþættar afleiðingar. Mörg fiðrildi eiga í erfiðleikum með að berast til landsins yfir víðfeðmt hafið. Einnig er hafið þrándur í götu plöntutegunda sem fiðrildi hafa lífsviðurværi af, en flestar tegundir fiðrilda eru nokkuð eða mjög sérhæfðar í fæðuvali.

Á Íslandi hafa fundist 147 tegundir fiðrilda sem hafa verið nafngreindar. Þar af eru aðeins 54 tegundir villtar í náttúrunni og 8 finnast innanhúss. Alls hafa 34 tegundir borist til landsins á eigin vængjum og sumar hverjar fjölgað sér hingað komnar, ef aðstæður hafa leyft. Tvær algengar tegundir voru valdar til að prýða frímerki.

Á 40,00 kr. frímerkinu er mynd af skrautfeta (*Chloroclysta citrata*). Hann er meðal algengustu fiðrildategunda á Íslandi, finnst þó aðeins á láglendi en á miðhálendinu lifir hann ekki. Fiðrildin fljúga í mestum fjölda síðla sumars, einkum í ágúst, en lirfurnar vaxa upp fyrri hluta sumars.

Á 50,00 kr. frímerkinu er mynd af grasyglu (*Cerapteryx graminis*) sem löngum gekk undir heitinu grasfiðrildi og er e.t.v. með þekktari tegundum fiðrilda hér á landi. Það kemur þó ekki til af góðu, því að lirfa grasyglu er hinn illræmdi grasmaðkur sem stundum veldur umtalsverðum skemmdum á túnum og haga.

Hany Hadaya hannaði frímerkin en The House of Questa Ltd. í London, Englandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Vesturferðir Íslendinga

Smáörkin sem gefin var út á degi frímerkisins, 9. október, var helguð vesturferðum Íslendinga á nítjándu öld. Um hönnunina sá Þröstur Magnússon og byggði hann á málverki Árna Sigurðssonar (1884-1970) sem sýnir Íslendinga stíga á land við strendur Lake Winnipeg í Manitoba, þar sem þeir stofnuðu Nýja Ísland. Martin Mörck gróf smáörkina í stálstungu en hún var prentuð í stáldjúpþrykki hjá Canadian Bank Note Co. Ltd., Ottawa, Kanada. Verðgildi frímerkisins er 200,00 kr. en smáörkin var seld á 250,00 kr. og rann yfirverðið til Frímerkja- og póstsögusjóðs.

Þjóðinni fjölgaði mjög á nítjándu öld án þess að atvinnulífið efldist að sama skapi. Að vísu jókst fiskveiði og framfarir urðu í landbúnaði en ungt fólk sem vildi hefja búskap átti fárra kosta völ. Fleira en mannfjölgun varð þó til þess að ýta undir vesturferðir Íslendinga á síðasta fjórðungi aldarinnar. Má þar nefna harðindi á sjöunda og níunda áratug aldarinnar, Öskjugosið 1875 og vel heppnaðan áróður svokallaðra Ameríku-agenta. Í Vesturheimi skorti vinnuafl og þar stóð ódýrt landrými innflytjendum til boða. Fyrstu Íslendingarnir til að flytjast vestur um haf voru Mormónar sem héldu til Utah í Bandaríkjunum.

Vesturferðir Íslendinga voru mestar á tímabilinu 1870-1914 þegar um 15.000 manns settust að í Norður-Ameríku. Þær voru hluti af stórfelldum þjóðflutningum sem áttu sér stað frá Evrópu til Ameríku. Ástæður vesturferða Evrópumanna voru margar, svo sem fátækt, þröngbýli, ófrelsi og jafnvel hungur. Nýi heimurinn hafði orð á sér fyrir að vera land tækifæranna þar sem hvorki væri spurt um ætt né stöðu heldur dugnað og áræðni. Langflestir Evrópubúar komu sér fyrir í Bandaríkjunum en Íslendingar lögðu einkum leið sína til Kanada.

Húsagerðarlist til forna

Hinn 9. nóvember komu út tvö frímerki þar sem myndefnin tengjast fornri húsagerðarlist Íslendinga.

Myndefni 45,00 kr. frímerkisins er tilgáta að skála íslenskra landnámsmanna. Stuðst er við ritaðar heimildir og uppgröft á Ísleifsstöðum í Borgarfirði og víðar. Til viðmiðunar í útfærslu á myndefni eru tóftir af landnámsskálum sem hafa fundist á Grænlandi og Íslandi. Víkingaaldarbærinn íslenski er sérhannaður fyrir kalt úthafsloftslag. Hann er fallega reist tréhús að innan, en að utan þakinn torfi, sem er ein besta einangrun sem völ er á fyrir frosti og kulda. Torfhús af þessu tagi voru reist á víkingaöld á norðurslóðum, allt frá Nýfundnalandi til Noregs.

Myndefni 75,00 kr. frímerkisins er Stöng í Þjórsárdal. Þar er talið að býli hafi staðið fram til ársins 1104. Þá gaus Hekla og lagði byggðina í rúst. Rústirnar hafa verið nefndar Pompei Íslands. Þær fylltust af ösku og eru því mun betur varðveittar en aðrir norrænir torfbæir frá sambærilegum tíma. Nokkrir bæjanna voru grafnir upp í samnorrænni rannsókn 1939. Ákveðið var að reyna að varðveita húsin á Stöng og byggt var yfir þau þannig að gestir gætu gert sér grein fyrir híbýlum manna á söguöld.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin en The House of Questa Ltd., í London, Englandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Hinn 9. nóvember komu út tvö frímerki og smáörk með sömu jólafrímerkjunum að verðgildi 40,00 kr. og 50,00 kr. Frímerkið með 40,00 kr. burðargjaldinu kom einnig út í frímerkjahefti. Myndefnin eru Grýla og Leppalúði, foreldrar jólasveinanna þrettán sem Íslandspóstur gaf út á jólafrímerkjum ársins 1999 og má því segja að jólafrímerkin þetta ár séu framhald af fyrri útgáfunni.

Samkvæmt þjóðsögunni var Grýla tvígift og átti fjölda barna. Grýla og Leppalúði voru notuð til að hræða óþekk börn og var þeim sagt að Grýla myndi ræna þeim á jólum og hafa þau í matinn ef þau bættu ekki ráð sitt. Lýsingin á Grýlu í þjóðsögum Jóns Árnasonar er ekki frýnileg en þar segir: „Grýlukvæðin segja að hún hafi ótal (300) hausa og þrenn augu í hverju höfði, kartnögl á hverjum fingri, helblá augu í hnakkanum og horn sem geit, eyrun lafi ofan á axlir og séu áföst við nefið að framan. Hún var og skeggjuð um hökuna og fór skeggið ekki betur en hnýtt garn á vef og hékk þar við bót eða flóki, en tennurnar voru sem grjót ofnbrunnið.“

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin, smáörkina og frímerkjaheftið en Ólafur Pétursson gerði teikningarnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi, offsetprentaði frímerkin og smáörkina. Walsall Security Printers Ltd., í Walsall á Englandi framleiddi hins vegar frímerkjaheftið. Stærð og tökkun frímerkjanna í heftinu frá Walsall er önnur en í frímerkjunum frá Cartor.

2001

Íslenskir nytjafiskar

Hinn 18. janúar kom út fjórða frímerkjaröðin í flokknum Íslenskir nytjafiskar. Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts er myndefnunum að venju gerð góð skil.

Á 55,00 kr. frímerkinu er grálúða *(Reinhardtius hippoglossoides)* sem er flatfiskur af flyðruætt. Grálúðan hrygnir seinni hluta vetrar á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands. Eftir hrygningu heldur hluti stofnsins norður og austur fyrir Ísland í ætisleit. Grálúðan lifir aðallega á smáfiski og krabbadýrum og finnst oft á 350-1.600 metra dýpi í köldum sjó. Aðalveiðisvæði grálúðu eru hins vegar djúpt úti af Vestfjörðum. Grálúða er aðallega veidd með botnvörpu. Erfitt er að aldursgreina aflann en grálúða er yfirleitt 1-4 kg á þyngd. Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera sami stofninn.

Ufsi *(Pollachius virens)* er myndefnið á 80,00 kr. frímerkinu. Á íslensku heita tegundirnar tvær sem tilheyra þessari ættkvísl, annars vegar ufsi *(Pollachius virens)* og hins vegar lýr *(Pollachius pollachius)*. Ufsi er algengur allt í kringum Ísland en lýr fremur sjaldgæfur. Ufsinn veiðist aðallega undan suður- og vesturströnd Íslands. Hann er botnfiskur en algengt er að hann finnist allt frá yfirborði sjávar og niður á 200 metra dýpi. Hann heldur sig við sjávarhita um 4-12°C. Ufsinn ferðast í torfum í ætisleit og er aðallega veiddur í botnvörpu og net.

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði þessi frímerki og voru þau offsetprentuð hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

Landhelgisgæslan 75 ára

Í síðari frímerkjaröðinni, sem gefin var út 18. janúar, kom út frímerki í tilefni 75 ára afmælis Landhelgisgæslunnar. Með frímerkinu var brotið blað í sögu frímerkja á Íslandi því þetta var í fyrsta sinn sem frímerki var gefið út með annarri áletrun en verðgildi í krónum og aurum en frímerkið ber áletrunina, Bréf 20gr.

Frímerki eru seld á nafnverði en frímerki með áprentuninni, Bréf 20g eða Bréf 50g eru seld á jafnvirði burðargjalds fyrir annað hvort 0-20g bréf innanlands eða 0-50g bréf innanlands eins og það er á hverjum tíma samkvæmt gjaldskrá póstsins. Á útgáfudegi frímerkisins var burðargjald fyrir 20g bréf innanlands 40 kr. Einnig kom út hefti með 10 frímerkjum og var tökkun þeirra ólík tökkun frímerkjanna sem komu út í örkum.

Íslensk landhelgisgæsla hófst upp úr 1920 og þá með leiguskipum. Árið 1920 keypti Björgunarfélag Vestmannaeyja rúmlega 200 rúmlesta, 21 árs gamalt danskt skip, sem nefndist Thor, og upphaflega var togari smíðaður í Englandi fyrir dansk-íslenska verslunar- og fiskveiðifélagið á Geirseyri. Skipið átti að hafa eftirlit með fiskibátum Eyjamanna og aðstoða þá eftir föngum. Skipinu var gefið nafnið Þór. Útgerðin var kostnaðarsöm og naut hún styrks úr landssjóði. Dómsmálaráðuneytið fór fljótlega að huga að því að nýta skipið einnig til landhelgisgæslu, og árið 1924 var sett á það 47 mm fallbyssa.

Landhelgisgæsla Íslands telst formlega stofnuð 1. júlí 1926 þegar íslenska ríkið tók við rekstri Þórs. Íslenska ríkið hafði áður komið að gæslu landhelginnar með ýmsum hætti en rekstur eigin varðskips markaði tímamót. Hinn 23. júní árið 1926 kom til landsins fyrsta varðskipið, sem smíðað var fyrir Íslendinga. Það var gufuskipið Óðinn, 512 brúttólesta skip smíðað í Danmörku, vopnað tveimur 57 mm fallbyssum.

2001

Ávallt síðan hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar gætt hagsmuna þjóðarinnar við verndun fiskimiðanna og björgunarstörf, stundum í kröppum dansi, eins og alkunna er. Þeir hafa einnig verið reiðubúnir til þess að aðstoða sjófarendur og fólk úti á landsbyggðinni, oft á tíðum við erfiðustu aðstæður. Að auki hafa þeir lögum samkvæmt gegnt hinum margvíslegustu þjónustuhlutverkum við strendur landsins og á landgrunninu.

Hlutverk Landhelgisgæslunnar er löggæsla á hafinu umhverfis Ísland, að veita hjálp við björgun úr sjávarháska eða á landi, annast sjúkraflutninga og veita aðstoð þegar eðlilegar samgöngur bregðast vegna náttúruhamfara. Landhelgisgæslan sér einnig um sjómælingar og hún aðstoðar við framkvæmd almannavarna, almenna löggæslu, læknis-, tolla- og vitaþjónustu. Skip Landhelgisgæslunnar voru á þessum tíma þrjú, Óðinn, Ægir og Týr. Það er einmitt Týr sem prýðir frímerkið ásamt Fokker 27 flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og Super Puma þyrlunni Líf.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið og frímerkjaheftið, sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Blómafrímerki

Hinn 8. mars komu út tvö frímerki í útgáfuröðinni Sumarblóm og var þetta önnur útgáfa þeirra. Myndefnin voru morgunfrú, á 55,00 kr. frímerki og hádegisblóm á 65,00 kr. frímerki. Fyrstu frímerkin í þessari röð komu út árið 2000 og voru myndefnin þá tóbakshorn og stjúpur.

Morgunfrú *(Calendula officinalis)* eða gullfífill er jurt af körfublómaætt og hefur frá fornu fari verið notuð til lækninga og til að lita föt. Lauf og blóm eru æt og er blómum stundum bætt í rétti sem krydd. Laufblöðin eru sögð beisk á bragðið og stundum notuð í salat. Í tilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu er greint frá því að morgunfrúin hafi þrekinn og greinóttan stöngul. Blómin eru stórar gular körfur. Til eru mörg ræktunarafbrigði og er stærð þeirra mismunandi eftir því. Hæðin er frá 20-60 cm. Morgunfrú er harðgerð og blómstrar ekki mikið fyrr en komið er fram á sumar, en auðvelt er að rækta morgunfrúr á sólríkum stöðum.

Hádegisblóm *(Dorotheanthus bellidiformis)* eru skrautleg og falleg blóm í ýmsum litum, en þau þurfa að vera í fullri sól og njóta sín ekki á sólarlitlum sumrum. Hádegisblóm er með jarðlægum blöðóttum stönglum og þykkum blöðum. Blómlitirnir eru skærir og í mörgum hreinum tónum. Blómin opnast þegar sólin skín og lokast aftur þegar sólin fer. Þau eru litskrúðug, minna á körfublóm en eru skyldari kaktusum en baldursbrám.

Ólafur Pétursson hannaði blómafrímerkin sem voru offsetprentuð hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

2001

Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna 50 ára

Árið 2001 minntust aðildarlönd Alþjóðapóstsambandsins (Universal Postal Union, UPU) hálfrar aldar afmælis Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna með frímerkjaútgáfu. Íslandspóstur gaf þann 8. mars út 50,00 kr. frímerki af þessu tilefni.

Þetta var í þriðja sinn sem íslensk frímerki voru gefin út tileinkuð flóttamönn–um og flóttamannahjálp. Slíkt frímerki kom fyrst út 7. apríl 1960 í tilefni alþjóðaflóttamannaárs Sameinuðu þjóðanna. Myndefnið var þá hin fræga stytta Einars Jónssonar, Útlagar. Hinn 26. mars 1971 kom út 10 kr. frímerki í tilefni Flóttamannasöfnunar Norðurlanda. Þemað var „Flóttafólk 71“ og myndefnið var málverk eftir Ásgrím Jónsson.

Meginverkefni Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna (United Nations High Commissioner for Refugees, UNHCR), eru fólgin í alþjóðlegri vernd og aðstoð við flóttafólk í neyðartilvikum, þegar hættuástand skapast og undir öðrum kringumstæðum. Flóttamannahjálpin reynir einnig að leita varan-legra lausna á flóttamannavandanum í samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir. Málstaður flóttafólks snertir öll aðildarlönd Sameinuðu þjóðanna og Alþjóða-póstsambandsins.

Við lok tuttugustu aldar hafði Flóttamannahjálpin umsjón með 21 milljón flóttamönnum um allan heim og þessi fjöldi hefur farið vaxandi. Gert var ráð fyrir að einn af hverjum 250 íbúum jarðar fái aðstoð frá Flóttamannahjálpinni í upphafi 21. aldar.

Hany Hadaya hannaði frímerkið og Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslenski fjárhundurinn

Íslenski fjárhundurinn (*Canis familiaris/Canis islandicus*) prýddi tvö frímerki sem komu út hinn 18 apríl. Verðgildi frímerkjanna eru 40,00 kr. og 80,00 kr.

Íslenska hundsins var fyrst minnst á frímerki árið 1980. Íslenski fjárhundurinn sem prýðir bæði nýju frímerkin er talinn þjóðarhundur Íslands og mun vera ein elsta hundategund sem þekkist í heiminum. Talið er að hann hafi komið til landsins með norrænum víkingum á landnámsöld.

Í tilkynningu Íslandspósts með þessum frímerkjum er íslenska hundinum lýst svo, að hann sé harðger, áberandi glaðlyndur og vingjarnlegur með ljúfa lund. Hundurinn er ávallt viljugur til verka og sérlega námfús.

Íslenskir fjárhundar eru ágætir varðhundar án þess að vera árásargjarnir og þeir hafa staðið sig vel sem björgunarhundar. Þeir eru meðalstórir og skyldir grænlenska sleðahundinum. Aðaleinkenni þeirra eru uppbrett eyru og hringuð rófa. Þeir þroskast frekar hægt og fullvaxinn er hundurinn ekki fyrr en um 18 mánaða aldur.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin og voru þau offsetprentuð hjá Walsall Security Printers Ltd., í Walsall í Englandi.

2001

Gamlar flugvélar

Hinn 18. apríl komu út tvö frímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort hefti. Myndefni frímerkjanna voru gamlar flugvélar á Íslandi.

Flugvélin TF-ÖGN er myndefni 55,00 kr. frímerkisins. Þessi vél er talin eitt merkasta fyrirbrigði íslenskrar flugsögu. Hún var fyrsta vélin sem var alfarið hönnuð og smíðuð á Íslandi. Smiðirnir Gunnar Jónasson og Björn Olsen hófu verkið árið 1932. Flugvélasmíðinni var lokið nokkru síðar en flugvélin var ekki tilbúin til flugs fyrr en eftir að Bretar hernámu Ísland árið 1940. Vélin tók einn farþega auk flugmanns. Hreyfill vélarinnar er af gerðinni Gispy I. Vænghafið er 7,25 metrar, lengdin 6 metrar og hún náði 125 km hraða á klukkustund. Íslenska flugsögufélagið annast varðveislu vélarinnar, sem hékk lengi vel uppi í flugstöð Leifs Eiríks–sonar á Keflavíkurflugvelli.

Flugvélin TF-SUX (Klemm KL 25E) er myndefni 80,00 kr. frímerkisins. Hún kom til Íslands frá Þýskalandi 1938 ásamt tveimur svifflugum. Með vélinni kom leiðangur á vegum Aeroklub von Deutschland. Markmiðið var að kenna Íslendingum svifflug. Íslenska ríkisstjórnin og Flugmálafélagið keyptu flugvélina af þýska leiðangrinum þetta sama ár. Hún var tveggja sæta opin landflugvél og var notuð til að kanna lendingarstaði víða um land. Fullyrt var að hún hefði skipt sköpum fyrir framtíð landflugvéla á Íslandi. Vélinni var aðeins flogið í tvö ár, til 1940. Hreyfill hennar var af gerðinni Hirth HM 60R. Vænghafið er 13 metrar, lengdin 7,78 metrar og hún náði 160 km hámarkshraða. Íslenska flugsögufélagið á vélina og er hún varðveitt hjá Suðurflugi á Keflavíkurflugvelli.

Frímerkin og heftin hannaði Hlynur Ólafsson sem einnig tók ljósmyndirnar. Walsall Security Printers Ltd., í Walsall í Englandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Vatn náttúruleg auðlind

Hinn 17. maí komu út tvö Evrópufrímerki. Samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu var, vatn náttúruleg auðlind, sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna þetta ár.

Á 55,00 kr. frímerkinu er mynd af fossi, en einnig vangamynd stúlku, þar sem fossinn táknar hið síða hár hennar. Myndefnið er vísun í vatn, sem er manneskjunni mikilvæg auðlind m.a. til neyslu, matargerðar, þrifnaðar og hreinlætis.

Á 80,00 kr. frímerkinu er mynd af höndum sem handleika vatn og er það einnig vísun í neyslu- eða drykkjarvatn, sem er lífsnauðsynlegt öllum þekktum lífverum.

Að vanda voru Evrópufrímerkin einnig gefin út í 10 frímerkja heftum. Hany Hadaya hannaði frímerkin og heftin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslenski hesturinn

Þennan sama dag, 17. maí kom út frímerkjaröð með fimm frímerkjum þar sem myndefnið var íslenski hesturinn og hinar ýmsu gangtegundir hans. Frímerkin voru einnig gefin út í gjafamöppu.

Íslenski hesturinn kom með landnámsmönnum, sem fluttu hann með sér frá Noregi. Frá því um 1100 hafa engir hestar verið fluttir inn til Íslands. Hesturinn er vel þekktur sem þarfasti þjónninn og ekki að ástæðulausu því vandséð er hvernig Íslendingar hefðu komist af án hans bæði sem fararskjóta og dráttardýrs. Talið er að einangrunin sem íslenski hesturinn hefur verið í síðustu 1000 árin sé ástæða þess að hann hefur haldið ýmsum þeim eiginleikum sem hafa horfið hjá evrópskum tegundum síðustu 400 árin. Í dag eru um 80.000 hross á landinu.

Annað sérkenni íslenska hestsins er að litbrigði hans eru fjöldamörg og óvenjuleg og ekki til í neinum öðrum hestastofnum í heiminum.

Íslenski hesturinn er smágerður en meðalhæð hans er 145 cm (bandmál) og því er hann talinn í flokki hesta, ekki smáhesta, eins og hann er oft ranglega flokkaður erlendis. Hann vegur á milli 380 og 400 kg og þykir seinþroska, er ekki tilbúinn fyrir tamningu fyrr en hann er 4 vetra gamall. Hann lifir nokkuð lengi og getur orðið 30 vetra með góðri umhirðu. Hesturinn er sterkur, þrautseigur og þolinn og er talinn vera góður fjölskylduhestur vegna skaplyndis og stærðar.

Gangtegundir og litir sem sýndir eru á frímerkjunum eru sem hér segir:

Fet, 40,00 kr. frímerki, hægagangur hestsins. Litur: rauðjarpur.

Tölt, 50,00 kr. frímerki, sérkenni íslenska hestsins. Mjúkur milliferðargangur með fjórskiptum jöfnum takti. Litur: móvindóttur.

Brokk, 55,00 kr. frímerki, fremur grófur gangur og er þá fótahreyfingin skástæð með svifi. Brokk er algengasta gangtegundin þegar farið er yfir torfærur. Litur: rauðskjóttur.

Skeið, 60,00 kr. frímerki, hraður tvítakta yfirferðargangur. Fótahreyfingin er samhliða og hesturinn teygir vel úr fótunum. Litur: bleikmoldóttur.

Stökk, 80,00 kr. frímerki, yfirferðargangur með greinilegu svifi. Þegar hesturinn er á góðu stökki heyrast þrjú hófaslög. Litur: apalgrár.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkin og gjafamöppuna en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Yfirprentun – Háhyrningur

Vegna breytinga á burðargjöldum þann 10. júlí 2001, þegar burðargjaldi fyrir bréf innanlands í þyngdarflokknum 21-50g fór í 53 kr., reyndist nauðsynlegt að yfirprenta frímerki 368A (útgáfudagur 04.03.1999) til að eiga næg frímerki með þessu nýja burðargjaldi við gjaldskrárbreytinguna.

Frímerkið, sem er með mynd af háhyrningi (*Orcinus orca*) og verðgildiðinu 35 kr., var yfirprentað í offseti í Prentsmiðjunni Odda í lok júní 2001 með textanum „Bréf 50 g“ og þremur láréttum línum yfir 35 kr. verðgildið. Yfirprentaða frímerkið fékk útgáfunúmerið 406A og var sent í áskrift og kom í ársmöppu 2001.

2001

Sjávarspendýr

Hinn 6. september kom út þriðja frímerkjaröðin í útgáfunni Sjávarspendýr.

Blettahnýðir (*Lagenorbynchus albirostris)* er myndefni 5,00 kr. frímerkisins. Fullorðin karldýr eru u.þ.b. 3 metra löng og vega 250-370 kg. Kvendýrin eru 2-3 metra löng og vega 180-250 kg. Snjáldrið er stutt og bakugginn langur og mjór. Liturinn er blásvartur að ofan en kviðurinn hvítur eins og bægsli og sporður að neðan. Lífslíkur eru 20-40 ár. Aðalfæða er smokkfiskur, síld, loðna, þorskur o.fl. Blettahnýðirinn er bæði við strendur og úti á hafi. Hann er félagslyndur, oft 6-8 saman og stundum í stórum vöðum. Heildarstofnstærð er óþekkt en áætlaður fjöldi við Ísland er 12.000-20.000 dýr.

Langreyður *(Balaenoptera physalus)* er myndefni 40,00 kr. frímerkisins. Langreyðurin er í öllum heimshöfum. Hér við land verða karldýrin u.þ.b. 18 metra löng og kvendýrin 19,5 metrar. Fullorðnir tarfar vega 30-80 tonn og kýrnar 50-100 tonn. Lífslíkur þessarar tegundar eru u.þ.b. 100 ár. Langreyðar eru dökkgráar á baki og hvítar að neðan og hið sama á við bægsli og sporð. Langreyðurin makar sig í nóvember til janúar, meðgöngutíminn er eitt ár og hún ber annað hvert ár. Kálfurinn er á spena í rúmlega 10 mánuði. Langreyðurin étur býsn af ljósátu við Íslandsstrendur auk nokkurs magns af smokkfiski. Hún étur líka uppsjávarfiska, loðnu og síld, einkum á fartímanum. Giskað er á, að Austur-Grænlands- og Íslandsstofninn sé 8-10.000 dýr. Áætlaður fjöldi í öllum heimshöfunum er 120.000-150.000 dýr.

Sandreyður *(Balaenoptera borealis)* er myndefnið á 80,00 kr. frímerkinu. Sandreyðurin er úthafshvalur, sem heldur sig í öllum heimshöfum, en fer sjaldan norður í Íshaf. Mökun fer fram í nóvember til febrúar, meðgöngutíminn er u.þ.b. eitt ár og kvendýrin kelfa annað hvert ár. Kálfurinn er 5 mánuði á spena.

Hann verður fullvaxta á 12 árum og meðalævilíkurnar eru 80 ár. Hér við land verður sandreyðurin 12,5-15 metra löng. Karldýrin vega 20-25 tonn og kvendýrin 25-30 tonn. Hún sker sig frá langreyðinni að því leyti, að neðra borð bægsla og sporðs er dökkt. Sandreyðurin étur aðallega ljósátu hér við land en annars staðar er rauðáta mikilvægasti hluti fæðunnar. Lítið er vitað um fjölda og stofnskiptingu þessarar tegundar. Áætlaður fjöldi við Ísland er 10.500 dýr en alls í heiminum 50.000-70.000 dýr.

Grindhvalur (*Globicephala melas)* er myndefni 100,00 kr. frímerkisins. Grindhvalir halda sig í Norður-Atlantshafi og Suðurhöfum. Karldýrin eru u.þ.b. 6-8 metra löng og vega 4-5 tonn. Kvendýrin eru 4-6 metra og 2-3 tonn. Ennið er bratt og kúpt og litur svartur nema ljósa beltið á kviðnum. Lífslíkur eru líklega 30-60 ár. Þeir synda oft 20 saman í fæðuleit og miklu fleiri í öðrum tilgangi. Grindhvalir eru fjölkvænisdýr. Kvendýrin verða kynþroska 6 ára en karldýr 12 ára. Mökun fer fram í apríl til maí, meðgangan er 16 mánuðir og kálfurinn er á spena í 21-22 mánuði. Aðalfæðan er smokkfiskur, en líka fiskur, þegar lítið er um smokkfisk. Ekki er vitað um heildarfjölda grindhvala í heiminum er áætlað er að fjöldi þeirra við Ísland sé 100.000-200.000 dýr.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá The House of Questa í London, Englandi.

Nefna má í þessu sambandi að árið 2003 gaf Íslandspóstur út gjafamöppu (G28) sem innihélt öll frímerki með sjávarspendýrum sem út komu á árunum 1999-2001, alls 14 talsins. Meðal þeirra var hvalasmáörkin frá 1999 og yfirprentaða frímerkið (406A) frá 2001.

Dagur frímerkisins – Esja



Hinn 9. október kom út smáörk í tilefni af Degi frímerkisins með 250,00 kr. frímerki þar sem myndefnið var Esja í vetrarham.

Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts segir að Esjan sé hæsta fjall á Suðvesturlandi, rúmlega 914 metra hátt. Myndun fjallsins hófst í eldsumbrotum fyrir um 2,8 milljónum ára. Síðasta jökulskeiði lauk fyrir um 11.000 árum og kom Esjan þá undan ísnum. Gott útsýni er af Esjunni í allar áttir og er hún því einkar vinsæl til gönguferða og útivistar.

Í Kjalnesinga sögu er talað um bæinn Esjuberg þar sem landnámsmaðurinn Örlygur Hrappsson bjó þegar hann kom til Íslands frá Suðureyjum í Skotlandi. Í sögunni er sagt frá því að írsk kona að nafni Esja hafi komið í Kollafjörð og hafa menn þá leitt að því líkur að nafnið sé írskt að uppruna. Sennilegri skýring er þó að orðið sé komið úr norrænu, en það er meðal annars þekkt í Noregi, og merkir „flögusteinn“.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina og tók ljósmyndina af Esjunni en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Eyjafrímerki

Hinn 9. október kom einnig út fyrsta frímerkjaröðin í útgáfunni, Eyjar við Ísland. Eyjarnar sem prýddu þessi fyrstu eyjafrímerki voru Grímsey, á 40,00 kr. frímerki og Papey, á 55,00 kr. frímerki.

Flatarmál Grímseyjar er 5,3 km^2 og skemmsta vegalengd milli lands og eyjar er 41 km. Heimskautsbaugur liggur yfir hana norðanverða og í kringum sumarsólstöður hnígur sólin þar ekki alveg til viðar. Hæst liggur eyjan 105 m yfir sjó. Þótt eyjan sé á heimskautsbaug er veðrátta tiltölulega mild, meðalhiti í kaldasta mánuðinum, janúar, er -1,1°C og +8,3°C í hlýjasta mánuðinum, ágúst. Rúmlega 100 manns búa í þorpinu á suðurenda Grímseyjar og lifa af fiskveiðum. Eyjan var numin snemma og óstaðfestar sögur segja, að þar hafi verið allt að 50 bæir. Ísbirnir, sem rekið hafa með heimskautaís frá Grænlandi, hafa oft gengið á land í Grímsey.

Papey er stærsta eyjan fyrir Austurlandi, u.þ.b. 2 km^2. Hún fór í eyði fyrir nokkrum áratugum. Þar var eitt býli og kirkja frá 1902. Hæsti punktur eyjunnar, Hellisbjarg, liggur 58 metra yfir sjávarmáli. Mikið fuglalíf er í björgum og æðarfugl á landi. Talið er að eyjan hafi verið byggð írskum munkum, þegar landnám norrænna manna hófst á Íslandi. Þeir voru nefndir Papar og dregur eyjan nafn sitt af því. Engar merkar fornminjar hafa fundist í Papey, nema nokkur brot úr litlum trékrossum, sem fundust 1927. Uppi á Hellisbjargi, sem hæst ber á eyjunni, stendur siglingarvitinn, sem var byggður árið 1922.

Borgar H. Árnason hannaði frímerkin en höfundur ljósmyndanna er Mats Wibe Lund. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2001

Fuglafrímerki

Hinn 8. nóvember komu út tvö frímerki í útgáfunni, Íslenskir fuglar. Myndefnin að þessu sinni voru steindepill og sandlóa.

Steindepill *(Oenanthe Oenanthe)*, sem er myndefni 42,00 kr. frímerkisins, er kvikur fugl sem flýgur lágt yfir jörðu en tyllir sér á staði sem ber hátt. Bæði kynin eru með drifhvítan gump og stélhliðar. Kjörlendi steindepils er grýtt bersvæði, skriður og sandhólar, en hann verpir í holum í grjótgörðum og urðarhólum. Hann er einnig þekktur sem Steinklappa og er það tilvísun í hljóðið sem hann gefur frá sér; líkt og steinum sé barið saman. Farflug steindepils er lengsta farflug sem menn þekkja hjá spörfugli. Hann flakkar víða um Evrópu og flýgur allt að 30 þúsund kílómetra til og frá varpstöðvunum á norðurslóðum til vetursetu sunnan Sahara í Afríku.

Sandlóa *(Charadrius hiaticula)*, sem er myndefni 250,00 kr. frímerkisins, er þybbinn, fjörlegur lítill fjörufugl með breitt svart belti þvert yfir hvíta bringu. Nefið er rauðgult og svart í oddinn. Sandlóa er að nokkru leyti farfugl. Kjörlendi hennar eru sendnar sjávarstrendur. Hún verpir í fjörusandi, einnig við vötn og ár um fartímann og sums staðar á söndum eða melum langt frá sjó. Sandlóan finnst um alla norðanverða Evrópu og Asíu. Hún er farfugl á Íslandi og kemur venjulega um miðjan apríl og fer suður á bóginn um miðjan september. Þær sem hér verpa halda sig á veturna á leirum og sandfjörum, mest á Bretlandseyjum, á vesturströndum Frakklands og Spánar og allt suður til Marokkó.

Þröstur Magnússon hannaði fuglafrímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Þann 8. nóvember komu út tvö jólafrímerki þar sem myndefnin voru íslenskar sveitakirkjur. Brautarholt á Kjalarnesi á frímerki með áletruninni „Bréf 20g“ og Víðimýrarkirkja í Skagafirði á 55,00 kr. frímerki. Á útgáfudegi frímerkisins, var burðargjald fyrir 20g bréf innanlands 42 kr. Jólafrímerkið, með innanlands burðargjaldinu, var einnig gefið út í 10 frímerkja hefti.

Brautarholtskirkja á Kjalarnesi, má teljast afkomandi fyrstu kirkju á Íslandi. Kirkju þeirrar sem suðureyski landnámsmaðurinn Örlygur Hrappsson reisti á Esjubergi skömmu fyrir árið 900 og segir frá í Landnámu og víðar. Ekki er vitað hvenær kirkja rís fyrst í Brautarholti en hennar er getið í kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200. Kirkjan sem nú stendur í Brautarholti á Kjalarnesi var reist árið 1857 af Eyjólfi Þorvarðarsyni frá Bakka á Kjalarnesi. Áratug eftir vígslu kirkjunnar kom þjóðskáldið séra Matthías Jochumsson til þjónustu í kirkjunni (1867-73). Prédikunarstóllinn er frá 17. öld. Skírnarsár er ítalskur að gerð, úr marmara, tvíhólfa. Altaristaflan, sem sýnir Jesúm á bæn í Getsemane, kom í kirkjuna árið 1868.

Víðimýrarkirkja, er í Skagafjarðarprófastsdæmi og ein af örfáum varðveittum torfkirkjum landsins. Kirkjan var reist árið 1834 af Jóni Samsonarsyni smið og alþingismanni. Hún er með torfveggjum til hliðanna og torfþekju en timburstöfnum í bak og fyrir. Kirkjuna má telja einn stílhreinasta og fegursta minjagrip íslenskrar gamallar byggingarlistar. Í upphafi 20. aldar var tvísýnt um afdrif hennar, en síðar áttuðu menn sig á því að hér var um ómetanleg menningarverðmæti að ræða og friðlýstu hana árið 1936. Kirkjan er í umsjá Þjóðminjasafns Íslands og tilheyrir húsasafni þess.

Hlynur Ólafsson hannaði jólafrímerkin og frímerkjaheftið en Walsall Security Printers Ltd., í Walshall, Englandi offsetprentaði.

2002

Villtir ætisveppir

Hinn 17. janúar kom út þriðja frímerkjaröðin í útgáfunni, Villtir ætisveppir. Sveppirnir sem urðu fyrir valinu að þessu sinni voru kúalubbi, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni, Bréf 20g (ígildi 42 kr. á útgáfudegi frímerkisins) og gulbroddi á 85,00 kr. frímerki.

Kúalubbi *(Leccinum scabrum)*, er mjög algengur sveppur, sem fylgir birki og fjalldrapa. Hann vex lengi sumars og fram á haust. Hatturinn er 4-18 cm breiður. Liturinn er allt frá því að vera ljósgrábrúnn niður í dökkbrúnt. Holdið er hvítt og þétt á ungum sveppum en svampkennt á þeim eldri. Pípulagið er þykkt og þétt, gráhvítt en dökknar síðan. Stafurinn er súlulaga um 15-20 cm hár, mjókkar ofan til, hvítur þakinn grásvörtum þráðum. Sveppurinn er kragalaus og gróduftið grábrúnt á lit.

Gulbroddi *(Hydnum repandum)* er ekki algengur sveppur á Íslandi. Hann vex í kjarri og skógum. Hatturinn er 5-10 cm breiður, hvelfdur og oft óreglulega lagaður. Hann er rauðgulur en fölnar með aldri. Sveppurinn er sléttur og þurr, en holdið hvítt og stökkt. Neðan á hattinum eru gaddar. Þeir eru 0,5 cm langir, liggja þétt og vaxa niður á stafinn. Gaddarnir eru ljósari á litinn en hatturinn og brotna auðveldlega af. Stafurinn er oftast miðstæður, stuttur og ljósari á lit en hatturinn.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin sem voru offsetprentuð hjá Walsall Security Printers Ltd., í Walsall, Englandi.

Vélbáturinn Stanley

Þann 17. janúar var þess minnst með útgáfu 60,00 kr. frímerkis að á árinu 2002 voru rétt 100 ár liðin síðan sexæringurinn Stanley sigldi frá Ísafirði knúinn eigin vélarafli fyrstur íslenskra fiskibáta. Þetta má telja ein merkustu þáttaskil sem orðið hafa í íslenskri atvinnusögu. Siglingin markaði upphaf atvinnubyltingar á Íslandi.

Notkun véla hófst fyrst í fiskibátum og trillum og í kjölfarið vélvæddist bátafloti landsmanna á skömmum tíma. Í Stanley, var sett tveggja hestafla dönsk Möllerups-vél. Í frétt héraðsblaðsins Vestra segir um þessa sögulegu ferð sem farin var 25. nóvember 1902: „Báturinn var inni á Polli og fór formaður hans ásamt meðeiganda sínum og nokkrum bæjarmönnum fyrstu ferðina út í Hnífsdal. Ferðin gekk ágætlega og gekk báturinn álíka og sex menn róa. Hann var 40 mínútur utan úr Hnífsdal inn á Ísafjörð en fór þó sjálfsagt fimm mínútna krók inn Djúpið.“

Árið 1904 var vél sett í bát í Vestmannaeyjum. Hann hlaut nafnið Eros. Sú tilraun uppfyllti ekki væntingar Vestmanneyinga því að báturinn gekk ekki eins hratt og búist hafði verið við og vélin var ógangviss. Ári síðar kom vélbáturinn Unnur til Vestmannaeyja og skömmu síðar m/b Knörr. Þessir tveir bátar hófu veiðar á næstu vetrarvertíð og gekk útgerð þeirra vel. Vélbátaöld er því talin hefjast árið 1906. Upp úr því fjölgaði vélbátum ört enda mikill hagnaður af rekstri þeirra.

Myndefnið á frímerkinu sem Hany Hadaya hannaði er Stanley, fyrsti vélbátur Íslendinga. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Halldór Laxness 100 ára

Hinn 7. mars var þess minnst með veglegri frímerkjaútgáfu að 100 ár voru liðin frá því að Halldór Laxness (1902-1998) fæddist. Gefið var út frímerki og smáörk með mynd af skáldinu og var verðgildi hvoru tveggja 100,00 kr. Einnig var gefið út myntbréf í tilefni afmælisins með smáörkinni og sérslegnum minnispeningi. Verð myntbréfsins var kr. 3.900.

Þá gaf Íslandspóstur út í apríl 2002 glæsilega gjafamöppu í tilefni aldarafmælisins. Mappan innihélt smáörkina með verðlaunaorðu sænsku akademíunnar upphleypta í 22 karata blaðgulli ásamt upprunavottorði. Gullhúðuðu smáörkina var aðeins hægt að fá í gjafamöppunni. Verð möppunnar var 1.700 kr.

Halldór var fremsti rithöfundur íslensku þjóðarinnar á 20. öldinni. Hann gaf út fyrstu skáldsögu sína Barn náttúrunnar árið 1919, aðeins 17 ára gamall. Hinar miklu þjóðfélagsskáldsögur hans, sem taldar eru meðal mestu bókmenntaafreka 20. aldarinnar, komu út á þriðja og fjórða áratugnum og hafa verið þýddar á meira en 30 tungumál.

Halldór Laxness fékk bókmenntaverðlaun Nóbels 1955. Ári áður hafði bandaríski rithöfundurinn Ernest Hemingway hlotið bókmenntaverðlaunin og ári síðar spænska ljóðskáldið Juan Ramón Jiménez.

Halldór ólst upp á stóru sveitaheimili, Laxnesi í Mosfellssveit, frá þriggja ára aldri. Árið 1945 flutti hann að Gljúfrasteini í Mosfellssveit og bjó þar til æviloka. Hann lést 8. febrúar 1998, 95 ára að aldri. Ríkissjóður keypti Gljúfrastein af Auði Laxness, ekkju Halldórs, og opnaði þar safn til minningar um skáldið haustið 2004.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið og gjafamöppuna, ásamt myntbréfinu og minnispeningnum. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin.

Ár fjallanna – Snæfell

Sameinuðu þjóðirnar lýstu árið 2002 alþjóðlegt ár fjallanna og var tilgangurinn sá að auka vitund og vitneskju almennings um hnattræna þýðingu fjallavistkerfa. Af þessu tilefni gaf Íslandspóstur út þann 7. mars, frímerki með áletruninni Bréf 20g (ígildi 42 kr. á útgáfudegi) tileinkað alþjóðlegu ári fjallanna (International Year of Mountains).

Snæfell varð fyrir valinu sem myndefni en það er hæsta fjall Austurlands, um 1833 metra há megineldstöð úr líparíti og móbergi. Skiptar skoðanir eru á því hvort eldstöðin er virk eða óvirk. Fjallið stendur um 20 km norðaustan Brúarjökuls í norðanverðum Vatnajökli og er hæsta fjall utan jökla á Íslandi. Tvö önnur fjöll á Íslandi bera sama nafn, Snæfell (1446 metrar) í Snæfellsjökli og Snæfell (1383 metrar) í Vatnajökli nærri Jökulsárlóni.

Snæfell er fornt eldfjall sem myndaðist undir jökli seint á síðustu ísöld og er langyngst fjalla á Austurlandi. Af tindinum er mikið útsýni til allra átta. Fjallið sjálft er vel skapað og fallegt. Umhverfis fjallshrygginn eru jeppaslóðir og fallegar gönguleiðir og ein helsta hálendisvin landsins, Eyjabakkar, einstaklega gróðursælt svæði þótt það sé í rúmlega 600 metra hæð yfir sjó. Auk þess sem einstakar jökulmenjar er að finna við rætur Eyjabakkajökuls sem er skriðjökull sem gengur niður úr Vatnajökli á Eyjabakka. Á heiðarlöndum umhverfis Snæfell er kjörlendi íslenskra hreindýra sem og grágæsa.

Hönnun þessa frímerkis annaðist Guy Stewart, en Snorri Snorrason tók ljósmyndina. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2002

Norðurlandafrímerki – Samtímalist

Hinn 18. apríl gaf Íslandspóstur út tvö Norðurlandafrímerki. Myndefni frímerkjanna var samtímalist í okkar daglega umhverfi.

Myndefni frímerkisins með áletruninni Bréf 20g (ígildi 42 kr. á útgáfudegi), er listaverkið Fyssa eftir Rúrí og var það tileinkað 50 ára afmæli Norðurlandaráðs en á frímerkinu er einkennismerki ráðsins.

Myndefni 60,00 kr. frímerkisins sýnir listaverkið Spennu eftir Hafstein Austmann, en merki Norræna póstsambandsins er á frímerkinu. Norðurlandaþjóðirnar gáfu út sameiginlega gjafamöppu, tileinkaða samtímalist, í tilefni af 50 ára afmæli Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 með Helsinkisáttmálanum. Ráðið er samstarfsvettvangur þjóðþinga Norðurlandanna, þ.e. Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Í ráðinu sitja 87 þingmenn úr stjórnmálaflokkum landanna. Samstarf og samráð í utanríkismálum við önnur Norðurlönd hefur frá upphafi verið einn hornsteina íslenskrar utanríkisstefnu. Það er eðlilegt að Norðurlandaþjóðir með sameiginlega sögu, tungu og samfélagsgildi hafi svipaða sýn á utanríkismál. Stefna landanna í utanríkismálum er samt sem áður mótuð af hagsmunum hvers lands fyrir sig eins og sést t.d. þegar litið er á skipan öryggis- og varnarmála þeirra.

Þuríður Rúrí Fannberg er fædd árið 1951 í Reykjavík, stundaði listnám þar og síðar í Hollandi. Hún hefur alla tíð starfað og haldið sýningar á alþjóðlegum vettvangi, ýmist ein eða í samstarfi við aðra. Listfræðingar sem fjallað hafa um verk Rúríar segja þau oft hugmyndafræðilegs eðlis.

Hafsteinn Austmann fæddist 1934. Hann innritaðist í Myndlistarskólann í Reykjavík 1951 og stundaði síðan nám í Handíða- og myndlistaskólanum á árunum 1952-54. Framhaldsnám stundaði Hafsteinn í Academi de la Grande-Chaumiér í París.

Elsa Nielsen hannaði frímerkin en The House of Questa í London, Englandi offsetprentaði.

Vitafrímerki

Hinn 18. apríl komu einnig út tvö vitafrímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort hefti. Myndefni frímerkjanna voru Gróttuviti og Kögurviti.

Gróttuviti yst á Seltjarnarnesi, er myndefni 60,00 kr. frímerkisins. Fyrst var byggður viti í Gróttu árið 1897, síðan árið 1918, og sá sem nú stendur var reistur árið 1947. Hann er staðsettur á 64°09,9´n.br. 22°01,3 v.lgd. Vitinn er 23 metrar á hæð, að ljóshúsi meðtöldu, gerður úr steinsteypu. Ljóskerið er enskt, með eirþaki. Gas var notað sem orkugjafi í Gróttuvita frá því hann var tekinn í notkun árið 1947 fram til 1956 að hann var rafvæddur. Vegna nálægðar sinnar við tvær af stærstu og fjölförnustu höfnum landsins, Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn, er Gróttuvitinn með mikilvægustu vitum landsins.

Kögurviti við Héraðsflóa, er myndefni á 85,00 kr. frímerkinu. Kögurviti sem var reistur árið 1945 er staðsettur á 65°36,6´ n.br. 13°51,8 v.lgd. Vitinn er gerður úr steinsteypu, 8 metrar á hæð að ljóshúsi meðtöldu. Ljóshúsið er sænskt, úr steypujárni með eirþaki. Upphaflega var gas notað sem orkugjafi í vitann, eins og meginþorra íslenskra vita á þeim tíma. Árið 1993 var hann hins vegar rafvæddur með rafgeymum og árið 1996 var settur í hann búnaður til að nema og nýta sólarorku.

Siglingastofnun Íslands átti og rak á árinu 104 ljósvita hringinn í kringum landið, en þar að auki voru milli 20 og 30 ljósvitar reknir af sveitarfélögum. Uppbyggingu ljósvitakerfisins lauk að mestu leyti á 6. áratug 20. aldar, þótt nokkrir minni vitar væru byggðir eftir það.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og heftin en Walsall Security Printers Ltd., í Walsall, Englandi, offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Hingleikahús

Hinn 16. maí voru gefin út tvö Evrópufrímerki, bæði í örkum og heftum, að verðgildi 60,00 kr. og 85,00 kr. Samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu, var hringleikahús sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna þetta ár.

Hringleikahúsið eins og við þekkjum það í dag varð til á markaðstorgum Evrópu á 17. öld, ætíð í nánum tengslum við alþýðumenningu. Hringleikahús að evrópskri fyrirmynd þar sem sett eru á svið skemmtiatriði með glæfralegum áhættuatriðum, eldgleypum, trúðum og tömdum dýrum að leika listir sínar eru nánast óþekkt á Íslandi. Tilraun var gerð til að skapa eins konar íslenskt hringleikahús á veglegri sýningu sem nefndist Hestagaldrar og sett var upp í tengslum við sýninguna Heimilið og Islandica 2001 í Laugardalshöll. Var þar fléttað saman fjölleikalist, leik og dansi þar sem íslenski hesturinn var í lykilhlutverki.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að stofna skemmtigarða á Íslandi á borð við Tívolí í Kaupmannahöfn og ber þar hæst Tívolí sem stofnað var 1946 við Njarðargötu í Reykjavík. Í garðinum var efnt til sýninga og þar voru leiktæki af ýmsu tagi, þar á meðal bílabraut, hringekjur og Parísarhjól. Starfseminni var hætt 1964 en litlir skemmtigarðar með leiktækjum eru stundum settir upp tímabundið í tengslum við bæjarhátíðir á Íslandi.

Ragnheiður I. Ágústsdóttir hannaði frímerkin og heftin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Sesselja Sigmundsdóttir 100 ára

Sama dag, 16. maí, kom út 45,00 kr. frímerki sem tileinkað var Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur en árið 2002 eru liðin frá því að hún fæddist.

Frímerkið tilheyrir flokki íslenskrar frímerkjasögu sem hófst snemma á 20. öld og helgaður var merkum Íslendingum, ekki síst skáldum og listamönnum, stjórnmálamönnum og frumkvöðlum á ýmsum sviðum.

Sesselja var brautryðjandi í málefnum fatlaðra á Íslandi og stofnaði fyrsta heimilið fyrir þroskahefta að Sólheimum í Grímsnesi árið 1930. Hún fæddist í Hafnarfirði 5. júlí 1902. Sesselja stundaði nám í Danmörku, Sviss og Þýskalandi í uppeldisfræðum og umönnun barna og fatlaðra og var fyrsti Íslendingurinn sem lærði umönnun þroskaheftra. Hún lagði ríka áherslu á samskipti fatlaðra og ófatlaðra löngu áður en þær kenningar voru settar fram erlendis. Á námsárunum í Þýskalandi kynntist Sesselja kenningum dr. Rudolf Steiner (1861–1925), „Anthroposophy" eða mannspeki. Sesselja stundaði einnig nám í garðyrkju, blómarækt og meðferð alifugla.

Sesselja var langt á undan sinni samtíð og sjónarmið hennar mættu í fyrstu tortryggni og skilningsleysi stjórnvalda og annarra. Yfirvöld vildu ekki að á Sólheimum væru vistuð samtímis fötluð og ófötluð börn, því „heilbrigð börn gætu borið andlegt og líkamlegt tjón af umgengni við fávitana". Þá ríkti ágreiningur um að grænmeti væri haft til matar, þótt börnunum væri einnig gefið kjöt, fiskur og mjólk. Sesselja vann frækilegan sigur í baráttu sinni gegn fordómum og andstöðu. Hún var jafnframt frumkvöðull í lífrænni ræktun og oft nefnd fyrsti íslenski umhverfissinninn. Sesselja lést árið 1974

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en The House of Questa í London, Englandi offsetprentaði.

2002

Lífríki Þingvallavatns

Hinn 5. september komu út fimm frímerki tileinkuð lífríki Þingvallavatns. Í tilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu segir, að Þingvallavatn sé einstakt í heiminum að því leyti að þar er að finna fjögur afmörkuð afbrigði bleikju (*Salvelinus alpinus*) þ.e.a s.: murtu, sem er myndefni 20g frímerkisins (ígildi 45 kr. á útgáfudegi), sílableikju (60,00 kr. frímerki), kuðungableikju (90,00 kr.) og dvergbleikju (200,00 kr.). Er það einsdæmi að svo mörg bleikjuafbrigði séu í sama vatninu. Auk þess fer miklum sögum af urriðanum (*Salmo trutta*) í Þingvallavatni, myndefni 50g frímerkisins (ígildi 55 kr. á útgáfudegi), sem náði 30-40 punda stærð, en þessum stofni hefur að mestu verið útrýmt.

Tvö afbrigði af bleikju, kuðungableikja og dvergbleikja, eru algeng við steinabotninn sem er uppeldissvæði ungra bleikjuseiða. Bæði afbrigðin éta fyrst og fremst vatnabobba en auk þess lirfur og púpur vatnaskordýra. Þessar bleikjur eru kubbslegar, oft dökkar á búkinn, hafa snubbótt trýni og neðri kjálkinn er mun styttri en sá efri. Dýpri hluti strandbotnsins er eitt helsta búsvæði hornsílanna og sílableikjanna. Sílableikjan étur hornsíli og stundum smáar bleikjur. Hún líkist bleikju eins og við flest þekkjum hana, er rennileg með frammjótt trýni. Efri og neðri kjálki eru svipaðir að lengd. Murtan er bleikjuafbrigði sem heldur sig að miklu leyti í vatnsbolnum. Murtan sem er 15-22 cm löng hefur lengi verið mikilvæg fyrir bændur við vatnið og hefur aflinn farið yfir 70 tonn á hausti. Hins vegar er kuðungableikjan fyrir marga bændur og veiðimenn hin eiginlega Þingvallableikja.

Gjafamappa var gefin út með þessum fimm frímerkjum á einni örk. Mappan var tileinkuð þessari þjóðargersemi Íslendinga, Þingvöllum og Þingvallavatni. Var hún ríkulega myndskreytt og í henni að finna upplýsingar um jarðsögu Þingvalla, lífríki þeirra og sögu. Gjafamappan kostaði 750 kr.

Ragnheiður I. Ágústsdóttir hannaði frímerkin og gjafamöppuna en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Blómafrímerki

Þennan sama dag, 5. september, leit þriðja frímerkjaröðin í útgáfunni Sumarblóm, dagsins ljós. Blómin sem prýddu frímerkin voru tvö: brúðarauga og garðakornblóm.

Brúðarauga *(Lobelia erinus)*, sem myndefni 10,00 kr. frímerkisins, er með blá eða dökkblá blóm, stundum með hvítu auga, einnig eru til rauðleit blóm. Brúðarauga er skipt í tvo meginflokka: 1. Compacta. Þessi blóm eru algengari í ræktun hérlendis. Þau eru lágvaxin og sæmilega harðgerð, 10-15 cm há. Brúðarauga er mikið notað sem kantblóm en er einnig ágæt í breiður (þekjublóm). 2. Pendula. Þetta er hengi-lobelía með löngum stönglum. Hún er eingöngu notuð í blómaker og í hengipotta, og hefur notið mikilla vinsælda sem slík síðustu ár.

Garðakornblóm *(Centaurea cyanus)*, sem er myndefni 200,00 kr. frímerkisins, eru afar vinsæl sumarblóm á Íslandi. Kornblómin eru nokkuð breytileg og til eru mörg afbrigði. Hæðin um 20-70 cm. Blómin eru oftast blá, en einnig eru til afbrigði með hvítum og rauðleitum blómum. Blöð og stöngull eru hærð og gefur það plöntunni aðeins gráleitt yfirbragð. Kornblóm er nokkuð harðgert og öruggt í ræktun hér á landi.

Ólafur Pétursson hannaði frímerkin en The House of Questa í London, Englandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Keilir

Þann 9. október var gefin út smáörk með einu 250,00 kr. frímerki í tilefni af Degi frímerkisins og myndefnið er eldfjallið Keilir á Reykjanesskaga. Eins og áður hefur komið fram var fyrsti Dagur frímerkisins haldinn á vegum frímerkjaklúbba Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Félags ungra frímerkjasafnara og frímerkjaklúbbs Æskunnar árið 1960 en fyrsta íslenska frímerkið sem út kom í tilefni af þessum degi var gefið út 9. október 1986. Alþjóðapóstsambandið var stofnað þennan dag árið 1874. Gefin var út smáörk með einu frímerki af þessu tilefni 1986 og æ síðan hefur íslenska póststjórnin gefið út smáörk í tilefni dagsins.

Keilir er formfagurt fjall á Reykjanesskaga. Fjallið hefur myndast á ísöld við gos undir jökli án þess að gosið næði upp úr. Hæð Keilis er um 379 metrar yfir sjó. Keilir er keilulaga og sést víða að. Þegar ekið er í suðurátt eftir Suðurgötu í Reykjavík er Keilir beint fyrir augum eins og fram kemur á smáörkinni. Fjallið er í um það bil 25 kílómetra fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur. Sjómenn hafa löngum haft Keili sem mið og er hann til dæmis notaður þegar siglt er inn Hamarssund á leið inn til Sandgerðis.

Keilir er óvirkt eldfjall úr móbergi. Það stendur á gosbeltinu á Reykjanesskaganum eins og mörg eldfjöll sem mynduðust á ísöld. Keilir hefur ekki gosið á landnámstíma. Mikið og fagurt útsýni er af Keili yfir Reykjanes, Stór-Reykjavíkursvæðið, nálæg vötn og fjallgarða.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina og tók ljósmyndina en hún var offset–prentuð hjá The House of Questa í London, Englandi.

Eyjafrímerki

Sama dag, 9. október, komu út ný frímerki í útgáfuröðinni, Eyjar við Ísland, og var þetta önnur útgáfa þeirra. Eyjarnar sem prýddu frímerkin að þessu sinni voru Vigur í Ísafjarðardjúpi og Flatey á Breiðafirði.

Vigur, sem er myndefni 45,00 kr. frímerkisins, er næst stærsta eyjan í Ísafjarðardjúpi. Hún er um 2 km á lengd og tæpir 400 metrar á breidd. Sjósókn var um langan tíma stór þáttur í lífsbaráttu Vigurbænda og voru gerðir út bátar frá Vigur. Sjósókn lagðist að mestu niður um miðja síðustu öld, sökum þess að fiskurinn hvarf úr Djúpinu. Hlunnindi hafa alltaf verið mjög stór þáttur í búskap í Vigur og þá sérstaklega æðarvarpið, auk þess sem lundatekja hefur alltaf verið töluverð. Á undanförnum árum hefur þáttur ferðaþjónustu farið sívaxandi í búskapnum og á hverju sumri koma um 1500 manns í eyjuna.

Flatey á Breiðafirði, sem er myndefni 55,00 kr. frímerkisins, er af ýmsum sökum einstök meðal Breiðafjarðareyja. Flatey er u.þ.b. 2 km löng og 1/2 km á breidd. Hún er landnámsjörð og var verslunarstaður frá miðöldum. Klaustur var reist á eyjunni árið 1172. Eyjan var helsta miðstöð menningar og lista á Íslandi um miðja 19. öld. Hluti eyjunnar er friðland síðan 1975. Fjölbreytt þjónusta við ferðamenn og margt áhugavert er að skoða í Flatey. Breiðafjarðarferjan Baldur heldur uppi samgöngum við eyjuna í ferðum sínum milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Flatey er stærst Vestureyja á Breiðafirði. Alls heyra undir hana tæplega 40 eyjar og hólmar. Eyjan er í byggð allt árið um kring og þar var pósthús árið 2002, þegar frímerkið kom út.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin en höfundur ljósmyndanna er Haukur Snorrason. Offsetprentun annaðist Österreichische Staatsdruckerei GmbH, í Vínarborg, Austurríki.

2002

Fuglafrímerki

Þann 7. nóvember komu út ný fuglafrímerki. Frímerkin prýddu tveir fuglar, stelkur og þórshani.

Stelkur (*Tringa totanus*), sem er myndefni 50,00 kr. frímerkisins, er meðalstór vaðfugl með langt nef. Vængirnir eru dökkmógráir með hvítum afturfjöðrum. Skærgulrauðir fæturnir eru áberandi bæði á jörðu niðri og á flugi. Goggurinn er langur og rauðleitur en svartur fremst. Það er mjög lítill munur á kynjunum. Fæðu sína sækir stelkurinn í mýrar, fjörur og votlendi. Aðalfæða hans er skordýr, lirfur og ormar. Stelkur, sem er að mestu farfugl, verpir í graslendi eða mýrum en utan varptíma er hann félagslyndur og heldur sig niður í fjörum og við árósa.

Þórshani (*Phalaropus fulicarius*), sem er myndefni 85,00 kr. frímerkisins, er mun sjaldséðari á Íslandi en ættingi hans, óðinshaninn, og lifir á norðlægari slóðum. Í sumarbúningi er hann dökkrauðbrúnn að neðan, hvítur á vöngum og dökkur á kolli með gulleitt nef. Að ofan er hann rákóttur og hvítt vængjabelti er áberandi á flugi. Á veturna líkist hann mjög óðinshana en er lítið eitt stærri og ljósari. Hann er auðgreindastur frá óðinshana á styttra og gildara nefi og gulleitari fótum. Kvenfuglinn er litríkari en karlfuglinn en sá síðarnefndi annast oft egg og unga. Þórshaninn er úthafsfugl utan varptímans. Hann verpir á þurrum, sendnum sjávargrundum, við lón og tjarnir eða í eyjum með ströndum fram en þó ekki á heimskautasvæðum.

Ragnheiður I. Ágústsdóttir hannaði frímerkin en höfundur teikninganna er Jón Baldur Hlíðberg. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin.

Jólafrímerki

Sama dag, 7. nóvember, komu út tvö jólafrímerki, 45,00 kr. og 60,00 kr., þar sem viðfangsefnin voru jólaskreytingar. Einnig kom jólafrímerkið, með innanlands burðargjaldinu, út í 10 frímerkja hefti.

Í tilkynningu Íslandspósts með frímerkjunum er þessum viðfangsefnum gerð nokkur skil. Þar segir, að lega landsins geri það að verkum að hér sé dimmt stóran hluta úr deginum þegar líður að vetrarsólstöðum. Það kann að skýra mikinn áhuga landsmanna á jólaskreytingum. Alls kyns ljósalengjur og skreytingar eru settar í garða, á hús og svalir um allt land þegar aðventan gengur í garð fjórum sunnudögum fyrir jól. Sumir skreyta líka aðventukransa og brenna einu kerti fyrir hvern sunnudag fram að jólum. Upp úr 1. desember fara jólaskreytingar að sjást í heimahúsum og flest eru þau orðin fullskreytt um miðjan mánuðinn. Sjálft jólatréð er samt ekki skreytt fyrr en á Þorláksmessudag á flestum heimilum. Samkvæmt siðvenju er svo kveikt á ljósunum á trénu þegar jólin ganga í garð með klukknahringingum í öllum kirkjum landsins klukkan sex á aðfangadagskvöld.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og frímerkjaheftið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2003

Lögreglan 200 ára

Hinn 16. janúar voru liðin 200 ár frá því hinir fyrstu eiginlegu lögreglumenn tóku til starfa á Íslandi. Þessara tímamóta var minnst á frímerkjum með því að sýna einkennisbúninga lögreglu fyrr og nú. Verðgildi frímerkjanna eru 45,00 og 55,00 kr.

Reykjavíkurbær setti þau ákvæði árið 1879 að lögreglumenn skyldu vera einkennisbúnir og var einkennisbúningurinn samskonar og sá sem Kaupmannahafnarlögreglan bar. Á milli áranna 1803 og 2003 hafa svo vitað sé verið í notkun fimm mismunandi gerðir af einkennisfatnaði íslensku lögreglunnar.

Á þjóðveldistíma var dómsvald bundið við Alþingi og gátu goðar dæmt menn fyrir brot. Framkvæmdavald var þó ekkert í landinu til að fylgja dómum eftir heldur þurftu brotaþolar eða ættingjar þeirra að sjá til þess að dómum væri framfylgt. Eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd gengu lög Jónsbókar í gildi og fengu umboðsmenn konungs, sem einnig voru kallaðir sýslumenn, þar hlutverk í íslensku samfélagi. Upp frá því urðu sakamál opinber mál og blóðhefndir lögðust af. Lítil þróun varð í löggæslumálum á Íslandi fyrr en rétt fyrir aldamótin 1800. Bruni í Innréttingum Skúla Magnússonar árið 1778 varð til þess að vaktarar voru settir við verksmiðjurnar á næturnar. Þann 15. apríl 1803 var svo skipaður bæjarfógeti í Reykjavík og hafði hann tvo einkennisklædda lögregluþjóna sér til aðstoðar, báða danska. Fyrsti íslenski lögregluþjónninn, Jón Benjamínsson, tók til starfa árið 1814 og árið 1859 varð löggæsla á Íslandi alíslensk.

Rannsóknarlögregla ríkisins var stofnuð 1977 og sá um að rannsaka öll sakamál, þ.e. öll brot á almennum hegningarlögum. Árið 1982 var sérsveit ríkislögreglustjóra stofnuð. Árið 1992 urðu frekari breytingar á skipulagi lögreglu þegar dómsvald var tekið af sýslumönnum og fært til sérstakra héraðsdómstóla. Embætti ríkislögreglustjóra var stofnað árið 1997 samfara því að Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður.

Ragnheiður I. Ágústsdóttir hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði þau.

Blómafrímerki

Sama dag, 16. janúar, komu út tvö frímerki í útgáfuröðinni Sumarblóm, hin fjórðu í þeirri röð. Myndefnin eru sumarljómi á 45,00 kr. frímerki og mánafífill á 60,00 kr. frímerki.

Sumarljómi *(Phlox drummondii)*, eru skrautleg, lágvaxin sumarblóm. Þau eru tiltölulega algeng í íslenskum görðum og hafa staðið sig vel í íslenskri veðráttu. Blómin myndast í hnöppum á stuttum stilkum og meðal litanna eru rauðir, bleikir, hvítir og dökkrauðir. Blómin vaxa vel í sandbornum jarðvegi og ná 10-15 cm hæð.

Mánafífill *(Gazania x hybrida)*, er fjölært blóm. Hann lifir ekki af veturinn á Íslandi og er því eingöngu ræktaður sem sumarblóm. Mánafífill er kominn af nokkrum tegundum með blöndun. Þrjár þeirra eru *Gazania krebsiana*, *Gazania linearis* og *Gazania rigens*. Blómin eru stór og falleg körfublóm sem lokast í dimmviðri. Mánafífill hefur reynst vel sem sumarblóm hérlendis, ekki síst á sólríkum og sæmilega skjólgóðum stöðum.

Ólafur Pétursson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði þau.

2003

Íslenska kúakynið

Þann 13. mars komu út tvö frímerki þar sem myndefnið er íslenska kúakynið. Á öðru frímerkinu, 45,00 kr., er naut í náttúrulegu umhverfi sínu en á hinu, 85,00 kr., sést rauðskjöldótt kú. Póst- og símamálastofnunin gaf á árinu 1982 út frímerkjaröð með húsdýrum þar sem eitt merkið var af kýrhaus en í þetta skiptið var þessum ágætu gripum gerð betri skil og þau sýnd í heild sinni. Í bakgrunni frímerkjanna voru teikningar í sama stíl og teikningar frá landnámsöld og sýna kúna í goðsögulegu ljósi. Þær eru af kúnni Auðhumlu sem var fyrsta kýrin samkvæmt norrænni goðafræði.

Kýrin hefur frá upphafi átt stóran þátt í að bæta lífskjör íslensku þjóðarinnar og hefur sama kúakynið deilt kjörum með íslensku þjóðinni frá því á landnámsöld eða í meira en þúsund ár. Talið er að íslenskar kýr og nokkrar aðrar norrænar kýr hafi greinst sundur fyrir 1100 árum, eða rétt um landnám. Allt frá þeim tíma hefur íslenska kýrin ekki blandast við aðrar kýr.

Ýmsir sérfræðingar, bæði innlendir og erlendir, telja íslensku kúna einhverja afkastamestu sem menn hafa kynnst ef miðað er við stærð hennar. Mjólk hennar hefur enn fremur ýmsa verðmæta eiginleika. Þannig er hún t.d. talin betri til ostagerðar en önnur mjólk og í henni er mun minna af því próteini sem talið er geta valdið sykursýki í börnum.

Guy Stewart hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði þau.

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 2003

Sama dag, 13 mars, gaf Íslandspóstur út smáörk með einu frímerki, í tilefni Norrænu frímerkjasýningarinnar Nordia 2003, sem halda átti á Kjarvalsstöðum í Reykjavík 16.-19. október 2003. Verðgildi frímerkisins er 250,00 kr. en sjálf smáörkin kostaði 300,00 kr. og rann yfirverðið til Frímerkja- og póstsögusjóðs. Einnig var gefið út myntbréf í tilefni Nordiu með smáörkinni og sérslegnum minnispeningi. Var það í þriðja skipti sem slíkt myntbréf var gefið út. Verð myntbréfsins var kr. 3.900.

Myndefni frímerkisins, var sótt í frásögn Landnámu um Flóka Vilgerðarson sem fann Ísland og hrafnana þrjá sem hann hafði með sér. Textinn á smáörkinni er úr Landnámu og hljóðar svo: „Flóki hafði hrafna þrjá með sér í haf, og er hann lét lausan hinn fyrsta, fló sá aftur um stafn; annar fló í loft upp og aftur til skips; hinn þriðji fló fram um stafn í þá átt, sem þeir fundu landið." Sagan segir að allur íslenski hrafnastofninn sé kominn frá hröfnunum sem náðu til landsins. Hrafna-Flóki hafði vetursetu við Breiðafjörð. Þegar voraði gekk hann á fjall og sá þá fjörð fullan af hafís og gaf landinu nafnið Ísland. Hann taldi það óbyggilegt og fór aftur til Noregs. Einhverjir sem voru í för með honum sögðu þó að hér væru landkostir miklir og smjör drypi af hverju strái. Við Brjánslæk á Barðaströnd eru friðlýstar rústir þar sem munnmælin segja að Hrafna-Flóki hafi haft vetursetu í kringum 865.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði smáörkina en myndgröft annaðist Martin Mörck frá Noregi. Tryggvi hannaði einnig myntbréfið og minnispeninginn. Smáörkin var prentuð í stáldjúpþrykki og offset hjá austurrísku ríkisprentsmiðjunni, Österreichische Staatsdruckerei GmbH, Vínarborg í Austurríki.

2003

Fríkirkjan í Reykjavík 100 ára

Hinn 23. apríl gaf Íslandspóstur út frímerki að verðgildi 200,00 kr. í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Fríkirkjunnar í Reykjavík. Fríkirkjan hefur ætíð verið eitt af kennileitum borgarinnar og nýtur hún sín vel á frímerkinu sem Tryggvi T. Tryggvason hannaði, en hann tók jafnframt ljósmyndina. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Fríkirkjan í Reykjavík er kirkja Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík sem er kristinn lútherstrúarsöfnuður utan Þjóðkirkjunnar. Stofnun Fríkirkjunnar markaði djúp spor í kirkjusögu Íslendinga á 20. öld. Að stofnuninni stóðu íslensk fjöldasamtök þar sem mest bar á fjölskyldum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Á sínum tíma var stofnunin mikilvægur liður í íslenskri sjálfstæðisbaráttu. Um tíma tilheyrði um það bil helmingur Reykvíkinga Fríkirkjunni og bætti hún mjög aðstöðu Reykvíkinga til helgihalds og safnaðarstarfs.

Fríkirkjusöfnuðurinn keypti lóð austan Tjarnarinnar í Reykjavík og reisti þar kirkju 1903 sem vígð var sama ár. Kirkjan var lengd og vígð að nýju árið 1905 og stækkuð aftur 1924. Núverandi mynd fékk kirkjan 1940, þegar viðbyggingar báðum megin forkirkjunnar voru byggðar. Orgel kirkjunnar er frá 1926. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990.

Undirbúningur að endurbótum á kirkjunni innanhúss hófst á fyrri hluta ársins 1998. Sérstök byggingarnefnd annaðist undirbúning og gerður var þjónustusamningur við byggingadeild Borgarverkfræðings um skipulag og umsjón framkvæmda. Náið samráð var haft við Húsfriðunarnefnd ríkisins.

Eyjaferjur

Sama dag, 23. apríl, komu út fjögur frímerki tileinkuð íslenskum eyjaferjum í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort. Myndefni 45,00 kr. frímerkjanna eru ferjurnar Sævar og Sæfari. Myndefni 60,00 kr. frímerkjanna eru ferjurnar Baldur og Herjólfur.

Ferjur hafa verið notaðar á Íslandi frá örófi alda. Víðast hafa brýr gert þær óþarfar, en þeirra er enn þörf, þar sem þarf að þjóna byggðum eyjum umhverfis landið, þ.e. Vestmannaeyjum, Grímsey, Hrísey, Æðey, Vigur og Flatey á Breiðafirði. Ferðaþjónustan færist í aukana um allt land og þar með fjölgar ferjum til skoðunarferða, hvort sem er til hvala-, fugla- eða náttúruskoðunar. Tími þeirra er því síður en svo liðinn. Ferjurnar fjórar á frímerkjunum eru:

1. Grímseyjarferjan Sæfari, sem sinnir Grímseyjarsiglingum en annast einnig þungaflutninga til Hríseyjar. Ferjan var smíðuð 1978 og er 367 bt.
2. Hríseyjarferjan Sævar, sem heldur upp reglulegum samgöngum við Hrísey. Skipið var smíðað árið 1999 og er 149 bt.
3. Breiðafjarðarferjan Baldur. Skipið var smíðað árið 1990 og er 647 brúttótonn.
4. Vestmannaeyjaferjan Herjólfur sem heldur uppi siglingum milli lands og Eyja. Skipið er 10 ára gamalt, smíðað 1992 og er 3354 bt.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar af ferjunum nema af Breiðafjarðarferjunni Baldri sem Jóhann Jónsson tók. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin.

2003

Evrópufrímerki – Veggspjaldalist

Hinn 22. maí voru gefin út tvö Evrópufrímerki, bæði í örkum og heftum, að verðgildi 60,00 og 85,00 kr. Samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu, var veggspjaldalist sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna þetta ár.

Veggspjaldalist fellur undir grafíska hönnun sem snýst að verulegu leyti um sjónræna samsetningu mynda, tákna, lita og leturs. Þessum atriðum er raðað saman í sjónræn skilaboð sem oft hvetja til kaupa á vöru eða þjónustu af einhverju tagi. Myndlist og grafísk hönnun eiga sjónræna formið sameiginlegt og af þeim fögum sem tilheyra listrænni hönnun eru tengslin á milli grafískrar hönnunar og myndlistar sterkust. Myndlistagagnrýnendur hafa komist svo að orði að góð list hrífi en góð hönnun hvetji - góð myndlist sé túlkuð en góð grafísk hönnun sé auðskilin og byggi fyrst og fremst á færni.

Elsa Nielsen hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslenskir hænsnfuglar

Þennan sama dag, 22. maí, var gefið út 45,00 kr. frímerki með íslenskum hænsnfuglum.

Í gömlum ritum sést að hænsn og heimgásir voru hér til forna en erfitt er að gera sér grein fyrir því í hve miklum mæli. Í Íslandslýsingu frá 16. öld segir að hænsn og gæsir séu til á fáum heimilum. Um miðja 18. öld var alifuglarækt nær alveg aflögð og hænsn voru eingöngu á stöku bæjum, einkum í Öræfum, þar sem talið er að gamla íslenska hænsnakynið hafi lifað af. Íslensku hænsnin svokölluð eru smávaxin, dökk eða dröfnótt. Að vefjaflokkagerðum eru þau ólík öllu sem nú gerist á Norðurlöndum nema gömlum norskum afbrigðum. Þetta er því líklega sami stofninn og landnámsmenn komu með hingað til lands á skipum sínum.

Stofninn einkennist af litlum og harðgerðum einstaklingum og skartar öllum regnbogans litum, sérstaklega hanarnir. Þessi tegund hefur ekki hentað sem varphænur og um miðja síðustu öld hófst markviss ræktun erlendrar varptegundar. Meginstofn íslenskra hænsnfugla er því nú er af ítölsku kyni.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2003

Vinátta á frímerki

Hinn 4. september var gefið út 45,00 kr. frímerki tileinkað vináttu. Það var haustið 2001 sem Íslandspóstur/Merkilegi klúbburinn, ákvað í samvinnu við Félag íslenskra myndlistarkennara að efna til samkeppni meðal barna um hönnun á íslensku frímerki. Merkilegi klúbburinn er starfræktur af Frímerkjasölu Íslandspósts fyrir börn og unglinga 6-12 ára, sem safna frímerkjum.

Þema keppninnar var „Vinátta á frímerki“ og höfðu öll 10–12 ára grunnskólabörn á Íslandi þátttökurétt. Verðlaun voru veitt fyrir bestu tillöguna í hverjum árgangi og gaf Íslandspóstur út frímerki hinn 4. september 2003 prýtt myndefninu sem þótti best.

Börnin unnu að verkefninu hjá myndlistarkennurum sínum og fengu 2 til 4 kennslustundir til að ljúka því fyrir 10. janúar 2002. Rík áhersla var lögð á að börnin notuðu hugmyndaflugið bæði við val á myndefni og útfærslu. Engin skilyrði voru sett um val á efni og litum. Kennarinn valdi þrjár tillögur úr hverjum bekk og sendi í nokkurs konar forkeppni.

Til keppninnar bárust 170 myndir frá 13 skólum víðsvegar af landinu og voru tillögurnar eins ólíkar og listamennirnir voru margir. Greinilega kom fram í myndum barnanna að þau leggja mikla áherslu á að mannkynið lifi í sátt og samlyndi við sjálft sig, umhverfi sitt og dýrin. Dómnefnd skipuð fulltrúum frá Íslandspósti/Merkilega klúbbnum, Frímerkjaútgáfunefnd, Félagi myndlistarkennara og auglýsingastofu Hlyns Ólafssonar völdu bestu myndirnar frá hverjum árgangi ásamt þeirri tillögu sem ákveðið var að gefa út á frímerki.

Tillagan sem fékk fyrstu verðlaun og valin var á frímerki var frá Erni Ágústssyni í Korpuskóla. Mynd hans sýnir tvo glettna og kotroskna félaga.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið en um offsetprentun þess sá Walsall Security Printers Ltd., Walsall, Englandi.

Fuglafrímerki

Þennan sama dag, 4. september, komu út tvö frímerki með fuglum. Myndefnin að þessu sinni voru þúfutittlingur og spói.

Þúfutittlingur *(Anthus pratensis)*, myndefni 70,00 kr. frímerkisins, er einn algengasti fugl af erluætt í Norður-Evrópu. Hann verpir helst í graslendi og móum. Hann er farfugl og er algengur fram eftir september, sést þá oft tugum saman í hóp. Hjúskapur þúfutittlingsins er iðulega einkvæni og verpir hann oftast tvisvar á sumri. Eggin eru fimm til sjö talsins. Karlfugl og kvenfugl eru eins. Hann er einn algengasti fuglinn í móum víða um land. Þúfutittlingar koma upp úr miðjum apríl og flestir fara í september. Eins og aðrir spörfuglar lifir hann aðallega á skordýrum og öðrum smádýrum. Einnig étur hann fræ ef því er að skipta. Stofnstærð á Íslandi er talin vera 500.000-1.000.000 varppör.

Spói *(Numenius phaeopus)*, myndefni 250,00 kr. frímerkisins, er auðþekktur á mjög löngu bognu nefi og sérkennilegum söng, sem er hávær og hefst á ólgandi velli. Kjörlendi hans eru fjörur og sjávarleirur en um fartímann er hann þó stundum fjarri sjó. Hann er algengur á Íslandi og í Skandinavíu, Eystrasaltslöndunum og á Hjaltlandi, en ekki eins tíður gestur annars staðar í Vestur-Evrópu. Hann verpir í mýrlendi, röku graslendi og á lyngheiðum og sandhólasvæðum. Spóar koma til Íslands í byrjun maí og eru flestir farnir í september. Spóar fara að safnast saman í hópa sunnanlands í lok ágúst og byrjun september og fljúga þá stundum í oddaflugi. Stærstu hóparnir yfirgefa landið um miðjan september og fara þá til vetursetu í Vestur-Afríku. Stofnstærð við Ísland er talin um 200.000 varppör.

Ragnheiður I. Ágústsdóttir hannaði frímerkin en Jón Baldur Hlíðberg gerði teikningarnar af fuglunum. Offsetprentun frímerkjanna fór fram hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

2003

Manntalið 1703 300 ára

Þann 4. september kom enn fremur út 60,00 kr. frímerki tileinkað hinu stórmerka manntali sem tekið var á Íslandi og lokið var árið 1703.

Þetta er fyrsta manntal sem nær til allra íbúa í heilu landi þar sem getið er nafns, aldurs og þjóðfélagsstöðu allra íbúanna. Ákvörðun um töku manntalsins er talin sprottin af slæmu efnahagsástandi á Íslandi á 17. öld og stöðugum harðindum í lok aldarinnar sem leiddi af sér afar bága stöðu landsmanna.

Árni Magnússon (1663-1730) prófessor og Páll Vídalín (1667-1727) varalögmaður voru valdir til þess að rannsaka hag landsins og gera tillögur til úrbóta. Hluti af verkefni þeirra var að gera manntalið. Hreppstjórar í 163 hreppum landsins sáu um töku manntalsins. Manntalinu var skilað á Alþingi í júní 1703 en var síðan sent til Kaupmannahafnar þar sem það lá að mestu óhreyft í 75 ár. Árið 1777 tók Skúli Magnússon landfógeti manntalið til þess að vinna úr því jarðabók.

Manntalið var lánað til Íslands árið 1921, til að undirbúa útgáfu þess. Samkvæmt samningi milli Íslands og Danmerkur árið 1927 varð það eign Íslands. Það er varðveitt í skjalasafni Rentukammers í Þjóðskjalasafni. Búfjártalið er einnig varðveitt, en það var aðeins tekið í um 60% af hreppum landsins. Það hefur ekki verið gefið út.

Í tilefni af þessu 300 ára merkisafmæli efndu Hagstofa Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands til ráðstefnu og var í framhaldi af henni gefið út ráðstefnurit með erindum sem flutt voru þar.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Hreindýr

Hinn 9. október gaf Íslandspóstur út 45,00 kr. frímerki þar sem myndefnið var hreindýr á Íslandi. Var þetta í fyrsta sinn sem þetta fagurhyrnda dýr prýddi íslenskt frímerki.

Hreindýr *(Rangifer tarandus)* eru hjartardýr sem finna má víða á norðurhveli jarðar. Þau eru einstaklega vel aðlöguð til að lifa af kulda og snjóþyngsli að vetrarlagi. Andstætt öllum öðrum hjartardýrum bera bæði kynin horn. Kvenkyns hreindýr nefnist simla eða hreinkýr, og karlkyns hreindýr nefnist hreinn eða hreintarfur.

Mikill munur er á stærð dýra allt eftir undirtegundum. Í íslenska stofninum er fallþungi kúa á milli 30 til 40 kg en tarfa á milli 80 og 100 kg. Tamin hreindýr í Skandinavíu eru iðulega stærri, fallþungi kúa á milli 40-100 kg og tarfa 70-150 kg.

Fyrstu hreindýrin voru flutt til Íslands frá Noregi og Finnlandi seint á átjándu öld. Núverandi stofn er kominn af dýrunum, sem voru flutt til Austurlands. Hámarki náði stofninn líklega í upphafi 19. aldar, en síðan minnkaði hann stöðugt og náði líklega lágmarki kringum 1940. Þá er talið að aðeins 100 dýr hafi verið eftir á Austurlandi. Flest urðu þau 1976, 3600 talsins. Innflutningur hreindýra átti að styðja og efla íslenskan landbúnað. Úr því varð aldrei og því hafa dýrin lifað villt í landinu frá upphafi. Veiði er leyfð undir eftirliti.

Hreindýr eru jurtaætur og bíta fléttur, starir, lyng, sveppi og annað. Á veturna krafsa hreindýrin upp snjónum með framfótum til að ná í fæðu sem rannsóknir benda til að er líklega mest fléttur og lyng.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Braggar

Sama dag, 9. október, var gefin út smáörk með einu 250,00 kr. frímerki í tilefni af Degi frímerkisins og var myndefnið braggar.

Í síðari heimsstyrjöld byggðu bresku og bandarísku hernámsliðin stór bragga-hverfi í Reykjavík og víðar á landinu. Braggarnir skiptu hundruðum og fjöldi hermanna var þar við æfingar og störf. Sums staðar risu herspítalar og settar voru upp varðstöðvar. Síðar fóru Bretar burt en bandarískt setulið kom í staðinn sumarið 1941. Eftir að herinn hætti að nota braggana byrjuðu íslenskar fjölskyldur að flytja inn í þá og þeir voru notaðir bæði sem íbúðarhúsnæði og vörugeymslur fram yfir 1960.

Í grófum dráttum greindust braggar í bretabragga og kanabragga. Kanabragg-arnir voru að flestu leyti miklu merkilegri hús. Þeir voru að vísu með glugga á göflum eins og bretabraggarnir, en dyr gátu verið víðar en á gafli. Hliðar-gluggar voru stundum á kvistum. Gólfin voru yfirleitt úr steini en engin gólfefni á þeim sem slík. Hvorki bretabraggar né kanabraggar munu almennt hafa verið einangruð hús og þeir voru yfirleitt upphitaðir með kola- eða koksofnum.

Hönnun smáarkarinnar annaðist Hlynur Ólafsson, sem jafnframt tók ljós-myndirnar, en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Eyjafrímerki

Hinn 6. nóvember komu út tvö ný frímerki í útgáfuröðinni, Eyjar við Ísland, og var þetta þriðja útgáfa slíkra frímerkja.

Heimaey, myndefni 85,00 kr. frímerkisins, er stærsta eyjan við Ísland, 13,4 km^2 og eina eyjan í Vestmannaeyjum sem er í byggð. Elsti hluti hennar er talinn 10-13.000 ára. Hæsta fjall Heimaeyjar er Heimaklettur, 283 metrar yfir sjávarmáli. Við Vestmannaeyjar er að finna allar tegundir sjávarfugla sem verpa við Ísland.

Einn þekktasti atburður í sögu Vestmannaeyja er Tyrkjaránið árið 1627. Eftir að vélbátavæðing hófst snemma á síðustu öld fjölgaði fólki ört í Vestmannaeyjum. Fyrsti barnaskóli á Íslandi var stofnaður í Vestmannaeyjum árið 1745. Þann 23. janúar 1973 hófst eldgos á Heimaey sem hafði í för með sér mikla eyðileggingu. Um þriðjungur húsa í bænum fór undir hraun og ösku. Þegar það hófst voru íbúar Heimaeyjar, um 5.300 talsins, fluttir yfir á fastalandið. Íbúar Vestmannaeyja í upphafi 21. aldar voru um 4.500 talsins.

Hrísey, myndefni 200,00 kr. frímerkisins, er næststærsta eyja við Ísland, eða 7,5 kílómetrar á lengd og 2,5 kílómetrar á breidd þar sem hún er breiðust. Í Hrísey verpa um 40 fuglategundir. Gróðursælt er á eyjunni og skógrækt hefur verið stunduð þar um langa hríð. Í Hrísey hefur verið samfelld búseta allt frá því að land byggðist. Kirkja var í Hrísey um 1200. Um það leyti hófst saltfiskverkun í eynni og upp úr aldamótunum 1900 komu Svíar og söltuðu þar síld til margra ára. Um tíma var í Hrísey mesta síldarsöltun á Norðurlandi. Sjávarútvegur hefur ætíð verið aðal atvinnuvegur Hríseyinga. Smábátaútgerð er talsverð og fiskvinnsla henni tengd. Af annarri atvinnustarfsemi í Hrísey er fyrst að telja einangrunarstöðvar fyrir holdanaut, svín og gæludýr.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin en Mats Wibe Lund tók ljósmyndirnar. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

Jólafrímerki

Sama dag, 6. nóvember, komu út tvö jólafrímerki, 45,00 og 60,00 kr., þar sem myndefnin eru börnin og jólin. Einnig var jólafrímerkið, með innanlands burðargjaldinu, gefið út í 10 frímerkja hefti.

Í tilkynningu Íslandspósts með þessum frímerkjum er stutt hugleiðing um efni frímerkjanna og segir þar orðrétt: „Jólin eru oft nefnd hátíð barnanna, ekki síst vegna þess að þau eru fæðingarhátíð barnsins í jötunni, sem varð frelsari kristinna manna. Mikilvægt er hverju barni að upplifa kærleiksanda jólanna og boðskap þeirra um frið á jörð. Frímerkin sem Íslandspóstur gefur út að þessu sinni lýsa tilhlökkun barnsins á jólum. Þau eru óvenjuleg að því leyti að þau eru prentuð í fimm litum en flest frímerki sem Íslandspóstur gefur út eru í fjórlit.“

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin og frímerkjaheftið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2004

Blómafrímerki

Fimmta frímerkjaröðin í útgáfunni Sumarblóm kom út 15. janúar. Myndefnin voru að þessu sinni flauelsblóm á 50,00 kr. frímerki og hnúðskáblað (hnúðbegónía) á 55,00 kr. frímerki.

Flauelsblóm (*Tagetes patula*), eru vinsæl garðablóm á Íslandi. Mörg afbrigði eru til af þessum blómum og þau eru litfögur, gul, rauðgul eða tvílit. Þau eru viðkvæm fyrir frosti og þurfa sól og hita. Forrækta þarf margar tegundir þeirra innanhúss og þarf forræktunin að hefjast í mars eða apríl. Til eru algengar tegundir sumarblóma sem draga úr áhrifum og viðkomu kálflugunnar, sem er skaðvaldur í matjurtagörðum. Þar á meðal eru flauelsblóm en þau hafa verið notuð undanfarin ár í skólagörðum í Reykjavík og víðar.

Hnúðskáblað (*Begonia x tuberhybrida*) eða Begóníur eru meðal mest ræktuðu sumarblóma hér á landi enda litfögur og fjölskrúðug blóm. Hvítir, bleikir og rauðir litir eru einna algengastir og blöðin eru ýmist einföld eða ofkrýnd. Litirnir eru blandaðir og blómin yfirleitt stór og falleg og tilvalin í blómaker eða í stóra glugga innan um einlitar blaðplöntur. Hnýðin eru ræktuð í pottum í þurrum, lausum jarðvegi. Þótt sumarbegónían sé fjölær og geti mætavel lifað í gróðurhúsi yfir veturinn er plöntunum samt venjulega fleygt eftir blómgun. Begóníur vaxa vel í hálfskugga en ekki eins vel í sterku sólarljósi.

Blómafrímerkin hannaði Ólafur Pétursson en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Heimastjórn 100 ára – Hannes Hafstein

Þann 15. janúar kom einnig út 150,00 kr. frímerki og smáörk, með einu frímerki og sama verðgildi, í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun heimastjórnar á Íslandi. Þá var einnig gefið út af þessu sama tilefni, sérstakt myntbréf með smáörkinni og sérslegnum minnispeningi. Var það í fjórða skipti sem sem slíkt myntbréf var gefið út. Verð myntbréfsins var kr. 3.900.

Þann 1. febrúar 2004 voru 100 ár liðin frá stofnun heimastjórnar á Íslandi undir forystu Hannesar Hafstein, fyrsta ráðherra Íslands. Upphaf heimastjórnar 1904, fullveldi Íslands á grundvelli konungssambands við Dani árið 1918 og stofnun íslenska lýðveldisins 1944 eru mikilvægustu áfangarnir í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 20. öldinni. Með heimastjórninni og viðurkenningu á íslensku þingræðisreglunni urðu mikil þáttaskil á flestum sviðum í íslensku þjóðlífi. Íslendingar tóku við stjórnsýslunni sem áður hafði að miklu leyti verið í höndum Dana. Ýmsar danskar hefðir héldust innan íslensku stjórnsýslunnar og lifa sumar enn. Heimastjórnin beitti sér fyrir lagasetningu um ýmis brýn málefni og starf stjórnmálamanna tók að færast í það horf sem við þekkjum í dag. Hannes Hafstein var einn af mikilhæfustu stjórnmálamönnum sem Íslendingar hafa átt. Hann var einnig eitt af fremstu skáldum Íslendinga. Hannes hafði forgöngu um mörg mikilvæg framfaramál þar á meðal lagningu símastrengs til Íslands sem miðaði að því að rjúfa einangrun Íslands frá umheiminum. Hannes varð ráðherra í annað sinn 24. júlí 1912, þá fyrir Sambandsflokkinn, þegar Kristján Jónsson lét af embætti, og sat til 21. júlí 1914. Á því tímabili var fánamálið mjög til umræðu, og tapaði Hannes atkvæðagreiðslu um skipan nefndar um tilhögun og tillögugerð í fánamálinu. Tók Sigurður Eggerz við ráðherraembætti af Hannesi. Hannes settist þá aftur í bankastjórastól Íslandsbanka og sat þar til 1917 er hann sagði af sér vegna heilsubrests.

Hönnun frímerkisins, smáarkarinnar, myntbréfsins og minnispeningsins annaðist Tryggvi Tómas Tryggvason. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin.

Togarinn Coot

Hinn 11. mars gaf Íslandspóstur út 50,00 kr. frímerki þar sem myndefnið var togarinn Coot.

Vélvæðing íslenska fiskiskipaflotans hófst með sexæringnum Stanley árið 1902 og togaranum Coot 1904. Nafnið Coot er enskt og merkir bleshæna. Coot var fyrsti togari í eigu Íslendinga, en fyrsti togarinn sem var sérstaklega smíðaður fyrir Íslendinga var Jón forseti (1907). Coot var gerður út frá Hafnarfirði 1905-1908. Hann var knúinn gufuvél og fiskaði með botnvörpu. Fyrri tilraunir með vélvæðingu flotans og togaraútgerð voru misheppnaðar, en togaraútgerðin hafði áður verið í eigu útlendinga.

Engin framtíð hafði verið talin fyrir gufuvélum í bátum og seglatogarinn Anna Breiðfjörð (1901-02) var ekki vélvæddur. Vél var fyrst sett í sexæringinn Stanley á Ísafirði í nóvember 1902 en tíu árum síðar voru um 400 íslenskir róðrarbátar komnir með vélar. Stanley og Coot eru nærri hinum miklu pólitísku tímamótum 1904 þegar Íslendingar fengu heimastjórn. Stærri vélknúnum fiskiskipum kynntust Íslendingar einkum af Bretum, sem voru með 150 togara á Íslandsmiðum árið 1905.

Fjórða veturinn sem Coot var gerður út strandaði hann í sunnanverðum Faxaflóa. Þann 14. desember 1908 fór Coot frá Reykjavík með fiskiskútuna Kópanes í togi áleiðis til Hafnarfjarðar. Þegar skipin voru komin á Hafnarfjörð utanverðan, slitnaði Kópanesið aftur úr og Coot fékk strengsslitrin í skrúfuna. Rak bæði skipin á land við Keilisnes, en mannbjörg varð. Coot var svo seldur sem strandgóss 8. janúar 1909 og fiskveiðihlutafélaginu, sem um hann hafði verið stofnað, var slitið strax í sama mánuði. Ketillinn úr Coot er nú geymdur á sjóminjasafninu í Hafnarfirði.

Hönnun frímerkisins annaðist Hlynur Ólafsson en Walsall Security Printers Ltd., Walsall, Englandi offsetprentaði.

Jarðhitafrímerki

Sama dag, 11. mars, komu út fimm frímerki í útgáfuröð sem tileinkuð var jarðhita á Íslandi. Myndefni frímerkjanna eru sem hér segir: Snorralaug, Borgarfirði (50,00 kr. frímerki), Borhola við Hellisheiðarvirkjun (55,00 kr.), Heitt vatn á leið til Reykjavíkur frá háhitasvæðinu á Nesjavöllum (60,00 kr.), Raforkuhverfill á Nesjavöllum (90,00 kr.) og Atlantshafshryggurinn (250,00 kr.). Þá var einnig gefin út gjafamappa með þessum fimm frímerkjum í einni örk. Mappan var tileinkuð jarðhita og upplýsingum um nýtingu hans hérlendis og kostaði 750 kr.

Ísland liggur á Mið-Atlantshafshryggnum og liggur eldvirkt sprungubelti eftir landinu. Miðja þess svarar nokkuð vel til mótanna milli Ameríku- og Evrópu-flekanna sem færast sundur um tvo sentimetra á ári að meðaltali. Vegna þessara jarðfræðilegu eiginleika býr Ísland yfir miklum jarðhita. Jarðhitasvæðum er skipt í lághita- og háhitasvæði. Lághitasvæði eru um 250 talsins og þar er hiti minni en 150°C á um 1000 metra dýpi. Háhitasvæði eru eingöngu á virkum eldgosabeltum. Þau eru 20-30 talsins. Vatnshitinn þar er ekki minni en 200°C á 1000 metra dýpi. Hagnýting jarðhita er mikil hérlendis og hefur gífurlega þjóðhagslega þýðingu. Í dag hefur meira en 85% Íslendinga þjónustu frá hitaveitum til húshitunar. Gróðurhús eru einnig á jarðhitasvæðum víða um land, einkum á Suðurlandi. Jarðhiti er einnig notaður til orkuframleiðslu í nokkrum gufuaflsstöðvum.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin og gjafamöppuna sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Norðurlandafrímerki – Norræn goðafræði



Norðurlandaþjóðirnar hófu á árinu 2004 að gefa út nýja sameiginlega útgáfuröð Norðurlandafrímerkja í þremur hlutum, helgaða norrænni goðafræði. Meginefni fyrsta hlutans var heimur goðanna. Íslandspóstur gaf út fyrstu smáörkina í þessari útgáfuröð hinn 15. apríl. Í smáörkinni voru tvö frímerki 50,00 kr. og 60,00 kr. Smáörkin kom einnig út í samnorrænni gjafamöppu sem bar heitið „Top of the World of Stamps“.

Myndefni smáarkarinnar er Óðinn og hestur hans Sleipnir. Óðinn býr í Valhöll og kallast Alfaðir. Óðinn og bræður hans sköpuðu alheiminn og fyrsta mannfólkið. Óðinn er almáttugur og alvitur. Frá hásæti sínu, Hliðskjálf, sér hann yfir heiminn allan. Hestur hans, Sleipnir, hefur átta fætur. Hrafnarnir tveir á smáörkinni eru Huginn og Muninn, hrafnar Óðins. Á hverjum degi flugu þeir um allan heim og tóku eftir öllu sem gerðist. Að kvöldi sneru þeir aftur og settust á axlir Óðins. Krunkuðu þeir þá í eyru hans og sögðu honum frá öllu sem þeir höfðu séð og heyrt þann daginn. Þannig vissi Óðinn um hvað eina sem gerðist. Þegar heimurinn ferst gleypir ófreskjan Fenrisúlfur Óðinn.

Norrænar goðsagnir fjalla um sköpun heimsins og endalok hans, goð og vætti af ýmsu tagi, athafnir þeirra og lífsbaráttu. Upprunalega varðveittust goðsögurnar í munnlegri geymd. Ritaðar heimildir fornar, þ. á. m. Eddukvæði (frá 9.-12. öld) eru samansafn yfir 30 ljóða um skandinavísk og germönsk goð og mennskar hetjur fjarlægrar fortíðar. Goðsagnirnar léku stórt hlutverk í lífi norrænna þjóða allt þangað til þær tóku kristna trú.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði smáörkina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Gamlir bílar

Þennan sama dag, 15. apríl, komu út fjögur frímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort. Myndefnið var tileinkað gömlum bílum en myndefni 60,00 kr. frímerkjanna eru Ford Fairlane Victoria árg. 1956 og Pobeta árg. 1954. Myndefni 85,00 kr. merkjanna eru hins vegar Chevrolet Bel Air árg. 1955 og Volkswagen árg. 1952. Fyrsti bíllinn var fluttur til Íslands sumarið 1904 en innflutningur hófst ekki að ráði fyrr en árið 1913 þegar fyrsti T-Ford bíllinn kom til landsins.

Ford Model T eða Ford T var bifreið sem Ford Motor Company framleiddi á árunum 1908 til 1927. Hann var fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn og átti með því að vera ódýr þannig að sem flestir hefðu efni á honum. Hann var jafnframt fyrsti bíllinn, árið 1914, sem var settur saman á flæðilínu, en áður höfðu bílar verið settir saman án línulegs samsetningarkerfis. Fram til ársins 1924 voru bílarnir allir svartir en með tilkomu sellulósalakksins varð aukið framboð á litum.

Fram til 1920 fjölgaði bílum umtalsvert á Íslandi og það ár höfðu alls um 170 bílar verið fluttir til landsins, flestir af gerðunum Ford og Overland. Meðal annarra tegunda má nefna Maxwell, Saxon, Chevrolet og Buick.

Árið 1925 var bílanotkun orðin nokkuð algeng í Reykjavík og innflutningur jókst stöðugt. Árið 1930 voru 1434 bílar skráðir í landinu. Bílainnflutningur var gefinn frjáls árið 1960, en síðan þá hefur fjöldi þeirra margfaldast.

Amerískir bílar voru mjög vinsælir hérlendis á fimmta og sjötta áratugnum. Evrópskir bílar urðu síðan allsráðandi á markaðnum en bandarískum bílum fækkaði að sama skapi. Í stað þeirra komu bílar frá Japan og hafa þeir á síðari árum leyst evrópska og ameríska bíla af hólmi sem vinsælustu bílarnir á vegum Íslands.

Frímerkin og heftin hannaði Hlynur Ólafsson sem einnig tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Sumarleyfi

Hinn 19. maí komu út tvö Evrópufrímerki, bæði í örkum og heftum, en samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu, var sumarleyfi sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna þetta ár.

Myndefni 65,00 kr. frímerkisins vísar til reiðhjólsins sem fararmáta um landið en á hverju ári koma hundruð hjólreiðamanna til landsins, aðallega frá Evrópu. Þessir ferðamenn eru algeng sjón á vegum úti, jafnt við ströndina sem á hálendi Íslands, frá því í maí og fram á haust. Íslendingar hafa einnig sótt í sig veðrið hvað þetta varðar með síauknum vinsældum reiðhjólsins.

Myndefni 90,00 kr. frímerkisins vísar hins vegar til hálendis- og jöklaferða á stórum jeppum og sérútbúnum ökutækjum. Slíkar ferðir hafa aukist mjög á síðari árum með auknu framboði ferðaþjónustufyrirtækja og njóta þær mikilla vinsælda meðal ferðamanna, bæði innlendra sem erlendra.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin og heftin sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2004

Síldarævintýrið

Hið stórmerka safn, Síldarminjasafnið á Siglufirði, minntist þess á þessu ári að öld var liðin síðan Íslendingar urðu síldveiðiþjóð og síldarútvegur varð einn af meginstólpum nútímalegs samfélags á 20. öld. Af þessu tilefni gaf Íslandspóstur út 19. maí, einkar skemmtilegt og táknrænt frímerki, tileinkað íslenska síldarævintýrinu. Myndefnið á þessu 65,00 kr. frímerki, er síldarstúlka við söltun síldar.

Um aldamótin 1900 kynntust íslenskir sjómenn og útgerðarmenn nýrri tækni til fiskveiða. Góð síldarsumur í heimskreppunni á 4. áratugnum, þegar þorskmarkaðir erlendis lokuðust, hafa líklega tryggt þjóðinni efnahagslegt sjálfstæði. Saltsíld var mörgum Evrópuþjóðum mikilvæg fæða á þrengingartímum heimsstyrjaldanna. Mörg ár var verðmæti síldarafurða um 35% af heildar útflutningstekjum Íslendinga.

Eftir 1950 þróuðu Íslendingar nýja og afkastameiri veiðitækni og síldin fór að veiðast sem aldrei fyrr. Árið 1969 hvarf stóri norsk-íslenski síldarstofninn vegna ofveiði Norðmanna, Íslendinga og Sovétmanna. Hvarf síldarinnar varð íslensku síldarbæjunum og þjóðinni allri mikið áfall í atvinnu- og efnahagslegu tilliti. Á þessum árum hafði allt að helmingur útflutningsteknanna verið af síldarafurðum og þjóðin búið við mikla hagsæld.

Í tilefni síldarafmælisins voru einnig notaðir sérstakir póststimplar, einn þann 29. júní 2004 við vígslu forseta Íslands og Hákonar Noregsprins á tveimur nýjum stórum safnahúsum og annar 23.-25. júlí á árlegum síldardögum á Siglufirði (bæjarhátíðinni Síldarævintýrið á Siglufirði). Sérstakt póstkort var einnig gefið út í samvinnu við safnið. Sýnir það síldarstúlkuna ásamt planmanni með trillu sína og síldartunnu.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið og póstkortið. Walsall Security Printers Ltd., í Walsall, Englandi offsetprentaði frímerkið.

Kvenfélagið Hringurinn 100 ára

Hinn 19. maí, kom einnig út 100,00 kr. frímerki tileinkað 100 ára afmæli Hringsins. Kvenfélagið Hringurinn var stofnað 26. janúar 1904. Stofnendur voru 46, en samkvæmt frímerkjatilkynningu Íslandspósts voru félagskonur 309 talsins á 100 ára afmælinu.

Hringurinn er líknarfélag og hefur á síðari árum aðallega unnið að málefnum sjúkra barna. Fyrsta verkefni félagsins var aðstoð við fátækar sængurkonur, en fljótlega kom í ljós að mikil þörf var fyrir hæli, þar sem berklasjúklingar gætu dvalið þegar þeir kæmu út af sjúkrahúsi. Hringskonur byggðu þá Kópavogshælið og ráku það um árabil. Félagið beitti sér síðan fyrir stofnun barnaspítala. Barnadeild var opnuð á Landsspítalanum 19. júní 1957, en Barnaspítali Hringsins í núverandi mynd var tekinn í notkun 26. nóvember 1965. Barnageðdeildin við Dalbraut tók til starfa 1971, einnig með tilstyrk Hringsins.

Félagið hefur auk þess stutt mörg önnur líknarmál og veitt styrki til hjúkrunar og kennslu sjúkra barna. Stærsta verkefni félagsins var þátttaka í byggingu nýs og fullkomins barnaspítala í Reykjavík sem vígður var 26. janúar 2003. Þar er hægt að veita öllum sjúkum börnum viðtöku undir einu þaki, hvaða sjúkdómar sem hrjá þau. Enn fremur er þar aðstaða til rannsókna í verkefnum tengdum starfseminni.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Fyrsti bíllinn á Íslandi 100 ára

Þann 2. september gaf Íslandspóstur út 100,00 kr. frímerki þar sem myndefnið var fyrsti bíllinn á Íslandi.

Bíllinn hefur fylgt íslensku þjóðinni á mesta framfaraskeiði hennar og gegnt veigamiklu hlutverki í samfélagsþróuninni. Íslendingar litu bílinn strax öðrum augum en nágrannaþjóðirnar. Erlendis voru það kóngar og fyrirmenn sem áttu fyrstu bílana en Íslendingar litu strax á þá sem tæki til flutninga á fólki og farangri.

Fyrsti bíllinn hérlendis var ávallt kallaður Thomsen-bíllinn eftir Ditlev Thomsen kaupmanni sem flutti bílinn hingað til lands með 2.000 króna styrk frá Alþingi í júní 1904. Bíllinn var notuð þýsk bifreið af gerðinni Cudell keypt frá Danmörku og reyndist fremur illa við íslenskar aðstæður. Ætlunin með þessum kaupum var að sannreyna hvort mótorvagnar kæmu að notum á Íslandi. Bíllinn var þriggja ára gamall þegar hann var fluttur til landsins og þá orðinn úreltur og líktist fremur hestvagni en bifreið.

Það þótti mikil nýjung þegar Thomsen kaupmaður tók að aka um götur bæjarins á bifreið sinni. Þyrptist að múgur og margmenni til þess að sjá þetta furðuverk. Bíllinn gekk illa og varð að draga hann heim með handafli. Vegir voru lélegir og tækniþekking takmörkuð, þannig að sækja þurfi alla varahluti og viðgerðir til Danmerkur, sem gekk bæði seint og illa. Eftir að bíllinn hafði verið í akstri hérlendis í ár var honum lagt og loks sendur aftur til Danmerkur árið 1908.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið sem Walsall Security Printers Ltd., í Walsall, Englandi offsetprentaði.

Villtir ætisveppir

Sama dag, 2. september, komu út ný frímerki í útgáfuröðinni, Villtir ætisveppir. Sveppirnir sem prýddu frímerkin að þessu sinni voru skeiðsveppur og vallhnúfa.

Skeiðsveppur (*Amanita vaginata*), myndefni 50,00 kr. frímerkisins, er til í nokkrum litarafbrigðum sem stundum eru taldar sjálfstæðar tegundir. Hvítt afbrigði er einna algengast til fjalla, en bleikt eða gullgult afbrigði er víða í lyngmóum og skógum norðanlands. Einnig eru til blýgrá og gul afbrigði hér á landi. Fjallaskeiðsveppurinn er talinn ætur, en þarf suðu. Hann er líkur hvíta reifasveppnum (*Amanita virosa*) sem er baneitraður.

Vallhnúfa (*Camarophyllus pratensis*), myndefni 60,00 kr. frímerkisins, er fremur lítill ætisveppur sem er algengur víða um land og vex í graslendi. Oft er sveppurinn í grasdældum og myndar stundum stórar breiður. Vallhnúfa er ljósbrún með ljósan, fremur stuttan, staf og fanir og engan kraga en hatturinn verður allt að 7 cm breiður. Sveppurinn er talin góður matsveppur, og er auðvelt að þurrka hann og geyma til vetrarins. Á Íslandi eru nú þekktar um 2000 tegundir sveppa.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Reykdalsveita 100 ára

Þann 2. september kom einnig út 50,00 kr. frímerki tileinkað 100 ára afmæli Reykdalsveitu í Hafnarfirði.

Rafvæðing á Íslandi hófst í byrjun 20. aldar. Fyrstu kynni Íslendinga af rafmagni hófust á seinni hluta 18. aldar en það var ekki fyrr en undir lok 19. aldar að menn höfðu náð tökum á rafmagninu. Fljótlega áttuðu menn sig á því að vatnsorkan var öflugasti orkugjafinn við raforkuframleiðslu. Árið 1894 voru Reykvíkingum kynntar hugmyndir um að raflýsa Reykjavíkurbæ.

Fyrsta rafstöð á Íslandi var sett upp í Hafnarfirði. Með henni tók jafnframt til starfa fyrsta almenningsrafveitan á landinu. Hinn 12. desember 1904 var þar tekin í notkun vatnsaflsrafstöð, sem Jóhannes Reykdal trésmíðameistari lét byggja við trésmiðju sína sem síðar hlaut nafnið Dvergur. Rafallinn, sem var 9 kílóvött, lét Jóhannes setja upp og tengja við vatnshverfil sem hafði snúið átta vinnuvélum á trésmíðaverkstæðinu. Rafmagnið var notað til að lýsa upp 16 hús, þar á meðal barnaskólann í bænum. Einnig voru tendruð fjögur götuljós. Hús Jóhannesar að Brekkugötu 2 var fyrsta húsið sem var tengt við kerfið. Tveimur árum síðar, árið 1906, reisti Jóhannes Reykdal aðra rafstöð ofar við sama læk hjá svonefndum Hörðuvöllum. Þar fékk hann um 22 kílóvött vatnsafls, en jafnstraumsrafallinn var 37 kílóvött. Lengi vel voru þetta einu rafstöðvarnar hér á landi. Var Hafnarfjörður langt á undan öðrum bæjum hér á landi með raflýsingu. Jóhannes Reykdal rak rafstöðina til almenningsþarfa til ársins 1909 en þá keypti Hafnarfjarðarbær hana og rak til ársins 1926, er Nathan og Olsen stöðin tók við allri raforkuframleiðslu í Hafnarfirði.

Á fyrstu áratugum aldarinnar komu ýmis sveitarfélög sér upp rafstöðvum. Stórt skref var stigið þegar Reykjavíkurbær lét virkja Elliðaárnar, en fyrsti áfangi þeirrar virkjunar var reistur 1921.

Hönnun frímerkisins annaðist Valgerður G. Halldórsdóttir. Walsall Security Printers Ltd., í Walsall, Englandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Brúarhlöð

Þann 8. október var gefin út smáörk með einu 250,00 kr. frímerki í tilefni af árlegum Degi frímerkisins þar sem myndefnið var Brúarhlöð í Biskupstungum.

Brúarhlöð kallast þröngt og grunnt gljúfur þar sem Hvítá í Árnessýslu rennur um, sunnan Tungufells í Hrunamannahreppi. Vegna þrengslanna er áin mjög djúp, a.m.k. 10 metra undir brúnni. Jarðefnið, sem áin hefur grafið sig niður í heitir þursaberg (Breccia). Það er móberg, blandað fremur litlum, köntuðum blágrýtissteinum og eru í því ýmsar klettamyndanir og skessukatlar. Í ánni eru meðal annar tveir háir drangar sem kallast Karl og Kerling.

Brúin yfir Brúarhlöð var fyrst byggð árið 1906 en hana tók af í vetrarflóðum árið 1929 og aftur árið eftir. Núverandi brú var smíðuð 1959 og var þá hækkuð frá því sem áður var. Talið er að dýpt árinnar í flóðunum hafi verið nálægt 21 metra en það er líklega mesta dýpi nokkurs straumvatns hérlendis. Umhverfið er mjög hlýlegt og nokkuð vel gróið og vel þess virði að doka þar við um stund.

Hönnun smáarkarinnar annaðist Tryggvi T. Tryggvason sem jafnframt tók ljósmyndina. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Skordýr og köngulær

Þennan sama dag, 8. október, komu út fyrstu tvö frímerkin í nýrri útgáfuröð sem tileinkuð var skordýrum og köngulóm á Íslandi. Skordýrin á þessum fyrstu tveimur frímerkjum eru járnsmiður og húshumla. Skordýrafána landsins er fremur fábrotin, sé miðað við suðlægari lönd. Hérlendis hafa u.þ.b. 1300 tegundir verið greindar. Annars staðar í Evrópu er algengt að finna 18-25 þúsund tegundir í sama landinu.

Járnsmiður (*Nebria gyllenhali*), myndefni 50,00 kr. frímerkisins, er bjalla sem er algeng um allt land. Flest stóru skordýrin, þar á meðal bjöllur eins og járnsmiður, eiga það sameiginlegt að þær taka þátt í niðurbroti lífrænna efna. Saur þeirra er gróðrarstöð fyrir örverur sem halda niðurbrotinu áfram. Járnsmiður er norræn tegund en samt miklu algengari á láglendi en hálendi. Á hálendinu finnst hann einna helst á jarðhitasvæðum. Hann er almennt vel þekkt bjalla hér á landi og heiti hans flestum tiltækt. Hann á sér nokkra áþekka ættingja á Íslandi sem er gjarnan ruglað við hann. Járnsmiður hefur granna og langa leggi, ýmist svarta eða rauða á lit og er frár á fæti.

Húshumla (*Bombus lucorum*), myndefni 70,00 kr. frímerkisins, er ein af þremur hunangsflugnategundum sem eru hér á landi. Húshumlan fannst fyrst hérlendis sumarið 1979 í Reykjavík og Heiðmörk. Hún dreifðist hratt um landið og var fljót að aðlagast stuttu sumri og öðlast biðlund á vorin þar til íslenskar víðitegundir tóku að blómgast. Allir þekkja þessa stóru gulröndóttu, loðnu flugu sem gjarnan þvælist inn um opnar dyr og glugga. Hún er þó meinlaus og stingur ógjarnan nema henni sé ögrað með óvarlegum snertingum. Aðrar tegundir eru móhumla *(Bombus jonellus)*, sem er útbreidd á láglendi um land allt. Hún hefur að líkindum verið hér á landi frá ómunatíð. Þriðja tegundin sem kölluð er garðhumla *(Bombus hortorum)* er að mestu horfin.

Arnar Snorrason hannaði frímerkin en ljósmyndirnar tók Oddur Sigurðsson. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin.

Franski spítalinn 100 ára

Þann 8. október kom einnig út 60,00 kr. frímerki tileinkað franska spítalanum á Fáskrúðsfirði.

Árið 1897 reistu Frakkar á Fáskrúðsfirði sjúkraskýli og síðar kapellu. Árið 1903 byggðu þeir svo spítala og tóku í notkun ári síðar. Fyrstu árin var spítalinn rekinn allt árið en þegar frönskum skútum fækkaði við Íslandsstrendur var hann opinn yfir vertíðina. Þá var reist hús fyrir hinn frönskumælandi lækni. Öll þessi hús standa enn þann dag í dag og læknishúsið gegnir nú hlutverki ráðhúss.

Blómatími franskra sjómanna var frá miðri 19. öld og fram til 1914. Síðasta franska seglskútan var við Ísland skömmu fyrir seinni heimsstyrjöld, en þá höfðu veiðar Frakka á Íslandsmiðum staðið í u.þ.b. 300 ár. Árlega voru um 5000 franskir sjómenn að veiðum við Ísland, en um 400 skútur fóru í hafið og á milli 4000 og 5000 manns snéru ekki til baka af Íslandsmiðum. Skipin og áhafnir þeirra voru frá bæjum á norðurströnd Frakklands, allt suður á Bretagne-skaga, Flest voru skipin frá Dunkerque og Paimpol, en einnig frá St. Brieuec, Binic, Gravelines, Fécamps, Calais og St. Malo svo að nefndir séu nokkrir helstu útgerðarstaðirnir.

Frakkar völdu Fáskrúðsfjörð sem bækistöð austanlands, enda er hann rúmur og djúpur og liggur vel að miðum. Fáskrúðsfjörður og Gravelines eru vinabæir og það er siður á Fáskrúðsfirði að minnast tengslanna við Frakka sumar hvert. Þá er haldin bæjarhátíð, Franskir dagar, og fánar dregnir að hún á þjóðhátíðardegi Frakka, 14. júlí. Götur í bænum eru merktar á frönsku, jafnframt íslensku heitunum.

Tryggvi Tómas Tryggvason hannaði frímerkið en Martin Mörck sá um myndgröft þess. Frímerkið var prentað í offset og stáldjúpþrykki hjá Österreichische Staatsdruckerei í Vínarborg, Austurríki.

2004

Fuglafrímerki

Þann 4. nóvember prýddu íslenskir fuglar enn á ný íslensk frímerki. Þeir voru að þessu sinni sendlingur og lóuþræll.

Sendlingur (*Calidris maritima*), myndefni 55,00 kr. frímerkisins, er hánorrænn fugl. Sendlingar eru að mestu staðfuglar hér. Þó má kalla þá nokkurs konar farfugla milli fjalls og fjöru, því að þeir verpa á berangri til fjalla en halda sig mest í fjörum utan varptímans. Stofnstærð er nálægt 10.000 varppörum. Á veturna eru sendlingar víðast algengustu vaðfuglar fjörunnar. Oft sjást þeir svo hundruðum skiptir í hópum og sýna þá ótrúlega samhæfða flugfimi. Þeir eru með gæfustu fuglum og því auðvelt að nálgast þá. Fæða sendlinga er ýmis smádýr og margskonar skeldýr í fjörum.

Lóuþræll (*Calidris alpina*), myndefni 75,00 kr. frímerkisins, er fjörugur, smávaxinn vaðfugl sem er nær alger farfugl. Lóuþrælar eru mjög algengir á norðlægum slóðum. Í fyrstu halda þeir til í fjörum en færa sig svo inn til landsins þegar nær líður varptíma, sem hefst upp úr miðjum maí eða fyrri hluta júní. Stofninn er stór eða nálægt 300. 000 varppörum. Lóuþrælar eru því með algengustu vaðfuglum Íslands. Kjörlendi þeirra er mýrlendi og fjörur. Skordýr eru uppistaðan í fæðunni en í fjörum skipta þeir yfir í smávaxin krabbadýr og lindýr. Hreiður lóuþrælsins er oftast grunn laut fóðruð með gróðri. Eggin eru oftast fjögur og liggja bæði kynin á þeim. Karlfuglinn sinnir oftast ungunum einn enda yfirgefa kvenfuglarnir hreiðrið strax og jafnvel varpstöðvarnar fljótlega eftir að ungar koma úr eggjum.

Ragnheiður I. Ágústsdóttir hannaði frímerkin en Jón Baldur Hlíðberg gerði teikningarnar af fuglunum. Offsetprentun frímerkjanna fór fram hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

Jólafrímerki

Sama dag, þann 4. nóvember, komu út tvö jólafrímerki og eitt frímerkjahefti með innanlands burðargjaldi. Myndefni jólafrímerkjanna að þessu sinni voru rjúpa á 45,00 kr. frímerki og hreindýr á 65,00 kr. frímerki.

Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu segir meðal annars: Jólin hafa ávallt verið tími samvista, hvíldar og fagnaðar. Þessa daga reyna flestir menn að hugleiða og fylgja boðskap þessarar hátíðar um frið og kærleika. Við viljum einnig geta glaðst á jólum og njóta þeirra. Við sendum vinum og kunningjum kveðjur, gefum gjafir og þiggjum þær. Jólin gefa okkur tækifæri til að móta kærleiksríka hugsun í orð og flytja þau þeim sem okkur þykir vænt um.

Hany Hadaya hannaði frímerkin og frímerkjaheftið en offsetprentun fór fram hjá Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi.

2005

Eyjafrímerki

Hinn 13. janúar komu út tvö frímerki í útgáfuröðinni Eyjar við Ísland, og var þetta fjórða útgáfa slíkra eyjafrímerkja. Eyjarnar voru að þessu sinni Viðey á 5,00 kr. frímerki og Flatey á Skjálfanda á 90,00 kr. frímerki.

Í tilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu segir að Viðey sé lítil eyja, 1,7 km^2 að flatarmáli. Eyjan er stórmerkur sögustaður. Þar hafa fundist merki um mannvistar allt frá 10. öld. Árið 1225 var reist klaustur í eyjunni, mikið menningar- og lærdómssetur og var svo til siðaskipta. „Faðir Reykjavíkur“, Skúli Magnússon landfógeti lét byggja Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju á seinni hluta 18. aldar. Viðeyjarstofa er elsta steinhús landsins og Viðeyjarkirkja er með upprunalegum innréttingum.

Með byggingu Viðeyjarstofu var brotið blað í sögu húsagerðar á Íslandi. Hún var fyrsta steinhúsið sem byggt var á Íslandi og um leið langstærsta íveruhús á þeim tíma. Verður hún þess vegna talin með merkustu byggingum á Íslandi. Viðeyjarstofa var myndefni á öðru Evrópufrímerkinu sem gefið var út 2. maí 1978 en sameiginlegt myndefni frímerkjanna á því ári var, merkisbyggingar. Viðey var gjöf íslenska ríkisins til Reykjavíkurborgar á 200 ára afmæli hennar, 18. ágúst 1986.

Flatey á Skjálfanda er um 2,8 km^2. Gert er ráð fyrir að eyjan hafi risið um einn metra á tuttugustu öld vegna þess að hún er á mjög virku jarðskjálftasvæði. Flatey er frjósöm eyja og gróðursæl. Fyrsti vitinn á eynni var reistur árið 1913 og endurbyggður 1963. Eyjan byggðist snemma á sögulegum tíma og íbúum fór fjölgandi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Flestir voru þeir árið 1942, 120 talsins. Flatey hefur ekki verið í byggð í fáeina áratugi. Nokkur fjöldi ferðamanna heimsækir þó eyjuna og margir dveljast þar sumarlangt.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin en Mats Wibe Lund tók ljósmyndirnar. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Österreichische Staatsdruckerei GmbH, í Vín í Austurríki.

Skógrækt á Íslandi 100 ára

Sama dag, 13. janúar, kom út 45,00 kr. frímerki tileinkað Hallormsstaðarskógi 100 ára.

Hallormsstaðarskógur er talinn stærstur skóga á Íslandi. Hann þekur um 740 hektara og er í eigu Skógræktar ríkisins. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði í fjölbreyttu landslagi. Í skóginum eru um 40 km af gönguslóðum og mikið af merktum gönguleiðum. Trjásafn með yfir 70 trjátegundum er einnig að finna á Hallormsstað.

Alþingi hafði samþykkt lög um friðun Hallormsstaðarskógar 1899 en friðunin dróst í nokkur ár. Árið 1903 samþykkti Alþingi að kaupa Hallormsstað af kirkjujarðasjóði og losa úr ábúð og hefja þar skógrækt. Árið 1905 var byrjað að girða skóginn af og skógrækt hófst þar fyrir alvöru. Stefán Kristjánsson var ráðinn fyrsti skógarvörðurinn, en hann hafði lokið skógarvarðarnámi í Danmörku.

Skógrækt ríkisins var stofnuð 1907 og var henni afhent jörðin Hallormsstaður með hjáleigum og skógi. Stendur sú skipan enn í dag. Á Hallormsstað er aðsetur skógarvarðarins á Austurlandi og starfsstöð Skógræktar ríkisins, en aðalskrifstofa Skógræktar ríkisins hefur verið á Egilsstöðum frá 1990.

Gamla teikningin sem sést í jaðri frímerkisins var gerð árið 1906 af Agnari Franciscus Kofoed-Hansen en hann var skógræktarstjóri 1908-1957. Í bókinni Íslandsskógum segir að þetta sé: „…uppdráttur Kofoed-Hansens af Hallormsstaðarskógi 1906. Á henni sést vel hversu stórt skóglausa svæðið kringum bæinn og túnin var á þeim tíma og enn fremur út af Ormsstöðum. Markargirðingin sést greinilega og innan hennar gróðrarstöðin fyrsta, sem lítill skástrikaður ferningur.“

Anna Þóra Árnadóttir hannaði frímerkið en ljósmyndina tók Þröstur Eysteinsson, sviðsstjóri þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins. Prentsmiðjan Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Þjóðminjasafn Íslands enduropnað

Þennan sama dag, 13. janúar, kom einnig út smáörk í tilefni enduropnunar Þjóðminjasafns Íslands. Tvö frímerki eru í smáörkinni, næla frá 11. öld á 100,00 kr. frímerki og Þórslíkneski frá 10. öld á 150,00 kr. frímerki. Á smáörkinni er einnig mynd af sverði frá sama tíma. Hinn 20. febrúar 1963 komu út tvö minningarfrímerki um Þjóðminjasafn Íslands, en þá var öld liðin frá stofnun þess. Myndefni frímerkjanna sem þá komu út voru sjálfsmynd Sigurðar Guðmundssonar málara (1833-1874) og hluti af myndskurði Valþjófsstaðahurðarinnar.

Í opinberri kynningu á þessari einni merkustu menningarstofnun landsmanna segir, að Þjóðminjasafnið sé vísinda- og þjónustustofnun í eigu íslenska ríkisins. Því er ætlað að vera miðstöð þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar frá upphafi til vorra daga og stuðla að því að sem flestir geti haft gagn og gaman af sögu og minjum lands og þjóðar. Meginhluti safnhússins hýsir grunnsýningu Þjóðminjasafnsins: „Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár.“

Safnið nefndist í upphafi Forngripasafn Íslands og var stofndagur þess 24. febrúar 1863. Sr. Helgi Sigurðsson á Melum í Melasveit gaf til safnsins 15 fyrstu forngripina. Er hann því talinn stofnandi safnsins og Þjóðminjasafnið telst því stofnað 24. febrúar 1863.

Íslenskir þjóðgripir höfðu fram til þess tíma einkum verið varðveittir í dönskum söfnum. Við stofnun lýðveldis 1944 ákvað Alþingi að reisa safninu eigið hús og var flutt í það um 1950. Safninu var ætlað að vera miðstöð þjóðminjavörslu með það fyrir augum að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar.

Sérfræðingar starfa á vegum safnsins í fjölmörgum greinum, s.s. fornleifafræði, byggingarsögu, þjóðháttafræði og sagnfræði. Árið 1998 var ráðist í viðgerð og breytingar á safnahúsinu. Það var opnað að nýju í september 2004 eftir miklar endurbætur með nýjum grunnsýningum og sérsýningum. Á þessum sýningum er gerð grein fyrir menningarsögu þjóðarinnar frá landnámi og sýndir allir merkustu gripir safnsins.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði smáörkina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði með upphleyptu myndefni.

2005

Mýs

Þann 10. mars komu út tvö frímerki þar sem mýs eru myndefnin. Annað frímerkið sýnir hagamús en hitt húsamús. Þetta var í fyrsta sinn sem þessi velþekktu íslensku smádýr prýða frímerki.

Hagamúsin *(Apodemus sylvaticus)* er myndefni 45,00 kr. frímerkisins. Músin er með blikskær dökk augu, stutt trýni og hringlaga eyru. Þrátt fyrir nafnið verður hennar helst vart í mannabústöðum á haustin og er hún þar algengari en húsamúsin. Þó finnst hún víða utan byggðar, í högum og móum og með ströndum fram. Hún er ekki síst algeng í skóglendi og er stundum kölluð skógarmús. Hérlendis lifir hagamúsin einkum á fræjum og annarri jurtafæðu, en étur þó einnig skordýr. Hún grefur sér holu í jörðina í námunda við hreiður sitt og geymir þar forða sinn.

Húsamúsin *(Mus musculus)*, er myndefni 125,00 kr. frímerkisins. Hún getur verið grá, brún eða næstum svört á lit. Hún er minni en hagamúsin og hefur lengra skott. Hún étur nær allt sem hún getur melt og oft spillir hún matvöru. Henni fylgir sérkennileg lykt. Margar húsamýs búa og auka kyn sitt í holum sem þær gera sér í mannahíbýlum eða útihúsum, en aðrar virðast komast af á bersvæði. Talið er að húsamúsin hafi borist til Íslands snemma á öldum en hún mun þó aldrei hafa verið mjög algeng hérlendis. Þær mýs sem hafa fundist í íbúðar- og útihúsum um allt landið hafa oftast verið hagamýs.

Hönnun frímerkisins annaðist Anna Þóra Árnadóttir en teikningar gerði Jón Baldur Hlíðberg. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Tækifærisfrímerki

Sama dag, 10. mars, komu út fjögur svokölluð tækifærisfrímerki og eitt frímerkjahefti með sömu frímerkjum. Þrjú frímerki voru með sama verðgildi, 50,00 kr., og eitt með 70,00 kr. verðgildi. Í heftinu voru 8 frímerki: 6 x 50,00 kr. og 2 x 70,00 kr.

Tækifærisfrímerki eru skilgreind sem frímerki sem hægt er að nota við ýmis hátíðleg tækifæri, m.a. á boðskort, vegna afmæla, brúðkaupa o.s.frv. Þetta voru fyrstu frímerki þessarar tegundar sem Íslandspóstur gaf út. Frímerki af þessu tagi með ýmsum fallegum og viðeigandi myndefnum höfðu fengið góðar undirtektir erlendis og með þessari útgáfu var vonast til að hægt yrði að auka áhugann á notkun frímerkja hérlendis.

Myndefnin voru vinsæl gjafablóm, listilega teiknuð af Erni Smára Gíslasyni grafískum hönnuði sem jafnframt hannaði frímerkin og frímerkjaheftið. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Blómin á frímerkjunum eru rós (*Rosa „Red Berlin“*), geislafífill (*Gerbera jamesonii*), og kalla (*Zantedeschia rehmannii*), öll á frímerkjum með 50,00 kr. verðgildi. Á frímerki með 70,00 kr. verðgildi er túlípani (*Tulipa gesneriana*).

Skordýr og köngulær

Hinn 14. apríl komu út tvö frímerki í útgáfuröðinni Skordýr og köngulær og var þetta önnur útgáfa slíkra frímerkja. Myndefnin að þessu sinni voru krossköngulló og húsfluga.

Krossköngulóin (*Araneus diadematus*), sem er á 50,00 kr. frímerkinu, er meðal stærstu köngulóa sem fyrirfinnast í íslenskri náttúru. Kvendýrin eru nær undantekningarlaust stærri en karldýrin eins og tíðkast meðal langflestra köngulóa. Búklengd kvendýranna er yfirleitt um 10-13 mm en hjá körlunum um 4-8 mm. Tvær aðrar tegundir ættarinnar hafa fundist hér á landi, það eru skartköngulló (*Araneus marmoreus*), sem er mjög áþekk krossköngulónni að stærð og hefur aðeins tvívegis fundist hér á landi og sveipköngulló (*Araneus cornutus*) sem er nokkuð algeng á Norðurlandi. Krosskóngulær geta spunnið a.m.k. sex mismunandi tegundir þráða.

Húsflugan (*Musca domestica*), sem er að finna á 70,00 kr. frímerkinu, er algengust í Norður-Evrópu frá júní til september, en hennar getur þó orðið vart allt árið. Hér á landi eru til stóra húsfluga og litla húsfluga. Húsflugan telst til tvívængja en um 85 þúsund tegundir tvívængja eru til í heiminum og þar af munu vera 360 hér á landi. Hérlendis verður lítið vart við flugurnar frá nóvember og fram í mars. Lirfurnar lifa á margs konar úrgangi en fullorðnu flugurnar á sykri og annarri fljótandi fæðu. Sagt er að húsflugur lifi aðeins í 25 daga. Lífslengd hvers stigs, eggja, lirfa og fullorðinna flugna, ræðst mjög af hita. Í köldu umhverfi vaxa þær hægt og hvert stig tekur langan tíma. Þær þrífast best við 25-35°C hita. Húsflugan getur verpt allt að 150 eggjum í einu. Eftir að þeim er verpt líða allt frá nokkrum klukkustundum upp í 8 daga þar til þau klekjast.

Arnar Snorrason hannaði frímerkin en ljósmyndirnar tóku Jan Ethelberg (krossköngulló) og Oddur Sigurðsson (húsfluga). Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin.

Gamlir vertíðabátar

Þennan sama dag, 14. apríl, komu einnig út fjögur frímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort. Myndefnið var tileinkað gömlum vertíðabátum, en myndefni 70,00 kr. frímerkjanna eru Vörður ÞH 4 og Kári VE 47. Myndefni 95,00 kr. merkjanna eru Guðbjörg NK 74 og Sædís ÍS 67.

Vertíðin var áður fyrr sá tími árs sem bændur og vinnumenn fóru í verstöð til fiskveiða. Á árabátaöld voru vertíðir þrjár, sumarvertíð, haustvertíð og vetrarvertíð. Íslenska vetrarvertíðin stóð frá 2. janúar til 15. maí. Vertíðabátarnir á frímerkjunum voru allir smíðaðir hérlendis og hver með sínu byggingarlagi. Þeir eru allir frá miðbiki síðustu aldar.

Vörður ÞH 4 var smíðaður úr eik í Reykjavík 1947. Hann var 67 brúttólestir (brl.) með 185 hestafla (ha.) Allen dísilvél. Hann var upphaflega gerður út frá Grenivík. Báturinn var talinn ónýtur og tekinn af skipaskrá 13. maí 1976.

Kári VE 47 var smíðaður úr eik í Vestmannaeyjum 1944. Báturinn var 63 brl. með 150 ha. Fairbanks Morse dísilvél. Báturinn var talinn ónýtur eftir bruna og tekinn af skrá 4. nóvember 1965.

Sædís ÍS 67 er elst þessara báta, smíðuð úr eik og beyki á Ísafirði 1938. Hún var aðeins 15 brl. með 45 ha. June Munktell vél. Hún var lengst af gerð út frá Ísafirði en skráð í Bolungarvík 1988.

Guðbjörg NK 74 var smíðuð úr eik á Neskaupsstað 1948. Hún var 39 brl. og upphaflega með 160 ha. Delta dísilvél. Árið 1973 var sett í bátinn 340 ha. GM dísilvél og báturinn var skráður í Vestmannaeyjum 1988.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og frímerkjaheftin en Jón Björnsson tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fimmlit.

Brúarmannvirki

Þann 26. maí gaf Íslandspóstur út þrjú frímerki þar sem myndefnin voru brýr á Íslandi. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem samgöngumannvirki af þessu tagi prýddu íslensk frímerki því hinn 9. október 1992 voru gefin út tvö frímerki með myndum af gömlum brúm. Var á öðru frímerkinu mynd af brúnni yfir Fnjóská frá 1908 en á hinu mynd af brúnni yfir Ölfusá frá 1891. Önnur frímerkjaröðin í þessum flokki kom svo út hinn 10. mars 1993, en þar voru það brúin á Hvítá hjá Ferjukoti frá 1928 og brúin á Jökulsá á Fjöllum frá 1947 sem voru myndefnin.

Þrjú mikilvæg íslensk samgöngumannvirki áttu aldarafmæli árið 2005. Þetta voru Sogsbrú (50,00 kr.), Lagarfljótsbrú (95,00 kr.) og Jökulsárbrú í Öxarfirði (165,00 kr.). Hengibrú var sett á Sogið 1904 en hún þótti ekki nógu sterk til að bera þungann, sem flytja þurfti að Ljósafossi. Var hún því tekin burt, flutt upp í óbyggðir og sett á Hvítá skammt frá Hvítárvatni. Ný og sterk steinbrú var sett á Sogið.

Í tilkynningu Íslandspósts kemur fram að 1905 hafi verið ár mikilla samgöngu-framkvæmda á Íslandi. Landsverkfræðingurinn skýrði frá því í Ísafold það ár að lagðir hefðu verið 9 km af þjóðvegum á aðalpóstleiðum, 6 km af flutninga-brautum og 3,6 km af fjallvegum, alls tæpir 19 km. Auk brúnna á frímerkjunum var brúin á Hítará hjá Brúarfossum byggð 1905. Samkvæmt upplýsingum lands-verkfræðingsins var Lagarfljótsbrúin 300 metra löng, Jökulsárbrúin 100 metrar og Sogsbrúin, sem var hengibrú úr járni, 37 metrar. Allt efnið í Lagarfljótsbrú var dregið á landi frá Reyðarfirði til Egilsstaða og þótti þessi flutningur mikið þrek-virki enda um stór tré og járnbita að ræða sem flutt voru um auðn og vegleysu.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en ljósmyndirnar af brúnum tóku Sigfús Eymundsson (Sogsbrú), Eyjólfur Jónsson (Lagarfljótsbrú) og Bárður Sigurðsson (Jökulsárbrú). Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Evrópufrímerki – Matargerðarlist

Sama dag, 26. maí, komu út tvö Evrópufrímerki bæði í örkum og heftum með 10 eins frímerkjum með verðgildunum 70,00 kr. og 90,00 kr. Venju samkvæmt ákvað PostEurop, samtök 45 póststjórna í Evrópu, myndefni Evrópufrímerkjanna. Efni þeirra að þessu sinni var matargerðarlist (Gastronomy). Frímerkin voru með óvenjulegu sniði, sem hæfði myndefninu einkar vel, en gengið var út frá matardiski sem forsendu hönnunarinnar og því voru þau kringlótt Ø 38 mm að stærð.

Í tilkynningu Íslandspósts með útgáfunni er stutt hugleiðing um mat og matarmenningu og segir þar m.a.: „Matur er mannsins megin og stendur okkur nær en margt annað sem heyrir til menningu og mannlegu samfélagi. Varla er hægt að hugsa sér nokkuð jafn kyrfilega bundið tilveru okkar og daglegum athöfnum og mat og drykk. Ekki fer hjá því að matargerð, matarhættir og hefðir í því sambandi endurspegli og móti jafnframt á ýmsan hátt staðhætti, náttúru, sögu, lífsviðhorf, tæknikunnáttu, félagsmynstur og efnahag í hverju samfélagi."

Hany Hadaya hannaði frímerkin og frímerkjaheftin en ljósmyndirnar tók Thorstein Henn. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkin.

Laxár og laxaflugur

Þann 1. september komu út tvö frímerki þar sem myndefnin voru laxár og laxaflugur.

Laxá í Aðaldal og Laxá í Kjós eru meðal bestu og þekktustu laxveiðiáa landsins.

Laxá í Kjós, sem er á 50,00 kr. frímerkinu, hefst í Stíflisdalsvatni á Mosfellsheiði og fellur til sjávar. Veitt er með 10 til 12 stöngum mest í ánni og þar var sett Íslandsmet í laxveiði sumarið 1988. Þá veiddust 3.850 laxar og var ótrúleg mergð af laxi í ánni, að sögn veiðimanna. Árið 2004 fór veiðin yfir 1500 laxa á 10 stöngum á dag.

Laxá í Aðaldal, sem er á 60,00 kr. frímerkinu, er jafnframt næstmesta bergvatnsá Íslands. Hún kemur upp í Mývatni og fellur til Skjálfanda. Laxveiðin í ánni var undir 1000 löxum árið 2004.

Tvær alþekktar laxaflugur eru á frímerkjunum, Rauð Frances (50,00 kr.) og Laxá blá (60,00 kr.) Rauð Frances er sögð gefa stærsta hlutann af aflanum í Norðurá í Borgarfirði. Margir veiðimenn telja Laxá blá einhverja veiðnustu og fegurstu laxaflugu landsins.

Hany Hadaya hannaði frímerkin en ljósmyndirnar tók Lárus Karl Ingason. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki.

Villt ber

Sama dag, 1. september, komu út fyrstu frímerkin í útgáfuröðinni, Villt ber á Íslandi. Myndefni frímerkjanna eru bláber (*Vaccinium uliginosum*) á 65,00 kr. frímerki og villt jarðarber (*Fragaria vesca*) á 90,00 kr. frímerki. Alls munu um átta tegundir villtra berja vaxa hérlendis m.a. aðalbláber, krækiber, hrútaber, skollaber og reyniber. Óvenjulegt við þessa frímerkjaútgáfu er að frímerkin, sem eru í örkum með 10 frímerkjum, snúa haus í haus þ.e. mynda andstæð pör sem á erlendum málum nefnist „tête-bêche“.

Bláberjalyngið er sumargrænn smárunni með móleitum og sívölum greinum. Blöðin eru breytileg að gerð og lögun. Blómin, sem nefnast sætukoppar, eru nokkur saman efst á árssprota fyrra árs. Fullþroska eru berin dökkblá að utan en grænleit að innan með litlausum safa. Bláberjalyng er að finna um allt land, einkum í votlendi og mólendi. Bláberjarunninn blómgast í maí til júní og er þá u.þ.b. 10-30 cm á hæð. Það fer mikið eftir árferði hvenær berin verða nægjanlega þroskuð til tínslu en líkt og með önnur íslensk ber má ekki reikna með fullum þroska fyrr en eftir miðjan ágúst.

Villt jarðarber vaxa einnig á Íslandi. Blöð jarðarberjaplöntunnar eru þrífingruð, gishærð á efra borði en silkihærð á því neðra. Blómin sitja á aðhærðum leggjum og eru krónublöðin lengri en bikar- og utanbikarblöðin. Jarðarberið sjálft er ekki eiginlegt ber, heldur er það myndað af blómbotninum, sem þrútnar út. Berin vaxa í þurrum og sólríkum grasbrekkum víða um land. Venjulega eru þau fremur smá, en á sólríkum stöðum geta berin orðið nokkuð stór. Algengust eru berin á Suður- og Suðvesturlandi en sjaldgæfust á Norðvesturlandi. Plantan nær 5-15 cm hæð og blómgast í júní.

Ólafur Pétursson teiknaði myndirnar og hannaði frímerkin en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Marglit húsþök í Reykjavík

Þann 7. október gaf Íslandspóstur út smáörk með einu 200,00 kr. frímerki í tilefni af árlegum Degi frímerkisins þar sem myndefnið er litrík reykvísk húsþök í nágrenni Skólavörðuholts, enda ljósmyndin tekin úr turni Hallgrímskirkju.

Dagur frímerkisins er reyndar 9. október en hann bar upp á sunnudag þetta árið. Í fyrsta tölublaði Frímerkjablaðsins, sem Landssamband íslenskra frímerkjasafnara gefur út með stuðningi Íslandspósts má finna eftirfarandi fróðleik um Dag frímerkisins eftir Sigurð H. Þorsteinsson:

„Sérstakir stimplar sem varða árlegan Dag frímerkisins voru teknir upp snemma á síðustu öld. Í fyrstu voru það mest evrópskar þjóðir sem tóku upp þennan dag en fljótt fylgdu aðrar í kjölfarið. Eftir því sem þátttakan jókst, varð þetta smám saman sérstakur hátíðardagur frímerkjasafnara. Fljótlega komu fram tillögur um að þessi hátíðisdagur skyldi vera á stofndegi Alþjóðapóst-sambandsins 9. október ár hvert. Þetta hefir þó ekki verið algjör regla. Það var fyrst árið 1960, að þessi dagur var haldinn hátíðlegur hér á Íslandi. Þá var það á vegum félags ungra frímerkjasafnara, sem starfaði innan Æskulýðsstarfs Reykjavíkurborgar.“

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina og tók ljósmyndina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Fyrsta vélhjólið á Íslandi 100 ára

Þennan sama dag, 7. október, kom út 50,00 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að fyrsta vélhjólið kom til landsins. Þetta hjól er sýnt í bakgrunni frímerkisins en vélhjólið í forgrunni er Harley Davidson, 2004 Sportster Roadster XLR, 1200 kúbik en knapinn á hjólinu er óþekkt íslensk kona.

Í tilkynningu Íslandspósts með útgáfunni kemur fram að fyrsti mótorhjólamaður Íslendinga, Þorkell Þ. Clementz, vélfræðingur, hafi flutt þetta fyrsta vélhjól til landsins 20. júní 1905 og sótt síðar um einkaleyfi á vörumerkinu ELG fyrir mótorhjól sem hann ætlaði að selja.

Lítið annað er um þetta mótorhjól vitað en að það var af svissneskri gerð sem nefndist Motosacoche en var selt undir nafninu ELG í Danmörku. Þar fann Njáll Gunnlaugsson, höfundur bókar um 100 ára sögu mótorhjólsins, hjólið á safni og fékk það lánað til landsins. „Leiða má líkum að því að þetta sé sama hjólið og Þorkell Clemenz flutti til landsins fyrir næstum 100 árum síðan," segir Njáll. Á hjólinu sem Tækniminjasafn Danmerkur lánaði sést númeraplata sem á stendur að hjólið sé reynslueintak og bendir því margt til þess að um sama hjólið sé að ræða.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið og tók ljósmyndina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Verzlunarskólinn 100 ára

Þess var einnig minnst með útgáfu 70,00 kr. frímerkis þennan sama dag, 7. október, að 100 ár voru liðin frá því að Verzlunarskóli Íslands tók til starfa. Dansandi 4. bekkingar eru á frímerkinu en hefðin er sú að í tengslum við verslunarpróf er haldinn svonefndur peysufatadagur þar sem nemendur klæðast peysufötum og kjólfötum.

Verzlunarskólinn tók til starfa haustið 1905. Þeir aðilar sem stofnuðu skólann voru Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannafélag Reykjavíkur. Skólinn var stofnaður með það að markmiði að auðvelda mönnum að afla sér menntunar á verslunarsviðinu. Verzlunarskólinn hefur lagt metnað í að búa sem best að margvíslegum þörfum nemenda og hefur skólinn verið í stöðugri þróun.

Árið 1996 var námsframboð skólans tekið til endurskoðunar. Í framhaldi af því var brautaskipting við skólann endurskipulögð og fjölbreytni námsframboðs aukin. Ný brautaskipting tók síðan gildi haustið 1997. Vorið 2000 voru enn fremur gerðar lítilsháttar breytingar á námsframboði skólans til samræmis við nýja aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Til að þjóna sem best þörfum nemenda sinna hefur Verzlunarskólinn boðið upp á mikla fjölbreytni í námsframboði, sem endurspeglast í 5 mismunandi námsbrautum við skólann.

Stofnun Verzlunarskóla Íslands var mikilvægur liður í sjálfstæðisbaráttu landsins. Því betur sem Íslendingar voru menntaðir á sviði verslunar- og skrifstofustarfa þeim mun frekar gátu þeir rekið alla verslun í landinu án utanaðkomandi aðstoðar. Þá hafði stofnun Verzlunarskóla Íslands jákvæð áhrif á jafnréttisbaráttu í landinu því að bæði stúlkur og piltar höfðu jafnan aðgang að skólanum og strax í upphafi skapaðist hefð fyrir því að stúlkur stunduðu nám við skólann og gæfu piltunum þar ekkert eftir.

Hönnun frímerkisins annaðist Tryggvi T. Tryggvason en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Fuglafrímerki

Þann 3. nóvember gaf Íslandspóstur út tvö frímerki þar sem myndefnið var fuglar á Íslandi. Íslenskir fuglar eru eitt vinsælasta og langlífasta myndefni íslenskra frímerkja frá öndverðu. Fyrsta íslenska fuglafrímerkið kom út 25. nóvember 1959 og var myndefnið æðarfugl. Þann 1. mars 1960 kom út frímerki þar sem myndefnið var fálki en verðgildi þess var 25 kr. Með frímerkjunum sem út komu 3. nóvember hafði Íslandspóstur alls gefið út 36 frímerki með þessu vinsæla myndefni. Að þessu sinni prýddu grágæsir og starar frímerkin.

Grágæsir (*Anser anser*), sem er myndefni 60,00 kr. frímerkisins, verpa á láglendi um allt Ísland og er algengasta gæsategundin hérlendis. Árin 1992-1993 fór fram í Skotlandi talning á grágæsum, en þar hefur meirihluti íslenska varpstofnsins vetursetu. Reyndust fuglarnir vera um 80.000 talsins. Grágæsir verpa 4-6 eggjum. Þær hverfa svo flestar til vetrarstöðvanna seinni hluta október. 500-600 fuglar dvelja þó hér yfir vetrarmánuðina einkum suðvestanlands, á Tjörninni í Reykjavík og víðar. Grágæsir lifa á jurtum, bæði villtum og ræktuðum. Þær sækja mjög á ræktað land, einkum á haustin. Mikið er veitt af grágæs enda þykir hún veislumatur.

Starar (*Sturnus vulgaris*), sem er myndefni 105,00 kr. frímerkisins, eru nýlegir varpfuglar hér. Fyrst er vitað með vissu um verpandi stara hérlendis við Hornafjörð upp úr 1940 en til höfuðborgarsvæðisins, þar sem þeir eru nú algengastir, komu þeir um 1960. Lítið er um stara í öðrum landshlutum. Starar eru félagslyndar smádýraætur, lítið eitt stærri en skógarþrestir. Flestir eru þeir staðfuglar og er stofninn á bilinu 5.000 til 15.000 fuglar á veturna en 1.000 til 2.000 pör verpa hér á sumrin. Starar búa yfir mikilli aðlögunarhæfni, nýta t.d. fjölbreytta fæðu og vegnar því oft vel á nýjum slóðum.

Frímerkin hannaði Ragnheiður I. Ágústsdóttir en Jón Baldur Hlíðberg teiknaði fuglamyndirnar. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Jólafrímerki

Sama dag, þann 3. nóvember, komu jólafrímerkin 2005 út en myndefni þeirra var epli og grenitré. Prentun þessara frímerkja var nýlunda í íslenskri frímerkjaútgáfu því þau voru prentuð með ilmbleki og gaf 50,00 kr. frímerkið frá sér epla- og kanelilm en 70,00 kr. frímerkið ilmaði af furunálum. Nudda þarf frímerkin lauslega til að ilmurinn komi fram.

Epli og grenitré eru í rauninni einföld tákn fyrir íslensk jól þar sem epli eru tilvísun í fortíðina og þegar lítið var um ávexti á Íslandi og sendingarnar af fallegum, rauðum og ilmandi Macintosh eplum frá Bandaríkjunum komu í tæka tíð til að gleðja börn og fullorðna yfir hátíðirnar. Eplin og ilmurinn af þeim er enn lifandi í minni eldri kynslóðarinnar en mikið framboð á ávöxtum á seinni árum hefur komið í þeirra stað.

Hefð hefur verið fyrir því lengi að setja upp grenitré í stofu og skreyta með ýmsum hætti. Jólafrímerkin munu vafalaust vekja minningar margra því þau höfða ekki aðeins til sjónar heldur einnig lyktarskyns.

Hany Hadaya hannaði frímerkin og 10 frímerkja hefti með 50,00 kr. burðargjaldinu. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Stamps BV., í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkin í þremur litum og ilmbleki.

2006

Þjóðarblómið

Þann 2. febrúar kom út 50 kr. blómafrímerki tileinkað þjóðarblómi Íslands, holtasóley.

Holtasóley (*Dryas octopetala*) var valin þjóðarblóm Íslands 2004 að undangenginni umfangsmikilli skoðanakönnun meðal landsmanna. Leitin að þjóðarblóminu hófst mörgum árum áður en tilgangur hennar var að kanna hvort tilgreina mætti blóm sem hefði táknrænt gildi og þjónaði sem sameiningartákn í kynningar- og fræðslustarfi hérlendis og erlendis. Markmiðið var einnig að skapa umræður um blóm og gróður til að auka samstöðu um gróðurvernd.

Holtasóley er ein af einkennisjurtum á norðurslóðum. Holtasóley er af rósaætt en ekki sóleyjarætt eins og íslenska heitið gæti gefið til kynna. Íslenska nafnið er líklega tilkomið af því að blómið minnir dálítið á sóleyjarblóm, fremur stórt og reglulegt, og af helstu vaxtarstöðum þess, holtum og melum. Rótin er stólparót en út frá henni greinast margar fínni hliðarrætur. Rót holtasóleyjar er stundum nefnd þjófarót. Hún er algeng um allt land og vex á melum og í þurru mólendi. Blöðin eru dökkgræn og gljáandi að ofan, en hvítloðin undir, og nefnast rjúpnalauf. Holtasóleyjar eru mjög duglegir landnemar á berum melum, og breiðast gjarnan yfir klappir. Þegar fræin þroskast myndast á þeim löng, ljósbrún hár sem oft mynda eins og snúinn lokk, og nefnist jurtin þá hárbrúða. Holtasóley er mjög harðgerð jurt sem finnst á allmörgum stöðum upp í 1000 m hæð í fjöllum, hæst skráð á Kirkjufjalli við Hörgárdal í 1200 m.

Anna Þóra Árnadóttir hannaði frímerkið en Jón Baldur Hlíðberg teiknaði blómið. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

50 ár frá komu rokksins til Íslands

Þennan sama dag, 2. febrúar, kom út 60 kr. frímerki í tilefni þess að um 50 ár voru liðin frá því rokkið kom til Íslands.

Áhöld eru reyndar um hvenær rokkið kom til Íslands en ekki er ólíkt að ætla að það hafi ekki verið síðar en árið 1956. Ártalið 1956 kann að orka tvímælis en vikulegur þáttur tileinkaður rokkinu hófst í útvarpi það ár. Í ársbyrjun 1957 sýndu kvikmyndahúsin þrjár bandarískar rokkmyndir sem framleiddar voru árið áður. Þessar bíómyndir komu af stað fyrstu rokk-bylgjunni sem reið yfir landið.

45 snúninga plöturnar nutu mikilla vinsælda á þessum árum og frímerkið sýnir eina slíka í umslagi sem er prýtt ýmsum alþekktum táknum sjötta áratugarins: Gibson gítarnum sem Elvis Presley notaði á sínum tíma, Cadillac bifreið sem rokkstjörnur óku gjarnan og loks ungu fólki í frægri rokk og ról sveiflu.

Rokk-frímerkið sem Íslandspóstur gaf út þennan dag kom nokkuð við sögu á landsbyggðarráðstefnu sagnfræðinga og þjóðfræðinga sem haldin var í Reykjanesbæ 4. mars 2006. Sagnfræðingarnir virtust almennt sammála þeirri söguskýringu sem fram kemur á frímerkinu. Ráðstefnan var haldin í Poppminjasafninu í Duus-húsum undir yfirskriftinni „Gaman er að koma í Keflavík.“ Viðfangsefni hennar var íslensk dægurmenning og utanaðkomandi áhrif á mannlíf í aldanna rás, ekki síst frá bandaríska varnarliðinu og loft-miðlunum, sjónvarpi og útvarpi, sem reknir voru á þess vegum á sjötta og sjöunda áratugnum.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

50 ár frá komu fyrstu flóttamannanna til Íslands

Sama dag, 2. febrúar, kom einnig út 70 kr. frímerki í minningu þess að hálf öld var liðin frá því að fyrstu flóttamennirnir komu til Íslands. Þetta var í fjórða sinn sem íslensk frímerki komu út, sérstaklega tileinkuð flóttamönnum og flóttamannahjálp.

Árið 1956 vildu Íslendingar feta í fótspor nágrannaríkja sinna sem voru byrjuð að veita pólitískum flóttamönnum hæli. Eftir byltinguna í Ungverjalandi í október 1956 barst íslenskum stjórnvöldum beiðni frá Flóttamannastofnun SÞ um aðstoð við landflótta Ungverja í Austurríki. Um 200.000 manns höfðu flúið til Júgóslavíu og Austurríkis undan harðstjórn Janos Kadars sem Sovétríkin studdu til valda eftir að Imre Nagy hrökklaðist frá. Ríkisstjórn Íslands ákvað að bjóða 52 flóttamönnum hæli á Íslandi. Þetta var fyrsti skipulegi hópur flóttamanna sem kom til landsins. Ungverjunum vegnaði yfirleitt vel hér á landi. Aðeins tæpur helmingur hans, 25 manns, sótti um og fékk íslenskan ríkisborgararétt en nokkrir þeirra fluttu síðar úr landi. Hálfri öld eftir að fyrstu flóttamennirnir komu til landsins var um þriðjungur þeirra ennþá búsettur á Íslandi.

Á árinu 2005 hafði Ísland tekið á móti flóttafólki í skipulögðum hópum allt frá árinu 1956, samtals 451 einstaklingi. Á árunum 1956 og 1991 komu alls sex hópar en frá árinu 1996 hafa komið hópar árvisst að undanskildum árunum 2002 og 2004.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði flóttamannafrímerkið en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Evrópufrímerki í 50 ár

Evrópufrímerki í 50 ár er heiti smáarkar sem var gefin út 2 febrúar. Í smáörkinni eru tvö frímerki sem bæði eru 150 kr. að verðgildi. Með þessari útgáfu vildi Íslandspóstur minnast þess að 50 ár voru liðin frá því að löndin sex sem síðar undirrituðu stofnsáttmála Evrópusambandsins gáfu út fyrstu „Europa Postes“ frímerkin sem urðu vísirinn að þeim Evrópufrímerkjum sem við þekkjum í dag.

„Europa Postes“ frímerkin voru fyrst gefin út 15. september 1956 og voru það löndin sex sem mynduðu Kola- og stálsambandið og síðar undirrituðu Rómarsáttmálann sem gáfu þau út. Þessi lönd voru Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland. Á ráðstefnu 23 póststjórna í Evrópu í Montreux í Sviss árið 1959 var síðan samþykkt að hefja sameiginlega Evrópuútgáfu undir merkjum Evrópuráðs pósts og síma, CEPT (Conférence Européenne des Postes et Télecommunications). Hugmyndin um að gefa árlega út frímerki með sameiginlegu myndefni kom upprunalega fram árið 1952 og átti myndefni frímerkjanna að vera hið sama í öllum löndum. Frímerkin áttu að verða tákn sameiginlegra hagsmuna og markmiða Evrópulandanna sem að þeim stóðu.

Árið 1993 var Evrópuráð Pósts og síma lagt niður og PostEurop, samtök póstrekenda í Evrópu, stofnuð í þess stað. Frá þeim tíma hafa Evrópufrímerkin verið gefin út undir samheitinu Europa. Í ár eru 45 ár liðin frá því fyrstu CEPT-frímerkin voru gefin út á Íslandi. Fyrsta íslenska útgáfan kom árið 1960. Þegar í upphafi varð söfnun Evrópufrímerkja undir merkjum CEPT mjög vinsæl meðal safnara. Hvert land ákvað sjálft fjölda útgefinna merkja og útgáfudag þeirra. CEPT frímerki með sameiginlegri mynd komu út í 14 ár en 1974 var útgáfunni breytt þannig að haldið var áfram með sameiginlegt þema en hvert land valdi sér myndefni innan þess.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Bíósýningar í 100 ár

Þann 29. mars voru gefin út þrjú frímerki með 50 kr., 95 kr. og 160 kr. verðgildum, tileinkuð bíósýningum á Íslandi.

Í byrjun nóvember 1906 tók til starfa fyrsta kvikmyndahúsið hér á landi. Hét það Fjalakötturinn en var einnig þekkt meðal þjóðarinnar sem Reykjavíkur Biograftheater, eða einfaldlega Bíó. Bíó var til húsa í Breiðfjörðsleikhúsi við Aðalstræti og sýndi kvikmyndir að staðaldri. Bíó var opnað með pomp og prakt hinn 2. nóvember 1906.

Íslendingar kunnu lítið fyrir sér í kvikmyndagerð langt fram eftir öldinni. Nokkur áhugi vaknaði á henni á hinu þögla skeiði kvikmyndanna og um miðja öldina réðust menn í að gera leiknar íslenskar kvikmyndir kannski vegna áhrifa frá erlendri hersetu og straumi erlendra bíómynda í kvikmyndahúsin.

Kvikmyndagerð á Íslandi hófst þegar danskt tökulið ferðaðist til Íslands árið 1919 til þess að kvikmynda Sögu Borgarættarinnar eftir sögu Gunnars Gunnarssonar á vegum Nordisk Film. Sett var upp „kvikmyndaver“ í Reykjavík og nokkrir íslenskir leikarar léku aukahlutverk auk Guðmundar Thorsteinssonar (Muggs) sem lék eitt af aðalhlutverkunum. Kvikmyndin tengist frumkvöðlum í íslenskri kvikmyndagerð beint vegna þess að þar kynntist Óskar Gíslason, sem síðar varð afkastamikill kvikmyndagerðarmaður, filmuvinnu í fyrsta skipti.

Fyrsta kvikmyndin sem var leikstýrð og framleidd af Íslendingi, gamanmynd Lofts Guðmundssonar, Ævintýri Jóns og Gvendar, var stutt og sýnd sem aukamynd í Nýja Bíói árið 1923. Loftur sendi síðar frá sér Milli fjalls og fjöru, fyrstu leiknu íslensku kvikmyndina í fullri lengd sem jafnframt var fyrsta íslenska talmyndin. Hún var frumsýnd 1949. Á síðari hluta 5. áratugarins kom út töluverður fjöldi af heimildarmyndum og ber þar líklega hæst Björgunarafrekið við Látrabjarg sem Óskar Gíslason gerði 1949.

2006

1950 kom út önnur leikna íslenska kvikmyndin, barnamyndin Síðasti bærinn í dalnum, eftir Óskar Gíslason.

Kvikmyndin 79 af stöðinni var frumsýnd 1962 og var byggð á samnefndri skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar. Í myndinni er frumflutt lag Sigfúsar Halldórssonar, Vegir liggja til allra átta, og hefur það notið vinsælda í flutningi Ellýjar Vilhjálms allar götur síðan myndin kom út. Myndin fjallar meðal annars um Keflavíkurflugvöllinn. Bandaríski herinn þótti ekki vera vel kynntur í myndinni. Þrír bandarískir hermenn sem léku í myndinni voru yfirheyrðir og tveir þeirra leystir frá störfum. Konan á 95 kr. frímerkinu er Kristbjörg Kjeld, sem lék annað aðalhlutverkið á móti Gunnari Eyjólfssyni í þessari mynd.

Fyrsta leikna íslenska kvikmyndin, sem alfarið var framleidd á Íslandi leit dagsins ljós 1977. Það var kvikmynd Reynis Oddssonar Morðsaga.

Íslendingum tókst ekki að koma sér upp varanlegri kvikmyndagerð fyrr en undir 1980 en með stofnun ríkissjónvarpsins kom loksins aukin þekking og þjálfun í gerð leikinna mynda. Síðan varð skipuleg íslensk kvikmyndagerð að veruleika og nokkrum árum síðar var fyrsta alíslenska bíómyndin gerð eftir einni af skáldsögum Halldórs Laxness. Það var Atómstöðin, sem frumsýnd var árið 1984.

Hany Hadaya hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem Hollandi offsetprentaði.

Norðurlandafrímerki – Norræn goðafræði

Sama dag, 29. mars, kom út smáörk með einu 95 kr. frímerki í sameiginlegri útgáfu Norðurlandaþjóðanna í þremur hlutum um norræna goðafræði. Þemað í þessum öðrum hluta útgáfunnar var náttúruvættir. Smáörkin kom einnig út í samnorrænni gjafamöppu sem bar heitið „Top of the World of Stamps“.

Vættirnir, þar á meðal álfar og huldufólk, eru goðsagnakenndar verur úr germanskri goðafræði sem lifa í norrænum þjóðfræðum. Þær gátu heillað mennina og skotið þeim skelk í bringu. Þær líktust yfirleitt mönnum í útliti en hver þeirra hafði þó sitt eigið svipmót. Sögur af álfum og huldufólki er ein grein goðafræðisagna. Vættirnir búa oft í steinum og klettum og stunda búskap eins og menn. Voðinn er vís þeim sem styggir þá en sé þeim gerður greiði veita þeir ríkulega umbun. Gæfumaður verður til dæmis sá sem hjálpar álfkonu í barnsnauð. Það gat einnig talist forboði af einhverju tagi í norrænni þjóðtrú birtist vættur mönnum.

Dagur Hilmarsson hannaði smáörkina en þema hennar er álfar og huldufólk. Myndefnið er málverk Jóhanns Briem frá 1947, sem ber heitið Ævintýri en það sýnir rauðan riddara á hvítum hesti innan um álfa, fugla og litskrúðugan gróður. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem Hollandi offsetprentaði smáörkina í fimmlit.

Gamlir jeppar

Þennan sama dag, 29. mars, komu einnig út fjögur frímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort. Myndefnið var tileinkað gömlum jeppum, en myndefni 70 kr. frímerkjanna eru Land Rover árgerð 1951 og Willis árgerð 1946. Myndefni 90 kr. merkjanna eru Austin Gypsy árgerð 1965 og GAZ-69 árgerð 1955.

Allt frá því að Henry Ford og fleiri smíðuðu fyrstu bílana hafa þeir stöðugt verið að þróast. Notagildi þeirra jókst með hverju árinu sem leið og fjölbreyttari notkunarmöguleikar áttu sér sífellt stað. Í fyrstu var drifbúnaður einungis á einum öxli, en þróun í bílaframleiðslu varð til þess, að drifbúnaður var settur á bæði fram- og afturöxla. Fyrsti fjórhjóladrifni bíllinn sem kom til Íslands var þýskur herjeppi af Tempo Vidal gerð. Í seinni heimsstyrjöldinni lét bandaríski herinn nokkra aðila smíða tilraunabíla til nota í hernaði. Þessir aðilar voru m.a. Willys verksmiðjurnar. Bíllinn skyldi vera léttur og fjórhjóladrifinn. Á næstu árum voru unnar miklar endurbætur á þessum bíl og í kringum 1946 var útlitið orðið líkara því sem við könnumst við.

Árið 1942 komu fyrstu Willys jepparnir hingað til lands á vegum hersins en Willys jeppinn á frímerkinu er frá 1946 og með íslenskri yfirbyggingu. Árið 1946 veitti ríkisstjórnin innflutningsleyfi á jeppum til almennra borgara. Fyrstu bílarnir voru með blæjum, en brátt var íslenskum hagleiksmönnum þess tíma falið að smíða á þá tréhús.

Næsti bíll til að nema hér land kom frá Sovétríkjunum og var af gerðinni GAZ, en oftast nefndur „Rússajeppinn“ í daglegu tali. Á næstu árum voru fleiri tegundir fluttar til landsins, meðal þeirra Land Rover og síðar Austin Gypsy, báðir smíðaðir í Bretlandi.

Gypsy jeppinn kom hingað um 1960 og þótti nokkuð framúrstefnulegur, því hann var með sjálfstæða fjöðrun á hverju hjóli. Innflutningi hans var hins vegar hætt eftir nokkur ár en Land Roverinn heldur enn sínum sess. Á fyrstu árum jeppa-menningar á Íslandi voru bílarnir einungis notaðir eins og þeir komu frá verksmiðjunum en sumir bændur útbjuggu á þá búnað til að geta notað þá við landbúnaðarstörf.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og heftin og tók jafnframt ljósmyndirnar af jeppunum nema af Land Rovernum sem Sverrir Ingólfsson tók. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Fossafrímerki

Þann 18. maí komu út 5 frímerki þar sem myndefnið er fossar á Íslandi. Frímerkin voru einnig gefin út saman í einni örk í gjafamöppu.

Fossar eru yfirleitt einkenni ungs landslags þar sem ár hafa ekki náð að afmá stalla í farvegi sínum. Má að hluta til skýra hinn mikla fjölda fossa á Íslandi með ungum aldri landsins á mælikvarða jarðsögunnar. Jarðfræðingar skipta fossum í tvo meginflokka eftir því hvernig þeir myndast. Annars vegar í fossa sem

myndast vegna árrofsins og þess að berggrunnurinn er misharður og hins vegar fossa sem myndast vegna misgengis, sprungumyndunar, brimrofs, jökulrofs og stíflunar af ýmsum völdum.

Hinn fallegi foss Faxi, 55 kr. frímerki, er í Tungufljóti sem á upptök sín í Haukadalsheiði og verður til af mörgum lindárkvíslum. Tungufljót fellur í Hvítá sunnan og vestan Bræðratungu í Biskupstungum. Faxi tilheyrir „Gullna hringnum" og er að finna um 12 km frá Geysi.

Öxarárfoss, 65 kr. frímerki, er dæmigerður misgengisfoss enda þótt hann sé myndaður af mannavöldum. Öxará kemur upp í Myrkavatni og fellur milli Búrfells og Leggjabrjóts og um Biskupsbrekkuhraun innan við Brúsastaði. Hún mun áður hafa runnið suður um Kárastaðahraun og í vatnið rétt hjá Skálabrekku en í Sturlungu segir að henni hafi verið veitt í Almannagjá til að þingmenn þyrftu styttra að fara til að sækja sér neysluvatn. Eftir það fellur hún ofan í gjána í Öxarárfossi.

Fossinn Glymur, 75 kr. frímerki, er hæsti foss Íslands, 190 metrar. Hann er í Botnsá í Botnsdal í Hvalfirði. Botnsá kemur úr Hvalvatni, sem er hraunstíflað vatn og annað dýpsta vatn landsins, um 160 metra djúpt. Við botn dalsins er móbergsfjallið Hvalfell er hlóðst upp í gosi undir jökli á ísöld og stíflaði dalinn svo að þar varð til djúp kvos.

Hjálparfoss, 95 kr. frímerki, er dæmi um hraunstíflufoss en hann fellur fram af einu hinna mörgu Þjórsárhrauna. Fossinn er tvöfaldur og eru stuðlabergsmyndanir í kringum hann. Nafnið kom til þegar ferðir yfir Sprengisand voru tíðari og ferðalangar fundu gras handa hrossum sínum og hægt var að brynna þeim á öðru en jökulvatni.

Skeifárfoss á Tjörnesi, 220 kr. frímerki, er dæmi um brimrofsfoss sem fellur fram af sjávarhömrum á blágrýtissvæði. Hann er einn af þeim fallegu fossum sem finna má í Þingeyjarsýslum. Hann er ekki í alfaraleið, þar sem hann fellur niður Skeifárgilið á sjávarbökkunum milli Hringvers og Tunguvalla, en gönguferð að honum er vel þess virði því náttúrufegurðin er slík á þessum slóðum.

Gjafamappa var gefin út með þessum fimm frímerkjum í einni örk. Mappan var tileinkuð hinum ótalmörgu og fjölbreytilegu fossum landsins en fossana má óhikað telja eina höfuðprýði Íslands enda búa þeir yfir fegurð, tign og mætti sem engan lætur ósnortinn sem stendur andspænis þeim.

Elsa Nielsen hannaði frímerkin og gjafamöppuna. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Aðlögun innflytjenda



Þennan sama dag, 18. maí, komu út tvö Evrópufrímerki bæði í örkum og heftum. Frímerkin í heftunum voru sjálflímandi og voru það fyrstu íslensku frímerkin sem komu út á því formi. Tökkun frímerkjanna var því ólík. Efni frímerkjanna var samkvæmt ákvörðun PostEurop, aðlögun innflytjenda að nýjum heimkynnum séð með augum unga fólksins. Verðgildi frímerkjanna voru 70 kr. og 90 kr. Það var krafa PostEurop að teiknisamkeppni færi fram um Evrópufrímerkin 2006. Ákveðið var að halda slíka samkeppni meðal annars árs nema í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, sem þar með fengju tækifæri til að spreyta sig á frímerkjahönnun. Alls sendu 20 nemendur inn um 60 tillögur. Sá sem vann keppnina var Ole Kristian Øye, skiptinemi við Listaháskólann á haustmisseri 2005 og kom hann frá Kunsthøgskolen í Bergen í Noregi.

Erlendum ríkisborgurum á Íslandi hefur fjölgað mjög ört á síðustu árum. Fjöldinn tvöfaldaðist á undanförnum tíu árum, úr tæplega 5.000 árið 1995 í rúmlega 10.000 manns í árslok 2004. Þeir hafa sest að um allt land þótt sumir landshlutar séu vinsælli en aðrir. Erfitt getur reynst fyrir einstakling eða fjölskyldu að setjast að í nýju landi og þurfa að tileinka sér nýtt tungumál, nýja menningu og siði. Sem betur fer hafa flestir Íslendingar tekið vel á móti innflytjendum og reynt að greiða götu þeirra á ýmsan hátt, meðvitaðir um að samfélagið hafi hag af því að þeir fái tækifæri til að nota hæfileika sína og dug til að setja svip sinn á umhverfið og auðga það. Engu að síður er oft erfitt fyrir útlendinga að hefja hér nýtt líf þar sem Ísland er fámennt og einangrað land. Fjölskyldu- og vinabönd eru sterk auk þess sem að tungumálið reynist flestum erfitt. Ekki er hægt að gera ráð fyrir einhliða aðlögun innflytjenda. Tilhlýðilega virðingu verður að sýna tungu og menningu fólks af erlendum uppruna og þannig má auka líkurnar á farsælli aðlögun að íslensku samfélagi.

Tryggvi T. Tryggvason færði teikningar Ole Kristian Øye í frímerkjabúning og sá um hönnun frímerkjaheftanna. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkin.

2006

Villt ber

Þann 21. september komu út tvö frímerki í útgáfuröðinni Villt ber á Íslandi. Myndefnin eru hrútaber og krækiber. Árinu áður komu út frímerki með bláberjum og jarðarberjum. Eins og í fyrstu útgáfunni eru frímerkin, sem eru í örkum með 10 frímerkjum, haus í haus þ.e. mynda andstæð pör sem á erlendum málum nefnist „tête-bêche“.

Krækiber *(Empetrum nigrum)* eru myndefni 75 kr. frímerkisins. Krækiber eru svört og töluvert minni en bláber. Þegar berin eru að vaxa verða þau fyrst græn, síðan rauð og loks svört. Krækiber eru mun algengari en önnur villt ber á Íslandi. Krækilyngið er lágvaxinn runni, 15-45 cm á hæð. Blómin eru 1-2 mm, bleik eða purpurarauð. Krækilyngið vex í þurrum brekkum og mólendi og blómgast í maí til júní. Berin eru þó ekki fullþroskuð fyrr en eftir miðjan ágúst. Krækiber eru harðgerðari en t.d. bláber og er því hægt að tína þau lengur fram eftir hausti.

Hrútaber *(Rubus saxatilis)* eru myndefni 130 kr. frímerkis. Þau eru algeng á láglendi um allt land og vaxa í frjósömum brekkum og bollum, einnig oft í skógarbotnum. Lyngið er með löngum renglum, sem geta orðið allt að tveimur metrum á lengd. Þessar renglur, sem stundum eru kallaðar skolla- eða tröllareipi, geta orðið allt að tveir metrar á lengd. Blómstönglarnir eru uppréttir og með þyrnum. Blóm eru fá saman og eru bikarblöðin niðurbeygð en krónublöðin upprétt. Hrútaberin þroskast fremur seint á sumrin. Þau eru safamikil og örlítið súr á bragðið. Berin hafa töluvert verið nýtt til sultugerðar.

Ólafur Pétursson hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði þau.

Fyrstu íslensku Ólympíuverðlaunin 50 ára

Sama dag, 21. september, kom út 55 kr. frímerki til að minnast þess atburðar þegar fyrsti Íslendingurinn vann til verðlauna á Ólympíuleikum.

Sumarið 1952 kom íslenskur íþróttakappi fram á sjónarsviðið, sem síðar fyllti þjóðina stolti með því að vinna silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne árið 1956. Þetta var Vilhjálmur Einarsson, fæddur á Reyðarfirði 5. júní 1934. Á unga aldri iðkaði hann alhliða frjálsíþróttir í heimabyggð sinni á Austfjörðum. Er hann kom til Reykjavíkur hóf hann að æfa með Íþróttafélagi Reykjavíkur (ÍR) og komu þá stökkhæfileikar hans í ljós. Fremur óvænt náði hann lágmarki í grein sinni og var valinn til keppni á Ólympíuleikunum 1956.

Um miðbik sjötta áratugarins voru blikur á lofti í stjórnmálum víða um heim og mörgum þótti óráðlegt að halda Ólympíuleikana í Melbourne vegna mikillar fjarlægðar og kostnaðar. Þeir voru þó haldnir og þóttu takast vel. Keppendur voru alls 3.184, þar af 371 kona, frá 67 þjóðum.

Á leikunum vann Vilhjálmur Einarsson mesta íþróttaafrek Íslendings til þess tíma. Í annarri umferð stökk hann 16,25 metra (seinna breytt í 16,26 metra) og setti Ólympíumet í þrístökki. Ólympíumet Vilhjálms stóð ekki lengi því Brasilíumaðurinn Da Silva sló það seinna í keppninni en árangur Vilhjálms tryggði honum silfurverðlaun. Lengst stökk Vilhjálmur 16,70 metra árið 1960 á Laugardalsvellinum í Reykjavík. Vilhjálmur varð síðar skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti og skólameistari menntaskólans á Egilsstöðum.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið sem var offsetprentað hjá Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi en eftirmynd af verðlaunapeningi Vilhjálms frá Ólympíuleikunum í Melbourne er á frímerkinu prentaður upphleyptur með 99,9% silfurfilmu.

Dagur frímerkisins – Íslandsglíman 100 ára

Þennan sama dag, 21. september, kom út smáörk með einu 200 kr. frímerki í tilefni af árlegum Degi frímerkisins en myndefni smáarkarinnar er 100 ára afmæli Íslandsglímunnar árið 2006.

Íslandsglíman, elsta og sögufrægasta íþróttamót á Íslandi, hefur verið haldið árlega allt frá árinu 1906. Glíman er þjóðaríþrótt Íslendinga og hefur lifað með þjóðinni allt frá þjóðveldisöld. Talið er að landnámsmenn hafi flutt hana með sér hingað til lands. Íslendingasögur segja víða frá því að menn reyndu með sér í glímu og lesa má í heimildum að meira reyndi á krafta en tækni á þeim tíma. Á þeim öldum sem liðið hafa hefur glíman þróast frá frumstæðu fangi til íþróttar sem gerir miklar kröfur til iðkenda sinna um tækni og snerpu. Á fyrri öldum þótti enginn maður með mönnum nema hann væri hlutgengur í glímu.

Upphaf Íslandsglímunnar má rekja til þess mikla glímuáhuga sem spratt fram á Akureyri í upphafi 20. aldarinnar. Einn af frumkvöðlunum var afreksmaðurinn Jóhannes Jósefsson sem hampaði titli glímukóngs árin 1907 og 1908. Jóhannes hafði forgöngu um stofnun fyrsta Ungmennafélags á Íslandi í janúar 1906 sem var Ungmennafélag Akureyrar. Það hafði íþróttir á stefnuskrá sinni og þá fyrst og fremst glímuna en Jóhannes var ákafur unnandi og iðkandi hennar og dreif fjölda ungra manna til glímuiðkana á vegum Ungmennafélags Akureyrar. Ekki minnkaði kappið í ungum mönnum staðarins og nágrennis þegar hópur virðulegra borgara stofnaði glímufélagið Gretti í febrúar sama ár og hóf þegar að láta gera veglegan verðlaunagrip til heiðurs besta glímumanni landsins, það er að segja Grettisbeltið. Um sumarið var beltið fullgert og var þá auglýst að það yrði til verðlauna í „Verðlaunaglímu Íslands hinni fyrstu" eins og mótið var nefnt 21. ágúst árið 1906.

Glíman telst til þjóðlegra fangbragða en af þeim eru þekktar um 150 tegundir um víða veröld. Þekktust þeirra er hin japanska súmó-glíma. Ár hvert keppa bestu glímumenn landsins um sigur í Íslandsglímunni. Þar er keppt um

Grettisbeltið sem er elsti og veglegasti verðlaunagripur á Íslandi. Sigurvegari Íslandsglímunnar hlýtur Grettisbeltið og sæmdarheitið Glímukóngur Íslands. Glíman er eina íþróttin sem hefur orðið til á Íslandi.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina sem var offsetprentuð í fjórlit og einum Pantone sérlit hjá Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi. Grettisbeltið á frímerkinu var upphleypt og lakkað.

Símasamband við útlönd 100 ára

Sama dag, 21. september, kom einnig út 65 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því símasamband komst á við Ísland.

Árið 1861 var fyrsta frumvarpið um síma flutt á Alþingi af Sr. Arnljóti Ólafssyni. Það var um heimild til að leggja sæsíma til Íslands og starfrækja hann í 90 ár. Frumvarpið var samþykkt, en ekki staðfest af konungi, en Íslendingar urðu að bíða í marga áratugi enn. Ráðherra Íslands Hannes Hafstein fór utan til að vinna að framgangi málsins. Þessi utanför hafði það í för með sér að samningar náðust um lagningu ritsíma til Íslands og skyldi henni lokið eigi síðar en 1. okt. 1906. Einkaleyfi til lagningar símans fékk „Hið mikla norræna fréttaþráðarfélag“ og gilti leyfið í 20 ár og skyldi félagið fá allar tekjur af símanum á meðan samningar voru í gildi. Hannes Hafstein hafði skrifað undir þessa samninga án umboðs frá Alþingi og varð það til þess að mikil andstaða reis upp gegn samningnum undir forustu Björns Jónssonar, ritstjóra Ísafoldar.

2006

Hinn 1. ágúst 1905 tóku Reykvíkingar eftir því, að óvenjulega margir bændur komu til bæjarins og margir þeirra komnir langt að. Bændur voru komnir til fundar, er boðaður hafði verið með sendimönnum og bréfum af andstæðingum ritsímamálsins. Skoraði bændafundurinn á Alþingi að hafna algerlega ritsímasamningnum og jafnframt á þing og stjórn að skoða tilboð um loftskeytasamband milli Íslands og útlanda og innanlands. Þrátt fyrir kröftug mótmæli framsóknarmanna var frumvarpið samþykkt þann 21. ágúst 1905. Ritsíma skyldi leggja til landsins á Austfirði og svo þaðan til Reykjavíkur.

Sumarið 1906 hófst lagningin. Símalínan, 614 km löng, var lögð í fjórum hlutum, frá Reykjavík að Stað í Hrútafirði, þaðan að Urðum í Svarfaðardal, síðan til Grímsstaða á Fjöllum og að lokum til Seyðisfjarðar. Auk þess var lögð einkalína frá Egilsstöðum til Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Vopnafjarðar. Innanbæjarsími var lagður á Akureyri, Seyðisfirði og Eskifirði. 534 sjómílna sæsími til Seyðisfjarðar um Hjaltland og Færeyjar var svo tengdur við símstöð Seyðisfjarðar 24. ágúst 1906. Sama dag sendi formaður Hins mikla norræna fréttaþráðafélags fyrsta skeytið um að lagningu væri lokið. Síminn náði fljótt mikilli útbreiðslu og var lyftistöng athafnalífs og átti meðal annars þátt í, að nú komst heildverslun við útlönd í innlendar hendur.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sem var offsetprentað hjá Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki.

Skordýr og köngulær

Þann 2. nóvember komu út tvö frímerki í útgáfuröðinni, Skordýr og köngulær. Var þetta þriðja útgáfa slíkra frímerkja, en út höfðu komið járnsmiður, húshumla, krossköngulóog húsfluga. Myndefnin voru að þessu sinni trjágeitungur á 65 kr. frímerki og maríuhæna á 110 kr. frímerki.

Alls hafa fundist 4 tegundir geitunga hér á landi og eru þeir allir nýlegir landnemar í íslenskri náttúru. Geitungurinn dreifðist hratt um landið og er staða hans mjög traust.

Trjágeitungur (*Dolichovespula norwegica*) fannst fyrst sumarið 1980 bæði á Vesturlandi og Austurlandi. Gera má ráð fyrir að hann hafi borist eitthvað fyrr til landsins. Trjágeitungur dreifðist fyrst um láglendið og á seinni árum upp í hálendisbrúnir. Bú trjágeitungs eru yfirleitt vel sýnileg og oft berskjölduð. Þau hanga gjarnan í trjám og runnum, undir þakskeggjum húsa og á gluggakörmum.

Tvær tegundir maríubjallna lifa hér á landi, maríuhæna (*Coccinella undecimpunctata*) og maríutítla (*Scymus limonii*). Nokkrar aðrar tegundir hafa fundist hér en þær hafa sjálfsagt borist með vörum erlendis frá og lifa ekki hérlendis að staðaldri. Maríuhænan er um 4 mm á lengd með svart höfuð og á skjaldvængjum eru ellefu svartir dílar. Íslenskar maríuhænur eru venjulega á ferli frá því snemma á vorin (apríl) og fram í september. Maríuhænur finnast víða í gróðurlendi hér á landi en eru þó algengastar í skóglendi.

Arnar Snorrason hannaði frímerkin en ljósmyndirnar tók Oddur Sigurðsson. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2006

Villtir ætisveppir

Sama dag, 2. nóvember, komu út ný frímerki í útgáfuröðinni, Villtir ætisveppir. Var það jafnframt fimmta útgáfan tileinkuð þessu þema. Myndefnin að þessu sinni eru flossveppur, 70 kr. frímerki, og hverfisveppur, 95 kr. frímerki.

Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts segir, að nú séu þekktar um 2000 tegundir af sveppum og eru þá ekki taldar með um 700 sveppategundir sem nýta þörunga til fléttumyndunar. Sveppir skiptast í marga flokka. Þeirra stærstir eru kólfsveppir og asksveppir. Hattsveppir teljast til kólfsveppa. Einkennandi fyrir þá er kólfbeðurinn svonefndi sem klæðir þá að hluta til að utanverðu. Á hattsveppum þekur hann fanirnar undir hattinum.

Hattur flossveppsins (*xerocomus subtomentosus*) er 4-10 cm í þvermál. Hann er hvelfdur, þurr og mattur. Sprungur koma í hatthúðina með aldrinum. Liturinn er ólífubrúnn en holdið er gulleitt, stafurinn grannur og rauðleitur neðan til. Sveppurinn vex í skógum og lyngmóum. Hann er ekki algengur hérlendis en finnst þó hér og hvar. Hann þykir góður matsveppur.

Hverfisveppur (*kuehneromyces mutabilis*) er 3-6 cm breiður. Fanir eru í fyrstu ljósleitar en verða ryðbrúnar. Stafur er allt að 10 cm langur með kraga sem fyrst er hvítleitur en dökknar með tímanum. Hann er algengur í skógum, t.d. á trjástubbum og oft er mikið af honum á sama stað. Hatturinn er bragðgóður en stafurinn er óætur.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Þann 2. nóvember komu jólafrímerki einnig út, í örkum með 10 frímerkjum og verðgildunum 55 kr. og 75 kr. Innanlandsverðgildi jólafrímerkjanna, 55 kr. var að venju gefið út frímerkjahefti. Að þessu sinni voru frímerkin í heftinu sjálflímandi og snéru haus í haus, voru sem sé andstæð pör. Tökkun frímerkjanna, annars vegar í örkum og hins vegar í hefti, voru því ólík.

Jólafrímerkin voru að þessu sinni prentuð með tækni sem ekki hafði sést á íslenskum frímerkjum áður. Frímerkin voru fyrst prentuð í hefðbundinni 4 lita offsetprentun en síðan voru þau yfirprentuð með fosfór í sáldþrykki (silkiprentun). Þessi prenttækni veldur því að frímerkin lýsa í myrkri, þ.e. myndirnar taka í sig ljós í birtu og lýsa síðan þegar þau eru skoðuð í myrkri, ekki ólíkt vísum á armbandsúri. Myndirnar á frímerkjunum eru útfærðar þannig að þær eru margfaldar, til að sýnast hreyfðar og gæddar lífi og spennu, og minna þannig á tilhlökkun við undirbúning jólanna.

Þessi framsetning og tækni sem hér er lýst á vel við myndefni jólafrímerkjanna að þessu sinni því þau tengjast ljósinu og margvíslegum birtingarformum þess í íslenska skammdeginu þegar ljósa- og litadýrðin nær hámarki. Á merkjunum er svipblær ljóss og hátíðar, þar sem piparkökuform, einföld og velþekkt úr jólahaldinu, eru notuð sem táknmyndir vonar og kærleika og nútímaleg neonljós sem tákn um gjafir og samveru.

Hönnuður frímerkjanna og frímerkjaheftisins, Örn Smári Gíslason, segir að hann hafi séð fyrir sér jólakortin á hillu með glóandi engil og hjarta í formi frímerkjanna á kortinu, þegar önnur ljós slokkna á Þorláksmessukvöld. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2007

Togarinn Jón forseti

Þann 15. febrúar kom út 65 kr. frímerki þar sem myndefnið var togarinn Jón forseti.

Fyrsti togarinn í eigu Íslendinga, Coot, kom til heimahafnar í Hafnarfirði í mars 1905. Í janúar 1907 urðu aftur tímamót í útgerðarsögu Íslendinga, þegar Jón forseti, nýsmíðaður 230 brúttólesta togari, sigldi inn á Reykjavíkurhöfn. Jón forseti var sameign fimm skútuskipstjóra og eins kaupmanns og var fyrsti úthafstogarinn sem smíðaður var sérstaklega fyrir Íslendinga. Útgerðarfélagið hét Alliance og átti Thor Jensen tvo þriðju hluta í félaginu. Veiðarnar gengu vel og mun Jón forseti hafa borgað sig upp á fáum árum.

Um miðjan mars 1907 kom annar togari, Marz, til hafnar á vegum Íslandsfélagsins hf. en forstjóri þess var Jes Ziemsen kaupmaður. Þar með var togaraútgerð Íslendinga komin á fulla ferð. Fyrstu árin gekk útgerðin mjög vel og skilaði miklum afla á land. Í augum samtímamanna voru togarar þessara ára mikil skip – sjóborgir – og fram að Halaveðrinu árið 1925 var sú skoðun útbreidd, að togarar gætu ekki farist á rúmsjó.

Rúmum tuttugu árum eftir að Jón forseti kom til landsins gerðist sá hörmulegi atburður að togarinn strandaði á Stafnesi rétt við Stafnesvita með tuttugu og fimm manna áhöfn. En þetta er einhver versti og hættulegasti strandstaður við alla suðvesturströndina. Fimmtán manns fórust með skipinu en björgunarmönnum tókst að bjarga tíu manns eftir mikla erfiðleika og vinna þar með eitt mesta björgunarafrek Íslandssögunnar. Þetta slys varð mjög til að ýta á eftir stofnun Slysavarnafélags Íslands, sem var stofnað skömmu síðar og svo fyrstu björgunarsveitirnar á vegum þess.

Hjörleifur Borgar Árnason hannaði frímerkið en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði. Myndin af togaranum sjálfum var prentuð í Duotone.

Kvenréttindafélag Íslands 100 ára

Þennan sama dag, 15. febrúar kom út 60 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Kvenréttindafélags Íslands.

Þegar Hið íslenska kvenréttindafélag var stofnað árið 1907 höfðu konur almennt ekki kosningarétt. Félagið lagði mikla áherslu á að styrkja stöðu kvenna og tryggja þeim kosningarétt og full réttindi til jafns við karlmenn á öllum sviðum þjóðfélagsins. Fyrsti formaður þess var Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem á langri ævi hafði forustu í baráttu kvenna til náms, kosningaréttar og kjörgengis og opinberra starfa. Í desember 1887 hélt Bríet fyrsta opinbera fyrirlestur sem kona hefur haldið á Íslandi og kallaðist hann „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna.“ Í fyrstu stjórn kvenréttindafélagsins voru ásamt Bríet þær Sigríður Hjaltadóttir Jensson, Guðrún Pétursdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Laufey Vilhjálmsdóttir. Fyrsta blaðið sem íslensk kona ritstýrði og gaf út var ársritið Draupnir sem Torfhildur Hólm gaf út á árunum 1891-1908. Árið 1895 hófu göngu sína tvö blöð, sérstaklega ætluð konum, og í eigu og ritstjórn kvenna. Annars vegar var það Kvennablaðið sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út til ársins 1919. Hins vegar var það blaðið Framsókn sem kom út til ársins 1901.

Eitt fyrsta viðfangsefni Kvenréttindafélags Íslands (KRFÍ) var að beita sér fyrir framboði kvenna við bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík árið 1908. Kvennalistinn fékk fjóra fulltrúa kjörna þ.e. allan listann og var það frábær árangur. Árið 1911 gekk KRFÍ í Alþjóðasamtök kvenréttindafélaga. Árið 1914 beitti Kvenréttindafélag Íslands sér fyrir stofnun fyrsta verkakvennafélags Íslands, Framsóknar í Reykjavík, sem nú er hluti af stéttarfélaginu Eflingu.

Hönnun frímerkisins annaðist Elsa Nielsen en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í tveimur Pantone sérlitum.

Vestnorræna ráðið

Sama dag, 15. febrúar, kom út 75 kr. frímerki í tilefni 10 ára afmælis Vestnorræna ráðsins.

Vestnorræna ráðið er samstarfsráð þinga og ríkisstjórna Færeyja, Grænlands og Íslands sem stofnað var árið 1985. Þessi lönd standa nú í fyrsta sinni að sameiginlegri frímerkjaútgáfu og er þema frímerkjanna endurnýjanleg orka. Myndefnið á íslenska frímerkinu er jarðvarmi.

Vestnorræna ráðið skipa 6 fulltrúar frá hverju landi (18 alls) sem tilnefndir eru af viðkomandi þingum. Ráðið heldur árlega aðalfundi til skiptis í löndunum þremur sem fara með æðsta ákvörðunarvald í málum þess. Framkvæmd og skipulag samstarfsins á milli aðalfunda er í höndum þriggja manna forsætisnefndar sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi. Einn þeirra telst formaður ráðsins. Formaður á útgáfuári frímerkisins var Jonathan Motzfeldt, formaður grænlensku landstjórnarinnar.

Meðal markmiða ráðsins er að vinna að vestnorrænum hagsmunum og hugðarefnum, vernda auðlindir og menningu landanna í Norður-Atlantshafi og efla samráð ríkis- og landstjórna Vestur-Norðurlanda, einkum í viðkvæmum og alvarlegum málum sem snerta mengun, auðlindanýtingu o.fl. Þá fylgir Vestnorræna ráðið eftir samstarfi ríkis- og landstjórna vestnorrænu landanna og er tengiliður milli þinga landanna, vestnorrænna stofnana og alþjóðlegra samtaka. Meðlimir Vestnorræna ráðsins eru einnig í Norðurlandaráði, en samtökin eru ótengd þrátt fyrir að þau eigi nokkurt samstarf sín á milli.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið en Ragnar Th. Sigurðsson tók ljósmyndina sem er tekin í Krýsuvík. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði frímerkið.

Alþjóðlega heimskautaárið

Þann 15. febrúar kom einnig út smáörk með tveimur frímerkjum, 75 kr. og 95 kr., í tilefni þess að Alþjóðlega heimskautaárið (International Polar Year) 2007-2008, hófst vorið 2007. Af því tilefni gáfu átta lönd út smáarkir og voru myndefnin verkefni sem þessi lönd hafa starfað að á norðurheimskautssvæðinu. Löndin voru: Ísland, Kanada, Bandaríkin, Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Grænland og Finnland. Rússland var ekki með í þessari útgáfu.

Myndefnið á smáörkinni er annars vegar eldgos í Grímsvötnum á Vatnajökli og hins vegar íssjáin sem notuð hefur verið til að kanna og kortleggja landslagið undir íslensku jöklunum s.l. þrjá áratugi. Jökulþykktin er mæld með því að senda rafsegulbylgjur niður í jökulinn sem endurkastast frá botni uppi til yfirborðs. Tækið mælir tímann sem það tekur bylgjuna að fara þessa leið og þar sem hraði hennar er þekktur má reikna þykkt jökulsins. Nú er landslag vel þekkt undir öllum meginjöklum landsins svo að lýsa má þar fjöllum og dölum, allt frá 300 metra dýpi undir sjávarmáli að 1800 metra hæð yfir sjó, legu og lögun eldstöðva og vatnslóna undir jöklum og rennslisleiðum jökulhlaupa. Mat hefur fengist á ísforða og farvegi leysingavatns til einstakra vatnsfalla. Ný vitneskja hefur fengist um stóran hluta Íslands, er varðar jöklafræði, landmótun, eldfjallafræði og vatnafræði, en einnig þekking sem hefur nýst við virkjun fallvatna, vegagerð og almannavarnir. Gangi spár eftir um hlýnandi loftslag munu jöklar á Íslandi hverfa að mestu á næstu 200 árum.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina en ljósmyndirnar tóku Emil Þór Sigurðsson (75 kr. frímerki) og Helgi Björnsson. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi prentaði smáörkina. Glæsileg gjafamappa var einnig gefin út með smáörkum allra þjóðanna en möppuna hannaði Monica Brix, Danmörku.

Skógrækt ríkisins 100 ára

Þann 20. apríl komu út tvö frímerki, 10 kr. og 60 kr., í tilefni þess að 100 ár voru liðin síðan skipulagt skógræktarstarf hófst á Íslandi.

Skipulögð skógrækt á Íslandi hófst sem þróunaraðstoð frá Dönum. Danskur skipstjóri, Carl H. Ryder, sá að margir erfiðleikar sem fylgdu almennri fátækt á Íslandi stöfuðu af skógleysi. Hann fékk til liðs við sig skógfræðiprófessorinn Carl V. Prytz og skógfræðinginn Christian E. Flensborg, til að gera tilraunir með skógrækt á Íslandi á árunum 1899 til 1906.

Árið 1905 hvöttu þeir hina nýju íslensku heimastjórn til að taka skógrækt á sínar hendur. Studdi Hannes Hafstein málið og barðist fyrir setningu laga þar um. Þeir Ryder og Prytz sömdu frumvarpið sem loks varð að lögum um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands 22. nóvember 1907.

Á grundvelli þeirra var Skógrækt ríkisins stofnuð og tók hún til starfa 1. mars 1908. Frá upphafi var sandgræðslumaður starfsmaður Skógræktar ríkisins en árið 1914 skildu leiðir og frá því þróuðust Sandgræðslan, sem síðan varð Landgræðsla ríkisins, og Skógrækt ríkisins í sitt hvoru lagi en þó sem systurstofnanir. Helstu verkefni Skógræktar ríkisins hafa frá upphafi verið vernd skóga og skógarleifa, ræktun nýrra skóga og fræðsla um skóga og skógrækt.

Hönnun frímerkjanna annaðist Anna Þóra Árnadóttir en ljósmyndirnar tók Hrafn Óskarsson. Á frímerkinu með 10 kr. verðgildinu er ilmbjörk (*Betula pubescens*) en á 65 kr. frímerkinu er reyniviður (*Sorbus aucuparia*). Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði frímerkin.

Gömul flutningaskip

Þann 20. apríl voru gefin út fjögur frímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort. Þema frímerkjanna var íslensk flutningaskip frá miðbiki 20. aldar. Myndefni 80 kr. frímerkjanna eru skipin M.s. Tröllafoss og M.s. Hamrafell en myndefni 90 kr. merkjanna eru skipin M.s. Langjökull og M.s. Akranes.

M.s. Hamrafell, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Þýskalandi 1952, samtals 11488 brúttólestir (brl.) með 6650 hestafla (ha.) Man dísilvél. Eigandi var Samband íslenskra samvinnufélaga frá 5. september 1956. Skipið var selt til Indlands og tekið af skrá 21. desember 1966.

M.s. Tröllafoss, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Los Angeles 1945, samtals 3997 brl. með 1750 ha. Nordberg vél. Eigandi Eimskipafélag Íslands frá 14. maí 1948. Skipið var selt til Líberíu og tekið af skrá 14. október 1964.

M.s. Langjökull, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Danmörku 1959, samtals 1987 brl. með 2000 ha. Deutz dísilvél. Eigandi Jöklar hf. Reykjavík frá 5. okt. 1959. Skipið var selt til N-Kóreu og tekið af skrá 20. júní 1967.

M.s. Akranes, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Þýskalandi 1970, samtals 4808 brl. með tveimur 1900 ha. Bergen dísilvélum. Nesskip hf. keypti skipið upphaflega en seldi það fyrirtækinu Ísskip hf. 14. maí 1981. Skipið var skráð í Reykjavík 1988.

Hlynur Ólafsson hannaði og teiknaði frímerkin og heftin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

2007

Ungmennafélags Íslands 100 ára

Sama dag, 20. apríl, var gefið út 70 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

UMFÍ er landssamband ungmennafélaga. Það var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst 1907 en fyrsta ungmennafélagið, Ungmennafélag Akureyrar, var stofnað á Akureyri í ársbyrjun 1906. Ungmennafélagshugsjónin fór sem eldur í sinu um landið. Kjörorð þess var „Ræktun lýðs og lands“ og markmiðið „Íslandi allt“. Í kjörorðinu felst meðal annars að rækta það besta hjá hverjum einstaklingi, leggja rækt við íslenska tungu og menningu og vernda náttúru landsins. Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Jóhannes Jósefsson, glímukappi, seinna kenndur við Hótel Borg, var einn af hvatamönnunum að stofnun UMFÍ.

Árið 1909 hóf Ungmennafélag Íslands að gefa út tímaritið Skinfaxa, sem komið hefur óslitið út síðan og haft mikið gildi. Árið 1911 gaf Tryggvi Gunnarsson bankastjóri UMFÍ mikið landsvæði við Álftavatn. Þetta land fékk nafnið Þrastaskógur og er ein fegursta gróðurperlan á suðvesturhorni landsins. Alls eru 309 félög innan UMFÍ með um 66.000 skráða félagsmenn. Hreyfingin hefur haft mikil þjóðfélagsleg áhrif til gagns fyrir land og þjóð. Ungmennafélagar gengu ötullega fram í margskonar félagslegum framkvæmdum, m.a. skógrækt, sundlaugabyggingum, eflingu íþróttaiðkana og alhliða félagsþroska. Þeir hófu baráttu fyrir byggingu héraðsskóla, sem urðu undirstaða menntunar í dreifbýli. Ungmennafélögin gegna víða mikilvægu hlutverki í æskulýðsstarfi sveitarfélaga.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum og samstarfi. Á útgáfuárinu voru alls 263 félög innan UMFÍ með um 81.000 skráða félagsmenn.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Þjóðskjalasafn Íslands 125 ára

Þann 20. apríl var einnig gefið út 80 kr. frímerki í tilefni þess að 125 ár voru liðin frá stofnun Þjóðskjalasafns Íslands.

Stofnun Þjóðskjalasafnsins miðast við auglýsingu landshöfðingja 3. apríl 1882 um Landsskjalasafn, eins og Þjóðskjalasafnið hét í upphafi, þar sem mælt var fyrir um, að skjalasöfn landshöfðingja og ýmissa annarra embættismanna skyldu geymd á dómkirkjuloftinu í Reykjavík. Safnið komst ekki á fastan grundvöll fyrr en 1899. Þá veitti Alþingi fé til þess að launa sérstakan skjalavörð. Þegar Íslendingar fengu heimastjórn 1904, fluttist skjalasafn hinnar íslensku stjórnardeildar til Íslands. Nokkru eftir 1918, er Ísland varð fullvalda ríki, var farið að hreyfa við skilum á skjölum varðandi íslensk málefni úr Ríkisskjalasafni Dana og lét safnið af hendi skjöl sem vörðuðu Ísland. Árið 1915 voru sett ný lög um safnið, nafni þess breytt úr Landsskjalasafn í Þjóðskjalasafn og forstöðumaður þess gerður að reglulegum embættismanni.

Safnið hefur þrisvar sinnum flutt í annað húsnæði. Fyrst í Alþingishúsið árið 1900, í Safnahúsið við Hverfisgötu árið 1908 og loks í núverandi húsakynni að Laugavegi 162 í Reykjavík á árunum 1987-98. Í safninu eru varðveitt skjöl er varða Íslandssöguna frá 12. öld til nútímans.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið sem er haus í haus í örk með 10 frímerkjum, þ.e. frímerkin mynda andstæð pör sem á erlendum málum nefnist „tête-bêche. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jöklafrímerki

Þann 24. maí gaf Íslandspóstur út fimm frímerki þar sem myndefnin voru jöklar á Íslandi. Jöklar hylja um tíunda hluta af þurrlendi jarðar en nærri 11% af flatarmáli Íslands. Jöklar myndast þegar snjór nær ekki að bráðna á sumrin. Hérlendis eru nær allir jöklar í þeim flokki sem kallast þíðjöklar. Hveljöklar eru stór jökulþök sem hvíla yfir mishæðóttu landi og hylja það að mestu.

Á frímerkjunum eru textar til skýringar við myndefni þeirra: Jökulsárlón – Breiðamerkurjökull (5 kr.), Eystri-Hagafellsjökull – Langjökull (60 kr.), Múlajökull – Hofsjökull (80 kr.), Snæfellsjökull (110 kr.) og Hvannadalshnúkur – Öræfajökull (300 kr.).

Vatnajökull er hveljökull staðsettur á suðausturhluta Íslands. Hann er stærsti jökull landsins bæði að flatarmáli og rúmmáli. Vatnajökull er stærsti jökull Evrópu að rúmmáli en annar stærsti að flatarmáli (sá stærsti er Austfonna á Nordaustlandet á Svalbarða), eða 8.100 km^2 og allt upp í kílómetri að þykkt, en meðalþykkt hans er um 400 metrar. Hvannadalshnúkur er hæsti tindur eldkeilunnar undir Öræfajökli og jafnframt hæsti tindur Íslands 2.109,6 metrar yfir sjávarmáli. Fjallið er topplaus eldkeila með stórar ísfyllta öskju. Jökulhetta Öræfajökuls nær niður í 1000 metra hæð yfir sjó.

Breiðamerkurjökull er meðal stærstu skriðjökla Vatnajökuls. Breiðamerkurjökull er sá jökull sem hefur verið nærgöngulastur við byggðir landsins.
Á nokkrum öldum gekk jökullinn yfir blómlega sveit austan Öræfa. Síðasta bæjarstæðið sem hvarf undir jökulinn var Breiðamörk árið 1702.

2007

Skömmu fyrir aldamótin 1900 vantaði tæplega 300 metra á að jökulsporðurinn næði út í sjó. Síðan hafa jöklar rýrnað mikið og er jaðar jökulsins nú um 5 km undan strönd. Nú er þar Jökulsárlón sem hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Langjökull er næststærsti hveljökull landsins, 960 km^2 að flatarmáli. Undir honum norðan- og sunnanverðum liggja allhá móbergsfjöll og þar eru jafnframt megineldstöðvarnar tvær sem jökullinn geymir. Miðhluti jökulsins myndar einskonar mjóa jökulbrú á milli þessara fjallgarða og talið er líklegt að í upphafi landnáms hafi þar verið jökullaust svæði og því um tvo jökla að ræða. Jökullinn er víðast hvar frekar þunnur, milli 1-200 metrar. Í norðurhlutanum er askja um 6 km í þvermál og 400 metra djúp og jökulfyllt. Er hún nálægt nyrðri enda eldstöðvakerfisins sem nær svo um 50 km til suðvesturs.

Hofsjökull er minnstur af hveljöklunum þremur sem einkenna miðhálendi Íslands. Tuttugu og tveir skriðjöklar ganga frá Hofsjökli. Jökullinn er rúmlega 900 ferkílómetrar að flatarmáli og um 1765 metra hár. Aðeins Langjökull og Vatnajökull eru stærri. Stórar jökulár renna frá Hofsjökli t.d. Þjórsá og Blanda. Hofsjökull er nær kringlóttur í laginu og tilkomumikill og því ekki ólíkur eldkeilum að sjá en flokkast þó ekki sem slíkur. Það var ekki fyrr en á 8. áratug síðustu aldar að farið var að rannsaka Hofsjökul sem mögulegt eldfjall enda hafði ekki gosið á þessum slóðum á sögulegum tíma. Gervihnattamyndir leiddu í ljós mikla öskju undir ísnum í fjallinu og fór þá ekkert á milli mála að Hofsjökull er stórt og mikið eldfjall. Mesta ísþykkt er yfir öskjunni, um 700 metrar.

Tveir jöklar eru á vestanverðu landinu, Drangajökull og Snæfellsjökull. Snæfellsjökull er 1446 metra hár og einkar formfagur þar sem hann stendur yst á nesinu og blasir við frá höfuðborginni. Hann er um 12,5 km^2 að flatarmáli og hefur þynnst og hopað mikið á síðustu árum, að sögn staðkunnugra heimamanna. Með samanburði mælinga sem fram fóru í september 2008 við hæðarlíkan Loftmynda ehf. frá 1999 má reikna meðallækkun jökulyfirborðsins á þessu tímabili og reyndist hún rúmlega 13 metrar, eða um 1,5 metri á ári að meðaltali. Rýrnunin er hátt í tvöfalt hraðari en afkomumælingar á Hofsjökli og Vatnajökli gefa til kynna á sama tímabili en svipuð og á Langjökli.

Frímerkin voru einnig gefin út á einni smáörk í gjafamöppu líkt og áður hafði verið gert með útgáfurnar; Lífríki Þingvallavatns árið 2002, Jarðhiti á Íslandi árið 2004 og Fossar árið 2006.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin og smáörkina en Anna Þóra Árnadóttir hannaði gjafamöppuna. Ragnar Th. Sigurðsson er höfundur ljósmyndanna, jafnt á frímerkjunum sem í gjafamöppunni. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem Hollandi offsetprentaði.

2007

Evrópufrímerki – Skátastarf

Evrópufrímerkin 2007 voru tileinkuð alþjóðlegu skátastarfi í 100 ár samkvæmt ákvörðun PostEurop. Frímerkin voru gefin út 24. maí bæði í örkum og heftum og er verðgildi þeirra 80 kr. og 105 kr. Frímerkin í örkunum eru límborin en sjálflímandi í heftunum. Tökkun frímerkjanna er því ólík.

Í ágúst árið 1907 safnaði Robert Baden-Powell, breskur hershöfðingi sem sestur var í helgan stein, nokkrum drengjum saman í útilegu á eyjunni Brownsea á Ermarsundi. Baden-Powell hafði hrifist af uppeldismálum og vildi efla sjálfstraust og ábyrgðartilfinningu barna og unglinga og kynna þeim náttúruna. Hann taldi að frelsi og sjálfsábyrgð skátastarfsins myndi skila meiri árangri en strangur skólaagi. Alþjóðlega skátahreyfingin miðar stofndag sinn við þessa fyrstu útilegu. Baden-Powell gaf út hefti, „Scouting for Boys“ með hugmyndum um tómstundastarf fyrir drengi. Innan skamms voru þúsundir drengja og nokkrar stúlkur farin að starfa eftir þessum hugmyndum.

Skátahreyfingin náði skjótri útbreiðslu og barst hingað til lands sumarið 1911 aðeins fjórum árum eftir útileguna frægu á Brownsea eyju. Formlegt skátastarf hófst á Íslandi 1912 en fyrsta skátafélagið á Íslandi, Skátafélag Reykjavíkur, var stofnað 2. nóvember það ár. Skátafélagið Væringjar var stofnað á sumardaginn fyrsta ári síðar. Olave, eiginkona Baden-Powell, skipulagði skátastarf fyrir stúlkur þegar í ljós kom að stúlkur höfðu jafn mikinn áhuga á skátastarfi og drengir. Fyrsta skátafélagið fyrir stúlkur á Íslandi, Kvenskátafélag Reykjavíkur, var stofnað 7. júlí 1922. Íslenskir skátar, stúlkur og piltar, sameinuðust í einu bandalagi árið 1944 og var það fyrsta sameiginlega skátabandalagið í heiminum.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin. Kanadíska prentsmiðjan, The Lowe-Martin Group Co. Inc., í Ottawa, offsetprentaði frímerkin og var það í fyrsta sinn sem sú prentsmiðja kom að prentun íslenskra frímerkja.

Landgræðsla ríkisins 100 ára

Sama dag, 24. maí, kom út 20g frímerki tileinkað Landgræðslu ríkisins 100 ára. Landgræðslufrímerkin höfðu áletrunina „Bréf 20g innanlands“ (ígildi 60 kr. á útgáfudegi). Síðast voru gefin út frímerki með slíkri áletrun 5. september 2002. Sú áletrun var reyndar „Bréf 20g“ en síðan var orðinu „innanlands“ bætt við. Eins og fram hefur komið kom fyrsta frímerkið sem bar þessa gramma-áletrun út 18. janúar 2001, en það var frímerki tileinkað Landhelgisgæslunni 75 ára.

Landgræðsla á vegum opinberra aðila hófst hér á landi með setningu laga á Alþingi árið 1907 um „skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands”. Höfuðstöðvar Landgræðslu ríkisins eru í Gunnarsholti á Rangárvöllum en einnig eru héraðsmiðstöðvar víða um land. Helstu markmið landgræðslustarfsins eru að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll, endurheimta gróður og jarðveg og að öll landnýting verði sjálfbær. Jarðvegur er svo lengi að myndast að hann telst óendurnýjanleg auðlind á mælikvarða mannsævinnar. Gróður verndar jarðveginn og veitir íbúum jarðarinnar fæði, klæði og skjól. Samhliða uppgræðslu, verndun gróðurs og jarðvegs er unnið að áætlanagerð, fræðslu og ráðgjöf, rannsóknum og þróun. Áhersla er lögð á víðtækt samstarf við landnotendur þar á meðal bændur, sveitarfélög og áhugafólk.

Ólafur Pétursson, hannaði frímerkið sem kom út á tvenns konar formi og stærðum prentað hjá Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi. Frímerkið kom annars vegar út sem hefðbundið offsetprentað límborið frímerki í örk með 10 frímerkjum. Hins vegar kom það út í sjálflímandi útgáfu, í örk eða hefti með 50 frímerkjum sérstaklega ætlað fyrirtækjamarkaði. Þessi útgáfa frímerkisins var prentuð í rastadjúpþrykki (Photogravure) en til að geta farið út í slíka útgáfu, sem er dýrari en hefðbundin frímerkjaútgáfa, varð að framleiða stærra upplag en venja var til á síðari árum, að jólafrímerkjunum frátöldum. Frímerkið var prentað í samprenti með svissneska póstinum (La Poste) sem hafði gefið út frímerki á þessu formati um árabil.

2007

Nýja íslenska Biblíuþýðingin

Þann 20. september kom út 60 kr. frímerki í tilefni þess að út var komin ný þýðing Biblíunnar á íslenska tungu, en liðin voru níutíu ár frá síðustu heildarþýðingu Biblíunnar.

Aðdragandi nýrrar þýðingar Biblíunnar var sá að við útgáfu hennar 1981 var þýðing Gamla testamentisins tekin lítið breytt úr útgáfunni frá 1912 og endurprentuð. Einhverjar breytingar voru þó gerðar á Sálmunum, engar stórvægilegar. Sumir hlutar Nýja testamentisins voru hins vegar endurþýddir en aðrir endurskoðaðir. Fljótlega var farið að ræða um nýja þýðingu Gamla testamentisins og Apókrýfu bókanna með nýja útgáfu allrar Biblíunnar í huga. Hið íslenska biblíufélag og Guðfræðistofnun Háskóla Íslands gerðu með sér samstarfssamning þar sem línur voru lagðar varðandi þýðinguna. Biblíuþýðingin frá 1912 var Biblía 20. aldarinnar, en nýja þýðingin verður Biblía nýrrar aldar, að sögn þeirra sem að þýðingunni komu. Nýja testamentið kom fyrst út á íslensku árið 1540 og Biblían í heild 1584. Síðan hefur Biblían öll komið út 10 sinnum á íslensku, þar af fimm sinnum í nýrri þýðingu. Hinar svonefndu Apókrýfu bækur sem voru í öllum íslenskum Biblíuútgáfum frá 19. öld eru nú teknar með að nýju. Yfirumsjón með þýðingunni var í höndum tveggja þýðingarnefnda, einni fyrir Gamla testamentið og annarri fyrir Nýja testamentið, sem bjuggu texta þýðenda til útgáfu. Miklar breytingar hafa orðið á þýðingaraðferðum og ný viðhorf til þýðinga komið fram. Þekking á hinum fornu textum sem lagðir eru til grundvallar og þeim menningarheimi sem þeir eru sprottnir úr hefur stóraukist á liðinni öld.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið sem aðeins var offsetprentað í svörtum prentlit. Það var hins vegar gert í tveimur umferðum til að ná fram mjög djúpum og dökkum lit. Þá var frímerkið prýtt 22 karata blaðgulli yfir orðinu BIBLÍA en hver þessara stafa sýnir stafagerð þeirra sex Biblíuþýðinga sem gerðar hafa verið hérlendis fram til þessa dags. Ártöl þeirra koma fram fyrir neðan hvern bókstaf. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Villt ber

Þann 20 september komu einnig út tvö frímerki í útgáfuröðinni, Villt ber á Íslandi. Þetta var þriðja frímerkjaröðin í þessari útgáfu og myndefnin að þessu sinni voru aðalbláber og skollaber. Eins og í fyrri útgáfum í þessari útgáfuröð eru frímerkin í örkum með 10 frímerkjum sem snúa haus í haus þ.e. mynda andstæð pör sem á erlendum málun nefnist „tête-bêche“.

Aðalbláber *(Vaccinium myrtillus)*, myndefni 120 kr. frímerkisins, eru dökkblá og í sumum tilfellum svört ber sem vaxa villt víða um land. Að innan eru þau rauð og bragðið er súrsætt. Aðalbláber vaxa í skógum, lautum og mólendi og oft er mest um þau á snjóþungum stöðum. Algengust eru þau á norðanverðu landinu en heldur sjaldgæfari á landinu sunnanverðu. Aðalbláberjalyngið blómgast í júní og er þá 10–30 cm á hæð. Berin eru þó sjaldan fullþroska fyrr en eftir miðjan ágúst. Ber, blöð og rót voru talin kælandi og barkandi. Þau skyldi nota við lífsýki, köldu og skyrbjúg. Einnig þótti gott að strá dufti af rótinni á holdfúa sár. Rannsóknir benda til þess að aðalbláber bæti nætursjón, a.m.k. tímabundið.

Skollaber *(cornus suecica)*, myndefni 145 kr. frímerkisins, vaxa innan um lyng og kjarr. Berin vaxa ætíð í breiðum, en oftast á fremur litlum svæðum. Þau er víða að finna á norðanverðu Snæfellsnesi, á Vestfjörðum og við utanverðan Eyjafjörð. Skollaber er einnig að finna nyrst á Austfjörðum. Blómin sjálf eru nær svört eða rauðsvört á litinn. Skollaber þroskast ekki fyrr en seint á haustin, oft í september.

Hönnun frímerkjanna annaðist Ólafur Pétursson en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

2007

Dagur frímerkisins – Konungskoman 1907

Sama dag, 20. september, kom út smáörk með einu 250 kr. frímerki í tilefni af Degi frímerkisins, tileinkuð konungskomunni 1907. Kristján konungur IX. færði Íslendingum stjórnarskrána 1874 og féllst á þingræði í Danmörku 1901. Sonur Kristjáns tók við ríki sem Friðrik VIII. Hann hafði áratugum saman gegnt konunglegum skyldum og voru málefni Íslands vel kunnug. Hann bauð öllu Alþingi í kynnisferð til Danmerkur sumarið 1906 og boðaði komu sína til Íslands sumarið eftir. Alþingi endurgalt gestrisnina með því að bjóða konungi og þingmönnum Dana til Íslands.

Í lok júlí 1907 komu gestirnir til Reykjavíkur á tveimur skipum með herskip til fylgdar. Íslendingar vildu tjalda því sem til var og veita gestunum viðeigandi og eftirminnilegar móttökur. Frá Reykjavík var farið með gestina í vikuferð á hestum um Suðurland. Hátíð var haldin á Þingvöllum, líkt og við fyrstu konungsheimsókn til Íslands 1874, með nær sex þúsundum gesta.

Þúsundir fögnuðu líka konungi á héraðshátíð Sunnlendinga við Þjórsárbrú. Leiðin þangað frá Þingvöllum lá hjá náttúruperlunum Geysi og Gullfossi. Þar var á fossbrúninni skálað í kampavíni fyrir „framtíð Íslands sem iðnaðarlands“. Vegir voru ruddir og ár brúaðar til að greiða ferð gestanna. Haldnar voru daglegar veislur með meiri viðhöfn en sést hafði í landinu. Á heimleið frá Reykjavík heimsótti konungur kaupstaði hinna landsfjórðunganna: Ísafjörð, Akureyri og Seyðisfjörð.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði smáörkina en myndgröft í stálstungu annaðist Martin Mörck. Frímerkjaprentsmiðja danska póstsins (Post Danmarks Frimærketrykkeri) í Ballerup prentaði smáörkina í stáldjúpþrykki og offset. Auk þess var gefið út svokallað svartprent af þessari smáörk sem allir áskrifendur fengu að gjöf, en það var einnig prentað í sömu prentsmiðju.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum

Þann 1. október komu út frímerki í Sepac-útgáfunni svonefndu, sem er sameiginleg frímerkjaútgáfa ellefu eyríkja og smáþjóða: Íslands, Færeyja, Álandseyja, Grænlands, Monaco, Lichtenstein, Gíbraltar, Mön, Guernsey, Jersey og Möltu. Stefnt var að þremur sameiginlegum útgáfum í þessari útgáfuröð, sem koma skyldu út annað hvert ár og tengjast landslagi og staðháttum. Við val á landslagi hérlendis var ákveðið að horfa til þjóðgarðanna og var þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, sem stofnaður var árið 1973, fyrir valinu.

Íslenska Sepac-frímerkið er aðeins eitt frímerki og ber 80 kr. verðgildi og Sepac-áletrunina, en til að koma Selfossi í Jökulsá á Fjöllum veglega til skila á víðmynd er það gert með tveimur samstæðum frímerkjum, 80 kr. og 105 kr. Frímerkin 11 komu einnig út í sérstakri gjafamöppu sem seld er í öllum Sepac-löndunum.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum nær yfir u.þ.b. 150 km^2 og 35 km langt svæði meðfram gljúfrasvæði Jökulsár á Fjöllum vestanverðu í landi bæjanna Svínadals og Áss (hluti Ásheiðar 1974). Ásbyrgi varð hluti garðsins 1978, en heyrir líka undir Skógrækt ríkisins. Þann 7. júní árið 2008 varð þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Gljúfur Jöklu, einhver hin mikilfenglegustu á landinu, eru u.þ.b. 25 km löng, upp undir hálfur km á breidd og allt að 100 metra djúp. Efri hlutinn, sem nær frá Dettifossi að Syðra-Þórunnarfjalli, er svipmestur og allt að 120 metra djúpur. Áhugaverðir staðir í þjóðgarðinum eru m.a. Ásbyrgi, Hljóðaklettar, Hólmatungur, Selfoss og Hafragilsfoss og austan ár og utan þjóðgarðs, eru Forvöð. Sumum finnst Jökulsárgljúfur fegursti staður á landinu til gönguferða, bæði lengri og skemmri, og það má til sanns vegar færa.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkið en skoski ljósmyndarinn Bruce Percy tók ljósmyndina af Selfossi. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði. Fyrirtækið Prinz Verlag í Passau í Þýskalandi framleiddi gjafamöppu SEPAC-landanna.

Skordýr og köngulær

Þann 8. nóvember komu út tvö frímerki í útgáfunni, Skordýr og köngulær. Myndefnin að þessu sinni voru kaplafluga á 70 kr. frímerki og birkisprotalús á 190 kr. frímerki. Var þetta fjórða útgáfa slíkra frímerkja.

Kaplafluga *(Prionocera turcica)* finnst nánast um land allt, jafnt láglendi sem hálendi þar sem hún er þó stopul og sjaldgæf. Kaplafluga er þó enn ófundin á Vestfjarðakjálka. Kaplafluga er votlendisfluga. Hún finnst helst í mýrum og flóum, í sefi við tjarnir, á dýjasvæðum og við heitar laugar. Uppgrónir skurðir eru mjög eftirsóttir. Flugurnar eru á ferli fyrri hluta sumars, frá maílokum til loka júlí, og verpa. Lirfurnar lifa á groti og plöntuleifum í gróðursverði votlendisins og ofan í vatni, stundum í heitum laugum. Þær vaxa upp síðsumars og púpa sig þegar haustar. Flugur skríða síðan úr púpum næsta vor. Kaplafluga sker sig ekki svo mjög frá ættingjum sínum hrossafluguættar; stór og lappalöng eins og þær hinar.

Birkisprotalús *(Euceraphis punctipennis)* er algeng um land allt. Hún situr ýmist á yngstu sprotum birkisins eða blöðum. Á sumrin ber mikið á vængjuðum birkisprotalúsum sem eru stöðugt á ferð og flugi. Birkisprotalúsin skríður úr vetrareggi um það leyti sem birkið laufgast. Þetta eru allt kvendýr, svokallaðar stofnmæður, sem fæða síðan af sér næstu kynslóð án þess að nokkur frjóvgun verði. Slíkur tímgunarmáti kallast meyfæðing. Sú kynslóð er einnig eingöngu kvenkyns. Undir lok sumarsins koma hins vegar fram bæði karldýr og kvendýr. Eggin liggja síðan í dvala til vors.

Arnar Snorrason hannaði frímerkin en Oddur Sigurðsson tók ljósmyndirnar. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði frímerkin.

Jónas Hallgrímsson 200 ára

Þennan sama dag, 8. nóvember, kom út 65 kr. frímerki í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli listaskáldsins góða, Jónasar Hallgrímssonar. Jónasar hafði áður verið minnst á 5 kr. frímerki sem gefið var út 16. nóvember 1957 í tilefni af 150 ára fæðingarafmæli skáldsins. Stefán Jónsson arkitekt teiknaði það frímerki.

Jónas er eitt ástsælasta skáld íslensku þjóðarinnar. Hann fæddist 16. nóvember 1807 að Hrauni í Öxnadal. Foreldrar hans voru Rannveig Jónsdóttir og Hallgrímur Þorsteinsson. Jónas var tekinn í Bessastaðaskóla 1823 og útskrifaðist þaðan 1829. Jónas, Brynjólfur Pétursson og Konráð Gíslason stofnuðu tímaritið Fjölni í mars 1834. Tómas Sæmundsson gekk síðar til liðs við þá þremenninga. Fyrsta blað Fjölnis kom út í byrjun sumars 1835 og mælist misjafnlega fyrir. Í þessu fyrsta hefti birtir Jónas kvæði sitt Ísland og var það fyrsta stórkvæði hans á prenti. Jónas var strax afkastamikill í sögu- og ljóðagerð í Fjölni. Þar má meðal frægast telja: Grasaferð, sem kom út árið 1835–1836, sem er talin fyrsta smásagan sem samin var á íslensku og Stúlkan í turninum, sem var fyrsta íslenska hrollvekjan en hrollvekjur voru mjög vinsælar í Evrópu á þeim tíma. Meðal ljóðanna voru, Gunnarshólmi og sonnettan, Ég bið að heilsa, sem var fyrsta sonnettan sem samin var á íslensku.

Jónas var einnig náttúrufræðingur og ferðaðist um Ísland, þar á meðal til Vestmannaeyja, vorið 1837. Hann var einn af brautryðjendum rómantísku stefnunnar á Íslandi með útgáfum á mörgum smásögum sínum í Fjölni. Hann unni ættjörð sinn mjög heitt og orti til hennar falleg ljóð sem túlkuðu heimþrá hans til ættjarðarinnar.

Dagur Hilmarsson hannaði frímerkið. Myndgröft merkisins í stálstungu annaðist Martin Mörck. Frímerkjaprentsmiðja danska póstsins (Post Danmarks Frimærketrykkeri) í Ballerup, Danmörku prentaði frímerkið í stáldjúpþrykki og offset.

Kleppsspítali 100 ára

Sama dag, 8. nóvember, kom einnig út 80 kr. frímerki tileinkað 100 ára afmæli Kleppsspítala.

Árið 1905 ákvað landsstjórnin að reisa geðveikrahæli og var það tekið í notkun að Kleppi árið 1907. Þetta var fyrsta sjúkrastofnunin sem reist var og alfarið rekin af landsstjórninni. Á Kleppi var rekinn myndarlegur búskapur í tengslum við spítalann. Þannig var reynt að gera vistina eins þægilega og kostur var og sjúklingum og starfsfólki útveguð mjólk og aðrar landbúnaðarafurðir. Búskapur lagðist af um 1960.

Í fyrstu var húsakostur Kleppsspítala ekki mikill að vöxtum og brátt urðu þrengslin mikil. Spítalinn var upphaflega byggður fyrir 50 sjúklinga en fljótlega eftir opnun hans voru þeir orðnir 118. Nýtt hús var tekið í notkun 1929 og voru í því rúm fyrir 100 sjúklinga. Í húsinu var gert ráð fyrir íbúðum starfsmanna, vinnustofum sjúklinga, skrifstofum og rannsóknar- og skoðunarstofum. Smátt og smátt var svo aukið við nýbyggingar á lóðinni.

Guðjón Samúelsson arkitekt skrifaði ítarlega greinargerð um bygginguna í Morgunblaðið í tilefni af opnuninni og er sjúkrastofunum lýst svo: „Á fyrstu og annarri hæð eru sjúkrastofur. Er þeim skipt í fjórar deildir, tvær niðri fyrir karla, og tvær uppi fyrir konur. Stofurnar í vesturenda, gulmálaðar, eru fyrir rólega sjúklinga, þunglynda, slappa og þreytta, sjúklinga sem þarf að hressa við. Stofurnar í austurenda, blámálaðar, eru fyrir órólega sjúklinga, er þarf að sefa. Til hægðarauka við eftirlitið er fyrirkomulagið þannig, að sjá má yfir allar deildirnar í senn gegnum op á veggjunum.“

Hany Hadaya, hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Jólafrímerkin 2007 komu út þann 8. nóvember, en að þessu sinni var myndefni frímerkjanna laufabrauð og verðgildin 60 kr. og 80 kr. Einnig kom að venju út frímerkjahefti með innanlandsburðargjaldinu, 60 kr. Frímerkin, jafnt í örkum og hefti, voru að þessu sinni sjálflímandi og þar með fyrstu jólafrímerkin sem þannig voru úr garði gerð.

Fyrstu jólafrímerkin sem voru gefin út hérlendis komu út árið 1981 og þá var myndefnið einnig laufabrauð.

Í gamla daga var til siðs á flestum bæjum að skammta ríflegar um jólahátíðina en ella. Gjarnan var borið fram brauð handa húsfólkinu. Í sparnaðarskyni voru brauðin höfð eins þunn og hægt var. Sagt var að það væri mátulega þunnt ef hægt væri að lesa Biblíuna gegnum brauðið.

Ýmis falleg og fjölbreytt mynstur voru skorin í deigið til að gera laufabrauðið sem hátíðlegast. Mynstrin voru yfirleitt í hefðbundnum stíl en sköpunargáfunni oft leyft að njóta sín. Mörgum þykir þessi siður ómissandi hluti af jólahátíðinni. Fjölskylda og vinir koma gjarnan saman í upphafi aðventu til að hjálpast að við laufaskurð og steikingu. Hangikjöt þykir mörgum best ef borið er fram með því laufabrauð.

Hönnun frímerkjanna önnuðust Hlynur Ólafsson og Hugrún Ívarsdóttir en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði. Íslandspóstur gaf einnig út fyrir þessi jól fyrsta sinni, sérstakt jólaskraut byggt á jólafrímerkjunum, og nefndist það upp á færeysku, jólaprýði.

2008

Kennaraskólinn / Kennaraháskólinn 100 ára

Þann 14. janúar kom út 85 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Kennaraskólans/Kennaraháskólans.

Kennaraskóli Íslands er jafngamall opinberri fræðsluskyldu í landinu, stofnaður með lögum 1907. Kennsla hófst haustið 1908 í nýreistu húsi að Laufásvegi 81, sem entist skólanum meira en hálfa öld. Kennaraskólinn var fyrst þriggja ára skóli en var síðan lengdur í fjögur ár 1943. Æfingakennsla var frá upphafi snar þáttur kennaranámsins, en við skólann var starfrækt æfingadeild fyrir æfingakennslu kennaranema. Jafnframt var reistur barnaskóli á sömu lóð sem tók við hlutverki æfingadeildarinnar, og fékk skólinn nafnið Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskóla Íslands, en heitir nú Háteigsskóli og er einn af grunnskólum Reykjavíkur án sérstakra tengsla við Kennaraháskólann. Á sjöunda áratugnum jókst óðfluga aðsókn að framhaldsnámi sem þáverandi gagnfræðaskólar og menntaskólar dugðu illa til að mæta. Þar til nýtt skólakerfi varð til, með grunnskólalögum 1974 og fjölgun framhaldsskóla, tók Kennaraskólinn með ýmsu móti þátt í að mæta þessari eftirspurn. Kennaraskólanum var breytt í Kennaraháskóla Íslands með lögum 1971. Nýjar námsbrautir bættust svo við þegar Kennaraháskólinn var sameinaður þremur öðrum menntastofnunum uppeldisstétta: Fóstruskólanum, Íþróttakennaraskólanum og Þroskaþjálfaskólanum. Þeir höfðu allir verið sérskólar á framhaldsskólastigi, en færðust á háskólastig áður en þeir urðu hluti af Kennaraháskóla Íslands í ársbyrjun 1998. Þeir voru í byrjun sérstakar skorir, hver með sitt húsnæði og starfslið, en fljótlega var farið að skipuleggja starf námsbrautanna sem meiri heild. Stefnt er að því að sameina Kennaraháskólann, Háskóla Íslands 1. júlí 2008, og að hann verði eitt fimm svið þar, Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Magnús Ólafsson tók ljósmyndina, líklega 1914. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Tækifærisfrímerki

Sama dag, 14. janúar, komu út fjögur tækifærisfrímerki með verðgildunum, 65 kr., 75 kr., og 85 kr. og var það í annað sinn sem slík frímerki voru gefin út. Fyrstu tækifærisfrímerkin komu út 2005. Myndefnin voru þá fjögur blóm. Tækifærisfrímerki er hægt að nota við ýmis hátíðleg tækifæri, m.a. á boðskort, vegna afmæla, brúðkaupa o.s.frv.

Myndefnum frímerkjanna, sem byggð eru á ljósmyndum fengnum úr erlendum myndabanka, er best lýst í þessari vísu eftir skáldkonuna Erlu (Guðfinnu Þorsteinsdóttur 1891-1972) sem birtist í ljóðabók hennar, Hélublóm sem kom út 1937.

Um kossa

Virðingin kyssir ennið á.

Auðmýktin hönd að vörum brá.

Aðdáun vanga velur sér.

Vináttan kyssir hvar sem er.

Ástin er frekast að því kunn,

að hún vill kyssa beint á munn.

Anna Þóra Árnadóttir hannaði tækifærisfrímerkin, sem Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2008

Íslenskt handverk – Útsaumur

Þann 27. mars komu út þrjú frímerki í nýrri útgáfuröð, tileinkuð íslensku handverki gömlu og nýju þar sem sjónum er beint að útsaumi, þ.e. refilsaumi, augnsaumi og krosssaumi. Á 65 kr. frímerkinu, er hluti refils frá miðöldum (refilsaumur). Á 85 kr. frímerkinu er hluti sessuborðs frá 18. öld (augnsaumur) og á 110 kr. frímerkinu er hluti myndar frá 2006, eftir Ásu Ólafsdóttur veflistakonu (krosssaumur). Þannig eru tvö fyrstu frímerkin með myndum af gömlu handverki en það síðasta með mynd af nýju handverki sem byggir á gamalli útsaumshefð.

Þjóðminjasafn Íslands varðveitir marga útsaumaða dýrgripi, svo sem altarisklæði frá síðmiðöldum og rúmtjöld, ábreiður og sessur frá 17. og 18. öld. Flest eru þessi verk með glöggum íslenskum sérkennum, ekki aðeins varðandi munstur, efni og litaval, heldur einnig notkun útsaumsgerða. Munstrin einkennast einkum af hringreitum og marghyrndum reitum sem umlykja myndir af atburðum úr helgisögnum og biblíunni, og stakar myndir af mönnum, kynjadýrum og stílfærðum jurtum. Útsaumurinn var að mestu unninn úr íslensku jurtalituðu ullarbandi í íslenskt ullarefni eða innflutt hörléreft. Algengustu útsaumsgerðir voru refilsaumur, skakkaglit, glitsaumur, gamli krosssaumurinn, augnsaumur og blómstursaumur. Merkastur er refilsaumurinn, þekktastur af tíu altarisklæðum frá síðmiðöldum. Refilsaumur dregur nafn sitt af reflum en þeir voru á miðöldum fremur mjó og aflöng lárétt veggtjöld sem höfð voru til að tjalda innan híbýli manna og kirkjur. Þau eru að saumi og efni náskyld hinum fræga Bayeux-refli í Frakklandi frá 11. öld. Dæmi má einnig finna á miðöldum í Noregi og frá lokum 16. aldar í Svíþjóð. Heitið refilsaumur þekkist hins vegar hvergi nema í íslenskum heimildum. Íslenskar konur hafa vafalítið stundað útsaum frá upphafi byggðar en elstu varðveitt verk þeirra munu þó frá seinni hluta 15. aldar.

Hönnun frímerkjanna annaðist Anna Þóra Árnadóttir en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Norðurlandafrímerki – Norræn goðafræði

Sama dag, 27. mars, kom út smáörk með einu 120 kr. frímerki í sameiginlegri útgáfu Norðurlandaþjóðanna í þremur hlutum um norræna goðafræði. Þemað í þessum þriðja hluta útgáfuraðarinnar var þjóðsögulegir staðir. Smáörkin kom einnig út í samnorrænni gjafamöppu sem bar heitið „Top of the World of Stamps“.

Það þjóðsögulega efni sem leitað var fanga í, á íslensku smáörkinni, er af Snæfellsnesi. Í Bárðar sögu Snæfellsáss er fjallað um landnámsmanninn Bárð sem kom til landsins í lok 9. aldar og settist að undir Jökli. Hann var kominn af risum í föðurætt og hafði sem unglingur numið galdur. Bárður bjó um skeið í helli sem nefndist Sönghellir sökum bergmálsins sem í honum er. Hann lenti í illdeilum við hálfbróður sinn og tók það ráð að yfirgefa samfélag manna. Sumir töldu að hann hefði horfið í jökulinn en það var trú manna að andar framliðinna tækju sér bólfestu í fjöllum eða fellum. Margir litu á Bárð sem bjargvætt og verndarvætt.

Norrænu goðin og aðrir yfirnáttúrulegir vættir bjuggu í sínum eigin goðsögulega og þjóðsögulega heimi. Þó voru vissir staðir í hinu norræna landslagi þar sem menn skynjuðu nærveru þeirra skýrar en annars staðar, til dæmis í hofum og hörgum, við grafreiti, í sérkennilegu landslagi eða til fjalla. Trúarathafnir fóru fram við tré eða grafir sem sérstök helgi hvíldi á, í hættulegum fjallaferðum eða á hafi úti. Þessar athafnir og helgisiðir tengdu heim mannsins dulmögnuðum sagnaheimi. Sérstakur dularblær hvíldi yfir slíkum stöðum, en litið var á suma sem helgireiti og öðrum fylgdi heill eða háski og dæmi um þetta eru ýmsir staðir á Snæfellsnesi samanber ofangreinda frásögn um Bárð Snæfellsás.

Hany Hadaya hannaði smáörkina en prentsmiðja Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

2008

Gömul landbúnaðartæki

Sama dag, 27. mars, voru gefin út fjögur frímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort. Þema frímerkjanna er gömul landbúnaðartæki. Myndefni 85 kr. frímerkjanna eru Ferguson dráttarvél og IHC jarðýta en myndefni 110 kr. merkjanna er þúfnabani og plógur Torfa í Ólafsdal.

Snemma árs 1949 kom fyrsta Ferguson dráttarvélin til Íslands. Hún var af gerðinni TF-20 með 24 hestafla bensínvél. Dráttarvélar hf. önnuðust sölu og innflutning þessarar vélar og annarra af sömu gerð. Með þeim mátti fá margvísleg vinnutæki, sláttuvél, plóg, herfi o.fl. Dráttarvélin kostaði 10.228 kr. árið 1949. Þessi dráttarvélagerð er líklega ein hin mest selda hérlendis.

IHC jarðýtan (International Harvester Company) frá 1943 var fyrsta beltavélin með ýtutönn sem reynd var við jarðvinnslu hérlendis. Síðan hafa ekki mörg tún verið ræktuð án þess að jarðýta kæmi þar við sögu. Hún auðveldaði einnig samgöngubætur með vegagerð. Tala má um byltingu í túnrækt og vegagerð með tilkomu jarðýtunnar og dráttarhestarnir fengu hvíld.

Segja má að ný öld landbúnaðar hefjist um og upp úr 1874 með plógi Torfa í Ólafsdal. Þá kynntu ráðunautar bændum nýjungar í búskap og 1880 tók fyrsti búnaðarskóli á Íslandi til starfa. Þetta var einkaskóli Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Torfi kynnti nemendum sínum m.a. ræktunarverkfæri sem áður voru lítt þekkt. Meðal þeirra var plógur sem Torfi hafði kynnst í Skotlandi. Torfi breytti plógnum þannig að hann hentaði betur seigum íslenskum jarðvegi og smágerðum dráttarhestum. Búfræðingar sem útskrifuðust úr skóla Torfa breiddu kunnáttuna út um sveitir landsins. Áhrifum hans má þakka mikið af því sem ávannst um jarðyrkju á Íslandi á fyrstu tugum 20. aldar. Ýmis verkfæri Torfa eru varðveitt á búvélasafni landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og eru þau meðal elstu jarðyrkjuverkfæra sem til eru í landinu.

Þúfnabaninn var ætlaður til jarðvinnslu eins og nafnið bendir til. Hann er einn af sex slíkum vélum sem fluttar voru til landsins á árunum 1921–1927. Þúfnabaninn er aflvél með jarðtætara. Á tætarann mátti fá ýmsa hnífa allt eftir því hvað vinna skyldi með vélinni. Búvélaverksmiðjur Heinrich Lanz í Mannheim í Þýskalandi smíðuðu þúfnabanann (Landbaumotor Lanz). Hann vóg 6,6 tonn; knúinn 4 strokka bensínvél sem talin var 80 hestöfl. Hérlendis voru þúfnabanarnir einkum notaðir við sléttun túna. Þeir viku fljótlega fyrir léttari og liprari dráttarvélum til jarðvinnslu og framleiðslu þeirra var hætt. Þúfnabanarnir vöktu trú manna á vélaafl og vélavinnu, en töfðu um leið nokkuð fyrir því að bændur tækju að nýta sér venjulegar dráttarvélar til jarðvinnslu sem um þetta leyti voru að ryðja sér til rúms.

Hönnun frímerkjanna og heftanna annaðist Hlynur Ólafsson. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslensk samtímahönnun – Iðnhönnun

Þann 8. maí komu út fjögur frímerki í nýrri útgáfuröð sem ber heitið, Íslensk samtímahönnun. Í fyrstu útgáfunni var sjónum beint að iðnhönnun. Samtímis var minnst 10 ára afmælis Hönnunarsafns Íslands. Myndefni frímerkjanna eru gervifótur með gervigreind, OptiCut skurðarvél, fluguhjólið WISH og djúpfarið Gavia.

Stoðtækjafyrirtækið Össur hefur þróað rafeindastýrðan gervifót, PROPRIO FOOT, hinn fyrsta sinnar tegundar í heiminum, sem er myndefni 65 kr. frímerkisins. Fóturinn er alíslensk hönnun og sá fyrsti með gervigreind sem getur líkt eftir hreyfingu venjulegs fótar. PROPRIO-fóturinn bregst við breyttum aðstæðum, hvort sem gengið er á ís, í brekku, upp stiga eða á jafnsléttu. Við hönnun hefur ekki verið reynt að líkja eftir útliti fótar en höfuðáhersla lögð á tækni og efnismeðferð. Gervigreindin auðveldar þjálfun fótarins auk þess sem hann hefur mjög gott fjarlægðarskyn, jafnvel betra en sá sem notar hann. Össur horfir til þess að tengja gervifótinn beint við taugar líkamans í framtíðinni en slíkt gefur notandanum mun betri stjórn yfir gervifætinum en áður. Gervifóturinn hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga innanlands og erlendis.

OptiCut skurðarvélin frá Marel er hönnuð til að ná hámarks nýtingu við skurð á úrbeinuðu kjöti og er hún myndefni 120 kr. frímerkisins. Marel OptiCut mælir rúmmálið á því kjöti sem skera á og ákveður síðan bestu nýtingu á stykkinu. Þessi tækni tryggir mjög nákvæman skurð þar sem sneiðar eru jafnar og lögunin eins. Aðferðin sem Marel hefur þróað til að rúmmálsmæla og skera kjötið er varin með einkaleyfi. Kjötið er sett í mót þar sem það er formað áður en það er skorið. Vélin hámarkar nýtingu hráefnisins og býr til misstórar eða

misþungar sneiðar úr hverju stykki. Einn kosturinn við Marel OptiCut er að vélin skilar af sér sneiðunum í stöflum og tilbúnum fyrir pökkun á bakka. OptiCut skurðarvélin er lítil og skilvirk og sparar bæði tíma og peninga. Til að hámarka nýtingu og ná sem bestum gæðum notast vélin við sérhannaðan hugbúnað sem keyrir á M3000 stjórntölvu frá Marel. Hægt er að fjarstýra M3000 sem býður upp á ýmsa möguleika og auðvelt er að breyta bæði skurði og skammtastærðum.

Fluguhjólið WISH, sem er myndefni 155 kr. frímerkisins, hefur verið í þróun frá árinu 2003 og í sölu frá vorinu 2005. Eingöngu hefur verið um að ræða sölu á innlendum markaði en verið er að vinna að undirbúningi útrásar með hjólin og er gert ráð fyrir að fyrstu hjólin verði seld erlendis 2008. Fyrirtækið Fossadalur ehf. var stofnað í júní 2007 til þess að taka yfir hönnun, markaðssetningu og sölu á fluguveiðihjóli sem Rennex, dótturfyrirtæki 3X Technology á Ísafirði, hafði hannað og framleitt. Megintilgangur fyrirtækisins er að þróa og láta framleiða hágæða vörur til nota við fluguveiðar. Aðstandendur fyrirtækisins segja að hönnun hjólsins mótist af virðingu og umhyggju fyrir umhverfi og fiskistofnum. Markmiðið sé að sá búnaður sem Fossadalur selur nýtist eiganda lengi og þoli mikla og stöðuga notkun við erfiðar aðstæður og hámarki þannig nýtingu á mannafla og náttúruauðæfum.

Fyrirtækið Hafmynd hf. hefur hannað djúpfar, sem er myndefni 200 kr. frímerkisins, til ýmiss konar djúpsjávarrannsókna sem hafa verið illframkvæmanlegar með eldri aðferðum. Forsögu þessa tækis má rekja til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands en við eðlisfræðistofu HÍ eru stundaðar rannsóknir og þróun á rafeindabúnaði til margvíslegra nota. Hönnunartilraunir þar lögðu grunninn að núverandi gerð djúpfarsins sem einkennist af einingum sem raða má saman eins og best hentar hverjum notanda. Af athyglisverðum rannsóknum og verkefnum sem Hafmynd hefur staðið að með djúpfarinu má nefna siglingu undir hafísbreiðuna við norðurströnd Alaska á vegum Scott Polar Institute, eftirlit á olíuleiðslum í Kaspíahafinu og mælingar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Djúpfarið er markaðssett undir nafninu Gavia en „*Gavia immer*“ er latneska heitið á himbrima. Hafmynd hefur hlotið nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs auk erlendra viðurkenninga.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin. Þau eru í örkum sem andstæð pör („tête-bêche“) nema í tilviki djúpfarsins. The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada prentaði frímerkin í offset og MetalFX. MetalFX prentaðferðin felst í því að fyrst er Pantone silfur málmlitur prentaður á pappírinn en þar næst myndin í fjórlit ofan á.

Hitaveita á Íslandi 100 ára

Sama dag, 8. maí, kom út frímerki með 75 kr. verðgildi í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því hitaveita tók til starfa á Íslandi.

Hitaveitufagráð Samorku hefur ákveðið að miða beri 100 ára afmæli hitaveitu á Íslandi við vorið 2008. Þá er öld liðin frá því að heitu vatni var veitt úr hver til kyndingar á bænum Syðri-Reykjum í Mosfellssveit. Til eru eldri dæmi um hagnýtingu jarðhita hér á landi með einhverjum hætti, a.m.k. aftur til daga Snorra Sturlusonar, en Syðri-Reykir munu vera elsta þekkta dæmið um eiginlega hitaveitu hér á landi. Samorka og aðildarfyrirtæki munu minnast þessara tímamóta með ýmsum hætti árið 2008. Má þar nefna gerð heimildakvikmyndar til sýningar í sjónvarpi, skýrslu um áhrif jarðhitanýtingar á heilsufar og almenn lífsgæði Íslendinga, alþjóðlega ráðstefnu um hitaveitur auk annarra viðburða. Áhersla verður lögð á heilsufarsþáttinn, þar á meðal ávinning Íslendinga af betur kyntum húsakynnum, hreinna andrúmslofti (í stað olíu- eða kolareyks), sundlaugarmenningu o.s.frv.

Hönnun frímerkisins annaðist Pétur Baldvinsson en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Hafnarfjarðarbær 100 ára

Þann 8. maí kom einnig úr 80 kr. frímerki í tilefni þess að árið 2008 voru 100 ár liðin frá því að Hafnarfjarðarbær fékk kaupstaðarréttindi, en bærinn fékk þau 1. júní 1908. Hafnarfjörður varð þar með fimmta bæjarfélagið á Íslandi sem fékk kaupstaðarréttindi. Það var fyrst árið 1875 sem Hafnfirðingar sóttu um að Hafnarfjörður yrði gerður að sjálfstæðu sveitarfélagi en málið var þrívegis fellt á Alþingi, uns það loks náði fram að ganga sem lög nr. 75, 22. nóvember 1907 og tóku lögin gildi 1. júní 1908. Þegar kaupstaðarréttindin tóku gildi bjuggu í bænum 1469 manns. Síðan þá hefur bæjarbúum fjölgað til muna og eru í dag 24.823 og skólabörnin um 3.600.

Vegna góðra hafnarskilyrða frá náttúrunnar hendi varð Hafnarfjörður ein helsta verslunar- og fiskveiðihöfn landsins frá og með upphafi 15. aldar, eftir því sem skreið tók við af vaðmáli sem eftirsóttasta útflutningsvara Íslendinga. Í upphafi 15. aldar hófu Englendingar fiskveiðar og verslun við Ísland. Árið 1413 kom fyrsta enska kaupskipið að landi sem sögur fara af við Hafnarfjörð. Íslendingar tóku ensku kaupmönnunum vel, en Danakonungur reyndi að koma í veg fyrir verslun Englendinga við Ísland og þess vegna kom oft til átaka milli Englendinga og sendimanna Danakonungs.

Undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu tók þéttbýli fyrir alvöru að myndast í Hafnarfirði, sem þá hélst í hendur við vélbátaveðingu og togaraútgerð.

Frímerkið hannaði Borgar Hjörleifur Árnason og var það offsetprentað hjá The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada.

Evrópufrímerki – Sendibréfið

Evrópufrímerkin 2008 voru tileinkuð sendibréfinu samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu, og var það sameiginlegt þema allra Evrópufrímerkjanna það ár. Frímerkin voru gefin út 8. maí bæði í örkum og heftum og er verðgildi þeirra 85 kr. og 110 kr. Frímerkin í örkunum eru límborin en sjálflímandi í heftunum. Tökkun frímerkjanna er því ólík.

Myndefnin á frímerkjunum eru táknmyndir tveggja sendibréfa sem fara á milli lítillar stúlku og afa hennar. Ákveðin saga er á bak við þessi bréf og skýrist hún af myndefninu. Í öðru þeirra segir stúlkan afa sínum undan og ofan af bátsferð sem hún fór í með foreldrum sínum. Í svarbréfinu er frásögn afans af fyrstu flugferð sinni. Einnig má sjá í myndunum tilvísun í póstþjónustuna, þ.e.a.s. flugpóst og sjópóst.

Hönnuður frímerkjanna er Örn Smári Gíslason. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði frímerkin.

Persónuleg frímerki – Frímerkin mín

Þann 8. maí hóf Íslandspóstur einnig útgáfu persónulegra frímerkja sem nefnd voru Frímerkin mín. Með þessu framtaki gafst viðskiptavinum tækifæri til að setja sínar eigin myndir á frímerki. Nokkrar póststjórnir höfðu þegar hafið að gefa út slík frímerki sem notið höfðu vinsælda hjá neytendum þegar Íslandspóstur fór að skoða möguleika á slíkri útgáfu árið 2007. Sú lausn sem Íslandspóstur bauð upp á byggir á því að frímerkin eru alfarið pöntuð og greidd yfir Vefinn (Internetið) og koma svo með Póstinum heim til viðtakanda.

Með gerð persónulegra frímerkja geta viðskiptavinir notað frímerkin á bréfasendingar m.a. vegna sérstakra viðburða, eins og trúlofana og giftinga, ferminga og barnsfæðinga og fjölmargs annars, enda eru þau skemmtileg leið til að senda kveðjur til vina og ættingja með persónulegum myndum sem gjarnan vekja kátínu og gleði.

Í hverri frímerkjaörk Frímerkjanna minna eru 24 sjálflímandi frímerki og hafa þau áletrunina Bréf 50g innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi frímerkisins). Í maí 2008 var til þyngdarflokkurinn 0-20g innanlands en engu að síður var ákveðið að bjóða Frímerkin mín í næsta þyngdarflokki fyrir ofan, 21-50g enda sýndi það sig að vegleg gjafakort með umslagi og frímerki gátu gjarnan farið yfir 20g í þyngd. Síðar, eða 1. mars 2010, voru þessir tveir þyngdarflokkar sameinaðir í einn 0-50g flokk. Í tilefni þessarar frímerkjaútgáfu gaf Íslandspóstur út opinbert persónulegt frímerki sem sent var öllum áskrifendum frímerkja en þema þess merkis er barn að leik, en það sýnir stúlku að sippa.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið, frímerkjaörkina og merkið (lógó) fyrir Frímerkin mín. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit ásamt UV-bleki.

2008

Friðrik Ólafsson stórmeistari í skák

Þann 18. september gaf Íslandspóstur út 80 kr. frímerki til að minnast þess að 50 ár voru liðin frá því að Friðrik Ólafsson varð stórmeistari í skák, fyrstur íslenskra skákmanna. Afrek hans við skákborðið mörkuðu á sínum tíma tímamót í íslenskri skáksögu.

Þetta var í annað sinn í íslenskri frímerkjasögu sem skák kemur við sögu á frímerkjum. Hinn 2. júlí 1972 gaf Póst- og símamálastofnunin út 15 kr. frímerki til að minnast þess mikla viðburðar í skáklífi Íslendinga og alls heimsins, að heimsmeistaraeinvígi fór fram í Reykjavík milli Borisar Spasskys frá Sovétríkjunum og Bobby Fischers frá Bandaríkjunum.

Friðrik fæddist árið 1935 og varð stórmeistari í skák árið 1958. Á árunum 1978-1982 var Friðrik forseti alþjóðaskáksambandsins FIDE (Federation Internationale des Echecs). Með sigrum sínum á seinni hluta 6. áratugarins náði hann fyrstur Íslendinga stórmeistaratitli í skák. Hann hóf sig upp í hóp sterkustu skákmanna heimsins og varð um leið víðkunnur jafnt innan skákheims sem utan.

Meðal afreka Friðriks má nefna frammistöðu hans á millisvæðamótinu í Portoroz 1958 þar sem hann varð í 5. sæti á eftir Tal, Gligoric, Petrosjan og Benkö og jafn Fischer með 12 vinninga. Tal vann mótið með 13,5 vinningum. Friðrik hefur unnið allmörg alþjóðleg skákmót, hann hefur orðið skákmeistari Norðurlanda og sex sinnum átti hann Íslandsmeistaratitilinn í skák.

Á frímerkinu er sýnd lokastaðan í skák Friðriks Ólafssonar og Bobby Fischers á alþjóðlega skákmótinu í Portoroz 1958. Friðrik, sem hafði hvítt, vann þessa skák gegn Bobby Fischer sem þá var 15 ára gamall og þegar orðinn stórmeistari. Hún var valin skák aldarinnar af íslenskum skákmönnum árið 2000.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sem The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Fyrsta þorskastríðið 50 ára

Þann 18. september kom út 90 kr. frímerki til að minnast þess að 50 ár voru liðin frá fyrsta þorskastríðinu. Þorskastríðin nefndust pólitískar deilur milli ríkisstjórna Íslands og Bretlands um fiskveiðiréttindi á Íslandsmiðum, sem leiddu til átaka á miðunum, en á árunum 1958 til 1976 voru háð þrjú þorskastríð.

Fyrsta þorskastríðið stóð árin 1958-1961. Það hófst þann 1. september 1958 þegar Íslendingar stækkuðu fiskveiðilögsögu sína úr 4 sjómílum í 12. Viðbrögð Breta við 12 mílna útfærslunni létu ekki á sér standa. Bæði mótmæltu þeir ákaft og sendu herskip til þess að verja togara sína gegn íslensku varðskipunum svo þeir gætu stundað veiðar upp að fjögurra mílna mörkunum. Hófst nú fyrsta eiginlega þorskastríðið þó ekki skærist verulega í odda á miðinum milli íslensku varðskipanna og bresku herskipanna eins og í síðari þorskastríðum. Íslendingar höfðu sjö varðskip og eina sjóflugvél til umráða í þessari baráttu við Breta. Deilan stóð til ársins 1961 er samkomulag náðist. Samkomulagið fól m.a. í sér að Bretar fengu áfram að veiða innan fiskveiðilögsögunnar í þrjú ár frá 6 mílum upp í 12 mílur.

Annað þorskastríðið stóð árin 1972-1973. Þann 15. febrúar 1972 ákvað ríkisstjórn Íslands að færa landhelgina út í 50 sjómílur. Ekki stóð á viðbrögðum Breta og voru herskip og dráttarbátar send á Íslandsmið til verndar breskum togurum. Þann 5. september 1972 voru togvíraklippunum beitt í fyrsta skipti og var það Ægir sem halaklippti breska síðutogarann Peter Scott. Undir lok árs 1973 var samið við Breta til bráðabirgða.

Þriðja þorskastríðið stóð árin 1975-1976. Það hófst í nóvember 1975 þegar Íslendingar færðu fiskveiðilögsöguna út í 200 sjómílur. Mikil harka einkenndi þriðja þorskastríðið en því lauk með fullum sigri Íslendinga í júní 1976.

Dagur Hilmarsson hannaði frímerkið en höfundur teikningar er Páll Heimir Pálsson. The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

2008

Kúluskítur

Sama dag, 18. september gaf Íslandspóstur út 140 kr. frímerki þar sem myndefni var kúluskítur. Kúluskítur er nafn á sjaldgæfu kúlulaga og svampkenndu vaxtarformi grænþörungategundar sem nefnist vatnaskúfur (*Aegagropila linnaei*). Stórvaxinn kúluskítur þekkist aðeins í þremur vötnum í heiminum, Mývatni og Akanvatni í Japan og í mun minna mæli í Öisuvatni í Eistlandi.

Nafnið kúluskítur kemur frá veiðimönnum við Mývatn. Við silungsveiðar festist oft skítur (þ.e. vatnagróður) í netin hjá þeim og ein gerðin er kúlulaga. Japanir nefna þörunginn Marimo. Við Akanvatn er 5000 manna bæjarfélag sem byggir á þjónustu við ferðamenn og er kúluskítur helsta aðdráttaraflið. Kúluskíturinn er stranglega friðaður þar í landi og talin sérstök náttúrugersemi. Á hverju ári heimsækir um hálf milljón ferðamanna Akanvatn og á haustin er þar haldin sérstök kúluskítshátíð.

Tegundin hefur þrjú mismunandi vaxtarform. Kúluskíturinn er eitt þeirra og vex þá plantan upp í stóra kúlu, allt að 10–20 cm í þvermál. Kúlur þessar liggja á botninum í breiðum, jafnvel hver ofan á annarri í nokkrum lögum. Þær velta stuttan spöl eftir botni vatnsins í takt við ölduhreyfingar vatnsins. Vísindamenn í Japan voru undrandi þegar þeir fengu vitneskju um kúluskítsbreiðurnar í Mývatni. Þeir þóttust vissir um að breiðurnar í Akanvatni væru hinar einu sem þekktust í veröldinni. Það er sérkennilegt að tvö svo sjaldgæf en nauðalík þörungasamfélög skuli finnast svo langt hvort frá öðru sem raun ber vitni. Vötnin sem hýsa þau eiga þó sitthvað sameiginlegt. Þau eru á mjög eldvirkum svæðum og jarðhiti er í bökkum beggja. Engin einföld skýring er þó á tilvist kúluskíts í þessum tveimur vötnum. Kúluskítur var friðlýstur á Íslandi árið 2006.

Anna Þóra Árnadóttir hannaði frímerkið en Ragnar Th. Sigurðsson tók myndirnar. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Ár jarðarinnar

Þann 18. september kom einnig út smáörk með einu 215 kr. frímerki í tilefni af Degi frímerkisins, en þemað var að þessu sinni tileinkað ári jarðarinnar. Myndefnið er Ísland snævi þakið, en Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA (National Aeronautics and Space Administration), lét ljósmyndina góðfúslega í té.

Árið 2008 er alþjóðlegt ár plánetunnar jarðar (International Year of Planet Earth) samkvæmt yfirlýsingu 60. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Starfsemi og viðburðir í tengslum við árið munu þó spanna þriggja ára tímabil, frá 2007-2009. Tilgangurinn með árinu er að afla a.m.k. 20 milljóna Bandaríkjadala í styrkjum frá ríkisstjórnum og stórum iðnfyrirtækjum og á að verja helmingi þeirrar upphæðar til rannsókna og hinum helmingnum til útrásarverkefna. Þetta verður stærsta verkefni sem alþjóðasamfélagið hefur nokkru sinni tekist á hendur til að efla og auka skilning á jarðvísindum. Að ári plánetunnar jarðar standa 12 stofnaðilar og það nýtur pólitísks stuðnings 97 þjóðlanda með 87% af íbúafjölda jarðar.

Myndin af Íslandi á smáörkinni er tekin frá gervihnettinum Terra (EOS AM-1) sem er í eigu NASA í Bandaríkjunum. Móttökustöð fyrir gervihnattamyndir við háskólann í Dundee í Bretlandi tók við myndinni. Hún var tekin úr 705 km hæð þann 28. febrúar 2002, kl. 12:29 GMT. Á þeim tíma var gervihnötturinn næstur Íslandi. Terra gengur yfir norður og suðurheimskautið og fer 14 hringi á dag í kringum jörðina.

Smáörkina hannaði Hlynur Ólafsson en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

2008

Friðarsúlan í Viðey

Þann 9. október kom út 120 kr. frímerki tileinkað Friðarsúlunni í Viðey og þeim friðarboðskap sem hún stendur fyrir. Ljós útilistaverksins sem nefnist, „IMAGINE PEACE TOWER“, var tendrað að kvöldi útgáfudagsins að viðstaddri listakonunni Yoko Ono. Friðarsúlan í Viðey, var reist í Viðey á Kollafirði árið 2007, til að heiðra minningu John Lennons sem féll fyrir kúlu byssumanns í New York 8. desember 1980. Ljós Friðarsúlunnar lýsir fram til dánardægurs hans. Listakonan vonast til að ljóssúlan í Viðey verði tákn krafts, visku og ástar og sameiningartákn allra þeirra sem vilja með hljóðlátum hætti leggja sitt af mörkum til heimsfriðar.

Friðarsúlunni er ætlað að vera tákn fyrir baráttu Yoko Ono og John Lennons fyrir heimsfriði, sem hófst á sjöunda áratug 20. aldar. Á stalli súlunnar eru grafin orðin „hugsa sér frið“ eða „imagine peace“ á 24 tungumálum.

Friðarsúlan stendur á palli sem er 17 metrar í þvermál. Í miðjum pallinum er hringlaga óskabrunnur sem er 4 metrar að þvermáli og 2 metra hár. Styrkur, skerpa og tærleiki ljóssúlunnar mun stöðugt breytast með skyggni, veðri og vindum. Rafmagnið í súluna er framleitt úr jarðhita og kemur frá jarðvarmavirkjun Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Listaverkið er hannað með þeim hætti að sex ljósgangar liggja lárétt í jörðinni að ljósbrunni þar sem ljósið fellur á spegla sem halla 45° og beina þannig ljósinu lóðrétt upp í loftið. Ljósbrunnurinn er 4 metrar að þvermáli og 2 metra hár. Í botni hans eru aflmiklar ljósaperur sem beinast upp á við og eru fylltar Xenongasi. Samanlagt afl ljósanna er 70 kW.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið en það var prentað í offset, Pantone silfri, UV bleki og fosfór hjá Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi. Notkun á UV bleki gerir það að verkum að mynd af Lennon, sem er falin í myndefninu, kemur fram þegar frímerkið er lýst með útfjólublá ljósi.

Yfirprentun með fosfór í sáldþrykki (silkiprentun), sem nefnd er „glow in the dark“ prentaðferð gerir það að verkum að Friðarsúlan á frímerkinu lýsir í myrkri, þ.e.a.s. myndin tekur í sig ljós í birtu og lýsir síðan þegar hún er skoðuð í myrkri, ekki ólíkt vísum á armbandsúri.

Íslandspóstur gaf einnig út glæsilega bók á íslensku og ensku um Friðarsúluna í tilefni þessarar frímerkjaútgáfu. Bókin er merk heimild og fróðleikur um Friðarsúluna og tilurð hennar. Fjöldi forvitnilegra mynda eru í bókinni auk DVD mynddisks og frímerkjaarkarinnar sjálfrar.

Skógrækt í Vaglaskógi 100 ára

Þann 6. nóvember var gefið út 400 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því skógrækt hófst í Vaglaskógi í Fnjóskadal. Jafnframt kom út gjafamappa þar sem myndefnið og umfjöllunin er skógrækt á Íslandi. Í gjafamöppunni er smáörk með 4 frímerkjum og höfðu þrjú þeirra komið út áður. Hið fyrsta var útgefið 13. janúar 2005 tileinkað Hallormsstaðarskógi 100 ára og tvö hin síðari voru gefin út 20. apríl 2007 í tilefni Skógræktar ríkisins 100 ára. Helstu verkefni Skógræktar ríkisins hafa frá upphafi verið vernd skóga og skógarleifa, ræktun nýrra skóga og fræðsla um skóga og skógrækt.

Vaglaskógur, sem réttu nafni heitir Háls- og Vaglaskógur, er 300 ha að stærð. Hann er annað stærsta skóglendi á landinu og með stórvöxnustu skógum landsins. Þar ná birkitré yfir 12 metra hæð og þar er miðstöð Skógræktar ríkisins fyrir Norðurland eystra. Ríkissjóður keypti jörðina Vagla árið 1905 til þess að friða skóginn í landi jarðarinnar og þar hefur setið skógarvörður frá 1908.

Anna Þóra Árnadóttir hannaði frímerkið en Þröstur Eysteinsson, sviðsstjóri þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins, tók ljósmyndina. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Þann 6. nóvember komu út tvö jólafrímerki í örkum þar sem myndefnin voru jólasveinninn Stekkjarstaur á 70 kr. frímerki, og jólakötturinn á 90 kr. frímerki. Einnig kom að venju út frímerkjahefti með innanlandsburðargjaldinu. Frímerkin, jafnt í örkum sem hefti, voru sjálflímandi.

Íslandspóstur efndi í febrúar–mars 2008 til samkeppni meðal grunnskólabarna um myndefni á tvö jólafrímerki sem koma skyldu út fyrir jólin 2008. Börnin voru hvött til að nota ímyndunaraflið og sköpunargáfuna og teikna myndir á frímerki sem þau myndu sjálf vilja nota á jólapóstinn sinn. Mjög góð þátttaka var í samkeppninni og alls bárust 160 umslög með 824 teikningum hvaðanæva af landinu. Vinningshafarnir voru tveir 7 ára gamlir drengir í Nesjaskóla í Neskaupstað, þeir Heiðar Jökull Hafsteinsson og Konráð Kárason Þormar.

Á síðustu tíu árum hefur Íslandspóstur þrisvar sinnum efnt til samkeppni meðal skólabarna um myndefni á frímerki. Árið 1998 var haldin samkeppni um myndefni á jólafrímerki og í henni tóku þátt meira en 70 nemendur frá 7 grunnskólum. Strax árið eftir var haldin alþjóðleg samkeppni meðal 8–12 ára barna um mynd á frímerki. Keppnin bar nafnið „Framtíð á frímerki“ og viðfangsefnið var framtíðarsýn barnsins á nýrri öld. Árið 2003 var haldin þriðja teiknisamkeppnin, að þessu sinni meðal barna í 5.–7. bekk í öllum íslensku grunnskólunum. Myndefnið var „Vinátta á frímerki“. Þá bárust 170 myndir frá 13 skólum víðsvegar um landið.

Hlynur Ólafsson færði klippimyndir Heiðars Jökuls Hafsteinssonar (Stekkjastaur) og Konráðs Kárasonar Þormar (jólakötturinn) í frímerkjabúning. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

2009

Eyjafrímerki

Þann 29. janúar komu út tvö frímerki í röðinni, Eyjar við Ísland og var þetta fimmta og síðasta útgáfan með þessu myndefni. Eyjarnar voru að þessu sinni Hjörsey, á 75 kr. frímerki og Málmey, á 90 kr. frímerki.

Hjörsey er grösug og flatlend eyja í Faxaflóa út af Mýrum. Hægt er að komast út í eyjuna á fjöru. Útræði frá eyjunni var gott og mikill reki en skipströnd voru þar tíð. Hún var kostajörð í margar aldir og voru þar lengi sex hjáleigur. Hjörsey var nafnkennd fríðindajörð og sumir sögðu hana eina af bestu jörðum á Íslandi. Þar var æðardúnstekja, eggjatekja, selveiði, hrognkelsaveiði og viðartekja af reka. Silfurberg hafði einnig fundist á eyjunni. Talið er að kirkja hafi verið í eyjunni til 1905. Grunnpunktur (viðmið) landmælinga við Ísland var um langan tíma í Hjörsey. Hún er þriðja stærsta eyja Íslands, um 5,5 ferkílómetrar. Stærsta eyjan er Heimaey (13,4 km^2) og sú næststærsta Hrísey (8 km^2).

Málmey er láglend eyja um 4 km löng. Hún er stærsta eyja Skagafjarðar og þar var samfelld byggð í margar aldir. Gott útsýni er úr Málmey í allar áttir og sést vel yfir Skagafjörðinn. Eyjan er þurrlend og vel gróin, en engin ummerki um skóg hafa fundist þar. Fundist hafa 96 tegundir háplantna í eyjunni. Gnægð fugla og sela er í eyjunni auk þess sem stutt er í fiskimið. Flestar mó- og spörfuglategundir landsins verpa í eyjunni ásamt sjófuglum. Búskapur var í eynni fram um miðja 20. öld, en þá eyðilagðist bærinn í eldsvoða og síðustu ábúendur fluttust þaðan í desember 1950. Síðan hefur ekki verið búið í eyjunni. Menn hafa leitt getum að því að fyrir svartadauða 1402 hafi verið fimm bæir í Málmey og bænhús og greina megi þar forn tóftarbrot og leifar af bæjarrústum. Benda örnefni til þess, t.d. Bænhústóft.

Anna Þórey Árnadóttir og Borgar H. Árnason hönnuðu frímerkin en Mats Wibe Lund tók ljósmyndirnar. Frímerkin voru offsetprentuð hjá Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki.

Skordýr og köngulær

Sama dag, 29. janúar, komu einnig út tvö frímerki í flokknum, Skordýr og köngulær. Var þetta fimmta og síðasta útgáfa slíkra frímerkja, en áður höfðu komið út járnsmiður, húshumla, krosskönguló, húsfluga, trjágeitungur, maríuhæna, kapalfluga og birkisprotalús. Að þessu sinni voru myndefni frímerkjanna loðmý og hagakönguló.

Loðmý (*Psychodidae*), myndefni 80 kr. frímerkisins, er algengt kringum bæi og útihús. Flugurnar eru mest á ferð á nóttunni og halda sig gjarnan í votlendi eða öðrum rökum stöðum. Lirfurnar lifa gjarnan í næringarríku vatni og taka til sín súrefni gegnum stutta pípu sem þær reka upp í vatnsborðið. Hér á landi eru að minnsta kosti tvær tegundir loðmýs.

Hrafnakönguló (*Gnaphosa lapponum*), myndefni 120 kr. frímerkisins, er af ætt hagakönguló a (*Gnaphosidae*). Þetta er spretthörð meðalstór förukönguló sem er algeng á láglendi um land allt. Þó fer ekki mikið fyrir henni þar sem hún leynist niðri í gróðursverði en hún finnst í margskonar þurrlendi m.a. graslendi, mólendi, opnu kjarri og skóglendi. Hrafnakönguló er felugjörn og snögg að koma sér undan ef styggð kemur að henni en hún er einlit dökkbrún og leynist því vel. Það er helst að rekast á hana undir steinum í móum og valllendi. Þær veiða ekki í net heldur hlaupa bráðina uppi. Kynþroska karlar sjást í maí og júní og kvendýr með eggjasekki í júlí. Ungviði leggst í vetrardvala. Líklegt þykir að þroskaferlið geti tekið einhver ár.

Arnar Snorrason hannaði frímerkin en Oddur Sigurðsson tók ljósmyndirnar. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði frímerkin.

Verndun jökla og heimskautasvæða



Þann 29. janúar kom einnig út smáörk með tveimur frímerkjum, 100 kr. og 130 kr., sem tileinkuð er verndun jökla og heimskautasvæða.

Ísland og rúmlega 30 önnur lönd ákváðu að gefa sameiginlega út smáörk þar sem þemað er verndun jökla og heimskautasvæða. Frumkvæði að þessari fjölþjóðlegu útgáfu kom frá Chile og Finnlandi. Ekki þarf að ferðast lengi um heimskautasvæðin til að rekast á merki um áhrifin frá iðnaði og olíuvinnslu. Olíu- og gasleiðslur, sumar lekar og ryðgaðar, liðast um mörg hundruð mílna leið yfir túndrur og fjallgarða. Úrgangur frá iðnaði og hernaði bera þess glöggt vitni hve viðkvæm heimskautasvæðin eru. Sú hætta blasir við að hækkandi hiti á jörðinni vegna gróðurhúsaáhrifa muni hafa veruleg áhrif á jökla og heimskautasvæði og þrengja að lífskjörum þeirra sem búa í grennd við þessi svæði.

2009

Vistkerfi heimskautalandanna eru viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum. Því er spáð að meðalhiti jarðarinnar hækki um 2°–5°C á næstu 50 til 100 árum. Hins vegar er búist við mun meiri hlýnun á heimskautasvæðunum, eða allt að 10°C. Miklar breytingar yrðu á veiðum, bæði til sjós og lands, og lítil afskekkt samfélög, sem nú þegar eru í hættu vegna breytinga á efnahagsaðstæðum um heim allan, yrðu fyrir miklum skakkaföllum. Þá eru jöklarnir afar þýðingarmiklir fyrir vatnakerfi Íslands, bæði jökulfljót, lindár og grunnvatn á stórum svæðum en því er spáð að jöklarnir muni hopa mikið á komandi áratugum.

Örn Smári Gíslason hannaði smáörkina en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg offsetprentaði í þremur Pantone-litum, þ.e. gulli, silfri og bláu. Ofan á var svo djúpprentað í rastadjúpþrykki (photogravure) með rauðum (magenta) Thermochromatic prentlit sem hverfur þegar hann dregur í sig hita, s.s. við það að örkin er lögð á ofn, hárblásari notaður eða fingri þrýst um tíma á prentlitinn. Með þessari tækni er hægt að koma til skila þeim breytingum sem spáð er að verði á jökla- og heimskautasvæðum í nánustu framtíð. Það er líka sýnt með ártölunum 2009 og 2100 neðst til vinstri á örkinni þ.e.a.s. því er spáð að árið 2100 verði þessi svæði ekki lengur hulin snjó og ís.

Kynjaskepnur í íslenskum þjóðsögum



Þann 19. mars voru gefin út tíu mismunandi frímerki í einni og sömu frímerkjaörkinni og er verðgildi hvers frímerkis 80 kr. Myndefnið er kynjaskepnur í íslenskum þjóðsögum. Í þjóðsögunum má finna fjölda frásagna um furðuverur í lofti, á láði og í legi. Ein grein þjóðsagna er „Sæbúar og vatna" og er þar fjallað um verur í sjó og vötnum.

Skoffín er sagt afkvæmi tófu og kattar. Fjörulalli er sjávarskepna sem getur verið skaðlegur kindum um fengitímann. Skeljaskrímsli er margfætt skepna, mórauð og loðin og hringlar í henni þegar hún hreyfir sig. Silungur einn er öfuguggi því allir uggarnir á honum snúa fram. Aðrar kynjaskepnur sem koma við sögu á frímerkjunum eru urðarköttur, sæneyti, selamóðir, rauðkembingur, múshveli og hrosshvalur.

Í bók sem kom út hjá Forlaginu árið 2009, Íslenskar kynjaskepnur, eftir Sigurð Ægisson og Jón Baldur Hlíðberg, eru rifjaðar upp helstu þjóðsögur og sagnir um þessi kynjadýr.

Frímerkin hannaði Hlynur Ólafsson en Jón Baldur Hlíðberg gerði teikningarnar. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Flug á Íslandi

Sama dag, 19. mars, komu út fjögur frímerki í formi tveggja smáhefta með 4 frímerkjum hvort tileinkuð flugi á Íslandi. Myndefni 90 kr. frímerkjanna eru Avro 504K flugvél og Waco YKS-7 sjóflugvél en myndefni 120 kr. merkjanna eru Fokker 50 og Boeing 757 flugvélar.

Fyrsta flugfélag á Íslandi, Flugfélag Íslands, var stofnað í Reykjavík laugardaginn 22. mars 1919. Flugfélagið stóð fyrir kaupum á fyrstu flugvélinni sem keypt var til Íslands sem var af gerðinni Avro 504K. Flugvélin var smíðuð í Bretlandi en kom til landsins frá Danmörku árið 1919. Félagið stóð fyrir flugsýningum og útsýnisflugi með farþega í tvö sumur, en var lagt niður á árinu 1920 og flugvélin seld flugskóla danska hersins.

Í apríl 1938 keypti nýstofnað Flugfélag Akureyrar Waco YKS-7 sjóflugvél. Þessi flugvél sem jafnan var kölluð Örninn endurreisti reglubundið farþega- og póstflug og má segja að hún hafi verið upphafið að íslensku atvinnuflugi.

2009

Flugfélagi Akureyrar var breytt í Flugfélag Íslands árið 1940. Flugvélin eyðilagðist í flugtaki í Reykjavík 1942. Flugmaðurinn og einn farþegi komust lífs af en tveir farþegar fórust. Árið 1940 keypti Flugfélag Íslands aðra Waco sjóflugvél. Þetta var Waco ZKS-7 og var hún betur tækjum búin en TF-ÖRN og var einnig með mun sterkari hreyfil. Flugvélin var jafnan kölluð Haförninn. Hún eyðilagðist í Hornafjarðarós 1943 þegar hún lenti á sandrifi í flugtaki. Engan sakaði. Þann 11. júlí 1945 var brotið blað í íslenskri flugsögu þegar flogið var í fyrsta sinn með farþega í íslenskri flugvél til útlanda.

Endurnýjun á innanlandsflota Flugfélags Íslands hófst árið 1965 með kaupum á Fokker F27-100 Friendship flugvélum. Þessar vélar báru 48 farþega og voru afköst einnar F27 vélar á við afköst þriggja DC-3 flugvéla. Aflmeiri F27 vélar voru keyptar árið 1972. Alls þjónuðu F27 Friendship vélar Flugfélagi Íslands og síðar Flugleiðum í 27 ár. Aftur var innanlandsflotinn endurnýjaður árið 1992 þegar keyptar voru fjórar Fokker 50 flugvélar.

Fyrsta þota Íslendinga, Boeing 727-108C, var afhent Flugfélagi Íslands þann 23. júní árið 1967 í Seattle í Bandaríkjunum. Vélin lenti daginn eftir á Reykjavíkurflugvelli og fékk nafnið Gullfaxi við hátíðlega athöfn. Þetta voru merk tímamót því við komu Gullfaxa var frumherjatímabilinu í íslenskri flugsögu lokið. Vélin hóf millilandaflug á áætlunarleiðum félagsins 1. júlí 1967. Endurnýjun millilandaflugflotans hófst á nýjan leik á vormánuðum 1996, þegar Sóldís, Boeing 757-200, kom til landsins. Fyrsta Boeing 757-300 vél félagsins bættist síðan í flotann vorið 2002.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en myndirnar gerði listmálarinn Wilfred Hardy frá Bretlandi. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Landsmót Ungmennafélags Íslands 100 ára

Þann 7. maí kom út 105 kr. frímerki í tilefni Landsmóta Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) 100 ára. Landsmót UMFÍ eru fjölmennustu íþróttamót á Íslandi. Fyrsta mótið var haldið á Akureyri sumarið 1909. Ungmennafélag Akureyrar stóð fyrir mótinu f.h. Fjórðungssambands Norðlendingafjórðungs á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar 17. júní. Keppendur á þessu fyrsta Landsmóti voru 55 talsins en mótsgestir um 1500. Síðan 1940 hafa Landsmót UMFÍ verið haldin 3ja hvert ár með einhverjum undantekningum þó.

Á Landsmótum er keppt í mörgum greinum íþrótta auk ýmissa starfsíþrótta eins og dráttarvélaakstri, starfshlaupi, línubeitingu auk annarra greina. Fjöldi keppenda er um 2.000 og þeir sem koma og fylgjast með eru frá 12.000-20.000, en hefur mest farið upp í 25.000 manns árið 1965 á Laugarvatni. Það sem gerir Landsmót UMFÍ að stórviðburði á Íslandi er hinn mikli fjöldi keppenda og áhorfenda auk mikillar fjölbreytni í keppnisgreinum.

Landsmót UMFÍ hafa sett sterkan svip á íslenska íþróttasögu og þeim hefur jafnan fylgt mikil uppbygging á þeim stöðum sem mótin eru haldin. Þegar hafa verið haldin 25 Landsmót. Aldarlangri sögu Landsmótanna verður því fagnað með 26. Landsmóti UMFÍ á Akureyri 9.-12. júlí 2009.

Tryggvi Tómas Tryggvason hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

2009

Vatnsveita Reykjavíkur 100 ára

Þann 7. maí kom einnig út 10 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að Vatnsveita Reykjavíkur var sett á laggirnar.

Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa árið 1909. Í júní 1909 var vatni hleypt á lögn frá Elliðaánum til Reykjavíkur, en um haustið var leiðslan frá Gvendarbrunnum tekin í notkun. Með þessum virkjunarframkvæmdum áttu Reykvíkingar greiðan aðgang að nægu hreinu vatni, enda leið ekki á löngu þar til vatnsneysla þeirra margfaldaðist. Vatnsnotkun í Reykjavík jókst úr 18 lítrum á sólarhring í rúmlega 200 lítra á sólarhring á hvern íbúa fljótlega eftir tilkomu vatnsveitunnar. Allt vatn er tekið úr yfirbyggðum borholum sem eru frá 10 til 140 metra djúpar. Fer vatnið í aðalæðum, dreifiæðum og heimæðum til neytandans.

Vatnsveitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur er stærsta vatnsveita landsins og þjónar um helmingi íbúa þess. Veitusvæðið nær til Reykjavíkur, Kjalarness, Kópavogs, Seltjarnarness og hluta Mosfellsbæjar. Vatnsveita Reykjavíkur var fyrsta vatnsveita á Norðurlöndum til að hljóta vottun samkvæmt ISO 9001 gæðastaðlinum.

Gæði drykkjarvatnsins eru ótvíræð. Ástæðurnar eru m.a. þær að umhverfi vatnsbóla er verndað, umgangur þar lítill og vatn sótt í lokaðar 10 til 140 metra djúpar borholur. Því dýpra sem er niður á vatnið því minni hætta er á mengun grunnvatnsins. Hreint og gott neysluvatn í nánd við byggð er ómæld auðlind sem ber að vernda með öllum tiltækum ráðum.

Tryggvi Tómas Tryggvason hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Skrúður í Dýrafirði 100 ára

Sama dag, 7. maí, kom út 140 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá formlegri stofnun garðsins Skrúðs í Dýrafirði. Varð þessi útgáfa upphafið að útgáfuröð frímerkja tileinkuðum 10 mikilvægustu almenningsgörðum á Íslandi í ljósi garðlistasögunnar.

Jurta- og skrúðgarðurinn Skrúður við norðanverðan Dýrafjörð, rétt við Núpsskóla, er einn elsti og merkasti skrúðgarður landsins, en hann var formlega stofnaður 7. ágúst 1909, enda þótt upphaf hans megi rekja nokkur ár lengra aftur. Garðinum hafði verið lítið sinnt eftir 1980 og hnignaði því fljótt. Árið 1992 var stofnuð nefnd til viðreisnar Skrúðs og garðurinn síðan endurvígður með viðhöfn árið 1996. Nafnið Skrúður mun vera fyrirmynd orðsins skrúðgarður. Séra Sigtryggur Guðlaugsson, prófastur á Núpi, réðst í gerð matjurta- og skrúðgarðs 1905 í tengslum við ungmennaskóla sem hann og bróðir hans Kristinn stofnuðu að Núpi tveim árum áður. Hugmynd Sigtryggs og Kristins var að garðurinn yrði til hjálpar við kennslu í grasafræði og garðrækt og nemendur lærðu aðhlynningu trjágróðurs. Garðinn hannaði Sigtryggur af mikilli kostgæfni og nákvæmni en hönnunin byggist að miklu leyti á hönnun garða í Evrópu á árum áður. Auk gróðursins er margt forvitnilegt að sjá í garðinum. Reistur hefur verið þar minnisvarði um þau hjónin séra Sigtrygg Guðlaugsson og Hjaltlínu Guðjónsdóttur á Núpi. Í garðinum eru einnig kjálkabein af einni stærstu steypireyði sem fönguð hefur verið við Ísland. Einstök staðsetning Skrúðs í náttúru snarbrattra fjallshlíða Dýrafjarðar kemur einnig mörgum á óvart. Það var líka ætlun stofnandans á sínum tíma að sýna hvað hægt væri að rækta í hrjóstrugum jarðvegi við þessar aðstæður. Í garðinum er að finna margar mjög sjaldgæfar plöntur en mest áberandi er Evrópulerkitréð sem líklega var gróðursett árið 1910. Það virðist stöðugt vaxa og er fyrir löngu orðið stærsta tré garðsins og geysilega umfangsmikið. Þetta tré er eitt af merkilegustu trjám á Íslandi.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

2009

Evrópufrímerki – Stjörnufræði

Evrópufrímerkin 2009, sem gefin voru út 7. maí, voru að þessu sinni tileinkuð stjörnufræðinni, samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambandi opinberra póstrekenda í Evrópu. Frímerkin voru gefin út bæði í örkum og heftum. Límborin í örkum en sjálflímandi í heftum og því er tökkun frímerkjanna ólík.

Myndefni 105 kr. frímerkisins vísar til sólargangsmælinga Odds Helgasonar, sem kallaður var Stjörnu-Oddi, og sem talinn er hafa verið uppi á fyrri hluta 12. aldar. Myndefni 140 kr. frímerkisins vísar hins vegar til stjörnuturnsins á Lambhúsum, sem var hjáleiga frá Bessastöðum á Álftanesi, en fyrstu opinberu stjörnuathuganirnar hérlendis voru gerðar þar af Eyjólfi Jónssyni Johnsonius stjarnfræðingi um og eftir 1772 og síðar af Rasmus Lievog eftir fráfall Eyjólfs 1775. Rannsóknarstöð þessi var síðan lögð af 1805.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafði samþykkt að árið 2009 yrði alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar (International Year of Astronomy). 400 ár voru þá liðin frá einum mikilvægasta atburði í sögu raunvísinda, þegar Galíleó Galíleí beitti sjónauka fyrstur manna til rannsókna á himingeimnum. Fyrr á árinu 1609 hafði Jóhannes Kepler sett fram tvö fyrstu lögmál sín um hreyfingar reikistjarna í sólkerfinu. Verk þeirra Galíleós og Keplers komu af stað vísindabyltingu sem hafði djúpstæð áhrif á hugmyndir manna um alheiminn. Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar 2009 var fyrst og fremst hugsað sem vettvangur fyrir hinn almenna jarðarbúa þar sem áhersla er lögð á persónulega upplifun og ánægjuna við það að deila með öðrum þekkingu á alheimi og stöðu mannsins í honum. Íslendingar hafa haft áhuga á stjörnufræði allt frá því að land byggðist. Það er hins vegar stutt síðan að stjörnufræði og stjarneðlisfræði hösluðu sér völl sem sjálfstæðar fræðigreinar í íslensku vísindasamfélagi. Það var ekki fyrr en 1976 sem kennsla hófst í fyrsta stjarnvísindanámskeiðinu við Háskóla Íslands.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 2009

Norræna frímerkjasýningin Nordia 2009 var haldin í Íþróttahúsinu Strandgötu í Hafnarfirði 29.-31. maí 2009 og af því tilefni gaf Íslandspóstur út smáörk með einu 190 kr. frímerki þann 7. maí. Myndefnin á smáörkinni voru lundar í Vestmannaeyjum með Eyjafjallajökul í baksýn.

Lundinn *(Fratercula arctica)* er fugl af svartfuglaætt, og þeirra algengastur við strendur Íslands. Svartfuglum á norðurhveli jarðar svipar nokkuð til mörgæsa á suðurhveli, að líkamsbyggingu og litasamsetningu.

Latneska heitið *Fratercula* merkir „smábróðir“ og vísar til litarins á fjaðraham fuglsins sem minnir á klæðnað munka, en fuglinn er líka oft kallaður „prófastur“ eða „prestur“ á íslensku sökum útlits og hátta. Eins og tveggja ára lundar sem sjást við landið kallast „kolapiltar“ trúlega vegna þess að þeir eru með gráleitar kinnar en það heiti er líka þekkt á dökkum hánorrænum fýlum. Lundaungann köllum við kofu en í Vestmannaeyjum gengur hann undir heitinu pysja. Goggur lundans er marglitur um fengitímann. Lundar eru sjófuglar sem kafa sér til matar. Þeir verpa í stórum nýlendum í holum sem þeir grafa í jarðveginn. Lundinn er staðfugl en heldur sig úti á rúmsjó yfir veturinn.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina og tók ljósmyndina en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

2009

Göngur og réttir

Þann 16. september komu út tvö frímerki með verðgildunum 95 kr. og 160 kr. þar sem myndefnið er sauðkindin í göngum og réttum.

Íslenska sauðkindin er sauðfé af stuttrófukyni með skandinavískan uppruna. Víkingar fluttu með sér meðal annars skandinavískt sauðfé þegar þeir settust að á Íslandi fyrir meira en 1000 árum síðan. Erfðafræðilega er nútíma sauðféð hið sama og það var í upphafi. Líklega er það elsta og hreinræktaðasta sauðfjártegund í heiminum.

Sauðkindinni er sleppt á fjall, stóran hluta ársins og þar gengur hún sjálfala. Féð gengur einnig í úthaga, bæði heimalöndum og afréttum, sumarlangt, en er beitt töluvert á ræktað land, vor og haust.

Á haustin smala bændur fé af heiðum og löndum og rétta til síns heima en smalamennska og fjárleitir geta verið vandasamt verk. Fjölmargar leitir og fjárréttir eru haldnar haust hvert en réttað er víðast hvar um landið. Lengstu fjárleitir eru líklega 6-7 daga smalamennska á afréttum Árnesinga en á 95 kr. frímerkinu sést einmitt fjárrekstur í Þjórsárdal í Árnessýslu.

Sauðkindastofninn náði hámarki 1978 en fjöldi kinda á landinu árið 2006 var 455.656 og skráðir búfjáreigendur það ár voru 2.435. Meðalfjöldi á búfjáreiganda var þá 184 kindur. Af kindakjöti það árið voru framleidd 23,2 kg. á íbúa. Íslenska sauðfjárkynið er heimsþekkt fyrir ullargæði en hérlendis er það að mestu ræktað vegna kjötsins. Rúmlega 80% tekna sauðfjárræktarinnar má rekja til kjötsins. Lömbin fæðast mjög smá en eru fljót að stækka. Í góðum haga verða þau 36-40 kg. á 4-5 mánuðum. Þessi lömb fá ekkert fóður og þeim er slátrað að sumarbeit lokinni. Kjötið er fíngert og mjög bragðgott og talið er að íslenska sauðféð sé með því afurðabesta í heimi.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Vatnajökulsþjóðgarður

Þennan sama dag, 16. september, leit önnur sameiginleg útgáfa Sepac-landanna dagsins ljós, en um er að ræða sameiginlega frímerkjaútgáfu tólf eyríkja og smáþjóða sem eru auk Íslands; Álandseyjar, Færeyjar, Gíbraltar, Grænland, Guernsey, Jersey, Lichtenstein, Lúxemborg, Malta, Monaco og Mön.

Þemað var eins og í fyrstu útgáfunni, sem kom út 2007, landslag. Íslenska Sepac-frímerkið byggir sem fyrr á myndefni úr þjóðgörðum landsins og varð Skaftafell í Vatnsjökulsþjóðgarði fyrir valinu að þessu sinni. Í útgáfunni frá 2007 var byggt á myndefni úr þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

Sem fyrr gefur hvert land aðeins út eitt Sepac-frímerki, sem ber Sepac-áletrunina, en til að koma Skaftafelli veglega til skila á víðmynd (Panorama) er það gert með tveimur samstæðum frímerkjum sem bæði hafa sama verðgildið 120 kr. Frímerkin 12 komu einnig út í sérstakri gjafamöppu sem seld var í öllum Sepac-löndunum.

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður með lögum 7. júní 2008 og er yfir 12.000 km^2 að stærð eða sem samsvarar 12% af yfirborði Íslands. Hann mun í fyrstu ná til þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum auk nánast alls Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans.

Vatnsjökulsþjóðgarður er stærsti þjóðgarður Evrópu og heimsþekktur fyrir einstæða náttúrufegurð og hrikalegar andstæður í landslagi. Skriðjöklar setja sérlega tilkomumikinn svip á svæðið og hvergi á landinu gefst betra tækifæri til jöklaskoðunar. Í Skaftafelli er gróðurfar og dýralíf með því fjölbreyttasta sem þekkist hér á landi og þar eiga t.d. refur og rjúpa griðland og fer fjölgandi. Í Skaftafelli má nú finna gróðurtegundir sem sjaldgæft er að vaxi í beit. Meðal þeirra má nefna eyrarrós og geithvönn sem algengar eru á jökulaurunum sem óðum gróa upp eftir að þjóðgarðurinn var friðaður fyrir ágangi búfjár.

Í Skaftafelli er göngu- og útivistarsvæði skipulagt fyrir alla fjölskylduna og gönguleiðir eru þar margar og miserfiðar. Meðal stuttra gönguleiða má nefna Giljastíg, en sú leið liggur að Svartafossi og upp á Sjónarsker, en þaðan er gott útsýni yfir skriðjöklana og Morsárdal. Óhætt er að fullyrða að flestir geti fundið gönguleiðir við hæfi í Skaftafelli. Birki verður einna hávaxnast á landinu í Bæjarstaðarskógi en þaðan kemur meginhlutinn af öllu ræktunarbirki á landinu.

Borgar H. Árnason hannaði frímerkið en ljósmyndina tók Sigurgeir Sigurjónsson. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði. Fyrirtækið Davo í Deventer, Hollandi framleiddi gjafamöppu SEPAC-landanna.

Dagur frímerkisins – Þjóðmenningarhúsið 100 ára

Þriðja og síðasta frímerkjaútgáfan 16. september var tileinkuð Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík. Um er að ræða smáörk eins og venja er að gefa út á Degi frímerkisins og að þessu sinni var smáörkin með 150 kr. frímerki sem sýnir þetta glæsilega hús.

Þjóðmenningarhúsið var byggt fyrir Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands á árunum 1906 til 1908 og opnað almenningi vorið 1909 sem Safnahúsið. Sökum húsnæðisvandræða var tveimur öðrum söfnum, Þjóðminjasafni Íslands og Náttúrugripasafninu, einnig fenginn staður í húsinu tímabundið frá upphafi. Í húsinu voru því um árabil undir einu þaki allir helstu dýrgripir íslensku þjóðarinnar. Fyrr á árum gekk það líka undir nöfnum eins og Menntabúrið,

Þjóðmenntahúsið og Bókhlaðan og oft hefur það verið nefnt Landsbókasafnshúsið. Byggingarstíllinn er í anda danskrar þjóðernisrómantíkur. Þjóðmenningarhúsið hefur löngum verið talið eitt af fegurstu húsum á Íslandi. Fer ekki milli mála að mikil alúð hefur verið lögð í hönnun þess, innan dyra sem utan og má hið sama segja um smíði hússins. Verkið önnuðust íslenskir iðnaðarmenn að mestu.

Helsti frumkvöðull að byggingu Safnahússins var Hannes Hafstein, ráðherra Íslands. Í byggingarnefnd, sem Alþingi kaus, sátu Jón Jacobsson landsbókavörður, Guðmundur Björnsson landlæknir og Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri. Hannes Hafstein valdi danskan arkitekt, Johannes Magdahl Nielsen, til að teikna húsið. Hann leysti verkið af mikilli kostgæfni eins og húsið ber vott um. Sjálfur kom hann aldrei til Íslands en umsjónarmaður byggingarinnar fyrir hans hönd var starfsbróðir hans Frederick Kiörboe. Hann teiknaði eikarhúsgögnin, sem enn eru í húsinu. Kringlan við Alþingishúsið er einnig verk hans.

Landsbókasafnið og Þjóðskjalasafnið fengu upphaflega um það bil þriðjung hússins hvort til afnota. Að auki fékk Landsbókasafnið lestrarsalinn í miðrými hússins. Þjóðminjasafnið fékk rishæðina og var þar frá 1908 og fram til ársloka 1950 er flutt var í núverandi hús á Suðurgötu. Var bókum og skjölum þá komið fyrir á hæðinni.

Náttúrugripasafnið var á 1. hæð hússins. Þegar safnið flutti út haustið 1960 var húsnæðið fengið handritadeild Landsbókasafns og Handritastofnun Íslands (fyrirrennara Stofnunar Árna Magnússonar) til notkunar. Landsbókasafnið flutti í Þjóðarbókhlöðuna í árslok 1994 en geymdi bækur á Hverfisgötunni fram til ársloka 1998. Um sama leyti flutti Þjóðskjalasafnið endanlega í framtíðarhúsnæði sitt að Laugavegi 162.

Gamla Safnahúsið fékk nýtt og breytt hlutverk, þegar forsætisráðherra opnaði Þjóðmenningarhúsið á skírdag 20. apríl árið 2000. Veglegar sýningar voru opnaðar sama dag. Auk sýninganna voru fundarstofur í vesturálmu til sýnis, en þar eru litlar þemasýningar.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði smáörkina en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

2009

Fuglafrímerki

Þann 5. nóvember komu út tvö fuglafrímerki með stuttnefju og hvítmáv.

Stuttnefja *(Uria lomvia)*, myndefni 110 kr. frímerkisins, er strandfugl af svartfuglaætt og nokkuð lík langvíu. Hún er svört á höfði og baki en hvít að neðanverðu. Á veturna fær hún hvíta vanga. Goggurinn er svartur, oddhvass og með hvítri rönd á jaðri efra skolts. Fætur eru svartir og augun svört. Merkilegt er að stuttnefjan gerir sér ekki hreiður heldur verpir á bera klettasyllu en hana má helst finna í stórum hópum í Látrabjargi, Hælavík og Hornbjargi. Lítið er vitað um ferðir hennar á veturna en flestar stuttnefjur eru hér frá byrjun apríl og fram til byrjun ágúst. Varpstofninn er nálægt 600.000 pörum. Stuttnefjur verpa um mánaðamótin maí-júní einu keilulaga eggi. Egg þeirra hafa verið tekin um aldir, enda þykja mörgum þau herramannsmatur. Fæða stuttnefja er að miklu leyti svipuð og fæða langvía, en þær éta þó minna af fiski og meira af hryggleysingjum en langvíur.

Hvítmávur *(Larus hyperboreus)*, myndefni 130 kr. frímerkisins, er af mávaætt, hann er staðfugl. Fullorðinn hvítmávur er stór fugl og að mestu hvítur en ljósgrár á baki og ofan á vængjum, en vængbroddar eru hvítir. Hann hefur bleika eða ljósbrúna fætur og gulan gogg með rauðan blett á neðri skolti. Hvítmávur er 60–70 cm að lengd og hann vegur um eitt og hálft kíló. Vænghaf fuglsins er 150–165 cm. Fuglinn lifir á ýmsum lindýrum í fjörunni, krabbadýrum, kræklingi, sandsíli, ígulkerjum, fiski, fiskúrgangi og er hann einnig hinn versti eggjaþjófur. Hvítmáfurinn heldur sig mest í klettum og í grasgrónum hlíðum niðri við sjóinn. Aðalheimkynni fuglsins eru á Vestfjörðum og við Breiðafjörð, eitthvað hefur þó sést til hans við Faxaflóa og við Vestmannaeyjar. Einkvæni ríkir í hjúskap þessarar mávategundar og talið er að makatryggð sé mikil. Hvítmávur verpir þremur eggjum og situr á þeim í tæpan mánuð. Unginn dvelur í hreiðrinu um einn og hálfan mánuð.

Arnar Snorrason hannaði fuglafrímerkin en Jón Baldur Hlíðberg gerði teikningarnar. The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Þingvallakirkja 150 ára

Sama dag, 5. nóvember, kom út 190 kr. frímerki þar sem myndefnið er Þingvallakirkja.

Kirkja hefur verið á Þingvöllum frá því skömmu eftir kristnitöku. Sögur herma að Ólafur helgi Noregskonungur, sem komst til valda árið 1015 hafi gefið sérstakan kirkjuvið til að reisa kirkju á Þingvöllum. Kirkjan sem nú stendur á Þingvöllum var vígð árið 1859 og er því 150 ára á útgáfuári frímerkisins. Í undirbúningi konungskomunnar 1907 var turni kirkjunnar breytt samkvæmt tillögum Rögnvaldar Ólafssonar húsameistara. Í turninum eru þrjár klukkur, ein forn án ártals, önnur gefin kirkjunni af Jóni Vídalín biskupi á vígsluári hans 1698, og sú þriðja er „Íslandsklukkan“ frá 1944.

Kirkjan á ýmsa ágæta gripi, m.a. predikunarstól frá 1683 og altaristöflu málaða af Ófeigi Jónssyni árið 1834. Kirkjan eignaðist aðra altaristöflu eftir danska málarann Anker Lund árið 1896. Skírnarfontur kirkjunnar frá 1962 er hannaður af Guðmanni Ólafssyni. Kirkjan á einnig skírnarfat fornt, en það hvarf úr kirkjunni fyrir allmörgum árum. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga. Samkvæmt lögum sem tóku gildi 1. júní 2007 er Þingvallakirkja eign íslenska ríkisins. Ríkið á einnig Bessastaðakirkju og Dómkirkjuna á Hólum.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada prentaði frímerkin í offset og MetalFX. MetalFX prentaðferðin felst í því að fyrst er Pantone málmlitur (silfurlitur) prentaður á pappírinn og því næst myndin í fjórlit.

Jólafrímerki

Þann 5. nóvember komu einnig út tvö jólafrímerki þar sem myndefnin eru steindir gluggar Bessastaðakirkju. Jólafrímerki með áletruninni, Bréf 20g innanlands (ígildi 70 kr. á útgáfudegi) sýnir listaverk Guðmundar frá Miðdal þar sem hann túlkar Fjallræðuna. Jólafrímerki með verðgildinu 120 kr. sýnir hins vegar listaverk Finns Jónssonar Heilög Guðsmóðir. Einnig kom út frímerkjahefti með innanlands burðargjaldinu. Frímerkin, jafnt í örkum sem hefti, voru sjálflímandi.

Bessastaða er fyrst getið í Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar. Jörðin var þá í eigu Snorra Sturlusonar. Að honum látnum sló Noregskonungur eign sinni á staðinn, sem varð fyrsta jörðin á Íslandi í konungseign. Þar varð brátt höfuðsetur æðstu valdamanna konungs hér á landi og var svo til loka 18. aldar.

Kirkjur hafa staðið á Bessastöðum síðan árið 1000. Núverandi kirkja var vígð 1796. Hún er meðal elstu steinbygginga landsins. Steint gler var sett í glugga kirkjunnar árið 1956 í tilefni sextugsafmælis Ásgeirs Ásgeirssonar, annars forseta lýðveldisins. Gluggarnir eru 8 talsins og listamennirnir voru Finnur Jónsson og Guðmundur Einarsson frá Miðdal. Steindu listaverkin rekja trúarsögu Íslendinga allt frá komu Papa.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

2010

Íslensk samtímahönnun – Húsgagnahönnun

Þann 28. janúar kom út önnur frímerkjaröðin í útgáfunni Íslensk samtímahönnun og að þessu sinni voru húsgögn myndefni frímerkjanna fjögurra.

Fatahengið TRÉ frá 2001, sem er myndefni 75 kr. frímerkisins, er meðal hönnunargripa þeirra Katrínar Ólínu Pétursdóttur og Michaels Youngs. Það er haganleg lausn á ákveðnum geymsluvanda í nútíma húsnæði og formrænir eiginleikar hengisins, sérstaklega skírskotunin til náttúrunnar, gera það að sannkallaðri híbýlaprýði.

Tangó stóllinn frá 1999, sem er myndefni 140 kr. frímerkisins, er hannaður af Sigurði Gústafssyni arkitekt sem hefur nýtt þekkingu sína á sögu byggingarlistar og ýmsum fræðikenningum sem tengjast henni til endurskoðunar á ýmsum forsendum húsgagnahönnunar. Í þessum sérstæða stól, Tangó „afbyggir“ hann stólformið og endurskapar sem óð til dansins með sama nafni, þar sem karllægir og kvenlægir þættir mætast í taktfastri hrynjandi.

MGO 180 borðstofuborð frá 2005, sem er myndefni 155 kr. frímerkisins, er hannað af go form sem hönnuðirnir Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson reka. Borðið, sem er úr eik, er sagt einkennast af virðuleik og straumlínulögun innviðanna, sem aftur beri vitni alþjóðlegum straumum í húsgagnahönnun.

Sófinn Dímon frá 1999, sem er myndefni 165 kr. frímerkisins er hannaður af Erlu Sólveigu Óskarsdóttur og ber hann ýmis höfundareinkenni þessa smekkvísa hönnuðar. Húsgögn Erlu Sólveigar eru jafnan létt og þokkafull að sjá. Þau einkennast einnig af sterku formskyni og óvenjulegri meðhöndlun á ýmsum innviðum húsbúnaðar, sem þó kemur ekki niður á þægindum þeirra.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Lowe-Martin Group í Ottawa, Kandada offsetprentaði í fjórlit og einum Topstar sérlit.

2010

Selir

Sama dag, 28. janúar, komu út frímerki tileinkuð selum við Ísland. Myndefnin voru landselur og vöðuselur.

Landselur (*Phoca vitulina*), sem er myndefni 5 kr. frímerkisins, er ein útbreiddasta selategund heims og algengasta selategund við Ísland. Landselur lifir meðfram ströndum í norðurhluta Kyrrahafs, Norður-Atlantshafs og einnig í Eystrasalti. Landselur er önnur tveggja selategunda sem kæpir við Ísland, hin er útselur. Stærð stofnsins er áætluð á bilinu 400 til 500 þúsund dýr samanlagt, þar af 70 til 90 þúsund í Norðaustur-Atlantshafsstofninum. Selir hafa verið veiddir við landið allt frá landnámi. Skinn þeirra var notað, t.d. til skógerðar en aðallega var selurinn nýttur til matar. Uppistaðan í fæðu landsels er fiskur, oftast smáfiskur, ásamt hryggleysingjum, sérlega smokkfiski. Landselur er félagslyndur og oft má sjá hópa af honum á ströndum. Landselur er algengur við sunnan, vestan og norðanvert Ísland. Stærð stofnsins er ekki þekkt en hann dróst stórlega saman á síðustu áratugum 20. aldar. Við talningu 1980 voru talin 34.000 dýr við landið en einungis 10.000 árið 2003.

Vöðuselur (*Phoca groenlandica*), sem er myndefni 220 kr. frímerkisins, er skjöldóttur selur sem lifir í Norður-Atlantshafi og Norður-Íshafi. Hann er talsvert algengur flækingur við Ísland. Íslenska nafnið er dregið af því, að áður fyrr gengu stórar vöður af þessum sel til Íslands. Vöðuselur er svipaður landsel að stærð, um 170 til 180 cm langur fullvaxinn og 120 til 140 kg að þyngd. Vöðuselurinn er félagslynt dýr og fer oftast um í hópum. Selurinn étur mest loðnu og síld. Kóparnir fæðast frá lokum febrúar til byrjunar apríl. Þegar kóparnir fæðast er fæðingarhárið gult á lit en það hvítnar á fáeinum dögum. Kópurinn fær síðan silfurgráan feld með dökku munstri. Stofnstærð vöðusela í heiminum er talin vera á tíundu milljón.

Jóhann Jónsson teiknaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslenskt handverk – Útskurður í bein og tré

Þann 18. mars kom út önnur frímerkjaröðin í útgáfunni, Íslenskt handverk gamalt og nýtt. Myndefnin voru að þessu sinni Valþjófsstaðahurðin (10 kr.), drykkjarhorn lögmanns (50g innanlands, ígildi 75 kr. á útgáfudegi) og listaverkið Leikur í laufi (200 kr.).

Valþjófsstaðahurðin er frá 13. öld og einn frægasti forngripur Íslendinga. Hurðin, sem er útskorin kirkjuhurð frá Valþjófsstað í Fljótsdal, er með miklum útskurði í rómönskum stíl og er skorin út hérlendis. Á hurðinni er silfursleginn járnhringur með innlögðu rósamunstri. Í efri hringnum er þekkt miðaldasaga í þremur þáttum. Neðst sést riddari á hesti sínum og flýgur veiðihaukur með. Í neðri hringnum eru fjórir drekar sem vefja sig saman í hnút. Margar íslenskar miðaldakirkjur voru skreyttar útskurði. Búnaður þeirra og íburður bera vitni um auðlegð og völd eigendanna og sýna jafnframt tengsl Íslendinga við nágrannaþjóðir sínar. Valþjófsstaðahurðin er eina útskorna hurðin sem varðveist hefur hérlendis. Hún var fyrir kirkjum á Valþjófsstað allt til 1851 þegar hún var flutt til Kaupmannahafnar. Árið 1930 skiluðu Danir hurðinni til Íslands ásamt fjölda annarra ómetanlegra gripa

Drykkjarhorn lögréttumanns eða Kanahornið er eitt af lykilverkum frá 17. öld og er það skorið út af Brynjólfi Jónssyni bónda í Skarði í Landsveit. Brynjólfur hefur verið hagur myndskeri og ætla má að hann hafi haft nokkra atvinnu af útskurði því mörg verk eru til eftir hann. Myndirnar á horninu sýna atburði úr Gamla og Nýja testamentinu. Efst er brúðkaupið í Kana þar sem Kristur breytti vatni í vín. Neðst leggur Jóab herforingi sverði sínu gegnum Absalon, son Davíðs konungs. Á mjórri enda hornsins, stiklinum, er maður í gini dreka. Áletranir á horninu eiga við myndirnar. Þar er einnig ártalið 1598 og nafn Þorleifs Ásmundssonar sem lét gera hornið. Brynjólfur Jónsson var með fyrstu íslensku myndlistarmönnum sem urðu þjóðkunnir af verkum sínum.

2010

Þriðja frímerkið er með verkinu, Leik í laufi frá 1994 eftir Sigríði Jónu Kristjánsdóttur eða Siggu á Grund eins og listakonan kallar sig gjarnan. Sigríður er einn færasti útskurðarmeistari landsins og löngu landskunn fyrir list sína. Hún var 12 ára þegar hún byrjaði að skera út eftir pöntun. Hornskurð lærði hún af föður sínum sem var fær á því sviði. Sigríður hefur löngum heillast af dýrum og sér þess víða stað í verkum hennar. Hún er nánast sú eina á landinu sem kann hinar gömlu aðferðir við spónasmíði. Þannig eru tvö fyrstu frímerkin með myndum af gömlu handverki en það síðasta, Leikur í laufi, með mynd að nýju handverki sem byggir á útskurði sem er gamalt handverk.

Frímerkið með drykkjarhorninu kom annars vegar út sem hefðbundið offsetprentað límborið frímerki í örk með 10 frímerkjum og hins vegar kom það út í sjálflímandi útgáfu þ.e. sem örk með 50 frímerkjum sérstaklega ætluð fyrirtækjamarkaði og því eru þessar tvær útgáfur frímerkisins ólíkar. Þessi sjálflímandi útgáfa frímerkisins var prentuð í rastadjúpþrykki (Photogravure) í samprenti með svissneska póstinum (La Poste) sem hafði gefið út frímerki á þessu formati um árabil.

Guðrún Erla Grétarsdóttir hannaði frímerkin en prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi prentaði.

Norðurlandafrímerki – Norðurlöndin við hafið

Sama dag, 18. mars, kom út smáörk með tveimur 75 kr. frímerkjum í nýrri sameiginlegri útgáfuröð Norðurlandaþjóðanna, tileinkaða hafinu. Þessi samnorræna útgáfa fékk nafnið Norðurlöndin við hafið en þema fyrstu útgáfunnar af þremur, fékk nafnið, Lífið við ströndina. Íslandspóstur, tileinkaði síldarbænum Siglufirði og síldarævintýrinu þar, á fyrri hluta síðustu aldar þetta frímerki. Jafnframt var gefin út gjafamappa með smáörkum allra Norðurlandaþjóðanna í þessari útgáfu, sem ber yfirskriftina „Top of the World of Stamps“.

Hafið sem umlykur Norðurlöndin aðskilur þau og sameinar í senn. Fjölbreytileikinn er mikill við sjávarsíðuna. Djúpir firðir og tilkomumikil strandlengja, ísjakar, sæbarðar klappir og sums staðar fagrar sandstrendur sem bjóða upp á magnaða náttúruupplifun auk þess sem sjávarplássin skarta víða sínu fegursta. Fólkið sem býr við sjávarsíðuna lagar sig að nálægðinni við hafið og nýtir sér hana. Nýir atvinnuvegir bætast við hefðbundna starfshætti sjómennsku og veiðar, en orkuvinnsla, fiskeldi og ferðamennska eru dæmi um atvinnugreinar sem verða mikilvægari með hverjum deginum við norrænu strendurnar.

Fáar þjóðir eiga meira undir verndun hafsins og strandlengjunnar en Íslendingar. Þeim hefur með ströngum ráðstöfunum tekist að stöðva ofveiði og draga úr mengun sjávar. Mikilvægir fiskistofnar hafa styrkst, þar á meðal síldin. Fyrstu síldarverksmiðjurnar risu á Siglufirði og síldveiðar renndu stoðum undir íslenskt efnahagslíf um langt skeið. Sambúð Íslendinga við gjöfula en harðbýla náttúru krefst þess að auðlindir hafsins séu nýttar með sjálfbærum hætti.

Hönnuður smáarkarinnar er Elsa Nielsen en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2010

Nýsköpunartogarar

Tvö smáhefti með fjórum frímerkjum hvort komu einnig út þennan sama dag, 18. mars. Myndefnið var nýsköpunartogararnir svokölluðu, sem keyptir voru til Íslands í lok síðari heimsstyrjaldarinnar og leystu gömlu togarana af hólmi.

Myndefni 75 kr. frímerkjanna eru togararnir Ingólfur Arnarson RE 201 og Bjarni riddari GK 1, en myndefni 165 kr. merkjanna eru Sólborg ÍS 260 og Harðbakur EA 3.

Í stríðslok gerði íslenska ríkisstjórnin samning um smíði á 40 togurum í Bretlandi til endurnýjunar á íslenska togaraflotanum. Þessi skip voru einu nafni nefnd nýsköpunartogararnir. Fyrsta skipið sem afhent var samkvæmt þessum samningi, Ingólfur Arnarson, kom til Íslands í febrúar 1947.

Ingólfur Arnarson RE 201. Smíðaður í Englandi 1947. Stál, 654 brúttólestir (brl.) 1000 hestöfl (ha.), 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Bæjarútgerð Reykjavíkur, frá 4. mars 1947. Skipið fékk nafnið Hjörleifur RE 211, 1972. Það var selt til Spánar í brotajárn og tekið af skrá 3. desember 1974.

Bjarni riddari GK 1. Smíðaður í Englandi 1947. Stál, 657 brl. 1000 ha. 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Akurgerði hf., Hafnarfirði, frá 13. september 1947. Skipið var selt til Grikklands 28. september 1964.

Sólborg ÍS 260. Skipið var smíðað í Aberdeen, Skotlandi 1951. Stál, 732 brl. 1000 ha. 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Ísfirðingur hf., Ísafirði, frá 6. apríl 1951. Skipið var selt til niðurrifs og tekið af skrá í maí 1968.

Harðbakur EA 3. Smíðaður í Englandi 1950. Stál, 732 brl. 1000 ha. 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Útgerðarfélag Akureyringa hf., Akureyri, frá 2. desember 1950. Skipið var selt til Skotlands í brotajárn og tekið af skrá 18. september 1979.

Hlynur Ólafsson teiknaði frímerkin og hannaði einnig frímerkjaheftin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Skrúðgarðar

Þann 6. maí gaf Íslandspóstur út þrjú frímerki í útgáfuröðinni, Skrúðgarðar á Íslandi. Þetta var önnur útgáfan í þessari röð.

Jónsgarður, myndefni 90 kr. frímerkisins, er elsti skrúðgarðurinn á Ísafirði, opnaður árið 1922. Margir lögðu vinnu í garðinn, en Jón Jónsson klæðskeri og Karlinna Jóhannsdóttir eiginkona hans voru helstu hvatamenn að gerð garðsins og unnu við hann fyrstu árin. Þann 5. desember 1991 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðar tillögu frá garðyrkjustjóra að garðurinn skyldi nefndur Jónsgarður. Sumarið eftir var vígður minnisvarði um þau hjónin í garðinum, en sá minnisvarði var unninn af Jóni Sigurpálssyni myndlistarmanni.

Hellisgerði, myndefni 130 kr. frímerkisins, er skrúðgarður Hafnfirðinga. Garðurinn er einstakur sinnar tegundar á Íslandi hvað varðar skrúðgarð í náttúrulegu umhverfi. Lítið leiksvæði er í garðinum hugsað fyrir yngsta aldurshópinn með rólum, rennibraut, jafnvægistækjum og sandkassa. Stórt svið er einnig í garðinum þar sem hægt er að vera með hvers konar uppákomur. Garðurinn er skjólgóður og hraunið veitir yl á sólríkum dögum.

Skallagrímsgarður, myndefni 285 kr. frímerkisins, er skrúðgarður í Skallagrímsdal í Borgarnesi. Ungmennafélagið Skallagrímur og Kvenfélag Borgarness stóðu upphaflega saman að framkvæmdum í garðinum með fulltingi hreppsnefndar Borgarneshrepps. Þegar frá leið hætti ungmennafélagið afskiptum af garðinum og tók kvenfélagið alfarið við honum um 1938. Garðurinn er nú fallegur skrúðgarður með stórum trjám og fjölbreyttu blómskrúði. Fyrir nokkrum árum afhenti Kvenfélagið sveitarfélaginu garðinn til eignar og hefur sveitarfélagið síðan séð um rekstur garðsins og framkvæmdir. Í garðinum er haugur Skallagríms Kveldúlfssonar og listaverkið Óðinshrafninn eftir Ásmund Sveinsson.

Hönnuður frímerkjanna er Hany Hadaya en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2010

Evrópufrímerki – Barnabækur

Þema Evrópufrímerkjanna sem út komu 6. maí 2010 var barnabækur og barnabókateikningar samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambandi opinberra póstrekenda í Evrópu. Í tilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu segir að við hönnun frímerkjanna hafi verið tekið mið af tveimur íslenskum barnabókum, Örlög Guðanna sem er myndefni 165 kr. frímerkisins og Gott kvöld sem er myndefni 220 kr. frímerkisins. Evrópufrímerkin voru gefin út bæði í örkum og heftum. Límborin í örkum en sjálflímandi í heftum og því er tökkun frímerkjanna ólík.

Bókin Örlög Guðanna kom út 2008 og fjallar um norræna goðafræði. Bókin geymir allar helstu sögur af norrænum goðum og gyðjum í aðgengilegri endursögn. Ingunn Ásdísardóttir er höfundur texta en Kristín Ragna Gunnarsdóttir hannaði myndir og útlit. Norræn goðafræði geymir sögur sem gengið hafa kynslóð fram af kynslóð öldum og árþúsundum saman. Í Örlögum guðanna er heimi þessara sagna lýst frá því hann varð til úr líkama hrímþursins Ýmis til baráttunnar miklu í ragnarökum.

Bókin Gott Kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur kom út 2005. Bókin er skreytt teikningum eftir höfundinn. Barnaleikrit sem byggir á samnefndri bók var sett á svið í Þjóðleikhúsinu árið 2007. Sýningin hlaut Grímuna, Íslensku leiklistarverðlaunin 2008, sem barnaleiksýning ársins og fyrir verkið hlaut Áslaug tilnefningu til Norrænu leikskáldaverðlaunanna 2010. Í bókinni segir frá því þegar pabbi skreppur frá til að sækja mömmu og strákur er einn heima með bangsa sér til halds og trausts. Í umsögnum blaða um texta og teikningar Áslaugar Jónsdóttur segir, að þar birtist kostulegar persónur sem höfði til hugmyndaflugs barna.

Hönnuður frímerkjanna er Örn Smári Gíslason en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Heimssýningin í Shanghai

Þann 6. maí kom einnig út smáörk með einu 130 kr. frímerki í tilefni af heimssýningunni 2010 í Shanghai í Kína sem stóð frá 1. maí til 31. október.

Þessi heimssýning var sú stærsta og umfangsmesta sem haldin hefur verið en 190 þjóðir og um 50 alþjóðastofnanir tóku þátt í henni undir yfirskriftinni „Betri borg, betra líf".

Íslenskt atvinnulíf og fyrirtæki hvöttu til þátttöku í heimssýningunni. Gert var ráð fyrir að um 70 milljónir gesta hvaðanæva að úr heiminum myndi sækja heimssýninguna. Áherslur í skála Íslands á heimssýningunni voru á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, þekkingariðnaðar og ferðamennsku undir yfirskriftinni „Hrein orka, heilbrigt líferni". Í skálanum kynntu íslensk orkufyrirtæki í samstarfi við verkfræðistofur nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi og samstarfsverkefni á sviði nýtingar jarðhita víða um heim. Smáörkin var seld í sjálfsala fyrir utan íslenska skálann á heimssýningunni. Henni var pakkað í glæra öskju ásamt upplýsingaspjaldi.

Hönnuður smáarkarinnar er Örn Smári Gíslason en prentsmiðja Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Persónuleg frímerki – Frímerkin mín

Persónuleg frímerki eða Frímerkin mín hafa verið í boði fyrir almenn bréf 0-50g innanlands frá því í maí 2008. Tvö slík frímerki voru gefin út 6. maí og frá og með þeim degi voru persónuleg frímerki í boði fyrir almenn bréf 0-50g í A-pósti til landa í Evrópu (ígildi 165 kr. á útgáfudegi) og utan Evrópu (ígildi 220 kr.). Í tilefni þessarar frímerkjaútgáfu gaf Íslandspóstur út tvö opinber persónuleg frímerki sem send voru öllum áskrifendum frímerkja en þema þessara frímerkja er börn í boltaleik.

Í tilkynningu Póstsins með útgáfunni segir, að með persónulegum frímerkjum megi halda upp á sérstaka viðburði eins og trúlofanir og giftingar, fermingar og barnsfæðingar. Þau séu einnig skemmtileg leið til að senda kveðjur til ættingja og vina og nú gefist viðskiptavinum tækifæri til að setja sínar eigin myndir á frímerki til útlanda. Í hverri frímerkjaörk eru 24 sjálflímandi frímerki.
Í tilkynningunni kemur enn fremur fram að Frímerkin mín sé eingöngu hægt að panta á vef fyrirtækisins. Forsenda þjónustunnar er að Pósturinn fái stafrænar myndir (jpg) sendar yfir netið eða í gegnum GSM-síma og að kaupandi greiði með kreditkorti. Til að koma í veg fyrir hugsanlegar falsanir frímerkjanna eru öryggisþættir til staðar að erlendri fyrirmynd um slík frímerki. Frímerkja-arkirnar eru með sérhannaðri tökkun, og prentaðar með Pantone málmlitum auk þess sem UV-öryggisblek er notað við prentunina.

Persónuleg frímerki eru orðin vel þekkt víða erlendis en á Norðurlöndunum eru það Finnland, Álandseyjar og Noregur sem bjóða upp á slík frímerki auk Íslands, en Finnar riðu fyrstir norrænu þjóðanna á vaðið í maí 2003. Þeir voru jafnframt fyrsta þjóðin í heiminum til að bjóða upp á persónuleg frímerki eingöngu sem sem Internet-lausn.

Örn Smári Gíslason sá um hönnun opinberu frímerkjanna, frímerkjaarkanna og rammanna um persónulegu frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit ásamt UV-bleki.

Eldsumbrot í Eyjafjallajökli

Þann 22. júní voru gefin út þrjú frímerki þar sem myndefnin voru sótt til eldsumbrotanna í Eyjafjallajökli í apríl og maí sama ár. Gosin í Eyjafjallajökli eru með mestu umbrotum sem orðið hafa hér á landi í nokkra áratugi og því þótti við hæfi að helga þeim sérstaka sumarútgáfu frímerkja. Verðgildi frímerkjanna er sem hér segir: 50g bréf innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi), 50g bréf til Evrópu (ígildi 165 kr.) og 50g bréf utan Evrópu (ígildi 220 kr.).

Litið er á eldsumbrotin sem hófust í Eyjafjallajökli rétt fyrir miðnætti 20. mars 2010 sem eitt eldgos í tveimur aðskildum fösum. Í fyrri fasanum kom kvikan upp í Fimmvörðuhálsi. Gosið var tiltölulega lítið og samkvæmt jarðskjálftamælum virtist því ljúka 12. apríl. Um sólarhring síðar, aðfaranótt 14. apríl, hófst gos að nýju og kom kvikan þá upp í suðvestanverðum toppgíg Eyjafjallajökuls. Þá um morguninn sáust miklir gosbólstrar sem teygðu sig 30 kílómetra í suður. Gosaskan dreifðist um alla Evrópu og olli gríðarlegum truflunum á flugumferð í nokkra daga, hinum mestu frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Talið er að í síðara gosinu hafi komið upp um 250 milljón kúbikmetrar af ösku. Öskufall olli miklum búsifjum á Suðurlandi. Gripið var til víðtækra rýminga og hundruð fjölskyldna fluttar frá þeim stöðum sem verst urðu úti. Þann 21. maí minnkaði gosvirkni verulega og samfelldu gosi lauk 22. maí.

Gosið í Eyjafjallajökli í mars 2010 kom jarðfræðingum ekkert sérstaklega á óvart. Mikill fjöldi smáskjálfta hafði gengið yfir vikurnar á undan en slíkar hrinur höfðu orðið af og til allt frá árinu 1990. Talið er að orðið hafi kvikuinnskot undir fjallið árin 1994 og 1999 en þau náðu ekki til yfirborðs. Uppbygging fjallsins hefur verið mjög hæg og gos hafa verið þar lítil og fá. Á sögulegum tíma var lengi aðeins vitað um eitt gos með vissu, frá 1821-3. Ágætar heimildir eru til um þetta gos sem varð rétt vestan við öskjuna í háfjallinu. Gjóskufall stóð í viku. Hlaup kom í Markarfljót sem eyddi sums staðar grónu landi. Þetta gos var fremur lítið en stóð hins vegar alllengi yfir eða í tæp tvö ár. Hálfu ári eftir að það

hófst, eða í júní 1822 herti það mjög um tíma. Í þann mund sem þessu gosi lauk gaus Katla. Kötlugos virðist hafa fylgt gosum í Eyjafjallajökli í öll þau skipti sem hann hefur gosið frá landnámi. Fjallið gaus einnig árin 1612-13 og árið 920. Litlar sem engar heimildir eru til um þessi gos en gjóskulagarannsóknir hafa leitt þau í ljós. Bæði þessi gos hafa verið fremur lítil og bæði í jöklinum sjálfum.

Það sem menn óttast helst varðandi gos í Eyjafjallajökli er tenging við hina mikilvirku og hættulegu eldstöð Kötlu. Fjarlægðin milli eldfjallanna er lítil og nýjustu rannsóknir benda til þess að kvikuinnskot úr Eyjafjallajökli gætu náð annaðhvort inn í kvikuhólf Kötlu eða í súran gúl undir Goðabungu. Slíkt gæti hleypt af stað sprengigosi í Kötlu og hafa jarðfræðingar líkt þessu ástandi við púðurtunnu. Þau gos sem hafa orðið í Kötlu samfara eða eftir gos í Eyjafjallajökli hafa hins vegar ekki verið af þessari gerð. Þó ekki sé nákvæmlega vitað hvernig sambandi þessara eldstöðva er háttað er ljóst að telja verður allmiklar líkur á því að Katla gjósi á næstu árum eða áratugum. Líkurnar ertu taldar aukast vegna þess að goshlé Kötlu er orðið óvenju langt.

Frímerkin hönnuðu Borgar Hjörleifur Árnason og Hany Hadaya. Ljósmyndina á 50g innanlands frímerkinu tók Óskar Ragnarsson en ljósmyndirnar á hinum tveimur frímerkjunum tók Ragnar Th. Sigurðsson. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkin en auk þess voru þau silkiprentuð með mjög fínkorna trakíandesít ösku (3 míkron (μm) eða minni). Askan féll undir Eyjafjöllum 17. apríl 2010 og var fengin hjá Magnúsi Tuma Guðmundssyni hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Trakíandesít kvikan kom af um 7 km dýpi, kísilinnihaldið er um 60% og hún var rúmlega 1100°C heit þegar hún komst í snertingu við jökulhettuna.

Ólympíuleikar ungmenna

Þann 16. september kom út 165 kr. frímerki sem helgað var Ólympíuleikum ungmenna. Singapúr var gestgjafi á fyrstu Ólympíuleikum ungmenna sem haldnir voru 14.–26. ágúst 2010. Um var að ræða smækkaða útgáfu af Ólympíuleikum, ætlaðir ungu afreksfólki í íþróttum á aldrinum 14 til 18 ára frá öllum heiminum. Samhliða leikunum fóru fram verkefni og viðburðir tengdir fræðslu um Ólympíuleikana og hugsjón þeirra, samfélagslega þætti og forvarnir sem snúa að lyfjamisnotkun og þess háttar vágestum.

Á Ólympíuleikum ungmenna er keppt í mörgum greinum og skiptast leikarnir í sumarleika og vetrarleika eins og Ólympíuleikar fullorðinna. Hugmyndina átti Jacques Rogge forseti Alþjóða Ólympíunefndarinnar og var hún kynnt til sögunnar árið 2001. Á 119 þingi Alþjóða Ólympíunefndarinnar árið 2007, sem haldið var í Guatemala, var ákveðið að koma á fót Ólympíuleikum ungmenna. Sumarleikarnir standa yfir að hámarki í 12 daga, vetrarleikarnir að hámarki í 9 daga og áttu fyrstu vetrarleikarnir að fara fram í Innsbruck í Austurríki í janúar 2012.

Singapúr varð fyrir valinu fyrir þessa leika eftir harða samkeppni við Moskvu. Alls fékk Singapúr 53 atkvæði en Moskva 44, en 105 af 110 aðilum í Alþjóða Ólympíunefndinni höfðu kosningarétt í póstkosningu sem fram fór í febrúar 2009. Alls var reiknað með 3.200 keppendum og 800 fylgdarmönnum á þessa leika, en á dagskrá var keppni í öllum þeim íþróttagreinum sem voru á dagskrá Ólympíuleikanna í London 2012.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Fyrstu gasljósin í Reykjavík 100 ára

Sama dag, 16. september, kom einnig út 450 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin síðan fyrstu gasljósin voru sett upp í Reykjavík.

Ljósmeti fyrri tíma var mör, hrossafeiti, hvalspik, sellýsi, hákarlalýsi og lýsi úr fiskalifur. Kveikirnir voru gerðir úr fífu. Þegar sást ekki til tungls í skammdeginu var reynt að setja ljós í glugga til þess að vísa mönnum veg heim að bæjum. Þessi ljós voru dauf og megnuðu hvorki að vísa mönnum heim til bæja né lýsa mönnum til vegar á fyrstu götum Reykjavíkur. Þannig var ástandið til ársins 1860 þegar steinolíulampar fóru að flytjast til landsins. Þessi ljósker voru notuð til ársins 1910, en þá hófst rekstur gasstöðvar í Reykjavík. Þá var kveikt á 207 nýjum ljóskerum, eða um helmingi fleiri en áður voru.

Sérstök gassýning var haldin af þessu tilefni í Templarahúsinu í Reykjavík og mætti fjöldi manns á sýninguna. Þar voru sýnd gasljós af ýmsum tegundum, gassuðuverkfæri og gasbökunarverkfæri, gasofn, gasmælar, gashitun á línsterkjunarverkfærum og margt fleira. Í salnum logaði á 15 gaslömpum og lýstu þeir hann svo vel upp sem best verður á kosið, eins og segir í blaðafréttum af þessum viðburði þann 13. júlí 1910. Uppi á sviði hússins voru sýnd ýmis sérstök ljósáhöld, og útskýrt fyrir sýningargestum hvernig ætti að nota þau.

Með gasstöðinni hófst bylting í baráttu Íslendinga við myrkrið og margir létu setja gasljós í híbýli sín. Gasstöð Reykjavíkur var gasveita við Hlemm í Reykjavík sem var starfrækt frá 1910 til 1956. Hún framleiddi gas til eldunar og lýsingar úr innfluttum kolum. Þegar gasinu hafði verið náð úr kolunum með upphitun, varð til koks, sem Gasstöðin seldi. Gasið var síðan notað til lýsingar og eldunar og koksið til brennslu og upphitunar. Eftir stofnun Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1921 var gasið nær einvörðungu nýtt til eldamennsku.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Vífilsstaðahælið 100 ára

Þann 16. september kom einnig út annað minningarfrímerki með áletruninni 100g bréf innanlands (ígildi 90 kr. á útgáfudegi). Tilefnið að þessu sinni var að 100 ár voru liðin frá því að Vífilsstaðahælið var tekið í notkun fyrir berklasjúklinga.

Það má rekja upphaf baráttunnar við „hvíta dauðann“ og undirbúning að stofnun Vífilsstaðahælisins til fundar í Oddfellowstúku nr. 1, Ingólfi árið 1906 þar sem einn félaginn, dr. Guðmundur Björnsson landlæknir, flutti erindi um berklaveiki og lagði til að stúkan skipaði nefnd sem hefði það hlutverk að vinna að útrýmingu veikinnar hér á landi. Starf nefndarinnar gekk eftir og 13. nóvember sama ár var boðað til opins fundar í Bárubúð þar sem Heilsuhælisfélagið var stofnað. Þó Oddfellowbræðurnir hefðu forgöngu um málið og gæfu til þess mikið fé ásamt því að útvega lánsfé, var miklu safnað meðal almennings víðs vegar um land. Vífilstaðahælið var byggt og teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni.

Framkvæmdir gengu vel og var spítalinn vígður og tekinn í notkun 5. september 1910. Vífilsstaðahælið var rekið fyrir reikning Heilsuhælisfélagsins til ársins 1916 en þá tók Landssjóður Íslands yfir reksturinn. Vífilsstaðir voru byggðir fyrir um 80 sjúklinga en árið 1922 voru sjúklingar að meðaltali 130 á dag og átti þeim enn eftir að fjölga. Á þriðja tug aldarinnar var talið að 20% allra dauðsfalla á Íslandi mætti rekja til berklaveikinnar. Á árunum 1919-1920 var byggt íbúðarhús fyrir yfirlækni og barnadeild tók til starfa. Börn urðu oft fórnarlömb berklanna. Töluvert bar á því að fólk sem hafði fengið góðan bata eftir langa hælisvist, veiktist aftur af völdum lélegs aðbúnaðar. Kom því upp sú hugmynd meðal berklasjúklinga að stofna samtök sem myndu vinna að hagsmunamálum sjúklinga. Stofnuð voru hagsmunasamtök berklasjúklinga á Vífilsstöðum þann 24. október árið 1938 og fengu hin nýju samtök nafnið Samtök íslenskra berklasjúklinga, skammstafað SÍBS. Vífilsstaðir voru berklahæli fram undir 1970.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa Kanada offsetprentaði það.

Dagur frímerkisins – Ár líffræðilegrar fjölbreytni



Dags frímerkisins var að þessu sinni minnst með útgáfu smáarkar þann 16. september, með tveimur 90 kr. frímerkjum þar sem þemað var, Ár líffræðilegrar fjölbreytni. Sameinuðu þjóðirnar lýstu árið 2010 Alþjóðlegt ár líffræðilegrar fjölbreytni (International Year of Biodiversity). Tilgangurinn var að minna á mikilvægi fjölbreytileikans í lífríkinu og hvetja til þess að stoðum sé rennt undir sjálfbæra þróun og verndun samfélaga fyrir afleiðingum óvæntra áfalla eins og vatnsskorts, útbreiðslu smitsjúkdóma, óveðra, uppskerubrests og dauða búpenings.

Á síðustu áratugum hafa efnahagsþróun og tækniframfarir stuðlað að bættri lífsafkomu fjölda manns og hífta suma fátækustu meðlimina í fjölskyldu mannsins upp úr sárustu örbirgð. En á sama tíma hafa ósjálfbærar framleiðsluaðferðir og neysla dregið úr fjölbreytni lífríkisins meir en dæmi eru um í sögunni, með þeim afleiðingum að vistkerfi þola vart lengur efnahagsframfarir sem mannkynið hefur stritað til að ná. Nánast öllum vistkerfum jarðar hefur verið umbylt af völdum manna. Breytingar á landnýtingu, sérstaklega ruðningur regnskóga og stækkun eyðimarka, hafa í för með sér að staðbundin úrkoma minnkar sem veldur myndun eyðimarka og vatnsskorti. Hæfni vistkerfa til að draga úr áhrifum flóða og fellibylja hefur minnkað vegna framræslu votlendis, grisjun skóga og fenjaviðar. Fjölbreytni lífríkisins sér mönnunum fyrir nægri fæðu, fatnaði og húsaskjóli og stuðlar með ýmsu móti að bættri heilsu og velferð. Grípa verður til ýmissa nýrra og öflugri aðferða á öllum sviðum, ef stöðva á rýrnun á fjölbreytni lífríkisins og tryggja réttláta nýtingu auðlinda.

Þorbjörg Helga Ólafsdóttir hannaði smáörkina en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Íslensk myndlist – Alþýðulistamenn

Fyrstu frímerkin í nýrri útgáfuröð sem tileinkuð er íslenskri myndlist komu út 4. nóvember. Þessi fyrsta útgáfa nefndist myndlist íslenskra einfara. Málverkin sem prýða frímerkin eru Foss (50g bréf innanlands, ígildi 75 kr. á útgáfudegi) eftir Ísleif Konráðsson, Skeggjaður maður og blómaflúr (100g bréf innanlands, ígildi 90 kr.) eftir Sölva Helgason, Breiðfirskur víkingur (50g bréf til Evrópu, ígildi 165 kr.) eftir Sigurlaugu Jónasdóttur og Fiskar (50g bréf utan Evrópu, ígildi 220 kr.) eftir Karl Einarsson Dunganon.

Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts skrifar Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur sem jafnframt var ráðgjafi við þessa frímerkjaútgáfu, um alþýðulist og listamenn. Þar segir, að þótt saga íslenskrar myndlistar sé ekki löng, þá sé hún afar fjölbreytt. Ekki er langt síðan athygli beindist að lítt könnuðum þætti hennar, myndlist sjálflærðra alþýðulistamanna, svokallaðra naívista eða einfara. Rætur slíkrar myndlistar liggja að hluta til í gömlu handverki og trúarlegri myndlist, en hún fær hins vegar byr undir báða vængi um hinn vestræna heim í kjölfar iðnbyltingar, þegar endanlega rofnuðu aldagömul tengsl milli manns og náttúru. Á Íslandi varð naív myndlist til sem eins konar framlenging af alþýðlegri frásagnarhefð, þar sem rosknir menn og konur rifjuðu upp landslag, mannlíf og munnmælasögur úr fortíð og festu á striga af allt að því barnslegri einlægni. Myndlist af þessu tagi verður hvorki lærð né kennd og hún myndar ekki hefð í strangasta skilningi, heldur er sérhver naívur listamaður eins og eyland.

Elstur þessara íslensku einfara er Sölvi Helgason (1820–1895), umflakkandi auðnuleysingi, sem greiddi fyrir viðurgerning á bóndabæjum með litríkum „portrettmyndum“ af gestgjöfum sínum. Ísleifur Konráðsson (1889–1972) var verkamaður af Vestfjörðum, sem vann erfiðisvinnu í Kaupmannahöfn mestalla ævi sína, en fluttist síðan heim gamall maður og hóf að rifja upp minningar frá heimaslóðum í björtum og skrautlegum olíumálverkum.

Karl Dunganon (1897-1972) flakkaði um Evrópu, þar sem hann kynnti sér m.a. myndlist frumþjóða og Austurlanda. Hann gerir sér ævintýralegan myndheim, uppfullan með ógnvekjandi frásagnir og draumsýnir.

Yngst þessara einfara er Sigurlaug Jónasdóttir (1913-2004) frá Öxney í Breiðafirði, sem hóf að mála elskulegar og frásagnarkenndar myndir frá æskuslóðum sínum eftir að hún settist í helgan stein.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði frímerkin. Á sama tíma kom einnig út gjafamappa með frímerkjunum ásamt umfjöllun um listamennina á íslensku og ensku eftir Aðalstein Ingólfsson. Svansprent prentaði gjafamöppuna.

Vísir 100 ára

Sama dag, 4. nóvember kom út 140 kr. frímerki í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Vísis, fyrsta dagblaðs á Íslandi.

Í byrjun síðustu aldar taldi Jón Ólafsson ritstjóri að grundvöllur væri kominn fyrir dagblað í höfuðstaðnum og hóf að gefa út Dagblaðið, ekki síst til að setja erlendar símfregnir á prent jafnóðum og þær bárust. Í nóvember 1906 hafði Ritzau fréttastofan byrjað að senda skeyti til Íslands og var það í fyrsta sinn sem Íslendingar nutu þjónustu erlendrar fréttastofu. Dagblaðstilraunin rann fljótlega út í sandinn en næsta tilraun til dagblaðaútgáfu var gerð í desember árið 1910. Íbúar Reykjavíkur voru þá orðnir um tólf þúsund eða nægilega margir til að skapa grundvöll fyrir „óháð frétta- og auglýsingablað“.

2010

Stofnandi nýja dagblaðsins var Einar Gunnarsson og kallaði hann það Vísi til dagblaðs í Reykjavík, síðar stytt í Vísi. Þar með hófst samfelld dagblaðaöld á Íslandi.

Í ávarpi til lesenda sagði ritstjórinn: „Vísir er að þreifa fyrir sér hvort tiltök séu að stofna hér dagblað. Dagblaðið ætti aðallega að vera sannort fréttablað en laust við að taka þátt í deilumálum.“ Einar Gunnarsson gerði sér grein fyrir því að markaður hins nýja dagblaðs var eingöngu Reykjavík og nágrenni en til þess að ná til sem flestra kaupenda varð hann að halda blaðinu utan pólitískra flokkadrátta. Vísir var alla tíð fyrst og fremst Reykjavíkurblað.

Þremur árum eftir stofnun Vísis fékk hann öfluga samkeppni í höfuðstaðnum. Það var þegar Vilhjálmur Finsen loftskeytamaður stofnaði Morgunblaðið, einnig í þeim tilgangi að gefa út óháð fréttablað. Hann hafði Politiken í Danmörku og fleiri stórblöð að fyrirmynd en Vilhjálmur hafði þá búið árum saman erlendis og verið fréttaritari slíkra blaða. Með honum við stofnun blaðsins var Ólafur, sonur Björns Jónssonar, sem tekið hafði við ritstjórn Ísafoldar 1909 er Björn Jónsson varð ráðherra. Náin tengsl voru því milli Morgunblaðsins og Ísafoldar sem áfram var gefin út vikulega. Morgunblaðið var til að byrja með fyrst og fremst Reykjavíkurblað eins og Vísir en átti þegar fram liðu stundir eftir að verða langstærsta og öflugasta blað þjóðarinnar og hafa útbreiðslu um allt land.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa í Kanada offsetprentaði.

Jólafrímerki

Síðasta útgáfa ársins var að venju jólafrímerkin sem komu einnig út þann 4. nóvember og bæði með gramma áletrun. Á öðru frímerkinu, 50g bréf innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi) er aðventukrans og snjótittlingur en á hinu, 50g bréf til Evrópu (ígildi 165 kr.) er hnöttur, alsettur snjókristöllum, ásamt tveimur snjótittlingum. Einnig kom út frímerkjahefti með innanlandsburðargjaldinu, 50g bréf innanlands. Frímerkin, jafnt í örkum sem hefti, voru sjálflímandi að þessu sinni.

Sveinbjörg Hallgrímsdóttir myndlistarmaður á Akureyri er höfundur myndanna sem unnar voru með grafískri tækni sem nefnist koparrista. Sveinbjörg segir svo um þessi verk sín: „Meginmyndefnið er hringurinn í litum vetrarins og með honum er vísað til okkar hnattlaga jarðar sem verður hér einnig tákn aðventunnar og jafnframt tákn árstíðanna og óendanleikans. Samofnir þessu þema, á báðum frímerkjunum, eru einnig fuglar íslenska vetrarins, snjótittlingarnir“.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og frímerkjaheftið. Það var prentsmiðjan, The Lowe-Martin Group í Ottawa í Kanada sem offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

2011

Alþjóðanáttúruverndarsjóðurinn 50 ára

Alþjóðanáttúruverndarsjóðurinn varð 50 ára 2011 og í tilefni þess gaf Íslandspóstur úr fjögur frímerki þann 27. janúar þar sem myndefnin voru fuglar á válista. Fuglarnir eru helsingi og hrafnsönd, sem eru á frímerkjum með áletruninni 50g innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi) og blesgæs og gargönd, sem eru á frímerkjum með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 165 kr.)

Alþjóðanáttúruverndarsjóðurinn eða The World Wide Fund for Nature (WWF) var stofnaður 1961. Samtökin eru ein hin öflugustu í heiminum á sviði náttúruverndar. Um 6 milljónir einstaklinga styðja samtökin með einum eða öðrum hætti og þau reka félagsdeildir víða um heim. Íslensku frímerkin, sem gefin voru út í tilefni 50 ára afmælisins, bera tákn samtakanna, pönduna.

Válisti – stundum kallaður rauður listi – er skrá yfir tegundir lífvera sem eru fágætar eða í hættu. Íslenskur válisti yfir fugla var fyrst gefinn út árið 2000. Þá röðuðust 32 fuglategundir á listann, eða 42% íslenskra varpfugla. Reyndar voru þrjár þeirra útdauðar (geirfugl) eða hættar að verpa (keldusvín og haftyrðill) hér á landi. Ekki eru allar tegundir á válista í bráðri hættu. Sumar eru sjaldgæfar af náttúrunnar hendi. Öðrum getur stafað hætta af athöfnum manna, s.s. framræslu, skógrækt, vegagerð eða veiðum, auk ýmissa óbeinna áhrifa og er helst ástæða að huga að þessum fuglum. Hætturnar eru ekki alltaf hérlendis enda dveljast sumir fuglar lengur á ári hverju í útlöndum en á Íslandi.

Helsingi (*Branta leucopsis*) er aðallega fargestur frá norðlægari slóðum. Fuglarnir koma hér við í nokkrar vikur árlega og halda sig mest í Skagafirði og A-Húnavatnssýslu á vorin, en í Vestur-Skaftafellssýslu á haustin. Nokkur varpstofn hefur byggst upp síðustu áratugi. Varpslóðir eru í Skaftafellssýslum en voru fyrst

í Breiðafjarðareyjum. Grænlenski stofninn er um 70 þúsund fuglar og hefur vaxið í mörg ár, þrátt fyrir nokkrar veiðar á Íslandi en hvergi annars staðar.

Hrafnsönd *(Melanitta nigra)* er ein af sjaldgæfari andategundum sem verpir hérlendis. Stofninn er talinn um 300 varppör, mestmegnis í Þingeyjarsýslum og algengust við Mývatn. Hrafnsönd er farfugl sem dvelst við strendur Bretlandseyja og Evrópu allt suður til Portúgal yfir vetrarmánuðina. Henni er talsverð hætta búin á vetrarstöðvunum vegna olíumengunar og í seinni tíð, einnig vegna vindmylla í sjó. Fuglinn er alfriðaður hérlendis en nokkuð drepst af honum í silunganetum.

Blesgæs *(Anser albifrons)* er fargestur hérlendis og eru fuglarnir af sérstakri deilitegund sem verpir aðeins á vesturströnd Grænlands. Þeir halda mest til á Suðurlandsundirlendi og í Borgarfirði vor og haust en á veturna í Skotlandi og á Írlandi. Stofninn telur um 25 þúsund fugla sem hefur dregist saman síðasta áratug. Meginástæðan er talin samkeppni við Kanadagæsir á varpstöðvunum, en áður einnig veiðar á Íslandi en þær voru bannaðar árið 2006. Verið er að vinna sérstaka verndaráætlun um grænlensku blesgæsina.

Gargönd *(Anas strepera)* er fyrst talin hafa orpið á Íslandi á 19. öld. Varpstofninn er metinn 200–300 pör, aðallega í Þingeyjarsýslum í kringum Mývatn. Gargönd er farfugl en megin vetrarstöðvar hennar eru á Írlandi. Hún er alfriðuð hérlendis, bæði fuglar og egg.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en fuglamyndirnar eru eftir Jóhann Óla Hilmarsson (helsingi, blesgæs og hrafnsönd) og Graham Eaton (gargönd). Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkin.

Selir

Þennan sama dag, 27. janúar komu út tvö frímerki í röðinni, Selir við Ísland en fyrstu frímerkin í þessari útgáfuröð komu út í janúar 2010. Myndefnin að þessu sinni voru hringanóri og útselur.

Hringanóri *(Phoca hispida)*, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 100g bréf innanlands (ígildi 90 kr. á útgáfudegi), er selur sem er ívið minni en landselur. Þessi selategund lifir allt í kringum Norður-Íshaf og er þar langstærsti selastofninn. Hringanórinn er algengur flækingur við Ísland, sérlega á Norðurlandi. Oftast koma þeir einir eða fáir saman og í flestum tilfellum fullorðnir brimlar. Lengd hringanóra er á bilinu 120–190 cm og þeir geta orðið allt að 100 kg. Brimillinn er heldur stærri en urtan. Hringanórinn þekkist þó helst á að hann hefur hringlaga flekki á baki með ljósum hringjum í kring og hefur nafn af því.

Útselur *(Halichoerus grypus)*, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g bréf utan Evrópu (ígildi 220 kr.), er stór selur sem er útbreiddur báðum megin Norður-Atlantshafsins. Útselur er önnur tveggja selategunda sem kæpa við Ísland, hin tegundin er landselur. Útselir eru allt að helmingi stærri en landselir. Fullorðinn brimill getur náð yfir þriggja metra lengd og orðið 300 kg. Urturnar eru gráar að lit með dökkum flekkjum að ofan en brimlarnir eru næstum einlitir dökkir. Bæði augu og eyru sitja hátt á höfðinu og selurinn getur því horft í kringum sig án þess að reisa höfuðið hátt upp úr sjónum.

Jóhann Jónsson teiknaði frímerkin en Joh Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2011

Evrópufrímerki – Alþjóðlegt ár skóga

Tvö Evrópufrímerki komu út 17. mars í bæði örkum og heftum. Frímerkin í örkunum eru límborin en sjálflímandi í heftunum og því er tökkun frímerkjanna ólík. Sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna að þessu sinni var Alþjóðlegt ár skóga og var útgáfan í samræmi við þá ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að árið 2011 skyldi vera tileinkað Alþjóðlegu ári skóga (International Year of Forests).

Fyrra frímerkið, með áletruninni 50g til Evrópu, (ígildi 165 kr. á útgáfudegi) sýnir þversnið af trjábol og er táknrænt fyrir skóginn sem auðlind, þ.e. sem framleiðanda trjáviðar.

Seinna frímerkið, með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 220 kr.) sýnir nærmynd af laufblaði og táknar vistkerfisþjónustu sem skógar veita, sérstaklega þá að binda kolefni úr andrúmsloftinu.

Nútíma Íslendingar hafa tilhneigingu til að líta á skóg sem þátt í landslagi en síður sem auðlind. Skógar fortíðar framleiddu byggingarefni, eldivið, viðarkol til járnsmíða og fóður fyrir búfé. Með nútíma skógrækt eru Íslendingar að byggja upp sína eigin skógarauðlind á ný. Skógar veita einnig margskonar vistkerfisþjónustu, svo sem að vernda vatn og jarðveg og vera búsvæði fyrir fjölda lífvera. Laufblöð og nálar draga koltvísýring (CO_2) úr andrúmslofti og þannig hjálpa skógar til við að draga úr gróðurhúsaáhrifum í andrúmsloftinu.

Hönnuður frímerkjanna og frímerkjaheftanna er Elsa Nielsen. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði frímerkin sem jafnframt eru með litaðri málmfilmu.

Vitafrímerki

Sama dag, 17. mars, komu út tvö frímerki í nýrri útgáfuröð sem helguð var vitum á Íslandi. Myndefni fyrstu vitanna í þessari röð voru Langanesviti, á frímerki sem ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi) og Stokksnesviti, á frímerki sem ber áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 165 kr.). Frímerkin komu út sem sjálflímandi frímerki í örk með 10 frímerkjum. Aftan á frímerkjaarkirnar eru prentaðir uppdrættir af vitunum.

Árið 1910 var fyrst reistur viti á Fonti, yst á Langanesi. Það var stólpaviti sömu gerðar og vitarnir sem reistir voru á Reykjanesi og Öndverðarnesi árið áður. Hönnuður var Axel Sveinsson verkfræðingur. Árið 1914 var reist í hans stað 3 metra há járngrind með ljóshúsi og í það settur ljósabúnaður stólpavitans. Nýr viti var reistur á Langanesi árið 1950. Ljóshús vitans er af sænskri gerð, 3,5 metra hátt, með steinsteyptri undirstöðu og eirþaki. Í það var látin ný díoptrísk 1000 mm linsa og gasljóstækin úr gamla vitanum. Árið 1961 voru sett ný gasljóstæki í vitann og hann var rafvæddur með sólarorku 1992. Sjálfvirk veðurathugunarstöð var sett upp í tengslum við vitann árið 1994. Langanesviti er steinsteyptur 6 metra hár sívalur og kónískur turn á lágum sökkli.

Á Stokksnesi við Vestrahorn var reist 15 metra há járngrind árið 1922, með 3,5 metra háu ljóshúsi. Þessi viti var útbúinn með 290° katadíoptrískri 750 mm linsu og steinolíuljóstækjum sem skipt var út fyrir gasljóstæki árið 1928. Árið 1946 var byggður steinsteyptur viti á Stokksnesi í stað járngrindarvitans. Hönnuður var Ágúst Pálsson arkitekt. Á hann var sett ljóshús og linsan af gamla járngrindarvitanum og gasljóstæki. Árið 1958 var ljóshúsið endurnýjað, veggir steinsteyptir og yfirbygging með eirþaki sett yfir. Vitinn var raflýstur ári síðar en gas haft til vara. Stokksnesviti er þrístrendur kónískur 16 metra hár turn með afsniðin horn. Allir vitar á Íslandi eru í eigu og umsjón Siglingastofnunar Íslands.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en höfundur ljósmynda er Friðrik Örn Hjaltested. Offsetprentun annaðist Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi.

2011

Aksturs íþróttir

Tvö smáhefti með fjórum frímerkjum hvort komu einnig út 17. mars, tileinkuð akstursíþróttum á Íslandi. Myndefni frímerkjanna, sem bera áletrunina 50g innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi), vísa í akstursíþróttirnar rally og mótokross en myndefni frímerkjanna, sem bera áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 165 kr.), vísa í akstursíþróttirnar torfæru og kvartmílu.

Akstursíþróttir hafa notið vaxandi vinsælda á síðari árum og er fjórum þeirra gerð skil á umræddum frímerkjum með myndum af viðeigandi ökutækjum fyrir þessar íþróttagreinar: torfæra, rally, mótokross og kvartmíla. Þessar akstursíþróttir eru ekki gamlar á Íslandi. Kvartmíluklúbburinn var stofnaður 6. júní 1975 og sama ár fór klúbburinn að halda bílasýningar og sandspyrnukeppnir. Hafist var handa við byggingu keppnisbrautar í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar 1978 og var hún formlega opnuð vorið 1980.

Reykjavíkurrallyið er einn stærsti viðburður akstursíþrótta á Íslandi. Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur gengst fyrir rallyinu en klúbburinn er meðal elstu félagasamtaka á landinu sem helga sig akstursíþróttum. Klúbburinn var stofnaður 1977 og félagarnir iðka nánast allar tegundir akstursíþrótta, m.a. rallýkross, sandspyrnu og torfæruakstur. Fyrsta keppni í torfæruakstri hér á landi fór fram 2. maí 1965 en torfæra er ein vinsælasta akstursíþrótt landsmanna. Mótokross er sambland af mótorhjólasporti og torfærukeppni haldin á lokuðum og sérhönnuðum brautum en nokkrar slíkar eru hérlendis. Til mótokross teljast líka „enduro, supermoto, trial“ og fleiri vélhjólaíþróttir sem ekki verða skilgreindar hér.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og heftin og tók jafnframt ljósmyndina frá keppni í mótokrossi. Elvar Örn Reynisson tók myndina af rallybílnum, Pétur Sigurðsson af kvartmílubílnum, sem er Chevrolet Camaro og Bragi Geirdal Guðfinnsson af torfærubílnum. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi sá um offsetprentun.

Háskóli Íslands 100 ára

Háskóli Íslands varð 100 ára 2011 og í tilefni þess gaf Íslandspóstur út frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi) þann 4. maí.

Háskóli Íslands er ríkisháskóli, stofnaður árið 1911. Við það sameinuðust Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn. Ein deild innan Háskólans var tileinkuð hverjum þeirra auk þess sem stofnuð var sérstök heimspekideild. Fyrsta árið voru 45 nemendur við skólann, fimm í guðfræðideild, sautján í lagadeild og 23 í læknadeild, en enginn var skráður í heimspekideild. Fyrsti rektor skólans var Björn M. Ólsen, prófessor við heimspekideild. Fyrstu 29 árin var Háskóli Íslands staðsettur á neðri hæð Alþingishússins við Austurvöll, en árið 1940 flutti skólinn starfsemi sína í nýtt húsnæði, aðalbyggingu Háskólans, austan við Suðurgötu.

Síðan þá hefur Háskólasvæðið stækkað til muna, og kennt er í mörgum byggingum beggja vegna Suðurgötu og á fleiri stöðum. Háskóli Íslands býður upp á fjölbreytt nám, bæði á grunnstigi og framhaldsstigi. Að auki fer fram kennsla á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Þann 1. júlí 2008 tóku gildi breytingar á námsskipulagi sem og stjórnkerfi skólans. Ákveðið var að skólinn skyldi sameinast Kennaraháskóla Íslands. Fræðasvið skólans urðu fimm talsins og deildirnar 25. Nemendur eru nú á bilinu þrettán til sextán þúsund. Rektor skólans er Kristín Ingólfsdóttir, prófessor í lyfjafræði.

Arnar Snorrason hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

2011

Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús

Sama dag, 4. maí, kom út smáörk með fimm sjálflímandi frímerkjum með áletruninni 50g innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi) í tilefni opnunar Hörpu.

Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík, er talin verða mikil viðbót við íslenskt og evrópskt tónlistarlíf. Húsið mun bjóða upp á margs konar menningarviðburði, sígilda og samtíma, og verður heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar. Í Hörpu munu tónlistarhús og alþjóðleg ráðstefnumiðstöð starfa saman og á hvort að geta notið góðs af hinu. Glerhjúpurinn utan um húsið er hönnun hins heimsþekkta listamanns Ólafs Elíassonar í samvinnu við Henning Larsen arkitekta. Hönnunin er byggð á rúmfræðireglu sem er unnin í tví- og þrívídd. Hjúpurinn er tilvísun í stuðlaberg sem finnst víða um Ísland.

Ólafur Elíasson hannaði smáörkina, en myndgrafarinn Martin Mörck gróf frímerkin í stálstungu. Frímerkjaprentsmiðja danska póstsins, (Post Danmarks Frimærketrykkeri), í Ballerup í Danmörku prentaði í stáldjúpþrykki og offset.

Skrúðgarðar

Þriðja frímerkjaröðin í útgáfunni, Skrúðgarðar á Íslandi, leit einnig dagsins ljós 4. maí. Garðarnir voru Austurvöllur og Alþingishúsgarðurinn.

Austurvöllur, myndefni frímerkis með áletruninni 100g innanlands (ígildi 90 kr. á útgáfudegi), er torg í miðborg Reykjavíkur. Á miðjum Austurvelli er stytta af Jóni Sigurðssyni, sjálfstæðishetju íslensku þjóðarinnar, hún snýr að Alþingishúsinu sem er einnig við Austurvöll. Austurvöllur er vinsæll samkomustaður Reykvíkinga á góðviðrisdögum. Austurvöllur afmarkast af götunum Vallarstræti, Pósthússtræti, Kirkjustræti og Thorvaldsensstræti. Síðastnefnda gatan er einmitt nefnd eftir Bertel Thorvaldsen, en stytta af honum stóð lengi á miðjum Austurvelli. Nú stendur stytta af Jóni Sigurðssyni þar sem hún stóð áður. Umhverfis Austurvöll eru margar af merkari byggingum borgarinnar, þar á meðal Alþingishúsið, Hótel Borg, Landssímahúsið og Dómkirkjan í Reykjavík.

Alþingisgarðurinn, myndefni frímerkis með áletruninni 100g til Evrópu (ígildi 285 kr. á útgáfudegi), er elsti og best varðveitti garður við opinbera byggingu á Íslandi. Undirbúningur að gerð hans hófst með skemmtilegri umræðu á Alþingi í ágúst 1893 skömmu fyrir þingslit. Á einum degi breyttist hið háa Alþingi í málfund um garðaskipulag, garðyrkju og upplýsingamiðlun um jarðvegsframkvæmdir. Öll þessi umræða er skjalfest í Alþingistíðindum frá þessum tíma. Skipuð hafði verið nefnd þingmanna til þess að móta tillögu að því hvernig ganga skyldi frá lóð Alþingis. Nefndarálit var kynnt á þingfundinum og voru tillögur nefndarinnar „að búa til ofurlítinn skemmtigarð fyrir sunnan þinghúsið þar sem þingmenn geti setið og gengið sér til skemmtunar“ og að koma upp „bárujárnsgirðingu umhverfis garðinn til skjóls fyrir trjágróður“ og að leggja „steyptar hellur fyrir framan“ að Austurvelli.

Hany Hadaya hannaði frímerkin en The Lowe-Martin Group í Ottawa, í Kanada offsetprentaði.

Melavöllurinn 100 ára

Þennan dag, 4. maí, kom einnig út frímerki með áletruninni 250g innanlands (ígildi 130 kr. á útgáfudegi) í tilefni þess að 100 ár voru liðin síðan Melavöllurinn var reistur.

Melavöllurinn var íþróttaleikvangur sem var reistur af Íþróttasambandi Reykjavíkur á Melunum (Skildinganesmelum) sunnan Hringbrautar í Vesturbæ Reykjavíkur árið 1911. Völlurinn var vígður 11. júní og fyrsta mótið sem var haldið þar var vikulangt íþróttamót Ungmennafélags Íslands í tilefni af hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar 17. júní 1911.

Upphaflega lá völlurinn samsíða Hringbraut og var með 400 metra hlaupabraut, malarknattspyrnuvelli í miðju og aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir aftan við mörkin. Völlurinn var afgirtur með bárujárnsklæddri girðingu en áhorfendapallar voru norðan við hann. Þarna höfðu öll íþróttafélög Reykjavíkur æfinga- og keppnisaðstöðu í mörg ár. 1926 fauk nánast öll girðingin í kringum völlinn í ofsaveðri og var þá ákveðið að gera nýjan, betur útbúinn völl á sama stað en sem lægi meðfram Suðurgötu. Þessi völlur var girtur með bárujárni líkt og sá fyrri. Á þeim árum var gríðarleg íþróttastarfsemi í nágrenni Melavallar og íþróttamannvirkin náðu alls yfir 7,5 hektara svæði.

Árið 1935 var nýtt íþróttasvæði skipulagt í Nauthólsvík og voru Melarnir þá skipulagðir undir íbúðir og skóla. 1959 var síðan Laugardalsvöllurinn opnaður og þar með var helsta hlutverki Melavallar lokið. Völlurinn þjónaði þó áfram margvíslegu hlutverki og var meðal annars nýttur sem skautasvell á vetrum. Melavöllur var formlega lagður niður árið 1984 þegar flóðljós vallarins voru flutt í Laugardalinn sem þá hafði tekið í notkun nýjan gervigrasvöll.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkið en The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Jón Sigurðsson 200 ára

Þann 17. júní 2011 voru 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og í tilefni þess gaf Íslandspóstur út smáörk með tveimur frímerkjum (100 kr. og 1000 kr.) og tvö samskonar frímerki, með verðgildunum 50g innanlands (ígildi 75 kr. á útgáfudegi), og 1000 kr., sem fáanleg voru í hefðbundnum 10 frímerkja örkum.

Jón Sigurðsson er sá Íslendingur sem oftast hefur prýtt íslensk frímerki, alls fjórum sinnum þegar útgáfan 2011 er talin með. Hið fyrsta var gefið út í sex litum í tilefni aldarminningar hans 1911. Næstu frímerki sem tileinkuð voru Jóni komu út í tilefni lýðveldisstofnunar 17. júní 1944. Þau voru í 6 mismunandi litum og með sex verðgildum. Hinn 1. nóvember 1979 gaf Póst- og símamálastofnunin út 150 króna frímerki til að minnast þess að á því ári voru hundrað ár liðin frá andláti Jóns Sigurðssonar og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur. Þau létust bæði í Kaupmannahöfn í desember 1879.

Nafn Jóns Sigurðssonar forseta er órjúfanlega tengt stofnun þjóðríkis á Íslandi. Hann hóf friðsama baráttu fyrir pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði Íslands um miðja 19. öld og bar höfuð og herðar yfir samtímamenn sína sem foringi Íslendinga.

2011

Í tilefni þess að 17. júní 2011 voru liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar fól Alþingi forsætisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa hvernig minnast mætti afmælisins. Afmælisnefndin fór þess á leit við Íslandspóst að fyrirtækið minnist 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar með frímerkjaútgáfu að undangenginni hugmyndasamkeppni um hönnun og útlit. Íslandspóstur varð við þessari beiðni enda höfðu frímerki verið gefin út á 100 ára og 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Fyrirtækið leitaði til Félags íslenskra teiknara (FÍT) með samstarf í huga um slíka samkeppni og var efnt til lokaðrar samkeppni um hönnun þess samkvæmt reglum FÍT. Alls bárust 17 tillögur. Dómnefnd skipuð fulltrúum Íslandspósts og FÍT lauk störfum í maí og urðu úrslit þau að fyrstu verðlaun hlaut Borgar Hjörleifur Árnason. Tillaga hans „Tvennir tímar – Jón yngri og eldri“ var talin hefðbundin og mjög vel unnin.

Önnur verðlaun hlaut Gréta Guðmundsdóttir fyrir einfalda og fágaða útfærslu sem lýsir vel því hlutskipti Jóns Sigurðssonar; að hugsa, skrifa og mótmæla. Þriðju verðlaun hlaut Hjörvar Harðarson fyrir tilraun til að fara út fyrir hið hefðbundna form.

The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði smáörkina og frímerkin.

Verndun votlendis

Vigdís Finnbogadóttir varð við beiðni Íslandspósts um að velja þema á frímerki til útgáfu í september 2011. Valdi hún þemað, verndun votlendis og var frímerkið, sem ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 90 kr. á útgáfudegi) gefið út 15. september.

2011

Frú Vigdísi er málefnið hugleikið en hún er verndari Auðlindar – Náttúrusjóðs, en sú stofnun hefur að markmiði að vernda og endurheimta náttúrugæði Íslands. Þá kaus hún að fá Jón Baldur Hlíðberg teiknara til að myndskreyta frímerkið en þar má m.a. sjá hrossagauk og nokkrar dæmigerðar gróðurtegundir votlendis s.s. hófsóley, tjarnastör og dýjamosa. Vonir stóðu til að með frímerkinu væri hægt að vekja athygli á mikilvægi votlendis í íslenskri náttúru.

Þann 2. febrúar 1971 var formlega skrifað undir alþjóðlegan samning um verndun votlendis í Ramsar í Íran. Íslendingar gerðust aðilar að Ramsarsamningnum 2. apríl 1978. Votlendi sem eru vernduð samkvæmt samningnum hafa sérstakt alþjóðlegt gildi einkum með tilliti til fuglalífs. Á Íslandi eru nú þegar þrjú Ramsarsvæði, Mývatn og Laxá, Grunnafjörður og Þjórsárver.

Alþjóðlegur votlendisdagur er haldinn 2. febrúar ár hvert og er markmiðið að kynna fyrir fólki mikilvægi votlendis. Á Íslandi hefur fólk nær eingöngu tengt votlendi við mýrar, en votlendi er fleira. Samkvæmt Ramsarsamningnum eru það lækir, ár, tjarnir og vötn, mýrar, flóar og fen og ekki hvað síst grunnsævi allt að 6 metra dýpi um fjöru. Oft er litið á votlendi sem nýru jarðar vegna hlutverks þess í vatnshreinsun. Mikilvægi þess er einnig mikið í tengslum við náttúrulega stjórnun á flóðum og rennsli rigningarvatns. Votlendissvæði geta einnig hindrað rof við sjávarstrendur og milljónir fugla um allan heim treysta á þau sér til lífsviðurværis. Víða er votlendi undirstaða fæðuöflunar manna og má þar nefna hrísgrjónaakra og fiskveiðar. Í Evrópu og Norður-Ameríku er búið að spilla um 80% af náttúrulegu votlendi. Mikið hefur dregið úr framræslu mýra á Íslandi vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir að lítið sé orðið eftir af ósnortnu votlendi hefur það ekki orðið til þess að settar hafi verið sérstakar reglur um verndun þess.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið en Jón Baldur Hlíðberg teiknaði myndina. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkið í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Snæfellsnesþjóðgarður

Þennan sama dag, 15. september, leit þriðja sameiginlega útgáfa Sepac-landanna dagsins ljós, en um er að ræða sameiginlega frímerkjaútgáfu tólf eyríkja og smáþjóða: Íslands, Færeyja, Álandseyja, Grænlands, Monaco, Lichtenstein, Lúxemborgar, Gíbraltar, Mön, Guernsey, Jersey og Möltu. Þemað var eins og í fyrstu tveimur útgáfunum, sem komu út 2007 og 2009, landslag. Íslenska Sepac-frímerkið byggir sem fyrr á myndefni úr þjóðgörðum landsins og varð Snæfellsnesþjóðgarður fyrir valinu að þessu sinni. Sem fyrr gefur hvert land aðeins út eitt Sepac-frímerki, sem ber Sepac-áletrunina, en til að koma Snæfellsjökli veglega til skila á víðmynd (Panorama) er það gert með tveimur samstæðum frímerkjum sem bæði hafa sama verðgildið 50g til Evrópu (ígildi 165 kr. á útgáfudegi). Frímerkin 12 komu einnig út í sérstakri gjafamöppu sem seld er í öllum Sepac-löndunum.

Snæfellsnesþjóðgarður var stofnaður á grundvelli laga um náttúruvernd í júní 2001 og er fjórði þjóðgarður Íslands. Hann er fyrsti þjóðgarður á Íslandi sem nær í sjó fram. Heillandi náttúra og merkar sögulegar minjar urðu til þess að þjóðgarðurinn var stofnaður og var markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því. Sérstaða þjóðgarðsins felst í nálægðinni við sjóinn og samspili mannlífs og náttúru. Meðal sérstöðu svæðisins er einnig jarðfræði og landmótun. Talið er að rekbeltið á Snæfellsnesi hafi verið virkt þar til fyrir u.þ.b. 6 milljónum ára. Fyrr á öldum var mikið athafnalíf innan marka þjóðgarðsins. Fjöldi lendinga er á ströndinni og er talið að útgerð þaðan hafi hafist um miðja 16. öld. Á blómatíma athafnalífsins réru um 60 bátar þaðan á vertíðum og 300–400 vermenn höfðust þar við. Meðal skáldsagna, sem einna helst hefur borið nafn Snæfellsjökuls um heimsbyggðina, er saga franska rithöfundarins Jules Verne, sem nefnist í íslenskri þýðingu Leyndardómar Snæfellsjökuls eða á frummálinu „Voyage au centre de la Terre“.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin en Kristján Maak tók ljósmyndina. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði. Fyrirtækið Davo í Deventer, Hollandi framleiddi gjafamöppu SEPAC-landanna.

Samútgáfa – Eyríkin Ísland og Malta

Þann 15. september kom út smáörk með einu frímerki að verðgildi 50g til Evrópu (ígildi 165 kr. á útgáfudegi) í sameiginlegri útgáfu Íslands og Möltu.

Ísland og Malta eru nyrstu og syðstu eyríki Evrópu. Íslandspóstur og póstþjónustan á Möltu gefa út sameiginlegt frímerki í tilefni þessara tengsla þar sem myndefnin eru fiskibæir í löndunum tveimur. Þetta er vel viðeigandi þar sem fiskveiðar hafa verið þessum eyjum mjög mikilvægar í margar aldir.

Bærinn á íslensku smáörkinni er Húsavík en á þeirri maltnesku Mgarr á eyjunni Gozo. Lýðveldið Malta er lítið og þéttbýlt land á samnefndri eyju og nokkrum smærri eyjum í Miðjarðarhafi. Eyjarnar eru á milli Ítalíu í norðri og norðurstrandar Afríku í suðri. Opinber tungumál landsins eru enska og maltneska. Malta hefur verið í Evrópusambandinu síðan 2004 og er það minnsta Evrópusambandslandið bæði að mannfjölda og stærð. Eyjarnar hafa verið á valdi ýmissa ríkja í gegnum tíðina þar sem þær hafa þótt eftirsóknarverðar vegna hernaðarlega mikilvægrar staðsetningar. Aðeins þrjár stærstu eyjar Möltu eru byggðar, Malta, Gozo og Comino. Í fjölmörgum fjörðum meðfram ströndum eyjanna eru góðar hafnir. Landslagið einkennist af lágum hæðum. Á Möltu eru engar ár eða lækir nema tímabundið þegar mikið rignir. Þó er ferskt vatn finnanlegt á stöku stað á eyjunum allt árið.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina en listamaðurinn Cedric Galea Pirotta frá Möltu teiknaði myndirnar á báðum smáörkunum í þessari samútgáfu landanna. The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Amnesty International 50 ára

Sama dag, 15. september, kom út frímerki með áletruninni 100g til Evrópu (ígildi 285 kr. á útgáfudegi) í tilefni hálfrar aldar afmælis samtakanna Amnesty International.

Amnesty International eru alþjóðleg samtök sem berjast fyrir mannréttindum um allan heim. Samtökin voru stofnuð árið 1961 af breskum lögfræðingi, Peter Benenson. Samtökin hafa enga skoðun á pólitík, trúmálum eða hugmyndafræði. Árið 1963 urðu samtökin fyrst alþjóðleg. Samtökin fengu friðarverðlaun Nóbels árið 1977.

Merki samtakanna er gaddavírsgirðing sem umlykur kerti, en merkið hannaði Diana Redhouse. Upphaf Amnesty varð þegar Benenson hóf átak fyrir mannréttindum árið 1961. Á sama áratug fékk Amnesty ráðgjafarhlutverk hjá UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, og hafa samtökin unnið náið með Sameinuðu þjóðunum síðan.

Íslandsdeild Amnesty International var formlega stofnuð í Norræna húsinu 15. september árið 1974. Margt hefur breyst í starfi samtakanna á þeim árum sem liðið hafa frá stofnun Íslandsdeildarinnar og ýmsum áföngum verið náð sem stuðla að aukinni verndun mannréttinda. Frá stofnun deildarinnar hefur fólk úr öllum þjóðfélagshópum tekið þátt í starfinu og unnið að framgangi markmiða Amnesty International. Starfsemi deildarinnar byggir á frjálsum framlögum og félagsgjöldum. Til að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni hafnar deildin opinberu fé. Frá stofnun Íslandsdeildarinnar hafa grundvallarmarkmið hennar verið óbreytt þ.e. að hvetja fólk til þátttöku í aðgerðum til að ná fram jákvæðum breytingum til handa fórnarlömbum mannréttindabrota. Íslandsdeild Amnesty International hefur stuðlað að aukinni þekkingu á mannréttindum hér á landi og haft jákvæð áhrif á líf fjölda fórnarlamba mannréttindabrota. Deildin byggir allt sitt starf á óhlutdrægni, sjálfstæði og alþjóðlegri samstöðu.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – 1000 ár frá Njálsbrennu

Sama dag, 15. september, kom út smáörk í tilefni af Degi frímerkisins með þremur frímerkjum, hvert með áletruninni 100g innanlands (ígildi 110 kr. á útgáfudegi). Verðgildi smáarkarinnar var því 330 kr.

Smáörkin var gefin út í tilefni þess að þúsund ár voru talin vera liðin frá sögufrægum bruna á Bergþórshvoli í Landeyjum, svokallaðri Njálsbrennu, sem greint er frá í Brennu-Njálssögu. Njálssaga er víðlesnust Íslendingasagna en hún segir m.a. frá Njáli Þorgeirssyni, konu hans Bergþóru og sonunum Grími, Helga og Skarphéðni, sem allir voru miklir vígamenn, en Skarphéðinn þó mestur. Hefndaraðgerðir þeirra vegna vígs Gunnars Hámundarsonar að Hlíðarenda leiddu ógæfu yfir fjölskylduna, þegar 100 manna lið gerði atlögu að bænum og brenndi hann. Þrátt fyrir rannsóknir fornleifafræðinga að Bergþórshvoli, hefur ekki ennþá tekist að finna merki um Njálsbrennu.

Á smáörkinni eru myndgerð nokkur atvik frá brennunni sjálfri. Til vinstri er forboði, gandreiðin, en í miðju standa Njáll, Bergþóra og barnabarn þeirra í dyrum Bergþórshvols. Konum, börnum og húskörlum hefur verið boðið að ganga út en þau neita að yfirgefa brennandi bæinn. Í forgrunni standa brennumenn og hestar þeirra. Helgi sonur Njáls reynir að smygla sér út í kvenskikkju en það kemst upp um hann. Hann heggur fótinn af brennumanni áður en Flosi forsprakki brennumanna nær að höggva af honum höfuðið. Til hægri sést hvar Kári sleppur einn út úr brennunni með logandi hár og klæði. Hann hefnir fyrir verknaðinn.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir hannaði smáörkina sem The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

2011

Íslensk myndlist – Frumherjarnir

Önnur útgáfan í frímerkjaröðinni, Íslensk myndlist, kom út 3. nóvember. Frímerkin prýddu málverk fjögurra frumkvöðla íslenskrar myndlistar í nútíð. Þau eru Sólarlag við tjörnina (50g innanlands, ígildi 97 kr. á útgáfudegi) eftir Þórarinn B. Þorláksson, Botnssúlur (100g innanlands, ígildi 110 kr.) eftir Ásgrím Jónsson, Útreiðarfólk (50g til Evrópu, ígildi 165 kr.) eftir Jón Stefánsson og Fornar slóðir (50g utan Evrópu, ígildi 220 kr.) eftir Jóhannes Kjarval.

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skrifar að þessir listmálarar hafi um margt verið ólíkir. Framan af eru verk þeirra allra þó einskonar framlenging af þjóðernisrómantískri sjálfstæðisbaráttu landsmanna, þar sem hlutverk listamannsins var að árétta landfræðilega, menningarlega og sögulega sérstöðu Íslands.

Þórarinn B. Þorláksson (1867-1924) og Ásgrímur Jónsson (1876-1958) gerðust túlkendur hinnar sérstöku íslensku birtu og sumarnæturkyrrðar. Jón Stefánsson (1881-1962) dró upp myndir af formfastri og stórbrotinni náttúru óbyggðanna og Kjarval (1885-1972) gæddi þessa sömu náttúru ríkulegu innra lífi. Í kjölfar fullveldis, og annarra umskipta í íslensku þjóð- og menningarlífi, varð nokkur breyting á hlutverki listamanna. Nýir liststraumar bárust til landsins, t.d. abstraktlist, og veruleiki borgarlífsins knúði á um úrvinnslu. Náttúrusýn Ásgríms þróaðist í átt til meiri raunsæis, auk þess sem hann hóf í auknum mæli að fjalla um innbyrðis tengsl manns og lands. Jón Stefánsson hóf að gera sér títt um manninn sem félagsveru. Kjarval var hins vegar óútreiknanlegastur og eftir því sem tímar liðu urðu viðhorf hans til manns og náttúru æ flóknari og í stærstu málverkum hans renna saman náttúra og yfirnáttúra, mannlíf og huldufólkssagnir, Íslandssagan, gamansagan og persónusaga hans sjálfs. Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði. Jafnframt kom út gjafamappa um listamennina og verk þeirra eftir Aðalstein Ingólfsson.

Jólafrímerki

Jólafrímerkin 2011 komu einnig út 3. nóvember en myndefni þeirra að þessu sinni, byggist á þeim ríka þjóðlega arfi sem útsaumsmynstrin í íslenska þjóðbúningnum eru. Bæði frímerkin bera gramma áletranir, það rauða 50g innanlands (ígildi 97 kr. á útgáfudegi) og það bláa 50g til Evrópu (ígildi 165 kr.). Einnig kom út frímerkjahefti með burðargjaldinu, 50g bréf innanlands. Frímerkin, jafnt í örkum sem hefti, voru sjálflímandi.

Guðbjörg Ringsted myndlistarmaður er höfundur myndanna á frímerkjunum en hún málar olíumálverk þar sem útsaumsmynstrin í íslenska þjóðbúningnum eru fyrirmyndirnar. Með þessu móti vill listakonan útbreiða þetta gamla handverk og minna á þessa merkilegu þjóðlegu hefð. Myndefni frímerkjanna vísar í baldýringuna, þar sem silfur- eða gullþráður er notaður í útsauminn. Einnig er vísað í skatteringuna, gamla íslenska útsaumsaðferð sem oft er notuð í útsaum á blómamynstrum. Þar eru litríku blómin ráðandi.

Gullsaumur, baldýring eða baldering er gömul útsaumsgerð sem finnst víða um heim. Á Íslandi hefur þessi aðferð einna helst verið notuð á þjóðbúningum og í kirkjulegum útsaumi. Treyjuborðar á faldbúningum og skautbúningi, kragi við faldbúninga, upphlutsborðar á 19. aldar og 20. aldar upphlutum og belti eru oft baldýruð. Yfirleitt er baldýrað með vír en silki var nokkuð notað í bland við vír á 19. öld.

Hlynur Ólafsson færði myndir Guðbjargar í frímerkjabúning og hannaði jafnframt frímerkjaheftið. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði. Myndefni frímerkjanna var jafnframt upphleypt.

2012

Íslenskt handverk – Silfursmíði

Silfursmíði er þema þriðju frímerkjaraðarinnar sem tileinkuð er íslensku handverki, gömlu og nýju, sem kom út þann 26. janúar. Gefin voru út þrjú frímerki þar sem myndefnin eru kaleikur, koffur og silfurskál. Silfursmíði á sér langa hefð á Íslandi og um hana vitnar fjöldi varðveittra gripa sem margir eru listavel smíðaðir.

Kaleikurinn, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g innanlands (ígildi 97 kr. á útgáfudegi), var í kirkjunni á Miklabæ í Blönduhlíð í Skagafirði og er talin íslensk smíð frá fyrsta hluta 15. aldar. Kaleikurinn er úr silfri með gotnesku lagi. Utan á skálarbarm er grafin leturlína þar sem eru orð Krists um kaleik hins nýja sáttmála. Á stéttina er grafið jurtaskraut, laufblöð, liljur og bönd í rómönskum stíl. Á hnúðinn eru grafin nöfn og merki guðspjallamannanna fjögurra.

Koffrið, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 175 kr.), er ennisdjásn úr gylltu silfri, sem Sigurður Vigfússon (1828–1892) fornfræðingur og gullsmiður smíðaði. Það tilheyrir höfuðbúnaði við skautbúning Sigurðar Guðmundssonar málara sem hann hannaði eftir miðja 19. öld. Koffrið er gert úr mörgum liðum, sem hlekkjaðir eru saman. Þetta koffur er með sóleyjarmunstri Sigurðar málara, sem teiknaði nokkur munstur til þess að sauma út í kvenbúninga og smíða kvenskart eftir og sótti yfirleitt fyrirmyndir í íslensk blóm og jurtir. Nokkur koffur af þessari gerð eru varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands.

Silfurskálin Brum, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 230 kr.), er smíðuð af ísfirska silfursmiðnum Pétri Tryggva Hjálmarssyni. Hann fæddist árið 1956, lauk sveinsprófi í gullsmíði 1979 og hefur unnið við gull- og silfursmíði síðan. Hann stundaði nám í Institut for Ædelmetal í Kaupmannahöfn 1981–83. Kirkjusilfur eftir Pétur Tryggva er í ýmsum kirkjum hérlendis og verk hans má líta á söfnum víða um heim. Silfursmíði Péturs Tryggva hefur víða vakið athygli og hefur hann unnið til

fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, m.a. var hann valinn silfursmiður ársins 2010 í Danmörku.

Tvö fyrstu frímerkin í þessari útgáfuröð eru þannig með myndum af gömlu handverki en það síðasta, Brum, með mynd af nýju handverki sem byggir á þessu gamla handverki sem silfursmíði er.

Frímerkið með kaleiknum kom annars vegar út sem hefðbundið offsetprentað límborið frímerki í örk með 10 frímerkjum. Hins vegar kom það út í sjálflímandi útgáfu sem örk með 50 frímerkjum, sérstaklega ætlaða fyrirtækjamarkaði og því eru þessar tvær útgáfur frímerkisins ólíkar. Þessi sjálflímandi útgáfa frímerkisins var prentuð í rastadjúpþrykki (Photogravure) í samprenti með svissneska póstinum (La Poste) sem hafði gefið út frímerki á þessu formati um árabil.

Þorbjörg Helga Ólafsdóttir hannaði frímerkin en prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi prentaði.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 100 ára

Þann 26. janúar kom út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 97 kr. á útgáfudegi) í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að Íþróttasamband Íslands, sem síðar varð Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ), var stofnað.

ÍSÍ var stofnað 28. janúar 1912 undir heitinu Íþróttasamband Íslands. Íþróttasambandið og Ólympíunefnd Íslands sameinuðust árið 1997 og breyttist nafnið þá í Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. ÍSÍ er stærsta fjöldahreyfing á Íslandi og einu heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar, og jafnframt æðsti aðili frjálsar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum. Eitt af meginverkefnum ÍSÍ er að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi á Íslandi, auk þess að stuðla að þróun hvers kyns íþrótta, jafnt almennings- sem afreksíþrótta.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er byggt upp af 25 sérsamböndum, 27 héraðssamböndum og íþróttabandalögum og um 450 íþrótta- og ungmennafélögum og 400 deildum þeirra eða samtals um 1000 sambandsaðilum. Öll íþrótta- og ungmennafélög á Íslandi eru aðilar að ÍSÍ. Starfsemi ÍSÍ er afar fjölbreytt á landsvísu. Sambandið heldur m.a. úti öflugu fræðslu- og gæðastarfi í hreyfingunni ásamt því að hafa umsjón með afreksstefnu og afreksstarfi innan íþróttanna og sinna framkvæmd og umsýslu lyfjaeftirlits. Starfsemi ÍSÍ skiptist í þrjú svið: afreksíþróttasvið, fræðslusvið og almenningsíþróttasvið.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Ferðamannafrímerki

Með nýrri útgáfuröð, Ferðamannafrímerkjum, sem kom út í fyrsta sinn 26. janúar var ætlunin að sýna einstaka fegurð íslenskrar náttúru, jafnt á vinsælum ferðamannastöðum sem og á minna þekktum stöðum. Að þessu sinni hafa tveir staðir á Landmannaafrétti orðið fyrir valinu, Landmannalaugar og Hnausapollur.

Landmannalaugar, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi), er vinsæll ferðamannastaður á Fjallabaksleið nyrðri austur af Heklu. Mikill jarðhiti er í Landmannalaugum og þar eru vinsæl náttúruböð. Jarðhitinn tengist einu mesta háhitasvæði landsins, Torfajökulssvæðinu. Landmannalaugar eru rómaðar fyrir náttúrufegurð og litríkt berg, þar er mikið um líparít og líparíthraun, hrafntinnu o.fl. Vinsæl gönguleið, Laugavegurinn, liggur milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Vanalegt er að ganga þá leið á fjórum dögum en stundum er bætt við ferð allt til Skóga yfir Fimmvörðuháls milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls. Ferðafélag Íslands rekur skála í Landmannalaugum og þar er skálavörður að sumri. Ferðafélagið reisti fyrst sæluhús í Landmannalaugum árið 1951 en núverandi hús er að stofni til frá 1969.

Hnausapollur, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 230 kr.), er í Hnausum nálægt Tjörvafelli, skammt frá veginum milli Landmannalauga og Sigöldu. Þetta er annað tveggja gígvatna Veiðivatnasprungnanna sunnan Tungnaár, hitt er Ljótipollur. Gömul heiti á Hnausapolli eru Bláhylur, Tjörvafellspollur og forna heitið Litlavíti. Hnausapollur er um það bil 30 hektara vatn í gíg sem myndaðist fyrir um 1130 árum í stuttu sprengivirku þeytigosi. Litur vatnsins er blár og yfirborðið um 570 metra yfir sjávarmáli. Hringvegur liggur upp á gígbarminn líkt og við Ljótapoll og er hægt að aka upp á norðvestanverðan gígbarminn. Fljótgengið er upp á hæsta Hnaus þar sem útsýni er enn betra. Urriðar eru í vatninu en þeir eru smáir.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslensk samtímahönnun – Fatahönnun

Fatahönnun var þema þriðju frímerkjaraðarinnar sem tileinkuð var íslenskri samtímahönnun og komu frímerkin út þann 22. mars. Þann 8. maí 2008 gaf Íslandspóstur út fyrstu frímerkjaröðina undir nafninu Íslensk samtímahönnun og var hún tileinkuð iðnhönnun. Útgáfuröð númer tvö kom út 28. janúar 2010 og var hún tileinkuð húsgagnahönnun.

Skór og sokkabuxur, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g innanlands (ígildi 97 kr. á útgáfudegi), voru hönnuð af þeim Hugrúnu Dögg Árnadóttur og Magna Þorsteinssyni hjá fyrirtækinu Kron by KronKron. Hugrún útskrifaðist sem fatahönnuður í París árið 2000 en Magni er hárgreiðslumeistari. Skólínur þeirra hafa vakið athygli fyrir sérstæða og frumlega hönnun. Í umsögnum segir að rómantík og kátína einkenni hönnunina þar sem litir og sköpunargleði ráði ferðinni. Skórnir eru framleiddir í skógerðarborginni Elda á Spáni.

Kjóllinn, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 100g innanlands (ígildi 110 kr.), er hannaður af Steinunni Sigurðardóttur. Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts segir, að Steinunn hafi öðlast sérstöðu meðal fatahönnuða á heimsvísu og listsköpun hennar er sögð byggja á löngu samstarfi við marga þekkta samtímahönnuði og ríkri þekkingu hennar á meðferð efnis. Í umsögnum blaða segir að hönnun hennar eigi sér rætur í þjóðlegum hefðum prjónalistarinnar þar sem hún mótar blæbrigðaríkan heim með skírskotun í hrjúfa en jafnframt viðkvæma náttúru landsins.

Hneppt peysa úr íslenskri ull, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 175 kr.), er hönnuð af Bergþóru Guðnadóttur hjá hönnunarfyrirtækinu Farmers Market. Bergþóra hefur hannað föt og fylgihluti fyrir konur, karla og börn síðan haustið 2005. Í kynningu fyrirtækisins segir að náttúruleg hráefni og sveitarómantík séu leiðarstef í hönnun fyrirtækisins.

Innblástur er sóttur í hina einstöku íslensku arfleifð þar sem menn og dýr hafa lifað í návígi við náttúruöflin öldum saman.

Fatnaður frá 66°NORÐUR, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 230 kr.), hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir nýstárlega hönnun úr hágæða efnum, að því er segir í frímerkjatilkynningu Íslandspósts. Fyrir vikið hefur fyrirtækið hlotið fjölda verðlauna bæði fyrir hönnun og markaðsstarf. Á síðustu árum hefur 66°NORÐUR fært út kvíarnar og fást vörur fyrirtækisins nú í yfir 500 verslunum í 15 löndum. Fyrirtækið framleiðir meðal annars fatnað á lögreglu og slökkviliðið auk útivistarfatnaðar í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en ljósmyndirnar tók Sveinn Speight. The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði frímerkin.

Grænir orkugjafar

Þann 22. mars komu út tvö smáhefti með fjórum sjálflímandi frímerkjum hvort, tileinkuð grænum orkugjöfum og afurðum sem framleiddar eru við notkun þeirra. Þannig vísa frímerki, sem bera áletrunina 50g innanlands (ígildi 97 kr. á útgáfudegi), í vatnsafl og álvinnslu en myndefni frímerkjanna, sem bera áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 175 kr.), vísa til jarðvarma og ylræktar.

2012

Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu segir, að Ísland hafi mikla sérstöðu þegar komi að orkumálum. Hér á landi er notuð meiri orka á hvern íbúa en þekkist annars staðar og sömuleiðis er hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa óvenju hátt. Samkvæmt Hagstofu Íslands kom rúmlega 80% af heildarorkunotkun þjóðarinnar árið 2008 frá innlendum og endurnýjanlegum orkulindum og 18% af innfluttu jarðefnaeldsneyti fyrir bíla og skip. Jarðhitinn hefur að mestu verið nýttur til upphitunar húsa og í dag njóta þess u.þ.b. 90% heimila víðsvegar um landið.

Vatn er orkumiðill og vatnsorka er sú orka, sem vatn býr yfir á vissum stað í náttúrulegri hringrás sinni, en mikil orka felst í vatnsföllum. Um 37 vatnsaflsvirkjanir eru á Íslandi í dag auk u.þ.b. 200 smávirkjana. Landsvirkjun var stofnuð vegna álversframkvæmda í Straumsvík en eftirspurnin jókst hratt og Járnblendifélagið bættist við sem stórkaupandi raforku. Útflutningur á áli er stærsti liðurinn í útflutningstölum landsins og vegur rúmlega 40% af heildarútflutningi. Framleiðslugeta járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er 120.000 tonn. Á Íslandi er bæði jarðhiti og vatnsorka stöðugri og hagkvæmari en vindorkan. Af þessum sökum hefur lítil þörf verið fyrir vindmyllur hér á landi. Þó sólarorka sé mikið nýtt erlendis hefur lítið farið fyrir beinni nýtingu hennar hérlendis. Hún hefur hingað til nær eingöngu verið nýtt af þeim ekki hafa beinan aðgang að veitukerfum.

Á Suðurlandi eru öflug lághitasvæði sem nýtt eru bæði til húshitunar og grænmetisræktunar. Þar er um að ræða helming virkjaðs vatnsafls á landinu og um 70% virkjaðs gufuafls. Með notkun raforku hefur garðyrkjubændum m.a. tekist að anna innlendri eftirspurn eftir tómötum og agúrkum. Annað grænmeti þarf að flytja inn til viðbótar við innlenda framleiðslu. Mikil framþróun hefur átt sér stað í garðyrkju á undanförnum árum, sem hefur m.a. orðið til þess að hægt hefur verið að auka framleiðslu á tómötum um 200% og agúrkum um helming á tíu ára tímabili.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin og heftin, auk þess að taka ljósmyndirnar á frímerkjunum, en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fjögurra lita offset og einum Pantone sérlit.

Norðurlandafrímerki – Norðurlöndin við hafið

Þann 22. mars kom út smáörk í útgáfuröð Norðurlandafrímerkja, sem bar nafnið Norðurlöndin við hafið. Þetta var önnur útgáfan í þessari frímerkjaröð, en sú fyrri kom út 18. mars 2010. Sú útgáfa var tileinkuð lífinu við ströndina en þessi nýja útgáfa var tileinkuð leitar- og björgunarþjónustu. Smáörkin sem Íslandspóstur gaf út er með einu frímerki sem ber áletrunina, 250g innanlands (ígildi 155 kr. á útgáfudegi). Jafnframt var gefin út gjafamappa með smáörkum allra Norðurlandaþjóðanna í þessari útgáfu, sem ber yfirskriftina „Top of the World of Stamps“.

Öldum saman hafa íslenskir sjómenn lifað með hættunni á sjónum og margir týnt lífi í harðri baráttu við öfl náttúrunnar. Landhelgisgæsla Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa nána samvinnu um björgunaraðgerðir þegar háski steðjar að fólki á sjó eða landi. Landsbjörg hefur á að skipa þúsundum þjálfaðra sjálfboðaliða sem eru ávallt reiðubúnir þegar þörfin kallar. Landhelgisgæslan gegnir lykilhlutverki við björgun á sjó. Þar eru þyrlurnar öflugar ásamt skipum og flugvélum gæslunnar. Varðskip Landhelgisgæslunnar eru Ægir, Týr og Þór. Gæslan hefur einnig yfir að ráða tveimur flugvélum og tveimur þyrlum.

Á frímerkinu er þess minnst þegar TF LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, bjargaði sextán manna áhöfn fjölveiðiskipsins Baldvins Þorsteinssonar EA10 þann 9. mars 2004. Skipið strandaði í Skarðsfjöru á Suðurlandi eftir að það fékk nótina í skrúfuna við loðnuveiðar skammt undan landi. Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Álftaveri aðstoðuðu við björgunina frá landi. Hjörvar Harðarson hannaði smáörkina en Jónas Erlendsson tók ljósmyndina. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Akureyrarkaupstaður 150 ára

Þann 3. maí kom út frímerki, með áletruninni 50g innanlands (ígildi 97 kr. á útgáfudegi), til að minnast 150 ára kaupstaðarafmælis Akureyrar sem bærinn átti 29. ágúst 2012.

Akureyrarbær er fjórða fjölmennasta sveitarfélag landsins og það fjölmennasta utan höfuðborgarsvæðisins. Eyjarnar Grímsey og Hrísey eru einnig innan vébanda sveitarfélagsins. Landnámabók greinir frá því að fyrsti landneminn á svæðinu var Helgi „magri“ Eyvindarson. Elstu heimildir um nafnið Akureyri eru þó frá 1526. Árið 1778 var fyrsta íbúðarhúsið reist á staðnum og varanleg búseta hófst. Átta árum síðar fékk bærinn kaupstaðarréttindi ásamt fimm öðrum bæjum á Íslandi. Akureyri stækkaði þó ekki við þetta og missti kaupstaðarréttindin 1836 en náði þeim aftur 1862. Bændur í Eyjafirði voru þá farnir að bindast samtökum til að styrkja stöðu sína gagnvart dönsku kaupmönnunum og upp úr því varð Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri (KEA) stofnað. KEA átti mikinn þátt í vexti bæjarins og á vegum þess voru rekin mörg iðnfyrirtæki í bænum, sem mörg sérhæfðu sig í úrvinnslu landbúnaðarafurða. Meiri umsvif í verslun og þjónustu, ferðaþjónustu, sjávarútvegi og Háskólinn á Akureyri, hafa nú komið í stað iðnaðarins að mestu leyti. Akureyri er staðsett við lengsta fjörð landsins, Eyjafjörð. Einungis eru um 40 km að heimskautsbaug. Á Akureyri má vænta hlýrra sumardaga, þar sem hitastigið fer vel yfir 20 gráður, vetur eru snjóþungir og kaldir, en stillur og staðviðri algeng. Staðsetning Akureyrar, svo norðarlega, hefur haft töluverð áhrif á það samfélag sem þar hefur mótast. Þrátt fyrir landfræðilega einangrun hafa samskipti við umheiminn verið mikil, fyrst í gegnum verslun, en síðan útflutning, aðallega sjávarafurða.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkið en ljósmyndina tók Árni Geirsson. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði. Í fyrstu prentun frímerkisins sem kom út 3. maí vantaði punkt í dagsetninguna á frímerkinu, 29.08.2012 og var því frímerkið endurprentað skömmu eftir útgáfudag og fékkst því um tíma í báðum útgáfum, með og án punktsins.

Skrúðgarðar

Sama dag, 3. maí, kom út fjórða frímerkjaröðin sem helguð var skrúðgörðum á Íslandi. Myndefnin voru lystigarðurinn á Akureyri og Hallargarðurinn í Reykjavík.

Lystigarðurinn á Akureyri, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 500g innanlands (ígildi 225 kr. á útgáfudegi), er rekinn af Akureyrarbæ sem grasagarður og skrúðgarður. Almenningsgarðurinn var opnaður formlega 1912 en grasagarðurinn 1957. Lystigarðsfélagið var stofnað 1909 og var Sigríður Sæmundsson fyrsti formaður þess, en sú kona sem þó vann hvað lengst við garðinn var Margrethe Schiöth. Fegrunarfélag Akureyrar beitti sér fyrir stofnun grasagarðs og kaupum á merkilegu og sérstæðu grasasafni Jóns Rögnvaldssonar, sem var brautryðjandi í ræktun íslenskra jurta. Nú eru tæplega 7000 erlendar tegundir í garðinum og meginþorri íslensku flórunnar.

Hallargarðurinn, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 100g til Evrópu (ígildi 300 kr.), er skrúðgarður við Fríkirkjuveg í Reykjavík, nálægt Listasafni Íslands og Kvennaskólahúsinu. Hallargarðurinn var gerður á árunum 1953–1954 og skipulagður af Jóni H. Björnssyni, sem var fyrsti menntaði landslagsarkitektinn sem starfaði á Íslandi. Gunnar Thoroddsen, þáverandi borgarstjóri átti frumkvæði að garðinum. Theodór Halldórsson stýrði skrúðgarðavinnunni. Í garðinum var þá tjörn og í henni gosbrunnur upprunnin úr garði Thors Jensen, með líkneski af dreng sem situr á baki svans og gýs vatnið út um nef svansins. Garðhýsið var einnig í garði Thors. Garðinum var breytt árið 1986. Tjörnin og gosbrunnurinn hurfu og runnar og blómabeð komu í staðinn. Í garðinum er minnismerki um athafnamanninn Thor Jensen og eiginkonu hans, Þorbjörgu Jensen. Efst í garðinum er höggmyndin Piltur og stúlka eftir Ásmund Sveinsson.

Hany Hadaya hannaði frímerkin eins og hin fyrri í þessari frímerkjaröð en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Skátahreyfingin á Íslandi 100 ára

Þann 3. maí kom einnig út frímerki með áletruninni, 50g innanlands (ígildi 97 kr. á útgáfudegi) tileinkað 100 ára afmæli skátahreyfingarinnar á Íslandi.

Sumarið 1911 stofnaði Ingvar Ólafsson fyrsta skátaflokkinn á Íslandi. Líkur benda til að fyrsti skátafundurinn hafi verið haldinn 16. júlí sama ár. Ingvar hafði dvalið í Danmörku og kynnst þar starfsemi skáta. Hann var flokksforingi í Rungsted og sótti þangað fyrirmyndina. Um haustið 1911 hvarf hann á ný til Danmerkur, en nokkrir af skátunum í flokknum hans héldu áfram að hittast og stofnuðu ásamt fleiri drengjum Skátafélag Reykjavíkur 2. nóvember 1912. Störfuðu þeir fyrst í einni sveit undir forystu Sigurjóns Péturssonar frá Álafossi. Tveimur árum seinna voru þrjár sveitir í Skátafélagi Reykjavíkur, alls 57 skátar og sveitarforingjar voru þeir Benedikt G. Waage og Helgi Jónasson frá Brennu auk Sigurjóns, allt kunnir forystumenn úr íþróttahreyfingunni.

Fyrsta skátafélag stúlkna, Kvenskátafélag Reykjavíkur, var stofnað innan vébanda KFUK hinn 7. júlí árið 1922. Jakobína Magnúsdóttir varð fyrsti félagsforingi þess, en Gertrud Friðriksson, fyrsti félagsforingi kvenskáta á Húsavík, átti mestan þátt í stofnun félagsins. Kvenskátasamband Íslands var stofnað 23. mars og árið 1939 voru félagar þess þá 459 undir forystu Jakobínu Magnúsdóttur. Árið 1944 sameinuðust tvö landssambönd skáta í núverandi Bandalag íslenskra skáta.

Enska orðið SCOUT þýðir njósnari eða sporrekjandi. Pálmi Pálsson yfirkennari við Menntaskólann í Reykjavík íslenskaði orðið að beiðni forystumanna skáta og varð úr nafnið SKÁTI sem síðan þá hefur unnið sér sess í íslensku málfari.

Hörður Lárusson og Atli Hilmarsson hönnuðu frímerkið sem Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í 8 litum.

Ólympíufrímerki

Þennan sama dag, 3. maí kom einnig út frímerki með áletruninni, 250g til Evrópu (ígildi 580 kr. á útgáfudegi) í tilefni Ólympíuleikanna í London sumarið 2012.

Sumarólympíuleikarnir 2012 voru haldnir í London dagana 27. júlí til 12. ágúst 2012. Þetta voru þrítugustu Ólympíuleikarnir. London varð þar með fyrsta borgin til að halda Sumarólympíuleikana þrisvar sinnum. Áður voru leikarnir haldnir þar 1908 og 1948. Sumarólympíuleikarnir fóru fram víðs vegar um London. Að hluta var notast við mannvirki sem þegar voru fyrir hendi og að hluta ný og tímabundin mannvirki. Yfirlýst markmið var að skilja ekki eftir „hvíta fíla“, þ.e. stór mannvirki sem enginn nýtir eftir leikana.

Ólympíuleikvangurinn og Ólympíuþorpið voru í Stratford í Austur-London. Ólympíuleikvangurinn var hannaður þannig að hann rúmaði 80.000 gesti fyrir opnunar- og lokahátíðir leikanna en var síðan breytt í 25.000 sæta íþróttaleikvang. Í ákveðnum greinum, m.a. siglingum, var keppt utan London. Leikir í undanriðlum í knattspyrnu voru leiknir á frægum knattspyrnuvöllum í Skotlandi og Englandi.

Björgvin Sigurðsson hannaði frímerkið en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í 2 litum.

Evrópufrímerki – Heimsækið Ísland

Þann 3. maí komu einnig út Evrópufrímerki, en þema þeirra var samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu, heimsókn til viðkomandi lands. Í tilviki Íslands var þemað því „Heimsækið Ísland“. Verðgildin voru tvö að venju, 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi) og 50g utan Evrópu (ígildi 230 kr.). Evrópufrímerkin voru eingöngu gefin út sjálflímandi, bæði í örkum og heftum, og er tökkun frímerkjanna ólík.

Þegar farið var að skoða hvernig best væri að koma myndrænum skilaboðum á framfæri í þessu knappa formi sem frímerkið er og auglýsa Ísland sem ferðamannaland um leið, var ákveðið að blanda saman myndefni og QR-kóðum. Íslensku Evrópufrímerkin eru þau fyrstu þar sem myndefnið er byggt inn í sjálfan kóðann. Myndefnin eru goshver og norðurljós.

Notkun á QR-kóðum í ýmsu margmiðlunarefni hefur stóraukist síðustu árin. QR-kóðar eru svokallaðir tvívíddar-kóðar, en hefðbundin strikamerki eru hins vegar í einni vídd. Því er hægt að koma mun meiri upplýsingum fyrir í QR-kóðum, allt frá vefslóðum upp í nafnspjöld og jafnvel textaskrár. QR-kóðar komu fyrst fram um miðjan níunda áratuginn og eiga rætur sínar að rekja til Japans. Þeir hafa breiðst mjög hratt úr með tilkomu snjallsíma og viðeigandi hugbúnaðar. Sé slíkur hugbúnaður í síma viðkomandi og hann notaður til að skanna QR-kóðann á Evrópufrímerkjunum vísa þau annars vegar á stuttmynd um Ísland og hins vegar á heimasíðuna Inspired by Iceland www.inspiredbyiceland.com.

Elsa Nielsen hannaði Evrópufrímerkin og frímerkjaheftin. Ljósmyndina af goshvernum tók Þjóðverjinn Dieter Schweizer en norðurljósamyndina gerði Hollendingurinn Hugo de Wolf.

Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Yfirprentun – Fyrsta þorskastríðið 50 ára

Frá og með 1. júlí 2012 bauð Pósturinn jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum upp á nýja þjónustu fyrir almenn bréf innanlands í þyngdarflokknum 0-50g. Öllum viðskiptavinum stóð nú til boða að senda almenn bréf sem A- eða B-póst innanlands, en sú þjónusta hafði fram að því eingöngu verið í boði í bréfapósti til útlanda.

Með innleiðingu á B-pósti innanlands reyndist nauðsynlegt að yfirprenta frímerki númer 510A (útgáfudagur 18.09.2008) með textanum „B50g innanlands“ til að eiga næg frímerki með þessu nýja burðargjaldi við breytinguna. Verðgildi frímerkisins var 103 kr. á útgáfudegi 2. júlí 2012.

Yfirprentaða frímerkið fékk útgáfunúmerið 575A, en það var yfirprentað í offseti hjá Svansprenti í Kópavogi í júní 2012.

2012

Villtir ætisveppir

Þann 2. júlí kom út sjötta röðin í frímerkjaútgáfunni, Villtir ætisveppir á Íslandi. Eitt frímerki kom út að þessu sinni, móhnefla, og ber það verðgildið B50g innanlands (ígildi 103 kr. á útgáfudegi), og er fyrir B-póst 0-50g.

Um móhneflu (*Russula xerampelina*) segir í frímerkjatilkynningu Íslandspósts að hún sé stórvaxinn sveppur, með rauðbrúnni hettu. Af eldri sveppum af þessari tegund er yfirleitt allsterk síldarlykt, en bragðið er milt. Móhnefla vex í grasivöxnu skóglendi og mólendi. Hún er algeng um land allt. Hér er um tegundahóp að ræða sem einkennist aðallega af lyktinni og kallast „síldhneflur“. Móhnefla, sem er aðaltegundin, er talin barrskógasveppur erlendis en vex hér oftast í birkiskógum, gjarnan tengd rjúpnalaufi. Allar síldhneflur eru sæmilegir matsveppir á meðan þær eru ungar en holdið maðkar og morknar fljótt og lyktin eykst.

Tryggvi Tómas Tryggvason hannaði frímerkið en Walsall Security Printers Ltd., í Walsall, Bretlandi offsetprentaði það án verðgildis í apríl 2002. Innáprentun á verðgildinu, B50g innanlands, fór fram hjá Svansprenti í Kópavogi í júní 2012.

Vitafrímerki

Önnur frímerkjaröðin í útgáfunni, Vitar á Íslandi, kom út þann 13. september. Vitarnir á frímerkjunum eru Engeyjarviti, á frímerki sem ber áletrunina B50g innanlands (ígildi 103 kr. á útgáfudegi) og Kálfshamarsviti, á frímerki sem ber áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 175 kr.). Frímerkin komu út sem sjálflímandi frímerki í örk með 10 frímerkjum. Aftan á frímerkjaarkirnar eru prentaðir uppdrættir af vitunum.

Árið 1870 var sett upp ljósker í Engey sem kveikt var á þegar póstskipa var von. Hafnarsjóður Reykjavíkur hafði látið koma því fyrir og sá um rekstur þess. Árið 1902 mun hafa verið byggður lítill viti í Engey í stað ljóskersins. Árið 1937 var byggður steinsteyptur viti í Engey og hann útbúinn 500 mm linsu og gasljóstækjum. Árið 1963 var vitinn raflýstur með orku frá ljósavél, sem komið var fyrir í vitanum og gas haft til vara. Radarsvari var settur á vitann 1975. Engeyjarviti er ferstrendur 5,5 metra hár turn með 3,5 metra háu sænsku ljóshúsi. Hvorum megin dyra er lóðréttur gluggi en ofarlega á turninum yfir dyrum er stærri gluggi og þrjú ferhyrnd lóðrétt op á handriðinu. Í upphafi var vitinn hvítur, með lóðrétta rauða rönd á miðjum vegg, en hann var síðar málaður gulur.

Á Kálfshamarsnesi í Húnaflóa, var reistur viti árið 1913 með norsku ljóshúsi úr járnsteypu á steinsteyptri plötu. Árið 1940 var byggður nýr viti á Kálfshamarsnesi en hann var ekki tekinn í notkun fyrr en tveimur árum síðar. Þá var sett á hann ljóshús og vitinn var útbúinn með 500 mm linsu og gasljóstækjum. Árið 1973 var vitinn rafvæddur. Kálfshamarsviti er steinsteyptur, ferstrendur turn á lágri undirstöðu, 3,6 metra breiður, 5 metra langur og 13,2 metra hár, auk 3,1 metra ljóshúss. Í veggjum turnsins eru innfelld lóðrétt bönd og mótað er krossmark í flötinn yfir anddyri. Veggir vitans voru húðaðir með ljósu kvarsi og innfelldu böndin með hrafntinnu.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en ljósmyndirnar tók Friðrik Örn Hjaltested. Prentsmiðjan Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2012

Selir

Sama dag, 13. september, kom út þriðja og síðasta frímerkjaútgáfan tileinkuð selum við Ísland. Myndefnið var blöðruselur og rostungur.

Blöðruselur (*Cystophora christata*), sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 100g utan Evrópu (ígildi 475 kr. á útgáfudegi), er íshafsselur í Norður-Atlantshafi og Norður-Íshafi, álíka stór og útselur. Fullvaxnir brimlar geta orðið þrír metrar á lengd og 300-400 kg á þyngd, fullvaxnar urtur eru minni. Það sem einkennir selinn er að húðin á höfði brimlanna, frá nösum og upp á koll, er skinnpoki sem þeir geta blásið upp eins og blöðru. Fæða blöðrusela er fiskmeti svo sem þorskur, karfi, rækjur, steinbítur og smokkfiskur. Þeir kafa eftir æti allt niður á 600 metra dýpi. Blöðruselurinn er algengur við Ísland en hann er mikil úthafstegund og sést oftast langt frá landi. Blöðruselir eru óvinsælir meðal sjómanna við Ísland og kvarta þeir meðal annars yfir því að þeir éti fisk úr netum og línu.

Rostungur (*Odobenus rosmarus*), sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 1000g innanlands (ígildi 480 kr.), er stórt hreifadýr sem lifir við sjó á Norðurslóðum. Brimlar í Norður-Atlantshafi eru um þrír metrar á lengd og vega 800-1000 kg en urturnar eru minni. Rostungar veiða einstaka sinnum fisk en lifa aðallega á botndýrum. Rostungar eru með einkennandi stórar skögultennur (vígtennur) úr efri skolti. Einu náttúrulegu óvinir rostunga eru maðurinn, háhyrningar og hvítabirnir. Rostungar lifa nú á fjórum afmörkuðum svæðum. Austurstofn Atlantshafsstofnsins lifir við austurströnd Grænlands annars vegar og hins vegar á svæði við Svalbarða og suður að norðurströnd Rússlands. Fyrir norræna Grænlendinga á miðöldum voru rostunga afurðir einn mikilvægasti þátturinn í útflutningi þeirra til Evrópu og skögultennurnar voru seldar í Evrópu sem fílabein og notaðar í útskurð. Rostungar eru nú á tímum sjaldgæfir flækingar við Íslandsstrendur en voru tíðir við vestanverðar strendur Íslands allt fram á 19. öld.

Jóhann Jónsson teiknaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – Fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri

Smáörkin sem kom út þann 13. september í tilefni af Degi frímerkisins var tileinkuð fornleifauppgreftri á Skriðuklaustri og 500 ára vígsluafmæli Skriðuklausturskirkju. Smáörkin er með einu frímerki sem ber áletrunina 1500g innanlands, (ígildi 565 kr. á útgáfudegi).

Skriðuklaustur er menningar- og fræðasetur og fornfrægt stórbýli í Fljótsdalshreppi á Austurlandi. Þar var samnefnt munkaklaustur af Ágústínusarreglu frá 1493 til 1552. Skriðuklaustur var síðasta klaustrið sem stofnað var á Íslandi í kaþólskum sið. Kirkja var vígð á Skriðuklaustri 1496 og stóð klausturkirkjan fram á 18. öld. Eftir það var byggð önnur og minni kirkja sem var lögð af árið 1792. Klaustrið að Skriðu féll í gleymskunnar dá eftir því sem aldir liðu og byggingar þess hurfu í jörðu.

Fræðimenn segja, að bygging Skriðuklausturs beri svipmót annarra klausturbygginga í Evrópu. Klaustrið samanstóð af þyrpingu vistarvera, kapellu og veglegri kirkju sem byggð voru við skýrt afmarkaðan klausturgarð með brunni fyrir miðju. Hlutverk Skriðuklausturs virðist einnig hafa verið sambærilegt við það sem var í öðrum kaþólskum klaustrum erlendis. Í klausturgarðinum á Skriðu fór fram ræktun mat- og lækningajurta. Þar var jarðað, en af þeim beinagrindum sem þar hafa verið grafnar upp má ráða að á Skriðuklaustri hafi verið rekinn spítali, enda var líkn sjúkra og fátækra eitt helsta hlutverk kaþólskrar kirkju í evrópskum samfélögum.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði smáörkina en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslensk myndlist – Önnur kynslóð frumherja

Þann 1. nóvember kom út þriðja frímerkjaröðin í útgáfu sem helguð er íslenskri myndlist og er þema hennar önnur kynslóð frumherja. Málverkin sem prýða þessa útgáfu eru: Dapri prinsinn (50g innanlands ígildi 120 kr. á útgáfudegi) eftir Guðmund Thorsteinsson (Mugg), Uppstilling (100g innanlands, ígildi 125 kr.) eftir Kristínu Jónsdóttur, Frá Vestmannaeyjum (50g til Evrópu ígildi 175 kr.) eftir Júlíönu Sveinsdóttur og Móðurást (50g utan Evrópu ígildi 230 kr.) eftir Nínu Sæmundsson.

Í frímerkjatilkynningu Íslandspósts með þessari útgáfu skrifar Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, meðal annars: Veröldin horfði öðruvísi við þeirri fámennu kynslóð íslenskra listamanna sem komst til þroska á öðrum og þriðja tug 20. aldar, heldur en aldamótakynslóðinni. Fyrri heimsstyrjöldin hafði í för með sér skipbrot ýmissa hugsjóna, ekki síst þjóðernisrómantíkunnar sem fyllt hafði hugmóði fyrstu nútímalistamenn Íslendinga. Að sönnu er myndlist eftirkomenda þeirra ekki gersneydd slíkri rómantík, en beinist þó fremur að einkaveröld þeirra og áhugamálum.

Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) (1891-1924) fær útrás fyrir angurværð sína og elskulega glettni í myndum upp úr ævintýrum og Kristín Jónsdóttir (1888-1959), fyrsta íslenska konan til að leggja út á myndlistarbrautina, notar hversdagslega heimilishluti til að búa sér til formfasta og tæra myndveröld.

Myndlist þeirra Nínu Sæmundsson (1892-1965) og Júlíönu Sveinsdóttur (1889-1966) hverfist einnig um persónulegar lausnir, fremur en opinberar yfirlýsingar.

Viðbrögð Nínu, fyrsta myndhöggvara í hópi íslenskra kvenna, voru þau að snúa baki við svokallaðri „framsækinni“ myndlist og freista þess að skapa nútímaleg verk á grunni hefðbundinnar akademískrar höggmyndalistar. Júlíana, sem velktist lengi í vafa um köllun sína og myndlistarhæfileika, hóf feril sinn sem landslagsmálari í anda Jóns Stefánssonar, en þróaði síðan eigin náttúrusýn byggða á ljóðrænni innlifun danskra landslagsmálara. Seinni málverk Júlíönu af íslensku landslagi, einkum heimahögum hennar í Vestmannaeyjum, eru voðfelldar stemmningar fremur en staðarlýsingar, málaðar í fáum en tjáningarríkum litum. Allt stuðlar að því að „hughrifin streymi frá sameinuðum áhrifum myndheildarinnar“, svo vitnað sé til eins gagnrýnanda hennar.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði. Gjafamappa var gefin út með frímerkjunum og vandaðri umfjöllun um listaverkin og höfunda þeirra á íslensku og ensku eftir Aðalstein Ingólfsson listfræðing. Svansprent prentaði gjafamöppuna.

Villtir ætisveppir

Sama dag, 1. nóvember, kom út sjöunda röðin í frímerkjaútgáfunni, Villtir ætisveppir á Íslandi. Eitt frímerki kom út að þessu sinni líkt og 2. júlí s.l. Þetta frímerki var jafnframt það síðasta í útgáfuröð tileinkaðri villtum ætisveppum. Myndefnið var kóngssveppur og verðgildi frímerkisins var B50g innanlands (ígildi 103 kr. á útgáfudegi).

Í tilkynningu Íslandspósts kemur fram, að kóngssveppur (*Boletus edulis*) sé stór og mjög holdugur pípusveppur, með brúnni hettu og ljósum staf. Hann er með daufa lykt og þægilegu bragði sem minnir á hnetur. Kóngssveppinn má oftast finna í gömlum birkiskógum eða kjarri, helst í brekkum þar sem sólar nýtur. Hann fannst fyrst í Vaglaskógi um 1960 en hefur síðan komið í leitirnar í nær öllum landshlutum, þó hvergi tíður eða í miklu magni. Á norsku og sænsku nefnist sveppurinn stundum karljohan eftir Karli Jóhanni 14. Svíakonungi sem innleiddi neyslu hans í Svíþjóð á 19. öld og reyndi að rækta hann. Íslenska nafnið kóngssveppur er myndað með hliðsjón af því og hefur nú fest rætur. Kóngssveppur er meðal virtustu og vinsælustu matsveppa heims og er víða safnað í miklu magni, enda er hann algengur um gervalla Evrópu, einkum í fjallalöndum. Hann er því víða seldur í búðum og á mörkuðum og úr honum er m.a. framleitt súpuduft í stórum stíl.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið sem var offsetprentað af Walsall Security Printers Ltd., í Walsall Bretlandi í apríl 2002 án verðgildis. Verðgildið, B50g innanlands, var hins vegar innáprentað á frímerkið af Svansprenti í Kópavogi í júní 2012.

Jólafrímerki

Jólafrímerkin 2012 komu einnig út 1. nóvember en myndefni þeirra er sótt í þjóðsöguna af Nátttröllinu. Á öðru frímerkinu, sem ber áletrunina, 50g innanlands (ígildi 120 kr. á útgáfudegi) er fólk á leið til kirkju, en á hinu, sem ber áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 175 kr.) er stúlkan og tröllið. Einnig kom út frímerkjahefti með burðargjaldinu, 50g bréf innanlands. Frímerkin, jafnt í örkum sem hefti, eru sjálflímandi.

Söguna af Nátttröllinu, er að finna í þjóðsögum Jóns Árnasonar I (1954), bls. 198. Sagan er eftir sögn gamallar konu úr Rangárþingi og skráð á 19. öld. Sagan er á þessa leið: „Á bæ einum fannst ávallt sá sem gæta átti bæjarins á jólanóttina annaðhvort dauður eða æðisgenginn. Vildu því fáir verða til þess. Einu sinni bauðst alþýðustúlka til að vera heima og urðu hinir því fegnir. Stúlkan sat á palli í baðstofu og kvað við barn eitt sem hún hélt á. Um nóttina er komið á gluggann og sagt:

Fögur þykir mér hönd þín,
snör mín en snarpa, og dillidó.
Þá segir hún:
Hún hefur aldrei saur sópað,
ári minn Kári, og korriró.
Þá er sagt á glugganum:
Fagurt þykir mér auga þitt,
snör mín en snarpa, og dillidó.
Þá segir hún:
Aldrei hefur það illt séð,
ári minn Kári, og korriró.
Þá er sagt á glugganum:
Fagur þykir mér fótur þinn,
snör mín en snarpa, og dillidó.
Þá segir hún:
Aldrei hefur hann saur troðið,
ári minn Kári, og korriró.
Þá er sagt á glugganum:
Dagur er í austri,
snör mín en snarpa, og dillidó.
Þá segir hún:
Stattu og vertu að steini
en engum þó að meini,
ári minn Kári, og korriró.

Hvarf þá vætturinn af glugganum. En um morguninn var kominn steinn mikill í bæjarsundið og stóð hann þar æ síðan. Sagði stúlkan frá öllu og hafði það verið nátttröll sem á gluggann kom.“

Hönnuður frímerkjanna er Kristín Ragna Gunnarsdóttir. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkin og heftið í fjórlit ásamt einum Pantone sérlit. Einnig eru frímerkin með gylltri málmfilmu.

2013

Þjóðminjasafnið 150 ára

Þann 24. janúar gaf Íslandspóstur út frímerki með verðgildinu 100g innanlands (ígildi 125 kr. á útgáfudegi) í tilefni þess að 2013 voru liðin 150 ár frá stofnun Þjóðminjasafnsins.

Þjóðminjasafnið telst stofnað 24. febrúar 1863, en á þeim degi fyrir 150 árum færði Jón Árnason stiftsbókavörður stiftsyfirvöldum bréf frá Helga Sigurðssyni á Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi þar sem hann býðst til að gefa Íslandi 15 gripi með þeirri ósk „að þeir verði fyrsti vísir til safns íslenskra fornmenja.” Íslenskir gripir höfðu fram að þessu einkum verið varðveittir í dönskum söfnum. Þórður Jónasson stiftamtmaður og Helgi Thordersen biskup þágu gjöfina skriflega samdægurs. Sjá frekari umfjöllun um Þjóðminjasafn Íslands við frímerkjaútgáfur áranna 1963 og 2005.

Myndefni frímerkisins er dúkur Staðarhóls-Páls, útsaumaður með silkiþræði á hörléreft. Á dúknum er þéttsaumað blóma- og laufamunstur, dýr og fólk í 16. aldar klæðnaði. Dúkurinn er erlendur að uppruna en kom til Þjóðminjasafnsins vestan úr Breiðafirði og var talinn mikil gersemi á sínum tíma.

Sigríður Guðrún Kristinsdóttir hannaði frímerkið en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi prentaði í fjórlit og tveimur Pantone sérlitum.

Ferðamannafrímerki

Þennan sama dag, 24. janúar, komu út tvö ferðamannafrímerki og var þetta í annað sinn sem frímerki í þessari útgáfuröð voru gefin út.

Aldeyjarfoss, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi), er foss í Skjálfandafljóti í Bárðardal. Fossinn er innrammaður í fagrar stuðlabergsmyndanir og er fall hans um 20 metrar. Skjálfandafljót er fjórða lengsta vatnsfall á Íslandi. Margir þekktir fossar eru í fljótinu, ekki síst Goðafoss. Aldeyjarfoss hefur löngum verið talinn meðal fegurstu fossa í Skjálfandafljóti.

Hafursey, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 230 kr.), er móbergsfell á Mýrdalssandi norðanverðum. Þarna er mikið fýlavarp og undirhlíðarnar eru vaxnar kjarri. Þar var áður áningarstaður ferðamanna um Mýrdalssand. Laust eftir aldamótin 1900 var reist þar sæluhús og nú er þar skýli Slysavarnafélags Íslands. Hellirinn Stúka vestan í fellinu var áður skýli og náttból ferðamanna.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Ár alþjóðlegrar samvinnu um vatn

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 2013, Ár alþjóðlegrar samvinnu um vatn (International Year of Water Cooperation). Tilgangurinn var að auka vitund þjóða heims um möguleikana á aukinni samvinnu um þessa dýrmætu auðlind. Af þessu tilefni gaf Íslandspóstur út frímerki þann 24. janúar með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 103 kr. á útgáfudegi). Myndefnið er stílfærð teikning af höndum sem teygja sig til himins eftir regnvatni.

Í tilkynningu Póstsins með þessari útgáfu segir meðal annars, að íslenskar stofnanir og hjálparsamtök hafi komið að alþjóðlegu hjálparstarfi, meðal annars með því að grafa fyrir brunnum til að afla vatns fyrir fólk á þurrkasvæðum. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hefur unnið að því í nokkrum löndum að bora fyrir vatni og grafa vatnsbrunna. Þá hefur Æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar einnig verið virkur þátttakandi í hjálparstarfinu, m.a. í Malaví. Með aðkomu Hjálparstarfs kirkjunnar hafa íbúarnir getað grafið brunna, komið fyrir góðum vatnsdælum og þar með öðlast betra aðgengi að hreinu vatni.

Frímerkið hannaði Borgar Hjörleifur Árnason en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslensk samtímahönnun – Grafísk hönnun

Þann 14. mars kom út fjórða frímerkjaröðin um íslenska samtímahönnun og var hún að þessu sinni tileinkuð grafískri hönnun. Myndefni frímerkjanna eru verk fjögurra ungra grafískra hönnuða: Lundi eftir Sigurð Oddsson (50g innanlands, ígildi 120 kr. á útgáfudegi). Sófakynslóðin eftir Ragnar Frey Pálsson (250g innanlands, ígildi 155 kr.). Pulsa eftir Rán Flygenring (100g til Evrópu, ígildi 300 kr.). Hestar eftir Sigurð Eggertsson (100g utan Evrópu, ígildi 475 kr.).

Sigurður Oddsson fæddist í Reykjavík 1985 en ólst upp að miklu leyti í Vancouver í Kanada. Þar kynntist hann frumbyggjalist indjána og sækir þangað í myndsköpun sinni. Sigurður útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands 2008. Hann hefur starfað fyrir lista-, tísku- og tónlistargeirann.

Ragnar Freyr Pálsson fæddist í Reykjavík 1980. Hann lauk námi frá Listaháskóla Íslands 2005 og fór þá til náms við Kennaraháskóla Íslands. Ragnar stofnaði vinnustofu í Reykjavík 2001. Í myndlist sinni og hönnun leggur Ragnar áherslu á einfaldleika og naumhyggju.

Rán Flygenring er fædd í Osló 1987 en ólst upp í Reykjavík. Hún útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands 2009. Hún var hirðteiknari Reykjavíkurborgar sumarið 2011 og hlaut þýsku barnabókaverðlaunin, „Deutscher Jugendliteraturpreis“ 2012, fyrir barnabókina „Frerk, du Zwerg!“

Sigurður Eggertsson fæddist á Akureyri 1984. Hann lærði grafíska hönnun í Listaháskóla Íslands. Hann stundaði nám við Weißensee Listaháskólann í Berlín en lauk náminu á Íslandi. Sigurður er búsettur í Berlín og vinnur fyrir viðskiptavini um allan heim.

Örn Smári Gíslason færði teikningar grafísku hönnuðanna í frímerkjabúning. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Bílaöldin 1913-2013

Raunveruleg bílaöld á Íslandi er talin hefjast 1913 þegar fyrsti Ford T bíllinn kom til Íslands og var þess minnst með útgáfu tveggja smáhefta 14. mars. Heftin eru með 4 frímerkjum hvort og eru myndefni merkjanna sem bera áletrunina B50g innanlands (ígildi 103 kr. á útgáfudegi) Ford AA vörubíll frá 1931 og Chevrolet hálfkassabíll frá 1942-3. Myndefni frímerkjanna sem bera áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 175 kr.) eru hins vegar Mercedes Benz farþegabifreið frá 1957 og Bedford slökkvibíll frá 1955.

Ford-T var traustur, einfaldur og tiltölulega ódýr vörubíll sem kom hingað til lands án yfirbyggingar. Hönnun Íslendinga á ekilshúsum og pöllum á vörubíla á sér ekki sinn líka annars staðar í veröldinni.

Chevrolet hálfkassabíll, eins og sá sem frímerkið sýnir, tók 10 farþega. Bíllinn kom nýr til landsins 1943 en var smíðaður 1942. Hann var notaður til fólks- og vöruflutninga í Eyjafirði en er nú á Samgönguminjasafninu í Stóragerði í Óslandshlíð.

Mercedes Benz farþegabifreiðin (rúta) er af árgerð 1957. Bíllinn var fluttur inn árið 1962 og notaður á Siglufjarðarleið í 10 ár, uns hann var seldur austur á firði. Hann er nú til sýnis á Samgöngusafninu í Stóragerði.

Um miðjan síðari hluta 20. aldar komu 68 slökkvibílar af gerðinni Bedford til landsins. Tilkoma slökkvibílanna var, að sögn þeirra sem best til þekkja, mesta bylting sem orðið hefur í brunavörnum landsbyggðarinnar.

Hönnuður frímerkjanna er Hlynur Ólafsson sem jafnframt tók ljósmyndirnar af Mercedes Benz rútunni og Bedford slökkvibílnum. Svanur Hallbjörnsson tók myndina af Ford vörubílnum og Olgeir Engilbertsson af Chevrolet hálfkassabílnum. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Bæjarhátíðafrímerki

Þann 2. maí komu út fimm frímerki í nýrri frímerkjaröð sem helguð var bæjarhátíðum á Íslandi. Myndefni frímerkjanna eru fimm bæjarhátíðir: Hinsegin dagar, Aldrei fór ég suður, Fiskidagurinn mikli, Bræðslan og Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Bæjarhátíðum sem haldnar eru hér á sumrin hefur farið fjölgandi á undanförnum árum og eru víða orðnar ríkur þáttur í menningarlífi margra bæja og byggðarlaga á Íslandi.

Hinsegin dagar í Reykjavík, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 103 kr. á útgáfudegi), eru haldnir í ágúst ár hvert. Þessi hátíð samkynhneigðra barst frá Bandaríkjunum til Evrópu og ber nú upp á flestar helgar sumarsins víða um heim. Hinsegin dagar voru fyrst haldnir hátíðlegir hér á landi árið 2000.

Aldrei fór ég suður tónlistarhátíðin, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 103 kr.), var haldin á Ísafirði fyrsta sinni árið 2004. Hátíðin þykir sérstök sökum staðsetningar og umgjarðar og hefur haft jákvæð áhrif á samfélagið auk þess sem bærinn hefur endurnýjað ímynd sína sem tónlistarbær.

Fiskidagurinn mikli, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 120 kr.), er fjölskylduhátíð sem er haldin í Dalvíkurbyggð fyrsta laugardag eftir verslunarmannahelgi. Markmið hátíðarinnar er að fólk komi saman, skemmti sér og snæði fisk. Fjölbreytt skemmtidagskrá er í tengslum við hátíðina.

2013

Tónlistarveislan Bræðslan á Borgarfirði eystri, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 120 kr.), hefur í tímans rás skipað sér sess sem hlekkur í tónlistarlífi landsmanna. Tónleikarnir fara fram í gamalli síldarbræðslu sem heimamenn breyta í tónleikahöll einu sinni á ári.

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 120 kr.), var fyrst haldin 1874. Íþróttabandalag Vestmannaeyja skipuleggur hana. Hátíðin hefur þróast í eina metnaðarfyllstu tónlistarhátíð landsins og hefur aldrei fallið niður, hvorki vegna veðurs né náttúruhamfara.

Linda Ólafsdóttir hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Póstbílar

Þennan sama dag, 2. maí, gaf Íslandspóstur út tvö Evrópufrímerki og var þema þeirra að þessu sinni póstbílar í notkun. Póstbíll af tegundinni Ford Transit 350M árg. 2012, er myndefni á frímerki með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi) en póstbíll af tegundinni Man Tgs árg. 2010, er myndefni á frímerki með verðgildinu 50g utan Evrópu, (ígildi 230 kr.).

Þema Evrópufrímerkjanna er að venju ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu en útgáfan var einnig tileinkuð 20 ára afmæli PostEurop. Frímerkin voru eingöngu gefin út sjálflímandi, í bæði örkum og heftum, og er tökkun frímerkjanna ólík.

Íslandspóstur rekur einn stærsta bílaflota landsins, um 110 bíla, sem eingöngu sinna póstflutningum. Heildaraksturinn er í kringum 3,5 milljón km á ári en landpóstakeyrslan er ekki inni í þeirri tölu. Landpóstar eru þeir aðilar sem sjá um póstflutninga í hinum dreifðu byggðum landsins.

Pósturinn hefur sett sér umhverfisstefnu og fylgist með kolefnismengun bílaflotans. Um þriðjungur allra póstbíla á Stór-Reykjavíkursvæðinu eru metangasbílar og stefnt er að fjölgun slíkra vistvænna bifreiða. Við brennslu á metangasi í stað bensíns eða dísilolíu fer mun minna af koldíoxíði og öðrum gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Ellefu ár eru síðan Íslandspóstur tók fyrstu metangasbifreiðina í notkun.

Í öllum bifreiðum Póstsins eru ökusíritar sem skrá upplýsingar um aksturslag. Með þeim er hægt að fylgjast með bílunum í rauntíma á tölvuskjá og þar sést hvar bílarnir eru, á hvaða hraða þeir aka og í hvaða átt þeir stefna. Þessi tækni auðveldar að miklum mun allt skipulag póstflutninga kringum landið.

Bergþóra Birgisdóttir hannaði Evrópufrímerkin. Sverrir Björnsson tók landslagsmyndirnar á frímerkjunum en Arnaldur Halldórsson myndirnar af bifreiðunum. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 2013

Þann 2. maí gaf Íslandspóstur einnig út smáörk í tilefni af norrænu frímerkjasýningunni NORDIA 2013, sem haldin var í Íþróttamiðstöðinni Ásgarði í Garðabæ 7.-9. júní en þema frímerkjanna eru norðurljós. Þetta var í sjötta sinn sem sýningin er haldin hérlendis. Í smáörkinni eru fjögur frímerki, með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 175 kr.) og var því verð smáarkarinnar 700 kr. á útgáfudegi.

Í kynningu Íslandspósts með smáörkinni segir að frá sólinni berist í sífellu svonefndur sólvindur sem er straumur rafhlaðinna agna. Segulsvið jarðarinnar hrindir honum frá sér nema í kringum segulpólana þar sem eitthvað af ögnunum sleppur inn. Þegar þær rekast á lofthjúp jarðar, í um 100-250 km hæð örvast sameindir og frumeindir í hjúpnum og senda frá sér ljós sem við köllum norður- eða suðurljós.

Áhrif sólvindsins eru mest á kraga kringum segulpólana og þar eru norður- og suðurljósin einnig mest áberandi. Ísland er í norðurljósakraganum að nóttu til við eðlileg skilyrði. Hægt er að sjá norðurljósin hvar sem er á Íslandi þegar norðurljósakraginn svonefndi er yfir landinu, himinninn heiðskír og myrkt er úti. Stærð og umfang norðurljósakragans er breytilegt og veltur að mestu á virkni sólar og þar af leiðandi sólvindinum. Sé virkni sólar lítil er kraginn venjulega lítill en sé virkni sólar mikil er kraginn venjulega stór og breiður.

Hönnuður frímerkjanna er Hlynur Ólafsson en Olgeir Andrésson tók ljósmyndirnar. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Vitafrímerki

Hinn 12. september komu út tvö frímerki í þriðju röðinni sem Íslandspóstur gaf út og tileinkar vitum á Íslandi. Vitarnir sem prýddu frímerkin voru að þessu sinni Vattarnesviti, á frímerki sem ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 120 kr. á útgáfudegi) og Skarðsfjöruviti, á frímerki sem ber áletrunina 100g til Evrópu (ígildi 300 kr.). Frímerkin voru sjálflímandi í örk með 10 frímerkjum. Aftan á frímerkjaarkirnar eru prentaðir uppdrættir af vitunum.

Árið 1912 var reistur viti á Vattarnestanga við Reyðarfjörð. Við bygginguna var stuðst við teikningar Thorvalds Krabbe verkfræðings. Vitinn var steinsteyptur sívalur turn, 3,3 metrar á hæð upp á svalir umhverfis ljóshúsið og 2,4 metrar í þvermál. Ljóshúsið og gasbúnaður voru frá Svíþjóð og í vitanum var 500 mm linsa. Árið 1957 var byggður nýr viti á Vattarnestanga og er sá viti 12,3 metra hár en ljóshúsið er hið sama og var á gamla vitanum. Ljóshæð yfir sjávarmáli er 26 metrar. Vitinn var rafvæddur með straumi frá rafveitu árið 1977 en gas haft til vara. Vitann hannaði Axel Sveinsson verkfræðingur.

Á Skarðsfjöru á Meðallandssandi var reist 19 metra há járngrind árið 1959. Þessi viti var útbúinn með 3 metra háu áttstrendu sænsku ljóshúsi og díoptrískri 500 mm linsu og gasljóstækjum sem áður voru í Galtarvita. Árið 1968 var byggt vélahús úr steinsteypu nærri vitanum og þar komið fyrir ljósavélum og tækjum fyrir radíóvita. Vitinn var raflýstur sama ár. Radarsvari var látinn á vitann árið 1973 en GPS-leiðrétting og sjálfvirk veðurathugunarstöð árið 1993. Flugmálastjórn Íslands tók við rekstri radíóvitans 1994. Árið 1997 var tekið inn rafmagn frá rafveitu. Vitann hannaði Steingrímur Arason verkfræðingur.

Hönnuður frímerkjanna er Örn Smári Gíslason en Friðrik Örn Hjaltested tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Surtsey 50 ára

Þennan sama dag, 12. september, var þess minnst með útgáfu frímerkis með áletruninni 1500g innanlands (ígildi 565 kr. á útgáfudegi) að 50 ár voru liðin frá því að gos hófst í Surtsey.

Snemma dags 14. nóvember 1963 sáu sjómenn frá Vestmannaeyjum að reykjarmökkur stóð upp úr sjónum átján kílómetra suðvestur af Heimaey. Surtseyjargos var þá hafið nokkrum dögum áður, en um 130 metra sjávardýpi er á þessum slóðum. Gosið stóð með stuttum hléum fram í júní 1967. Eyjan var um það bil þrír ferkílómetrar að flatarmáli eftir að gosi lauk en hún fer stöðugt minnkandi vegna ágangs sjávar og er nú aðeins helmingur af því sem hún var í upphafi.

Fjölskrúðugt líf er í eynni og fjölmargar lífverur hafa numið þar land. Fræ hafa borist sjóleiðis til eyjarinnar eða borist með vindi og fuglum. Þær plöntur sem hafa tekið sér bólfestu í eynni dafna ágætlega og er gróðurinn orðinn gróskumikill og farinn að líkjast þeim sem finna má í fuglabyggðum í úteyjum Vestmannaeyja. Mikið fuglalíf er í eyjunni en þar má sjá fýl, teistu, ritu og aðrar fuglategundir.

Samkvæmt tölfræðispám um framtíð eyjarinnar mun Surtsey verða að skeri eftir 160 ár. Þó er ekki útlit fyrir að hún fari öll á kaf því víða í nágrenni eyjarinnar standa björg upp úr hafi og hafa gert í þúsundir ára. Surtsey var skráð á heimsminjaskrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í júlí 2008.

Atli Hilmarsson hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslenska geitin

Þann 12. september kom einnig út frímerki tileinkað íslensku landnámsgeitinni, með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi). Frímerkið ber einnig Sepac-áletrunina enda um að ræða sameiginlega útgáfu Sepac-landanna tólf þar sem þemað er dýr og í tilviki Íslands var landnámsgeitin fyrir valinu. Um er að ræða sameiginlega frímerkjaútgáfu tólf eyríkja og smáþjóða: Íslands, Færeyja, Álandseyja, Grænlands, Monaco, Lichtenstein, Luxemborgar, Gíbraltar, Mön, Guernsey, Jersey og Möltu en samútgáfa landanna hófst 2007. Að venju var gefin út gjafamappa með öllum frímerkjunum tólf, sem seld er í öllum Sepac-löndunum.

Við upphaf byggðar á Íslandi fluttu landnámsmenn geitur með sér til landsins en ekki er vitað til þess að þær hafi verið fluttar hingað eftir landnám. Allar íslenskar geitur eiga því rætur að rekja til landnámskynsins. Örnefni sem tengjast geitum gefa til kynna að töluvert hafi verið af þeim í upphafi byggðar á Íslandi. Við talningu á 18. öld voru þær þó ekki nema rúmlega 800 og er ástæðan fyrir fækkun þeirra rakin til kólnandi veðurfars á 16. og 17. öld. Afurðir af sauðfé hentuðu betur slíku veðurfari. Í kreppunni á þriðja og fjóra áratug 20. aldar fjölgaði geitum í landinu því þær hentuðu vel sem húsdýr víða í sjávarþorpum. Við talningu árið 1930 voru þær orðnar tæplega 3000. Þær voru að lokum bannaðar í þorpum og fækkaði ört eftir 1940. Árið 1963 voru aðeins taldar 87 geitur á landinu og stofninn kominn á válista. Árið 2008 samþykkti ríkisstjórn Íslands alþjóðlegan samning um líffræðilega fjölbreytni. Vernd íslenska landnámsgeitastofnsins fellur undir þennan samning. Geitastofninn þarf að ná 1000 dýrum til að hann verði tekinn af válista og er því enn langt í land.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkið og tók ljósmyndina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði. Fyrirtækið Davo í Deventer Hollandi framleiddi gjafamöppu Sepac-landanna.

Dagur frímerkisins – Vígsluafmæli biskupsstóla

Þann 12. september gaf Íslandspóstur einnig út smáörk í tilefni af Degi frímerkisins og var útgáfan tileinkuð 250 ára vígsluafmæli Hóladómkirkju og 50 ára vígsluafmæli Skálholtsdómkirkju. Smáörkin er með tveimur frímerkjum sem bera áletrunina 500g innanlands (ígildi 225 kr. á útgáfudegi).

Hóladómkirkja stendur á Hólum í Hjaltadal. Biskupsstóll var settur á Hólum árið 1106 þegar Norðlendingar vildu fá sinn eigin biskup til mótvægis við biskupinn í Skálholti. Sú kirkja sem nú stendur er sjöunda kirkjan sem stendur á Hólum og fimmta dómkirkjan. Meðal muna og minja sem vísað er til á frímerkinu eru róðukross og kirkjuklukkur. Hólar voru í margar aldir helsta menningarsetur Norðurlands. Á Hólum var löngum rekinn skóli og prentsmiðja. Hólabiskupar voru 23 í kaþólskum sið og 13 í lúterskum sið. Ákveðið var með lögum 1990 að vígslubiskupar skyldu sitja á gömlu biskupssetrunum og vera sóknarprestar þar.

Skálholt, er einn merkasti sögustaður á Íslandi. Þar sátu alls 44 biskupar, 31 kaþólskur og 13 lúterskir, þar til biskupsstóll og skóli fluttust til Reykjavíkur um aldamótin 1800. Á þessum stað gerðust margir sögulegir atburðir, en telja má líflát síðasta kaþólska biskupsins, Jóns Arasonar, og sona hans einn hinn áhrifamesta. Skálholt var mikið menningarsetur. Skóli var þar um margar aldir. Árið 1949 var stofnað félag til að vinna að endurreisn Skálholtsstaðar og var kirkjan vígð 1963. Munir í Skálholtskirkju eru margir og dýrmætir og er vísað til nokkurra af þessum munum á frímerkinu.

Örn Smári Gíslason hannaði smáörkina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Morgunblaðið 100 ára

Þann 31. október gaf Íslandspóstur út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 120 kr. á útgáfudegi) í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Morgunblaðsins.

Morgunblaðið kom fyrst út 2. nóvember 1913 og var fyrsta blaðið 8 blaðsíður að stærð. Upphafsmaður að stofnun blaðsins var Vilhjálmur Finsen sem hafði átt sér þann draum í fjölda ára að koma út blaði í Reykjavík. Í fyrsta blaðinu sem kom út má meðal annars lesa eftirfarandi: „Dagblað það sem hér byrjar starf sitt, á fyrst og fremst að vera áreiðanlegt, skemmtilegt og lipurt ritað fréttablað."

Viðtökur fyrstu tölublaðanna báru þess merki að ferskir vindar blésu um íslenska blaðaútgáfu því blaðið var bókstaflega rifið út. Morgunblaðið varð fljótlega víðlesnasta blað landsins. Nýtt félag í Reykjavík, sem fékk nafnið Árvakur hf., festi kaup á blaðinu 1919 og er ennþá eigandi þess. Ritstjórar blaðsins, Valtýr Stefánsson og Jón Kjartansson og Sigfús Jónsson framkvæmdastjóri þess, lögðu grunn að styrkri stöðu Morgunblaðsins í íslenskri fjölmiðlun. Morgunblaðið dafnaði og lesendum fjölgaði og hafði starfsemin aukist svo að huga varð að byggingu nýs húss. Árið 1956 fluttist Morgunblaðið í nýtt hús í Aðalstræti 6. Árið 1993 var öll starfsemi Morgunblaðsins flutt undir eitt þak í nýtt húsnæði í Kringlunni og árið 2006 fluttist blaðið svo í núverandi húsnæði við Hádegismóa, norðan við Rauðavatn í Reykjavík.

Frímerkið hannaði Hörður Lárusson en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2013

Íslensk myndlist – Nýtt landslag

Þema fjórðu frímerkjaraðarinnar um íslenska myndlist sem Íslandspóstur gaf út 31. október er Nýtt landslag. Málverkin sem prýða frímerkin að þessu sinni eru: Gjá í Þingvallahrauni (B50g innanlands, ígildi 103 kr. á útgáfudegi) eftir Eggert Laxdal, Beinin hennar Stjörnu (500g innanlands, ígildi 225 kr.) eftir Finn Jónsson, Brennisteinsöldur við Landmannalaugar (250g til Evrópu, ígildi 580 kr.) eftir Guðmund frá Miðdal og Herðubreið (250g utan Evrópu, ígildi 955 kr.) eftir Svein Þórarinsson.

Frá upphafi myndlistarinnar í landinu og allar götur til nútíðar hefur landslagið verið helsta viðfangsefni íslenskra myndlistarmanna. Hins vegar hefur túlkun þess breyst í samræmi við tíðaranda og listviðhorf í landinu á hverjum tíma. Til að mynda voru verk frumherjanna, Þórarins B. Þorlákssonar, Ásgríms Jónssonar, Kjarvals og Jóns Stefánssonar, lituð af bjartsýni og þjóðernisrómantískri ættjarðarást sjálfstæðisbaráttunnar. Veruleikinn sem blasti við fullvalda Íslendingum var hins vegar nokkuð annar en menn höfðu vænst.

Á Alþingishátíðinni 1930 horfðu menn fram á kreppuástand, vaxandi atvinnuleysi, hnignun atvinnuveganna og pólitískt sundurlyndi hinnar nýfrjálsu þjóðar, ástand sem ekki tók enda fyrr en í síðari heimsstyrjöld. Þetta uggvænlega ástand endurspeglast með ýmsum hætti í listaverkum nýrrar kynslóðar landslagsmálara. Tært, litríkt og viðmótsþýtt sumarlandið sem birtist í verkum frumherjanna víkur fyrir myndum af drungalegu vetrarlandslagi, brunahrauni og hrjóstrugum öræfum, náttúru sem ekki samræmdist hugmyndum manna um fegurð, og virtist auk þess sett til höfuðs íbúum landsins. Í því ljósi má skoða túlkun Eggerts Laxdal (1897-1951) á „heilögu“ landslagi Þingvalla sem hrikalegri grjóthrúgu, lýsingu Finns Jónssonar (1892-1993) á öræfalandslaginu sem

hinstu hvílu villuráfandi manna og dýra, upphafningu Guðmundar frá Miðdal (1895-1963) á eldstöðvum landsins og málverk Sveins Þórarinssonar (1899-1977) af hinni tignarlegu Herðubreið, þar sem fjallið birtist okkur sem ókleift og hrikalegt virki óþekktra afla.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði. Gjafamappa var gefin út með frímerkjunum og vandaðri umfjöllun um listaverkin og höfunda þeirra á íslensku og ensku eftir Aðalstein Ingólfsson listfræðing. Svansprent í Kópavogi prentaði gjafamöppuna.

Jólafrímerki

Myndefni jólafrímerkjanna sem komu út 31. október 2013 eru fengin úr steindum glugga yfir dyrum Hallgrímskirkju í Reykjavík. Jólafrímerkin 2013 brjóta blað í rúmlega 30 ára útgáfusögu íslenskra jólafrímerkja að tvennu leyti. Í fyrsta lagi eru þau nú þrjú að tölu með eftirfarandi verðgildum: B50g innanlands fyrir B-póst innanlands (ígildi 103 kr. á útgáfudegi), 50g innanlands fyrir A-póst innanlands (ígildi 120 kr.), og 50g til Evrópu fyrir A-póst til Evrópu (ígildi 175 kr.). Frímerkin eru sjálflímandi og aðeins gefin út í örk með 10 frímerkjum. Aftan á frímerkjaarkirnar er prentuð mynd af Hallgrímskirkju ásamt nánari upplýsingum um útgáfuna.

Í öðru lagi þá bjóða frímerkin upp á sjón- og hljóðræna upplifun með notkun á viðeigandi smáforriti (appi) í síma og er því óhætt að fullyrða að jólafrímerkin 2013 séu tæknivæddustu frímerki Íslandssögunnar.

2013

Ýmis trúarleg tákn eru sá efniviður sem listamaðurinn, Leifur Breiðfjörð, vann úr við gerð þessa fagra glervirkis, sem þessi steindi gluggi yfir dyrum Hallgrímskirkju er og sem biskup Íslands helgaði 28. nóvember 1999. Glugginn er níu metrar á hæð og um tveir metrar á breidd. Í þremur einingum gluggans túlkar Leifur baráttu góðs og ills. Aðrar einingar sýna píslargöngu Krists og fuglinn Fönix, tákn upprisunnar en efstu sex einingarnar sýna hringinn, tákn eilífðar, en inni í honum er þríhyrningur, tákn heilagrar þrenningar og dúfan, tákn heilags anda.

Jólafrímerkin sýna þrjár einingar kirkjugluggans en þær má skoða mun nánar ef frímerkin eru skönnuð með viðeigandi appi en svonefndur AR-kóði (Augmented Reality) er byggður inn í öll frímerkin. Með því að hlaða niður Sepac stamps-appi í snjallsíma eða spjaldtölvu má skoða kirkjugluggann í heild sinni ásamt Hallgrímskirkju frá ýmsum sjónarhornum að utan (sjá mynd hér að neðan). Tónlistin sem heyra má þegar appið er opnað er sálmaforleikurinn „Schmücke dich, o liebe Seele“ eftir Johann Sebastian Bach í flutningi Harðar Áskelssonar organista og kantors Hallgrímskirkju. Tónlistin er af disknum, Nýja orgelið í Hallgrímskirkju. Appið er hægt að sækja í Play Store á tækjum með Android-stýrikerfi og App Store fyrir Apple-tæki.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2014

Eimskipafélag Íslands 100 ára

Þann 16. janúar gaf Íslandspóstur út frímerki, með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi), í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Eimskipafélags Íslands.

Eimskipafélagið var stofnað 17. janúar árið 1914 og er með elstu starfandi fyrirtækjum á Íslandi. Saga félagsins tengist með margvíslegum hætti sögu íslensku þjóðarinnar á tuttugustu öld. Ein meginforsenda efnahags- og stjórnmálalegs sjálfstæðis þjóðarinnar var að Íslendingar tækju samgöngur og flutninga til og frá landinu í eigin hendur.

Félagið sem strax í upphafi fékk heitið „óskabarn þjóðarinnar“ átti ríkan þátt í að auka hagsæld í landinu. Félagið hóf reglulegar siglingar árið 1915 með skipinu Gullfossi. Sú þýðing sem félagið hafði fyrir Íslendinga sannaðist í báðum heimsstyrjöldunum þegar erlend skipafélög hættu að sigla til landsins. Eimskip rekur í dag áreiðanlegt og skilvirkt siglingakerfi á Norður-Atlantshafssvæðinu með skrifstofur í 19 löndum en býður jafnframt upp á alhliða flutningaþjónustu um allan heim. Sjá frekari umfjöllun um Eimskipafélag Íslands við frímerkja-útgáfur ársins 1964.

Frímerkið hannaði Atli Hilmarsson en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Hagstofa Íslands 100 ára

Sama dag. 16. janúar, gaf Íslandspóstur út frímerki, með áletruninni 50g innanlands (ígildi 130 kr. á útgáfudegi), tileinkað aldarafmæli Hagstofu Íslands.

Hagstofan er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Hagstofan skiptist í fjögur svið, efnahagssvið, félagsmálasvið, fyrirtækjasvið og þjónustu- og þróunarsvið.

Hagstofa Íslands tók til starfa árið 1914. Í ársbyrjun 2008 var Hagstofa Íslands lögð niður sem ráðuneyti og tóku þá gildi ný lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Samkvæmt þeim er Hagstofan sjálfstæð stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra.

Hagstofan starfar í samræmi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna um grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð og ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Haförninn friðaður í 100 ár

Þennan sama dag, 16. janúar kom einnig út frímerki, með áletruninni B50g innanlands (ígildi 112 kr. á útgáfudegi), tileinkað 100 ára friðun íslenska hafarnarins (*Haliacetus albicilla*). Þetta var í annað sinn sem Pósturinn gefur út frímerki þar sem haförninn er myndefni. Fyrra frímerkið kom út 26. apríl 1966 og var verðgildi þess 50 kr.

Haförninn er stærsti fugl á Íslandi og meðal sjaldgæfustu varpfugla landsins. Síðustu tvo áratugi 19. aldar var markvisst unnið að því að útrýma erninum hér á landi og fram til ársins 1905 voru greidd verðlaun fyrir að skjóta haförn á Íslandi. Íslendingar friðuðu haförninn fyrstir allra þjóða frá og með 1. janúar 1914 en þetta sama ár fékk íslenska þjóðin heimastjórn.

Á síðustu þrjátíu til fjörutíu árum hefur stofninn þrefaldast en örninn er þó enn á válista. Íslenski stofninn er erfðafræðilega frábrugðinn öðrum arnarstofnum nema þeim grænlenska. Örninn verpti áður fyrr um allt land en búsvæði hans á Íslandi eru nú að mestu bundin við Breiðafjörð, Vestfirði og Vesturland.

Hörður Lárusson hannaði frímerkið en Gunnar Þór Hallgrímsson tók ljósmyndina. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ferðamannafrímerki

Þann 16. janúar kom einnig út þriðja röðin í flokki Ferðamannafrímerkja sem hófu göngu sína árið 2012.

Sjálfberg, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi), er sérkennilegur standklettur í sjó við Munaðarnes í Árneshreppi á Ströndum. Nafnið mun vera frá 19. öld og merkir „berg sem stendur sjálft, eitt og sér“. Munaðarnes var nyrsti sveitabær á Ströndum. Á svæðinu er geysimikið fuglalíf. Sjálfbergsbás er nafn á alldjúpri vík. Í henni miðri er standklettur í sjó og nefnist Sjálfberg, og annar uppi í fjörubakkanum sem heitir sama nafni.

Kvíárjökull, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 230 kr.), gengur sunnan úr Öræfajökli, syðsta hluta Vatnajökuls. Frá gígbörmum Öræfajökuls steypist tugur tignarlegra skriðjökla niður á sandana fyrir neðan. Kvíárjökull fellur í um 500-600 metra djúpt hamragljúfur milli Staðarfjalls og Vatnafjalla. Á vegum Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands er unnið að rannsóknum á byggingu og myndun jökulgarða Kvíárjökuls.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslensk samtímahönnun – Arkitektúr

Þann 27. mars kom út fimmta frímerkjaröðin um íslenska samtímahönnun, að þessu sinni tileinkuð arkitektúr. Myndefnin eru sundlaugin á Hofsósi (B50 innanlands, ígildi 112 kr. á útgáfudegi), kaffihús í Lystigarðinum á Akureyri (50g innanlands, ígildi 130 kr.), Menntaskóli Borgarfjarðar (250g innanlands, ígildi 155 kr.) og göngubrú yfir Hringbraut (50g til Evrópu, ígildi 175 kr.).

Við byggingu sundlaugarinnar á Hofsósi var haft að markmiði að skapa nútímalegt mannvirki sem félli jafnframt vel að gamla bæjarkjarna Hofsóss. Byggingin rís upp af því blágrýtisstuðlabergi sem einkennir staðhætti við ströndina. Basalt arkitektar hönnuðu sundlaugina.

Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrar og 100 ára afmæli Lystigarðsins í bænum ákvað bæjarfélagið að byggja kaffihús í garðinum. Þar eru tvö af elstu húsum bæjarins og var fullt tillit tekið til þeirra við hönnun hins nútímalega kaffihúss. Kollgáta arkitektúr hannaði bygginguna.

Menntaskóli Borgarfjarðar, er staðsettur mitt á milli lynggróinna kletta í Borgarnesi og var umhverfi hans afgerandi í allri mótun byggingarinnar. Markmiðið var að skapa staðbundna byggingu sem á beint samtal við sitt nánasta umhverfi, og hýsir nútímalegan menntaskóla í lifandi samfélagi sem Borgarnes er. Kurtogpí arkitektastofa hannaði bygginguna.

Göngubrú yfir Hringbraut í Reykjavík er niðurstaða samkeppni, sem haldin var árið 2003. Brúin lagar sig að gönguleiðum og myndar lóðréttan og láréttan boga yfir götuna. Fislétt handrið eykur á svif brúarinnar. Arkitektastofan Studio Grandi hannaði brúna. Verkið var unnið með Eflu verkfræðistofu (áður Línuhönnun).

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

2014

Norðurlandafrímerki – Norðurlöndin við hafið

Þennan sama dag, 27. mars, kom út smáörk í útgáfuröð Norðurlandafrímerkja, sem bar nafnið Norðurlöndin við hafið. Þetta var þriðja og síðasta útgáfan í þessari frímerkjaröð, en þær fyrri komu út 18. mars 2010 og 22. mars 2012. Norrænu póststjórnirnar höfðu um nokkurt skeið gefið út frímerki með sameiginlegu myndefni tengt hafinu og þemað að þessu sinni var tileinkað skipum á hafi úti.

Smáörkin sem Íslandspóstur gaf út er með einu frímerki sem ber áletrunina, 250g innanlands (ígildi 155 kr. á útgáfudegi) og myndefnið er flutningaskip með íslenskar afurðir um borð í flutningagámum. Jafnframt er gefin út gjafamappa með smáörkum allra Norðurlandaþjóðanna í þessari útgáfu, sem ber yfirskriftina „Top of the World of Stamps“.

Millilandasiglingar eru snar þáttur í efnahag Íslands. Hlutdeild sjávarútvegs í þessari flutningastarfsemi er mikil. Fyrr á tímum voru landsmenn öðrum háðir um vöruflutninga á sjó og takmarkaði það mjög verslun og menningarleg samskipti. Síðar buðu íslensk skipafélög upp á alhliða flutningaþjónustu víða um heim sem byggir á áreiðanlegu og skilvirku siglingakerfi. Þessi flutningafyrirtæki eru einn af máttarstólpum samfélagsins og gegna þýðingarmiklu hlutverki.

Frímerkið hannaði Borgar Hjörleifur Árnason en Arnaldur Halldórsson tók ljósmyndina. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði smáörkina.

Evrópufrímerki – Hljóðfæri

Þennan sama dag, 27. mars, komu Evrópufrímerkin 2014 út en þema þeirra var að venju ákvörðun PostEurop, en það var að þessu sinni hljóðfæri. Myndefni frímerkjanna voru tvö nýstárleg og alíslensk hljóðfæri.

Steinharpa, er myndefni á frímerki með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 175 kr. á útgáfudegi) og segulharpa, er myndefni á frímerki með verðgildinu 50g utan Evrópu, (ígildi 230 kr.). Frímerkin komu að þessu sinni aðeins út í örkum með 10 sjálflímandi frímerkjum.

Listamaðurinn Páll Guðmundsson á Húsafelli smíðaði árið 2001 nýtt hljóðfæri sem nefnist steinharpa. Hljóðfærið er safn steina og myndar hver steinn einn tón í þriggja og hálfrar áttundar hljóðfærinu. Steinharpan er sett saman úr steinhellum úr líparíti. Hljóðfærið má telja einstakt í tónlistarsögunni en það var notað í tónverkinu Hrafnagaldur Óðins sem hljómsveitin Sigur Rós flutti ásamt tónlistarfólki og kvæðamanni.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands í mars 2013, voru meðal annars veitt fyrir nýtt hljóðfæri sem listamaðurinn Úlfur Hansson smíðaði og nefnist segulharpa. Harpan er 26 strengja hljóðfæri og byggir hugmyndin á því að 26 strengir eru stroknir með rafsegulkrafti handofinna segulspóla. Strengirnir, spólurnar og rafkerfið liggja inni í sjálfum skrokk hljóðfærisins. Náttúruleg endurómun 26 opinna strengja skapar þann tónblæ sem einkennir hljóðfærið. Snertitakkar framan á hörpunni knýja hljóðfærið sem býr yfir einni áttund.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2014

Bæjarhátíðafrímerki

Þann 8. maí gaf Íslandspóstur út aðra röðina í frímerkjaútgáfu sem tileinkuð er bæjarhátíðum. Myndefni frímerkjanna eru sem fyrr fimm bæjarhátíðir víða um land: Þær voru að þessu sinni Humarhátíð á Höfn, Síldarævintýrið, Ljósanótt, Danskir dagar og Menningarnótt.

Humarhátíð á Höfn í Hornafirði, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 112 kr. á útgáfudegi), má rekja til frumkvæðis einstaklinga og fyrirtækja sem vildu beita sér fyrir árlegri útihátíð í bænum. Hátíðin var fyrst haldin árið 1993 og hefur hún farið fram með virkri þátttöku fyrirtækja á Hornafirði. Humarveiðar eru stundaðar frá Hornafirði og dregur hátíðin nafn sitt af því.

Síldarævintýrið, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 112 kr.), er árleg bæjarhátíð Siglfirðinga og með elstu bæjarhátíðum landsmanna. Síldarævintýrið mikla stóð í 100 ár. Hátíðin var fyrst haldin árið 1991 og hefur síðan verið árlegur viðburður á Siglufirði. Hátíðin er byggð á litríkri sögu staðarins sem einu öflugasta sjávarplássi landsins á árum áður.

Ljósanótt, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 130 kr.), er menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar. Hún var haldin í fyrsta sinn 2. september árið 2000 og var tileinkuð framlagi Reykjanesbæjar til Reykjavíkur, menningarborgar árið 2000. Fjöldi tónlistarmanna kemur fram auk þess sem myndlistarfólk sýnir verk sín víðs vegar um bæinn.

Danskir dagar, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.), er fjölskylduhátíð sem er haldin í Stykkishólmi ár hvert en Stykkishólmur hefur stundum verið nefndur danskur bær. Danskir dagar voru fyrst haldnir 21. febrúar 1994 með aðkomu félagasamtaka sem vinna að framfaramálum.

Bærinn er skreyttur í tilefni hátíðarinnar og er skrautið mestmegnis í dönsku fánalitunum.

Menningarnótt, sem er myndefni frímerkis með verðgildinu 50g utan Evrópu (ígildi 240 kr.), er árlegur íslenskur atburður sem fyrst var haldinn í Reykjavík 1996. Með tímanum hefur hún orðið ein stærsta og þekktasta hátíð landsins með fjölbreyttu framboði menningarviðburða. Yfir 100.000 gestir hafa sótt Menningarnótt og 600 viðburði hennar.

Linda Ólafsdóttir hannaði frímerkin er Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Skrúðgarðar

Þann sama dag, 8. maí, komu út tvö frímerki í fimmtu og síðustu röðinni sem tileinkuð var 10 mikilvægustu almennings- eða skrúðgörðum á Íslandi í ljósi garðlistasögunnar. Myndefnin eru Hljómskálagarðurinn og Klambratún, hvort tveggja skrúðgarðar í Reykjavík. Frímerkið tileinkað Hljómskálagarðinum ber einnig áletrun Sepac-landanna. Sameiginlegt þema Sepac-landanna tólf fyrir árið 2014 var blóm og því var í tilviki Íslands, Hljómskálagarðurinn og blómskrúðið þar, tileinkað þessari sameiginlegu útgáfu Sepac-landanna. Að venju var gefin út gjafamappa með öllum frímerkjunum Sepac-landanna 12 sem stóðu að þessari útgáfu.

Hljómskálagarðurinn, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g innanlands (ígildi 130 kr. á útgáfudegi), er lystigarður í miðborg Reykjavíkur nefndur eftir Hljómskálanum sem í honum stendur. Hluti Tjarnarinnar er einnig innan garðsins og þar má finna nokkur listaverk, m.a. styttu af Jónasi Hallgrímssyni.

2014

Land var fyrst tekið frá fyrir garðinn árið 1901 og tillögur um útlit hans gerðar 1908. Nokkrum árum síðar voru fyrstu trén gróðursett. Bygging Hljómskálans hófst snemma árs 1922 og lauk ári síðar. Fyrsti hljóðfæraskóli landsins var starfræktur í skálanum strax á byggingarárinu 1922 og fram til 1924. Garðurinn dregur nafn sitt af Hljómskálanum sem er fyrsta hús landsins sem sérstaklega var byggt fyrir tónlist.

Klambratún (áður Miklatún), sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 100g innanlands (ígildi 135 kr.), er útivistarsvæði í Hlíðahverfi Reykjavíkur. Svæðið er nokkurn veginn ferhyrnt og um 10 hektarar að stærð. Í norðurhluta Klambratúns standa Kjarvalsstaðir, listasafn helgað list Jóhannesar Kjarvals. Hluti túnsins tilheyrði bænum Klömbrum sem stóð þar til um miðja 20. öld en Reykjavíkurborg eignaðist bæinn árið 1946. Tveimur árum síðar var þar hafinn rekstur skólagarða fyrir reykvísk ungmenni. Á sjöunda áratugnum var Klambratúni breytt í skrúðgarð og hlaut hann nafnið Miklatún að undangenginni nafnasamkeppni.

Hany Hadaya hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði. Fyrirtækið Davo í Deventer, Hollandi framleiddi gjafamöppu Sepac-landanna.

Togarar og fjölveiðiskip

Þann 8. maí komu út tvö smáhefti með fjórum frímerkjum hvort þar sem myndefnin eru íslenskir togarar og fjölveiðiskip. Útgerð skuttogara hófst hér á landi um 1970 en fyrsti skuttogarinn hóf veiðar um 20 árum áður. Í fjölveiðiskipum eru frystitæki og hægt er að vinna aflann um borð og því geta slík skip farið á nánast hvaða veiðar sem er.

Barði NK 120, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni B50g innanlands (ígildi 112 kr. á útgáfudegi), var smíðaður í Frakklandi árið 1967 og mældist 328 tonn. Hann kom til landsins í janúar árið 1971 og er fyrsti skuttogari Íslendinga. Barði var seldur til Frakklands árið 1979.

Stálvík SI 1, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni B50g innanlands (ígildi 112 kr.), var smíðuð 1973 hjá Stálvík í Garðabæ og mældist 314 brúttólestir (brl.) Skipið var fyrsti skuttogarinn sem smíðaður var hérlendis. Stálvík var lengt 1986 og mælist þá 364 brl. Skipinu var lagt 2004 og fór til Danmerkur til niðurrifs árið 2005.

Breki VE 61, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.), var smíðaður 1976 hjá Slippstöðinni hf. á Akureyri og mældist 491 brl. Hét þá Guðmundur Jónsson GK 425 og talinn fullkomnasta fiskiskip Íslendinga. Skipið var endurbyggt hjá Slippstöðinni á Akureyri 1978. Breki var seldur til Noregs 2007 og fór síðar til niðurrifs.

Örvar HU 21, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.), var smíðaður á Akureyri árið 1982 og var fyrsti flakafrystitogari Íslendinga. Skipið mældist 499 brl. Það var selt úr landi 1997 til Rússlands.

Elsa Nielsen hannaði frímerkin og heftin. Anna K. Kristjánsdóttir tók ljósmyndina af Barða NK 120, en Snorri Snorrason tók aðrar myndir. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Árni Magnússon 350 ára

Þann 28. ágúst voru gefin út tvö frímerki og smáörk, með sömu frímerkjum og sömu verðgildum, í tilefni 350 ára minningar Árna Magnússonar, fræðimanns og handritasafnara. Frímerkin komu einnig út í gjafamöppu. Útgáfan er söguleg að því leyti að um er að ræða fyrstu sameiginlegu frímerkjaútgáfu Íslands og Danmerkur en frímerkin komu út á sama degi í báðum löndunum og myndefni frímerkjanna í báðum löndunum var það sama og gjafamöppur landanna eins.

Myndefnin í þessari samútgáfu eru fengin úr handritum úr safni Árna Magnússonar í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík og Nordisk Forskningsinstitut í Kaupmannahöfn. Handritin eru Kálfalækjarbók, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g innanlands (ígildi 145 kr. á útgáfudegi), en hún hefur að geyma Njáls sögu og danskt handrit, Sjálandslög Valdimars, sem er myndefni frímerkisins með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.), sem inniheldur lög fyrir Sjáland.

Íslenski hluti Árnasafns hefur m.a. að geyma mörg handrit af Njáls sögu sem er ein þekktasta Íslendingasagan. Sagan er ekki varðveitt í frumriti heldur í

afritum í mismunandi gerðum. Sagan er talin samin um 1280, en handritið á frímerkinu er frá því um 1350. Handritið með Sjálandslögum Valdimars er hægt að tímasetja til loka 13. aldar en lögin sjálf eru talin frá lokum 12. aldar.

Árni Magnússon er þekktastur fyrir að hafa safnað handritum á Íslandi og víðar og fyrir Jarðabókina, sem hann skrifaði ásamt Páli Vídalín, sýslumanni. Manntal sem þeir létu taka er nú á skrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, yfir minni heimsins sem fyrsta þjóðarmanntal sem er varðveitt.

Árni fæddist á Kvennabrekku í Dölum 13. nóvember 1663. Hann fór til náms í guðfræði í Kaupmannahöfn og starfaði þar æ síðan þótt hann dveldi einnig langdvölum á Íslandi. Árni kom sér upp viðamesta safni íslenskra og norskra handrita frá miðöldum sem um gat. Í brunanum mikla í Kaupmannahöfn í október 1728 brann hluti af bókasafni Árna. Ætlaður missir handritanna bugaði Árna og hann lést rúmu ári síðar, 66 ára að aldri. Íslendingar sömdu við Dani um skiptingu safnsins árið 1961. Fyrstu handritin komu aftur til Íslands áratug síðar. Handritasafn Árna Magnússonar var sett á skrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, yfir minni heimsins árið 2009.

Daninn Jakob Monefeldt hannaði frímerkin, smáörkina og gjafamöppuna, en Norðmaðurinn Martin Mörck annaðist myndgröft frímerkjanna. Prentsmiðja hins nýja sameiginlega póstfyrirtækis Svíþjóðar og Danmerkur, PostNord, í Kista í Svíþjóð prentaði frímerkin. Prentunaraðferðin var offset og stáldjúp-þrykk.

2014

Vitafrímerki

Þann 11. september komu út tvö frímerki í fjórðu útgáfuröðinni sem Íslandspóstur gefur út og tileinkuð er vitum á Íslandi. Vitarnir sem prýddu frímerkin voru að þessu sinni Dyrhólaeyjarviti, á frímerki sem ber áletrunina B50g innanlands (ígildi 125 kr. á útgáfudegi) og Akranesviti, á frímerki sem ber áletrunina 50g utan Evrópu (ígildi 240 kr.). Frímerkin voru sjálflímandi í örk með 10 frímerkjum. Aftan á frímerkjaarkirnar eru prentaðir uppdrættir af vitunum.

Fyrsti vitinn í Dyrhólaey var reistur árið 1910. Þetta var sænskur járngrindarviti og fyrsti járngrindarvitinn sem settur var upp hér á landi. Árið 1927 var byggður steinsteyptur viti í Dyrhólaey og stendur hann enn. Vitinn er 12,7 metra hár og 123 metra yfir sjávarmáli, útbúinn með sænsku sívölu ljóshúsi, 4,7 metrar á hæð. Í það var sett katadíoptrísk snúningslinsa, 100 cm í þvermál, og gasljóstæki. Vitinn var rafvæddur með orku frá ljósavélum árið 1964 og gas haft til vara. Frumhönnun vitans var gerð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara.

Tveir vitar standa utarlega á Skipaskaga á Akranesi. Sá eldri er utarlega á Syðriflös, steinsteyptur turn, byggður árið 1918. Nýrri Akranesvitinn, sem er myndefni frímerkisins, var byggður á árunum 1943-1944 eftir teikningum Axels Sveinssonar verkfræðings og tekinn í notkun 1947. Gasljós var í vitanum í byrjun, magnað með 50 cm katadíoptrískri linsu, en árið 1956 var hann rafvæddur. Akranesviti er 19,2 metra hár sívalur, kónískur turn með 3,5 metra hátt sænskt ljóshús á steinsteyptri undirstöðu. Akranesviti stendur á lóðréttum sökkli, áttstrendum.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Friðrik Örn Hjaltested tók ljósmyndirnar. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Sturla Þórðarson 800 ára

Sama dag, þann 11. september, var gefið út frímerki með áletruninni 100g til Evrópu (ígildi 310 kr. á útgáfudegi) í tilefni þess að 800 ár voru liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar. Myndefni frímerkisins er Hákonar saga, stílfærður víkinga-hjálmur og fjaðurpennaoddur. Meginheimildin um ævi Sturlu sagnaritara er Sturlunga sem tekin var saman í upphafi 14. aldar.

Sturla Þórðarson (1214-1284) var sagnaritari, skáld og lögmaður. Helstu heimildir um hann er að finna í Íslendinga sögu sem hann sjálfur mun hafa sett saman. Hann varð einn helsti valdsmaður á Íslandi og vitni að mörgum helstu atburðum sem hann sagði síðar frá. Sturla var bróðursonur Snorra Sturlusonar. Eftir að Snorri var tekinn af lífi 1241 varð Sturla einn helsti áhrifamaður meðal Sturlunga sem þeir leituðu jafnan fylgis og ráða hjá. Völd hans stóðu þó einkum við Breiðafjörð.

Sturla er höfundur frásagna um tvo helstu bardaga á Sturlungaöld, Örlygsstaða-bardaga 1238, sem hann tók þátt í, og Flugumýrarbrennu 1253. Frásagnirnar af þessum atburðum eru meðal þess ægilegasta og jafnframt listilegasta sem skrifað var hér á landi á 13. öld. Í Íslendinga sögu nær frásagnarlist Sturlu hæst hvað varðar mannlýsingar, sviðsetningar, undirbúning stórviðburða með spá-sögnum og draumum. Löngum hefur verið talið að Sturla Þórðarson hafi ritað um Gretti sterka og honum hafa verið eignaðar aðrar Íslendingasögur.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2014

Íslensk myndlist – Borgarlíf

Hinn 6. nóvember komu út fjögur frímerki í fimmtu röðinni um íslenska myndlist. Þemað að þessu sinni var Lífið í borginni. Málverkin sem prýða frímerkin eru Telpur með brúðu (B50g innanlands, ígildi 125 kr. á útgáfudegi) eftir Snorra Arinbjarnar, Búðin (50g innanlands, ígildi 145 kr.) eftir Gunnlaug Scheving, Síldarstúlka (50g til Evrópu, ígildi 180 kr.) eftir Gunnlaug Blöndal og Skip við bryggju (2000g innanlands, ígildi 630 kr.) eftir Þorvald Skúlason.

Á árunum 1915-1930 tvöfaldaðist íbúafjöldi Reykjavíkur, var 28.000 í lok tímabilsins. Að mestum hluta var þessi íbúafjölgun til komin vegna fólksflutninga úr sveitum. Á sama tíma minnkaði vægi landbúnaðar í þjóðarframleiðslunni um tæplega 30%, en sjávarútvegur óx hraðbyri. Fyrstu ár kreppunnar, 1929-32, urðu hins vegar til að slá verulega á þessa framþróun og skapa pólitíska og efnahagslega sundrung í þjóðfélaginu, sem ekki linnti fyrr en við hernám Breta. Félagslegar og menningarlegar aðstæður í þessu nýtilkomna íslenska þéttbýli urðu til að breyta áherslum í íslenskri myndlist. Landslagsmyndum fækkaði stórlega en þess í stað hóf ný kynslóð íslenskra listamanna, mestmegnis borin og barnfædd á mölinni, að takast á við veruleikann sem blasti við þeim á fjórða áratugnum: húsin í bænum, atvinnulífið við höfnina (Gunnlaugur Blöndal, 1893-1962), verslunarstarfsemi (Gunnlaugur Scheving, 1904-1972), vegavinnuframkvæmdir, en einnig ýmsa áður ókannaða þætti mannlífsins. Sumir þessara listamanna, t.a.m. Jón Engilberts (1908-1972), fjölluðu um stóra opinbera viðburði á borð við mannfagnaði og verkfallsátök, aðrir, t.d. Snorri Arinbjarnar (1901-1958), sögðu frá daglegu amstri alþýðunnar, tómstundum og búksorgum. Þessar myndir, sprottnar upp úr nýjum félagslegum veruleika, urðu síðan kveikja margháttaðra myndlistartilrauna sem áttu eftir að umbreyta ásýnd íslenskrar myndlistar.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði. Gjafamappa var gefin út með frímerkjunum og vandaðri umfjöllun um listaverkin og höfunda þeirra á íslensku og ensku eftir Aðalstein Ingólfsson listfræðing.

Jólafrímerki

Jólafrímerkin 2014 komu einnig út þann 6. nóvember. Myndefni þeirra voru að þessu sinni fengin úr miðaldahandriti sem nefnist Íslenska teiknibókin og inniheldur safn teikninga eða fyrirmynda. Þrjár slíkar voru valdar á jólafrímerkin og heita þær: Fæðing Jesú, sem er myndefni frímerkis með áletruninni B50g innanlands (ígildi 125 kr. á útgáfudegi). Tilbeiðsla vitringanna sem er myndefni frímerkis með áletruninni 50g innanlands (ígildi 145 kr.) og Boðun Maríu, sem er myndefni frímerkis með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.). Jólafrímerkin voru að venju sjálflímandi í örk með 10 frímerkjum en lægsta frímerkjaverðgildið kom einnig út í hefti með 10 frímerkjum.

Íslenska teiknibókin er einstæð í hópi íslenskra handrita og er eina handritið af sinni tegund á Norðurlöndum. Bókin inniheldur safn fyrirmynda sem listamenn söfnuðu á miðöldum. Aðeins 36 miðalda fyrirmyndabækur af þessu tagi eru varðveittar í Vestur-Evrópu og Íslenska teiknibókin er sú eina sem varðveist hefur á Norðurlöndum. Talið er líklegt að bókin hafi verið í eigu Þingeyrarklausturs á miðöldum og verið í notkun þangað til hún komst í hendur Árna Magnússonar handritasafnara um 1700.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin. Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki prentaði frímerkin í svörtu og einum Pantone sérlit og með upphleyptu bleki (Thermography).

2015

Reiðhjól á Íslandi í 125 ár

Þann 19. febrúar kom út sjálflímandi frímerki með áletruninni B50g innanlands (125 kr. á útgáfudegi) tileinkað sögu reiðhjólsins á Íslandi í 125 ár.

Fyrstu fregnir af reiðhjólum sem birtust hérlendis komu í blaðinu Fjallkonunni árið 1887, en í greininni „Atgervi kvenna“ var orðið hjólhestur notað. Fyrstu reiðhjólin sem vitað er um að hafi verið flutt til Íslands sáust í Reykjavík árið 1890. Knud Zimsen síðar borgarstjóri Reykjavíkur segir frá því í endurminningum sínum, að Guðbrandur Finnbogason verslunarstjóri hafi átt fyrsta reiðhjólið, sem kom til Íslands. Sjálfur var Knud Zimsen sagður una sér löngum við hjólreiðar sem var fágæt skemmtun á þeim tíma í Reykjavík. Reiðhjól Knuds var af Velocipedegerð en hjól af þeirri tegund voru vinsæl á sjöunda og áttunda áratug 19. aldar. Annað reiðhjól sem átti eftir að vekja mikla athygli var í eigu Elíasar Olsen bókhaldara. Var framhjólið á því mjög stórt, en aftara hjólið sáralítið. Safnaðist fólk saman til að horfa á hann aka á því umhverfis Austurvöll. Reiðhjól voru fyrst í eigu mjög fárra manna og þóttu nýstárleg mitt í allri hestaumferðinni. Fyrstu áratugi 20. aldar fjölgaði reiðhjólum allnokkuð og mun innflutningurinn hafa verið orðinn um 885 reiðhjól um 1920. Síðan hefur reiðhjólum fjölgað jafnt og þétt hérlendis enda þróuðust reiðhjólin í að verða sífellt léttari og meðfærilegri og um miðja öldina komu fram þriggja gíra hjól. Þróunin hélt áfram þannig að auk götuhjólanna urðu BMX-hjól og fjallahjól nú fáanleg. Um 1970 jukust vinsældir reiðhjóla sem samgöngutækis, sérstaklega í kjölfar alþjóðlegu olíukreppunnar. Þessar vinsældir náðu til Íslands því óhætt er að fullyrða að reiðhjólið hafi aldrei verið eins vinsælt og einmitt í dag enda fólk mun meðvitaðra um kosti hreyfingarinnar, hvort sem er hjólað, skokkað eða gengið. Þá hefur átakið „Hjólað í vinnuna“ einnig haft áhrif á ferðavenjur fólks en frá árinu 2003 hefur Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands staðið fyrir því. Meginmarkmið átaksins er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Ferðamannafrímerki

Þennan sama dag, 19. febrúar, komu út tvö frímerki í fjórðu útgáfuröð ferðamannafrímerkja, sem fyrst voru gefin út 2012. Myndefnin eru Gatastakkur á Rauðanesi með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og Eldhraun með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 240 kr.). Á frímerkin er, eins og á hin fyrri í þessari röð, letruð hnattstaða og landfræðileg lengd og breidd beggja þessara náttúrufyrirbæra með GPS hnitum.

Gatastakkur er sérkennilega lagaður klettur á Rauðanesi, fallegri og sérstæðri náttúruperlu í Þistilfirði. Á nesinu, sem er víggirt af háum og tignarlegum klettum, er lyngmór allsráðandi en einnig er þar nokkurt graslendi. Við eldgos hefur bergkvika runnið eftir glufum í mýkri jarðvegi og storknað þar. Með tímanum hefur svo jarðvegurinn veðrast utan af bergganginum og hann stendur einn eftir. Á norðanverðu Rauðanesi eru Stakkarnir svonefndu. Þetta eru tveir stórir drangar sem rísa háir og tignarlegir upp úr sjónum. Í Stakkabásnum er að finna hellisskúta en inni í honum er rist í bergið nafnið Hannes. Sagan segir að rétt fyrir aldamótin 1900 hafi tveir sjómenn leitað sér skjóls þar í aftakaveðri. Þá risti annar þeirra nafn sitt og upphafsstafi félaga síns í bergið með vasahníf.

Eldhraun liggur í dalnum á milli Síðu og Fljótshverfis. Það rann þegar Skaftáreldar brunnu 1783–84. Þá opnaðist um 25 km löng gossprunga þar sem Lakagígaröðin er nú. Annað mesta hraun Íslandssögunnar, Skaftáreldahraun, rann frá Lakagígum. Frá vesturhluta gíganna flæddi hraun niður farveg Skaftár og breiddist út á láglendi milli Kúðafljóts og eystri kvíslar Skaftár. Þessi kvísl hraunsins nefnist Eldhraun. Frá austurhluta gígaraðarinnar rann hraunið niður farveg Hverfisfljóts og breiddist út á Brunasandi. Sá hluti kallast Brunahraun. Hörmungarnar sem fylgdu Skaftáreldum eru þær mestu sem dunið hafa yfir Íslendinga á síðari öldum. Eldhraun, sem rann úr Lakagígum, er annað af tveimur stærstu hraunum sem runnið hafa á jörðinni á sögulegum tíma.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves

Þennan sama dag, 19. febrúar, kom einnig út Sepac-frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr. á útgáfudegi). Þema Sepac-frímerkjanna þetta árið var menning og var tónlistarhátíðin Iceland Airwaves, umfangsmesta tónlistarhátíð Íslands, valin sem myndefni á frímerkið.

Stofnað var til tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves árið 1999 og er hún haldin á hverju ári á ýmsum stöðum í miðbæ Reykjavíkur. Hún stendur í fimm daga í þriðju viku október mánaðar. Icelandair er stofnandi og eigandi hátíðarinnar en Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) sér um rekstur hennar.

Það var vorið 1999 sem sú hugmynd kom upp að halda tónlistarhátíð til að kynna íslenska tónlist fyrir útlendingum. Hátíðin átti að vera sýningarpallur fyrir íslenskar hljómsveitir í Reykjavík. Fyrsta hátíðin var haldin í flugskýli Flugfélags Íslands í október árið 1999 og hljómsveitirnar Sigurrós og GusGus voru fengnar til að spila. Í fyrstu þurfti mikið að hafa fyrir því að fá blaðamenn til landsins til að fjalla um hátíðina en síðan þá hefur hátíðin þróast mikið. Á hátíðinni spila margar hljómsveitir, íslenskar og erlendar. Um það bil 2000 manns starfa í tengslum við hátíðina hverju sinni, þar á meðal hljómsveitarmeðlimir, stuðningsmenn, blaðamenn, fylgdarlið o.fl.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslensk samtímahönnun – Skartgripahönnun

Þann 19. febrúar kom einnig út sjötta frímerkjaröðin í útgáfunni Íslensk samtímahönnun. Að þessu sinni var þemað skartgripahönnun og myndefnin hönnun fjögurra skartgripahönnuða. Hálsmen úr silfri er hannað af Ástþóri Helgasyni hjá Orr (50g innanlands, ígildi 145 kr. á útgáfudegi). Silfurhringur í skartgripalínunni Svanur, er hannaður af Guðbjörgu K. Ingvarsdóttur (100g innanlands, ígildi 165 kr.). Hálsmen úr oxideruðu 925 silfri, er úr Millu skartgripalínu Helgu Óskar Einarsdóttur (50g til Evrópu, ígildi 180 kr.) og barmnæla úr silfri, rekavið og karfaroði er hönnuð af Helgu R. Mogensen (50g utan Evrópu, ígildi 240 kr.).

Hönnuðir og eigendur Orr eru Kjartan Örn Kjartansson og Ástþór Helgason. Ástþór lauk námi í gullsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 2001 en að námi loknu starfaði hann sem framleiðslustjóri SMAK hönnunarstúdíós. Kjartan lauk einnig námi í gullsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 2001 og varð meðstofnandi Orr árið 2000. Í dag er hægt að nálgast Orr skartgripi í verslun fyrirtækisins í Reykjavík og í gegnum heimasíðu Orr. Skartgripir Orr hafa verið til umfjöllunar í fjölda tímarita og annarra miðla og verið sýndir víða um heim.

Guðbjörg K. Ingvarsdóttir lærði gullsmíði við Københavns Tekniske Skole og lauk þaðan sveinsprófi árið 1993. Hún tók meistarapróf í gullsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1994 og nam síðan við Institut for Ædelmetal í Kaupmannahöfn. Hún rak skartgripaverkstæðið Au-Art í Kaupmannahöfn ásamt öðrum frá 1996 -1999. Þá flutti hún til Íslands og stofnaði hönnunar- og skartgripafyrirtækið Aurum. Hönnun Guðbjargar hefur vakið athygli víða um heim og hefur hún tekið þátt í fjölmörgum alþjóðlegum sýningum.

Helga Ósk Einarsdóttir er gullsmiður og skartgripahönnuður að mennt. Hún útskrifaðist sem gullsmiður árið 1995 og skartgripahönnuður frá Institut for Ædelmetal í Kaupmannahöfn 2010. Helga hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði hérlendis og erlendis. Árið 2005 hóf hún hönnun og framleiðslu á skartgripum

undir nafninu Milla. Um er að ræða víravirkisskartgripi og byggir smíðin á flóknu handverki fyrri alda. Í hönnuninni má finna vísan í upphlutssilfrið sem prýðir íslenska kvenbúninga.

Helga R. Mogensen stundaði nám við Iðnskólann í Reykjavík 2001-2002 og útskrifaðist árið 2007 frá Edinburgh College of Art með fyrstu einkunn í skartgripahönnun. Síðan þá hefur hún sýnt í hinum ýmsu galleríum og söfnum á Íslandi og Bretlandi, þar á meðal Victoríu og Alberts safninu (V&A), The Barbican í London og Hönnunarsafni Íslands. Helga hefur tekið þátt í fjölda sýninga og unnið til verðlauna og styrkja á sviði skartgripahönnunar, m.a. Goldsmiths Precious Metal Bursary verðlaunin.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin. The Lowe Martin Group í Ottawa, Kanada, prentaði í offset og MetalFX silfri.

Evrópufrímerki – Gömul leikföng

Þann 30. apríl komu Evrópufrímerkin 2015 út en sameiginlegt þema þeirra samkvæmt ákvörðun PostEurop var gömul leikföng. Tréönd frá Leikfangagerð Akureyrar er á frímerki með verðgildinu 50g til Evrópu, (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og dýrfirski Dúa-vörubíllinn er á frímerki með verðgildinu 50g utan Evrópu, (ígildi 240 kr.). Frímerkin komu út límborin í örkum en sjálflímandi í heftum og er tökkun þeirra sú sama.

Tréöndin var fyrst framleidd hjá Leikfangagerð Akureyrar og síðan Leifsleikföngum, en fyrirtækin störfuðu á Akureyri frá 1931–1960. Leifsleikföng tóku við framleiðslunni árið 1942 og hélt fyrirtækið áfram að smíða leikföng úr tré til ársins 1960. Frumkvöðullinn að þessari leikfangagerð var Skarphéðinn

Ásgeirsson (1907-1988). Tréöndin, er nokkurskonar kerra á hjólum og gátu því litlar stelpur dregið dúkkuna sína á eftir sér í þessu sniðuga leikfangi. Leikföngin frá Akureyri nutu vinsælda og seldust vel um land allt. Framleiðslan hófst á krepputímum meðan höft voru á innflutningi en grundvöllurinn brast þegar erlend leikföng tóku að berast í auknum mæli til landsins. Á Akureyri rekur Guðbjörg Ringsted leikfangasafn sem staðsett er í Friðbjarnarhúsi. Má þar finna fjölda leikfanga frá síðustu öld þ. á m. tréöndina.

Upphaf Dúa-bílanna er rakið til ársins 1985 þegar nokkrir frumkvöðlar úr Dýrafirði stofnuðu Leikfangasmiðjuna Ölduna. Markmið þeirra var að framleiða leikföng úr timbri. Leikfangasmiðjan framleiddi alls kyns vinsæl leikföng, meðal annars Dúa-bílana sem voru framleiddir í þremur gerðum. Þeir drógu nafn sitt af því að í þeim var fjöðrun og þeir dúuðu. Þeir voru aðal framleiðsluvara Öldunnar og urðu afar vinsælir enda stórir og myndarlegir og þá var auðvelt að draga á eftir sér t.d. með sandhlass á pallinum. Rauði kross Íslands var um árabil einn af umboðsaðilum Leikfangasmiðjunnar og varði ágóða af sölunni til reksturs húss Rauða krossins í Tjarnargötu í Reykjavík en þar var athvarf og hjálparstöð fyrir börn og unglinga sem höfðu lent í erfiðleikum. Dúa-bílinn má m.a. skoða hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar sem er minja- og ljósmyndasafn Hafnarfjarðarbæjar.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin en sonur hans, Stefán Logi Borgarsson skrifletrið. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkin.

Hið íslenska biblíufélag 200 ára

Þennan sama dag, 30. apríl, kom út frímerki tileinkað 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags (B50g innanlands, ígildi 125 kr. á útgáfudegi). Frímerki tileinkuð íslensku biblíunni höfðu tvisvar verið gefin út áður. Fyrst þann 29. nóvember 1984 í tilefni 400 ára afmælis Guðbrandsbiblíu og síðan 20. september 2007 í tilefni nýrrar íslenskrar biblíuþýðingar.

Biblíufélagið er elsta starfandi félag landsins, stofnað á prestastefnu í Reykjavík 10. júlí árið 1815. Markmið félagsins hefur alla tíð verið að vinna að útgáfu, útbreiðslu og notkun biblíunnar. Félagið tekur þátt í starfi Sameinuðu biblíufélaganna, United Bible Societies (UBS) og nýtur einnig velvilja biblíufélaganna á Norðurlöndunum.

Ebenezer Henderson átti frumkvæðið að stofnun Hins íslenska biblíufélags og naut hann þar stuðnings áhrifamanna, en frá upphafi var félagið algjörlega á íslenskum höndum. Þessir menn hljóta því að teljast meðstofnendur félagsins og má raunar skipta þeim í tvo hópa. Í öðrum þeirra voru þeir embættismenn kirkju og þjóðlífs sem Henderson ræddi við fyrir stofnfundinn. Í hinum hópi stofnfélaga voru svo fulltrúar þjóðarinnar eða kirkjunnar, 19 eða 22 talsins, sem sátu fundinn og léðu málefninu stuðning sinn með því að undirrita stofnskjal félagsins. Stofnun Hins íslenska biblíufélags er talinn einn merkasti atburðurinn í íslensku kirkjulífi um daga Geirs biskups Vídalíns á fyrsta aldarfjórðungi 19. aldar.

Frímerkið hannaði Oscar Bjarnason. The Lowe Martin Group í Ottawa, Kanada prentaði í offset og MetalFX gulli.

Smáþjóðaleikarnir

Þann 30. apríl kom einnig út sjálflímandi frímerki með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) tileinkað Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru á Íslandi 2015. Myndefnið sýnir stílfærðar teikningar af keppnisgreinum leikanna.

Hugmyndina um íþróttakeppni smáþjóða Evrópu (The Games of the Small States of Europe (GSSE)) má rekja aftur til ársins 1981. Það var útbreidd skoðun að íþróttakeppni þar sem smáþjóðir öttu kappi saman gæti orðið til þess að efla anda og hugsjón Ólympíuhreyfingarinnar og treysta jafnframt vináttubönd þjóðanna. Til leikanna var stofnað að frumkvæði þáverandi forseta Alþjóða Ólympíunefndarinnar, Juan Antonio Samaranch. Þátttökurétt á Smáþjóðaleikunum eiga þjóðir með íbúatölu undir einni milljón. Þessar þjóðir eru: Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó og San Marínó, og hafa þær verið með allt frá byrjun. Svartfjallaland tók þátt á leikunum árið 2011 í fyrsta sinn og eru því þátttökuþjóðirnar nú níu talsins. Smáþjóðaleikarnir eru skipulagðir af Ólympíunefndum þátttökulandanna (EOC) og fara fram á tveggja ára fresti, í lok maí eða byrjun júní, í einu af löndunum níu. Þeir voru fyrst haldnir í San Marínó árið 1985. Þótt ekki væri gert ráð fyrir að leikarnir yrðu mjög umfangsmiklir hefur raunin orðið önnur og hefur þátttakendum farið stöðugt fjölgandi. Íslenskum þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt. Á leikunum í Lúxemborg árið 1995 voru þeir 180, en á fyrstu leikunum voru þeir aðeins 25.

Á Smáþjóðaleikunum er keppt í níu einstaklings íþróttagreinum sem jafnframt eru keppnisgreinar á Sumarólympíuleikum. Á Smáþjóðaleikunum 2015 var keppt í ellefu íþróttagreinum. Þær voru frjálsíþróttir, sund, júdó, skotíþróttir, tennis, borðtennis, körfuknattleikur, blak, strandblak, áhaldafimleikar og golf. Fimleikar og golf voru valgreinar á leikunum 2015, en sú þjóð sem heldur leikana getur valið tvær keppnisgreinar. Þetta var í fyrsta skipti sem keppt var í golfi á Smáþjóðaleikum.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið en Österreichische Staatsdruckerei GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði.

Kosningaréttur kvenna 100 ára

Þennan sama dag, 30. apríl, kom út frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 145 kr. á útgáfudegi) tileinkað því að 100 ár voru liðin frá því íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis.

Íslenskar konur fengu fyrst takmarkaðan kosningarétt til sveitarstjórnakosninga árið 1882. Árið 1895 stóð Hið íslenska kvenfélag fyrir undirskriftasöfnun til stuðnings almenns kosningaréttar kvenna. Samtals 2.348 konur skrifuðu undir. Árið 1907 hóf Hið íslenska kvenfélag undirskrifasöfnun á ný og skrifuðu þá 11.381 konur undir, úr nær öllum hreppum landsins, þar af 1.956 úr Reykjavík. Árið 1907 töldust konur 15 ára og eldri vera 28.640 talsins þannig að ljóst er að víðtækur stuðningur fyrir kosningarétti hefur verið meðal kvenna. Kosningarétturinn var síðan víkkaður út árið 1908 og varð kosningaréttur kynjanna til sveitastjórna þá jafn.

Árið 1911 samþykkti Alþingi frumvarp sem gerði ráð fyrir jöfnum kosningarétti karla og kvenna til Alþingis en dönsk stjórnvöld vildu ekki samþykkja það fremur en önnur frumvörp um breytingar á stjórnskipun Íslands þetta ár. Þann 19. júní 1915 fengu íslenskar konur 40 ára og eldri langþráðan kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Slík aldursákvæði höfðu ekki verið sett í lög í neinu öðru evrópsku landi nema Bretlandi en þar var miðað við 30 ára aldur. Frá 40 ára aldursákvæðinu var fallið árið 1920 og kosningaréttur karla og kvenna gerður jafn.

Frímerkið hannaði Kristín Þóra Guðbjartsdóttir. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslenski fáninn 100 ára



Þennan sama dag, 30. apríl, kom út frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 145 kr. á útgáfudegi) og smáörk með verðgildinu 2000g innanlands (ígildi 630 kr.) í tilefni 100 ára afmælis íslenska þjóðfánans.

Á fundi í Stúdentafélagi Reykjavíkur þann 27. september 1906 sýndi Matthías Þórðarson, síðar þjóðminjavörður, fánahugmynd sína, hvítan kross í bláum feldi með rauðum krossi innan í hvíta krossinum. Áttu litirnir að tákna fjallablámann, ísinn og eldinn.

Hannes Hafstein ráðherra skipaði fánanefnd 30. desember 1913. Í nefndinni sátu Guðmundur Björnsson landlæknir, formaður, Matthías Þórðarson þjóðminjavörður,

Ólafur Björnsson ritstjóri, Jón Jónsson dósent og Þórarinn B. Þorláksson listmálari. Hlutverk nefndarinnar var að skila inn tillögu að þjóðfána. Fánanefndin auglýsti eftir tillögum að fána og bárust alls 46 tillögur frá 35 mönnum eftir því sem næst var komist. Niðurstaða fánanefndarinnar var að hún skilaði inn tveimur tillögum um fánagerð. Tillaga 1 varð síðan fyrir valinu en hún hljóðar svo: Þjóðfáni Íslands skal vera heiðblár (ultramarineblár) með hvítum krossi og hárauðum innan í hvíta krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í jaðra fánans á fjóra vegu.

Íslenski fáninn var opinberlega staðfestur með konungsúrskurði 19. júní árið 1915, en hann er svokallaður krossfáni eins og fánar allra hinna Norðurlandanna eru. Lög um fánann voru hins vegar sett þann 17. júní 1944. Samkvæmt fánalögum verða allir fánar dregnir á fánastöng að vera í góðu ástandi. Ströng lög gilda um þá virðingu sem sýna ber þjóðfána Íslendinga og getur það varðað sektum eða fangelsi allt að einu ári að brjóta fánalögin. Samkvæmt forsetaúrskurði er opinberum stofnunum eingöngu heimilt að draga íslenska fánann á stöng 12 daga ársins, þ.á.m. fæðingardag forseta Íslands, nýársdag og 17. júní. Almenningur má draga fánann að húni við sérstök tækifæri.

Frímerkið og smáörkina hannaði Hörður Lárusson. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkið og smáörkina sem er einnig með gylltri málmfilmu.

Vitafrímerki

Þann 10. september kom út fimmta frímerkjaröðin sem tileinkuð er íslenskum vitum. Myndefnin að þessu sinni eru Elliðaeyjarviti, á frímerki sem ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 153 kr. á útgáfudegi) og Æðeyjarviti á frímerki sem ber

áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.). Frímerkin voru sjálflímandi í örk með 10 frímerkjum. Aftan á frímerkjaarkirnar eru prentaðar teikningar af vitunum.

Elliðaeyjarviti stendur á Heiðnabergi í Elliðaey á Breiðafirði og er hinn fjórði í röðinni, frá því að fyrst var byggður þar viti árið 1902. Þann vita teiknaði H. O. Ravn, danski vitamálastjórinn, árið 1899 eftir að Danir skoðuðu aðstæður í Elliðaey á ferð sinni um Ísland árið 1897. Árið 1905 var byggður nýr viti í Elliðaey en hann þótti ekki fullnægjandi þegar frá leið því að hann lýsti með hvítu ljósi yfir siglingaleiðir, jafnt sker sem boða. Árið 1921 var enn á ný ráðist í byggingu vita í Elliðaey, í þetta sinn með ljósgeirum. Réttum þrjátíu árum síðar var byggður steinsteyptur viti í Elliðaey og sett á hann sænskt ljóshús og linsa og gasljóstæki. Í september 1991 var vitinn rafvæddur með sólarorku. Elliðaeyjarviti er þrístrendur að grunnformi, með afsniðin horn, 4,2 m á hæð, og stendur á 0,8 m háum grunni. Grunnform Elliðaeyjarvita er óvenjulegt og aðeins er einn annar steinsteyptur þrístrendur viti hér á landi, en það er Stokksnesviti sem byggður var árið 1946. Ljóshæð Elliðaeyjarvita yfir sjávarmáli er 45 m en sjálfur vitinn er 8 metra hár. Hönnuður hans var Axel Sveinsson verkfræðingur.

Æðeyjarviti í Ísafjarðardjúpi var reistur árið 1944 og er einn fjögurra vita sem reistir voru eftir sömu teikningu. Hinir eru Fjallaskagaviti frá 1954, Skarðsviti frá 1950 og Ketilsflesjarviti frá 1945. Vitinn var ekki tekinn í notkun fyrr en árið 1949. Þá var sett upp enskt 3,5 m hátt ljóshús með eirþaki og í það 250° díoptrísk linsa, 500 mm í þvermál, og gömul gasljóstæki til bráðabirgða. Ný gasljóstæki voru sett í vitann tveimur árum síðar. Rafmagn frá rafveitu var lagt í vitann árið 1988. Æðeyjarviti er steinsteyptur sívalur og kónískur turn, 9,3 m á hæð, 5,2 m í þvermál neðst en 4,2 m efst. Yfir dyrum er þvergluggi með hleðslugleri og yfir honum steinsteypt skyggni. Upp af því er röð fjögurra glugga, hver með sínum fjórum hleðsluglerjum. Á turnsvölunum stendur ljóshúsið á steinsteyptri undirstöðu. Æðeyjarviti var húðaður með kvarsi í upphafi en árið 1987 var kústað yfir það með hvítu þéttiefni. Hönnuður var Axel Sveinsson verkfræðingur.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Friðrik Örn Hjaltested tók vitamyndirnar. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

2015

Gamlar íslenskar byggingar

Íslandspóstur gaf einnig út tvö smáhefti þann 10. september með fjórum sjálflímandi frímerkjum tileinkuð gömlum íslenskum byggingum sem allar, að bókhlöðunni í Flatey undanskilinni, eru í húsasafni Þjóðminjasafnsins.

Byggingarnar sem prýða frímerkin, sem bera áletrunina B50g innanlands (ígildi 132 kr. á útgáfudegi), eru Hjallur í Vatnsfirði í Norður-Ísafjarðarsýslu og Bókhlaðan í Flatey á Breiðafirði. Myndefni frímerkjanna, sem bera áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.) eru vindmyllan í Vigur og Hofskirkja í Öræfum.

Vatnsfjörður í Norður-Ísafjarðarsýslu er fornt og sögufrægt höfuðból við samnefndan fjörð innarlega við Ísafjarðardjúp. Þar var höfðingjasetur fram á sextándu öld og síðan prestssetur. Meðal frægra klerka sem þar bjuggu var hinn fjölhæfi listamaður Hjalti Þorsteinsson (1665-1745). Eru mörg verka hans varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands. Á Vestfjörðum er á stórum svæðum mikið af prýðilegu hleðslugrjóti og var víða notað eingöngu grjót í veggi torfhúsa. Hjallurinn í Vatnsfirði er gott dæmi um þetta. Húsið er með stærstu og veglegustu byggingum sinnar tegundar á landinu og talið reist um 1880. Hliðarveggir eru grjóthlaðnir og mjög háir, torf á þaki og ofan á hliðarveggjum. Í hjöllum sem þessum voru geymd veiðarfæri, hertur fiskur og annað fiskmeti.

Bókhlaðan í Flatey var reist árið 1864 að frumkvæði Brynjólfs og Herdísar Benedictsen. Bókhlaðan í Flatey er fyrsta hús á Íslandi sem reist er sérstaklega til að hýsa bækur og kostaði 508 ríkisdali. Flateyjarframfarastiftunin mun hafa lagt fram um 200 ríkisdali en hjónin afganginn að mestu. Bókhlaðan hafði að geyma mikið safn handrita, en stór hluti þess var afhentur Landsbókasafni Íslands 1902-03. Bókhlaðan var endurbyggð undir umsjón Minjaverndar á árunum 1979-1988 og er í umsjá Minjaverndar. Mestur hluti bókakostsins og

öll handritin eru varðveitt á Landsbókasafninu. Í bókhlöðunni er ljósprentun af Flateyjarbók sem bókaútgefandinn Einar Munksgaard gaf. Það sem eftir var af gömlum bókum og handritum fékk Landsbókasafnið til varðveislu 1969, en safnið í Flatey hélt yngsta hlutanum.

Vindmyllan í Vigur er eina varðveitta vindknúna kornmylla landsins úr timbri. Talið er að Daníel Hjaltason forsmiður og gullsmiður hafi hannað og reist mylluna um 1860 en síðar hefur hún verið stækkuð og endurbætt. Vindmyllan, sem er timburmannvirki, 2,0 m að lengd og breidd og 3,60 m á hæð, hefur verið í vörslu Þjóðminjasafnsins frá 1992. Undir myllunni er eins metra há timburgrind sem styður við tréstöpul sem mylluhúsið og kvörnin standa á og er grjóti hlaðið í grindina. Vænghaf spaðanna er 4,30 metrar. Ofarlega á vegg hvorum megin dyra er lítill einnar rúðu gluggi. Tannhjól og umbúnaður um myllusteina eru smíðuð úr tré og styrkt með járnböndum.

Hofskirkja í Öræfum er í Bjarnanesprestakalli sem heyrir undir Suðurprófastsdæmi. Kirkjan er að stofni til frá 1884. Hún er með veggjum úr grjóti og helluþaki með torfi. Þjóðminjasafnið fékk hana til eignar með því skilyrði að það sæi um endurbyggingu hennar á árunum 1953-54. Jón Jakobsson, bóndi í Klömbrum undir Eyjafjöllum, gerði altaristöfluna og prédikunarstólinn, þegar hann endurbyggði kirkjuna 1857 og líklega smíðaði Jón Guðmundsson í Lækjahúsum á Hofi hurðarskrána á sama ári. Tinstjakarnir í kirkjunni eru danskir frá 17. eða jafnvel 16. öld. Altaristaflan er eftir Ólaf Túbals frá Múlakoti. Kaþólskar kirkjur á Hofi voru helgaðar heilögum Klemensi. Hofskirkja var útkirkja frá Sandfelli að lögum til 1970, þegar Sandfellsprestakall var lagt niður. Núverandi kirkja er talin smíðuð á árunum 1883-1884.

Sigríður Guðrún Kristjánsdóttir hannaði frímerkin og heftin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og einum Pantone sérlit.

Dagur frímerkisins – Alþjóðlegt jarðvegsár

Þennan sama dag, 10. september, gaf Íslandspóstur út smáörk með tveimur frímerkjum, 500g innanlands, (ígildi 255 kr. á útgáfudegi) í tilefni af Alþjóðlegu jarðvegsári 2015 (International Year of Soils).

Alþjóðlega árinu var formlega ýtt úr vör 5. desember 2014. Athöfnin fór fram í höfuðstöðvum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (Food and Agriculture Organization) í Rómarborg og í ræðu sem José Graziano da Silva, forseti FAO hélt við það tækifæri lagði hann m.a. áherslu á að beint samhengi væri milli búskaps bændafjölskyldna og jarðvegs. Var athyglinni beint sérstaklega að hefðbundnum búskap eins og þeim sem stundaður er á Íslandi. Jarðvegi er ógnað á jörðinni með sístækkandi borgum, skógareyðingu, ósjálfbærri landnýtingu og nýtingaraðferðum, mengun, ofbeit og loftslagsbreytingum. Hraði jarðvegseyðingar á jörðinni ógnar möguleikum komandi kynslóða til að brauðfæðast.

Aðalmarkmið alþjóðlega jarðvegsársins er að vekja athygli mannkynsins á mikilvægi heilbrigðs jarðvegs og að tala fyrir sjálfbærri nýtingu svo takast megi að vernda þessa mikilvægu náttúruauðlind. Ísland er eitt þeirra landa í

heiminum sem tapað hafa hvað mestu af jarðvegi sínum vegna ósjálfbærrar nýtingar landsins. Með skógrækt er hægt að efla íslenskan landbúnað, byggja undir trausta byggð í sveitum landsins, auka afrakstur landsins og tekjur bænda. Skógarvistkerfi elur af sér líffjölbreytni sem gagnast bæði þeirri búfjárrækt sem stunduð er á viðkomandi búi og eykur framleiðni í akuryrkju. Skógarnir laða að sér fugla, eru búsvæði ýmissa smádýra, sveppa og örverulífs, þeir veita skjól, hægja á rennsli vatns og hamla gegn jarðvegsrofi.

Smáörkina hannaði Örn Smári Gíslason og hann tók jafnframt ljósmyndina af rofabarðinu sem er myndefni frímerkisins. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði smáörkina.

Íslensk myndlist – Framúrstefna skýtur rótum

Þema sjöttu frímerkjaraðarinnar um íslenska myndlist sem Íslandspóstur gaf út 5. nóvember nefnist framúrstefna skýtur rótum. Málverkin sem prýða frímerkin að þessu sinni eru: Örlagateningurinn (B50g innanlands, ígildi 132 kr. á útgáfudegi) eftir Finn Jónsson, Komposition (50g til Evrópu, ígildi 180 kr.) eftir Baldvin Björnsson, Hvítasunnudagsmorgunn (250g innanlands, ígildi 185 kr.) eftir Jóhannes Kjarval og Án nafns (1500g innanlands, ígildi 565 kr.) eftir Ingibjörgu Stein Bjarnason.

Í aðdraganda Alþingishátíðarinnar á Þingvöllum 1930 vildu ráðamenn á Íslandi, ekki síst leiðtogi Framsóknarmanna, Jónas Jónsson frá Hriflu, framlengja þjóðræknisstefnuna sem kynt hafði undir verkum myndlistarmanna hins verðandi lýðveldis áratugina á undan. Sú stefna fólst framar öðru í trúnaði við landslagið, „sanna ímynd Íslands“, eins og hún var skilgreind af þjóðhollum skáldum og

fræðimönnum. Á sama tíma hafði vaxandi velsæld landsmanna gert þeim kleift að ferðast utanlands sem aldrei fyrr og átti það einnig við um myndlistarmenn. Í erlendum stórborgum rákust þeir á heillandi myndlistarnýjungar, og þá einkum ýmiss afbrigði huglægrar (abstrakt) listar, sem þá fýsti að etja kappi við. Á erlendri grundu gerðu þeir ýmsar tilraunir sem ekki voru ætlaðar til heimabrúks, þar sem þeir vissu að þær voru á skjön bæði við ríkjandi viðhorf og menntunarstig Íslendinga.

Aðeins einn þessara ferðalanga, Finnur Jónsson (1892-1993), dróst á að sýna framúrstefnuleg myndverk sín, gerð í Þýskalandi, heima í Reykjavík árið 1925 og fékk bágt fyrir. Það var Baldvin Björnsson (1879-1945) gullsmiður, sem reið á vaðið, en meðan hann bjó í Berlín 1913-15 gerði hann nokkur verk í anda þýska expressjónismans, fútúrista og symbólista. Á Kaupmannahafnarárunum sínum 1913-19 varð Jóhannes Kjarval (1885-1972) sömuleiðis fyrir áhrifum af gróskumiklu myndlistarlífi Dana, sem þá voru í nánu sambandi við nútímalistina í París og Berlín. Mynd Kjarvals, Hvítasunnudagsmorgun frá ca. 1919, hefur að geyma ýmsa takta úr abstraktlist í bland við áhrif frá litríkustu myndum fútúrista og symbólista.

Ekki er langt síðan farið var að nefna nafn Ingibjargar Stein Bjarnason (1901-1977) í þessu samhengi, en hún var gáfuð og víðförul listakona sem kom við sögu Cercle et Carré (hringur og ferningur) listhópsins í París við upphaf þriðja áratugarins. Einungis örfá verk hennar frá þeim tíma hafa varðveist, en þau eru ótvírætt fyrstu myndverk íslensks listamanns í fullkomlega huglægum stíl. Þótt tilraunir þessara myndlistarmanna skytu ekki rótum þegar í stað, eru þær mikilsverður vitnisburður um víðsýni og hugdirfsku íslenskra listamanna strax á frumbýlisárum myndlistarinnar í landinu.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Þennan sama dag, 5. nóvember, komu út jólafrímerkin 2015. Verðgildi þeirra eru B50g innanlands (ígildi 132 kr. á útgáfudegi), 50g innanlands (ígildi 153 kr.) og 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.).

Myndefni jólafrímerkjanna lýsa þeirri hlýju og indælu skammdegis- og jólastemmningu sem skapast þegar aðventan fer í hönd og skammt er til jóla. Blandað er saman teikningu og ljósmyndun til að miðla hughrifum vongleði og tilhlökkunar sem vakna í aðdraganda jóla þrátt fyrir dimman hversdagsleika skammdegisins.

Jólin eru samkvæmt þessu ekki bara dagarnir sem tengjast sjálfri jólahátíðinni heldur allur tíminn sem varið er í undirbúning, gleði og samvistir frá upphafi aðventu fram að þrettándanum. Þetta er einmitt tíminn þegar margir skrifa, senda og fá jólakveðjur frá vinum og ættingjum. Við sögu á frímerkjunum kemur kvöldganga á lognkyrru blikandi svelli, notaleg samvera vina og fjölskyldu yfir heitum drykk og piparkökum og gamansöm mynd af íslenska jólakettinum sem flatmagar í makindum uppi í rúmi að hlusta á jólatónlistina í tölvunni.

Hönnuðir frímerkjanna eru þau Hörður Lárusson og Rán Flygenring. Sebastian Ziegler tók ljósmyndirnar. Österreichische Staatsdruckeri GmbH í Vínarborg, Austurríki offsetprentaði frímerkin sem einnig eru með málmfólíu í kopar-, gull- og silfurlitum.

2016

Alþýðusamband Íslands 100 ára

Þann 18. febrúar kom út frímerki með áletruninni B50g innanlands (ígildi 137 kr. á útgáfudegi) tileinkað aldarafmæli Alþýðusambands Íslands.

Alþýðusamband Íslands eru heildarsamtök launafólks, stofnuð árið 1916 í þeim tilgangi að auðvelda baráttu verkamanna fyrir bættum kjörum. Sambandið hefur haft mikil áhrif, ekki aðeins á kjör og réttindi eigin félaga, heldur á samfélagið í heild. Fyrstu íslensku verkalýðsfélögin urðu til á tímum mikilla breytinga í atvinnulífi þjóðarinnar þegar Ísland var að breytast úr bændasamfélagi í nútíma þjóðfélag. Fólk streymdi úr sveitunum á mölina og fjölmenn stétt verkamanna varð til. Fyrstu verkalýðsfélögin urðu til um aldamótin 1900. Hið stærsta þeirra, Verkamannafélagið Dagsbrún, var stofnað árið 1906. Krafan um víðtækt samstarf verkalýðsfélaganna varð æ háværari. Þann 12. mars 1916 var stofnfundur Alþýðusambands Íslands haldinn í Reykjavík. Fundarmenn voru tuttugu talsins og komu frá sjö félögum og voru meðlimir þeirra um 1500, þar af um fjórðungurinn konur. Í fyrstu lögum ASÍ stóð meðal annars að tilgangur sambandsins væri að koma á samstarfi meðal íslenskra alþýðumanna sem miði að því að efla og bæta hag alþýðu andlega og líkamlega. Árið 1942 var allt íslenskt verkafólk sameinað í stærstu heildarsamtökum sem mynduð höfðu verið á íslenskum vinnumarkaði. Fjölmörg þeirra réttinda sem vinnandi fólki þykja sjálfsögð í dag þurfti mikla baráttu og oft fórnir til að fá samþykkt. Það á við um samningsrétt, uppsagnarfrest, fæðingarorlof, vinnuvernd, orlofsrétt og margt fleira.

Uppbygging velferðarkerfisins hefur verið stórt verkefni sem ASÍ hefur tekið mikinn þátt í. Fyrstu lögin um almannatryggingar voru sett 1936. Jafnrétti kynjanna varð eitt af stóru markmiðunum í starfinu. Verkalýðshreyfingin barðist fyrir því að fá langan vinnudag verkafólks styttan og 1972 var 40 stunda vinnuvika loks lögfest. Félagsmenn í ASÍ eru tæplega 106.000 í fimm landssamböndum og 50 aðildarfélögum um land allt.

Tryggi T. Tryggvason hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ísafjarðarbær 150 ára

Þennan sama dag, 18. febrúar, kom út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 159 kr. á útgáfudegi) í tilefni 150 ára afmælis Ísafjarðarbæjar.

Skutulsfjörður er vestasti fjörðurinn í Ísafjarðardjúpi. Kaupstaðurinn Ísafjörður stendur við fjörðinn. Tveir megindalir ganga inn úr Skutulsfirði, Engidalur og Tungudalur og skilur fjallið Kubbi þá að. Samkvæmt Landnámu voru landnámsmenn í Skutulsfirði tveir, Helgi Hrólfsson og Þórólfur brækir. Helgi mun hafa komið fyrstur, gefið firðinum nafn og reist sér bæ. Nú er ekki vitað hvar bær hans stóð en Eyri í Skutulsfirði hefur verið talin landnámsjörð. Allt til ársins 1765 bjuggu ekki aðrir á Skutulsfjarðareyri en heimilisfólkið á Eyri. Íbúum tók þó ekki að fjölga neitt að ráði fyrr en einokun var aflétt í verslun á Íslandi árið 1788 og bærinn fékk kaupstaðarréttindi.

Norskir og danskir kaupmenn reistu verslunarhús á Ísafirði en 1816 missti Skutulsfjarðareyri kaupstaðaréttindi sín og var staðurinn gerður að úthöfn frá Grundarfirði. Árið 1866 endurheimti hann réttindin og nefndist eftir það Ísafjarðarkaupstaður. Á síðustu áratugum 19. aldar var Ísafjörður með stærstu kaupstöðum landsins enda tryggði nálægðin við gjöful fiskimið næga atvinnu. Þegar kom fram á 20. öld var Ísafjörður enn í fararbroddi útgerðar á Íslandi. Þar var fyrst sett vél í bát, en það var vélbáturinn Stanley, og fyrstu veiðarnar á rækju voru stundaðar frá Ísafirði. Vélbáturinn Stanley kom út á frímerki 17. janúar 2002. Fram til ársins 1866 var einungis eitt sveitarfélag í Skutulsfirði en árið 1996 voru sex sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum sameinuð. Þau eru Þingeyri, Mýrahreppur, Mosvallahreppur, Flateyri, Suðureyri og Ísafjörður. Hið nýja sveitarfélag fékk nafnið Ísafjarðarbær. Segja má að forsenda sameiningar hafi verið opnun Vestfjarðaganga sem opnaði á aukna samvinnu íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Sameinað sveitarfélag er hið langstærsta á Vestfjörðum, en þar býr liðlega helmingur allra Vestfirðinga eða um 3500 manns.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Hið íslenzka bókmenntafélag 200 ára

Þennan sama dag, 18. febrúar, kom einnig út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 159 kr. á útgáfudegi) tileinkað tveggja alda afmæli Hins íslenzka bókmenntafélags.

Hið íslenzka bókmenntafélag er elsta bókaforlag á Íslandi og annað elsta félag í sögu landsins næst á eftir Hinu íslenska biblíufélagi sem stofnað var 1815. Bókmenntafélagið var stofnað árið 1816 og hefur starfað óslitið síðan. Það tók við hlutverki Hins íslenzka lærdómslistafélags sem var stofnað 1779, en starfsemi þess lá niðri þegar Bókmenntafélagið var stofnað. Voru félögin formlega sameinuð árið 1818. Stofnun þess olli á sínum tíma þáttaskilum í viðhorfi manna til íslenskrar tungu og bókmennta síðari alda.

Grundvallarstefna Bókmenntafélagsins var að reisa við sjálfstæðar menntir og menningu á Íslandi undir forystu Íslendinga sjálfra, þannig að íslensk þjóðmenning yrði virkt afl í sókn þjóðarinnar til andlegra og efnalegra framfara. Bókmenntafélagið hófst þegar á fyrsta starfsári handa um útgáfu bóka og tímarita og hefur sú starfsemi verið meginviðfangsefni þess síðan. Sturlunga saga var fyrsta ritið, en Árbækur Espólíns fylgdu á eftir og með þeim eignaðist þjóðin í fyrsta sinn samfellda sögu sína. Jafnframt var hafin útgáfa tímaritsins Íslensk sagnablöð og síðar Skírnis sem hefur komið út síðan 1827 og er elst tímarita á Norðurlöndum. Með starfsemi sinni átti félagið drjúgan þátt í að undirbúa jarðveginn fyrir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið og Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í svörtu og Pantone sérlit.

Norðurlandafrímerki – Norræna eldhúsið

Norðurlandafrímerkin 2016 eru tileinkuð norrænum mat, eða „norræna eldhúsinu“ sem svo er nefnt. Í tilviki Íslands er því sjónum beint að „íslenska eldhúsinu“ og íslenskt hráefni er því myndefni frímerkisins sem gefið var út 18. febrúar. Frímerkið er með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr. á útgáfudegi).

Saga íslenskrar matargerðarlistar er stutt og fremur fábrotin en hér hefur þróast áhugavert þjóðlegt eldhús, matargerðarlist sem byggir á góðu hráefni og gömlum hefðum. Í matargerð sinni hafa Íslendingar það fram yfir margar aðrar þjóðir að hráefnið er hreint og nánast ekkert mengað af lyfjum eða eiturefnum úr umhverfinu. Litlar heimildir eru til um matvæli og neysluvenjur íslensku þjóðarinnar fyrstu aldir Íslandsbyggðar. Landnámsmennirnir fluttu með sér sauðfé, geitur, nautgripi, svín, hænsni og jafnvel endur. Fæði landnámsmanna hefur því verið fjölbreytt. Úr mjólkinni voru unnar ýmsar afurðir. Nýting sjófugla, veiðar í ám og vötnum hafa ætíð verið þýðingarmikill þáttur í öflun matvæla. Fyrir utan sjófugla hafa landnámsmennirnir veitt sel og snarað rjúpur. Egg villtra fugla hafa verið kærkomið nýmeti á vorin.

Íslenska lambakjötið hefur sterk séreinkenni. Erlendir matreiðslumenn sem kynnst hafa íslenska lambakjötinu telja það mun líkara villibráð en það lambakjöt sem er á markaðnum í Evrópu og í Bandaríkjunum. Helstu kostir íslenska nautakjötsins er hvað það er hreint og ómengað. Þá hafa gæði þess stöðugt orðið betri. Hafið í kringum landið er mikil matarkista og harðfiskur varð því snemma ein mikilvægasta fæðutegund íslensku þjóðarinnar. Hvönn, fjallagrös og söl voru helstu matjurtir Íslendinga í aldaraðir. Íslenski fiskurinn vekur hvað mesta athygli á meðal erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim og íslenskir matreiðslumenn hafa náð miklum árangri í matreiðslu fiskrétta. Íslensk matargerð þykir afar holl. Kjarni íslenska eldhússins er áherslan á náttúrulegt hráefni, ferskt árstíðabundið grænmeti, ferskan fisk og verkaðan. Þetta eru nokkrir þeirra þátta sem hafa hjálpað til að móta nútíma íslenskt eldhús með alþjóðlegri skírskotun.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkið og Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslensk samtímahönnun – Keramikhönnun

Þann 18. febrúar komu einnig út frímerki í sjöundu röðinni um íslenska samtímahönnun. Áður hafa frímerki í þessum þemaflokki verið tileinkuð, iðn- og vöruhönnun, húsgagnahönnun, fatahönnun, grafískri hönnun, arkitektúr og skartgripahönnun. Að þessu sinni eru frímerkin tileinkuð keramikhönnun og myndefnin eru verk nokkurra leirlistakvenna.

Jarðlög er verk sem Ólöf Erla Bjarnadóttir hefur hannað og er það á frímerki með verðgildinu B50 innanlands (ígildi 137 kr. á útgáfudegi). Jarðlög er hluti af langri röð verka í ýmsum litbrigðum sem tákna jarðlög, kviku eða landslag. Áhrifin eru sótt í íslenskt landslag og náttúru þar sem Ólöf reynir að fanga dýptina og fjarlægðina sem er einkennandi fyrir íslenskt landslag. Form verkanna eru einföld og bjóða upp á hreina fleti til að sýna fjölbreytni jarðlaganna. Listakonan hefur látið þau orð falla um efniviðinn sem hún notar að leirinn sé í eðli sínu formleysa og því allir vegir færir við mótun hans. Ólöf Erla er fædd 1954. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 1982. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga, tekið þátt í samsýningum og hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir list sína. Ólöf rekur verkstæði í Kópavogi og starfar sem deildarstjóri keramikdeildar Myndlistaskólans í Reykjavík. Hún rekur ásamt níu öðrum listakonum verslunina Kirsuberjatréð við Vesturgötu í Reykjavík.

Matarstellið Jökla, sem er á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr.), var fyrst kynnt á HönnunarMars 2014 í Reykjavík af hönnunarteyminu Postulína. Í kynningu teymisins segir m.a. að í stellinu komi saman harðir svartir litatónar sem minna á sandinn sem finna má í skriðjöklum auk ljósbláa litarins sem sjá má í jökulsprungum. Postulína er samstarfsverkefni Guðbjargar Káradóttur leirkerasmiðs og Ólafar Jakobínu Ernudóttur hönnuðar. Postulína hefur starfað frá árinu 2011 og þróað postulínsmuni við góðan orðstír. Allir gripir Postulínu eru mótaðir í höndum á rennibekk og fara þar saman hefðbundnar aðferðir og nútímahönnun. Guðbjörg, sem fæddist í Reykjavík 1968, útskrifaðist

sem keramikhönnuður frá Myndlista- og handíðaskólanum 1994 og lauk prófi frá Listaháskóla Íslands árið 2002. Hún vinnur við keramikhönnun og starfar jafnframt sem myndlistarkennari. Ólöf Jakobína, sem fæddist á Akureyri árið 1969, lærði hönnun á Ítalíu og útskrifaðist sem innanhúshönnuður frá Istituto Superiore di Architettura í Mílanó árið 1996.

Samtal er verk sem Hanna Dís Whitehead hefur hannað og er það á frímerki með verðgildinu 500g innanlands (ígildi 255 kr.). Hanna Dís fæddist í Reykjavík 1982 og útskrifaðist sem vöruhönnuður með láði frá Design Academy Eindhoven í Hollandi. Formin sem Hanna Dís vinnur með í verkinu Samtal, eru ílát með handföngum unnum úr steyptum steinleir/jarðleir og þjóna þau ýmsum tilgangi, meðal annars sem töskur, súpupottar, tekönnur og blómapottar. Hanna Dís segir að í „samtali“ formsins og áhorfandans gegni handföng miklu hlutverki og gefi til kynna ákveðna hreyfingu, þyngd og virkni. Hanna Dís rekur StúdióHanna Whitehead og hefur m.a. unnið með keramik í mörgum verkefnum og þróað áhugaverðar aðferðir við að byggja upp og tengja saman form og notkunarmöguleika. Þá hefur hún kennt við Myndlistaskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands og tekið þátt í fjölda sýninga heima og erlendis. Hanna Dís var tilnefnd „New Talent” fyrir Íslands hönd í European Ceramic Context sem er hluti af tvíæringi fyrir evrópska gler- og leirlist.

Leirpottur, sem er á frímerki með áletruninni 100g utan Evrópu (ígildi 490 kr.), er samvinnuverkefni hönnunarteymisins Borðsins sem skipað er Brynhildi Pálsdóttur, Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur og Leirverksmiðjunnar Leir7 sem Sigríður Erla Guðmundsdóttir rekur í Stykkishólmi. Verkið er unnið alfarið á Íslandi úr íslenskum leir, enda var leitað í íslenska náttúru um efnivið og fyrirmynd að útliti pottsins þar sem mójurtir og einstaka lambakjúka gægjast upp úr lokinu. Leirpotturinn þykir afar hentugur fyrir alla hægeldun. Sigríður Erla, sem er fædd 1955, útskrifaðist úr leirlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1990. Hún hefur kennt við Myndlistaskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Sigríður Erla hefur haldið nokkrar einkasýningar auk þess sem hún hefur tekið þátt í samsýningum. Brynhildur er fædd 1979. Hún útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands 2004 og frá Gerrit Rietveld Academy 2005. Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir er einnig fædd 1979 og útskrifaðist frá Listaháskólanum 2004. Bæði Guðfinna og Brynhildur hafa tekið þátt í fjölda sýninga, hérlendis og erlendis, starfað sem stundakennarar í myndlist og hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar, m.a. Menningarverðlaun DV í flokki hönnunar.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði í fjórlit og einum Pantone sérlit.

Ferðamannafrímerki

Þann 28. apríl kom út fimmta frímerkjaröðin í flokknum ferðamannafrímerki þar sem myndefnin eru ýmsir ferðamannastaðir.

Þjófafoss, sem er myndefni frímerkisins með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) er í Þjórsá. Fossinn er talinn hafa fengið nafn af því að þar hafi þjófum verið drekkt til forna. Fossinn er austan megin við Merkurhraun en fyrir ofan hann stendur fjallið Búrfell. Til að nálgast fossinn þarf að keyra eftir malarvegi sem er fær öllum bílum að sumarlagi. Nálægt fossinum er vatnsaflsvirkjunin Búrfellsstöð og Hjálparfoss, einn fimm fossa sem prýddu frímerki sem gefin voru út 18. maí 2006.

Jökulsárlón, sem er myndefni frímerkisins með verðgildinu 50g utan Evrópu (ígildi 240 kr. á útgáfudegi) er eitt þekktasta náttúruvætti Íslendinga. Breiðamerkurjökull gengur út í lónið og fljóta gríðarstórir ísjakar um það, en umhverfið markast af svörtum söndum og grjóti. Í Jökulsárlóni gætir flóðs og fjöru og er það því blanda af sjó og ferskvatni. Það leiðir til þess að æti gengur inn í lónið sem selir og æðarfuglar sækjast í og setur það skemmtilegan svip á svæðið. Lónið er staðsett á Breiðamerkursandi, á milli Vatnajökulsþjóðgarðs og Hafnar í Hornafirði. Það byrjaði að myndast eftir 1934 þegar Jökulsá á Breiðamerkursandi rann beint undan jökli niður til sjávar um einn og hálfan kílómeter. Síðan um 1950 hefur jökullinn hins vegar hörfað jafnt og þétt og sístækkandi lón hefur myndast.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Græn hugsun

Í tilefni 60 ára afmælis Evrópufrímerkjanna 2016 ákvað Post Europ að afmælisins yrði minnst með því að aðildarlönd Post Europ gæfu út frímerki með einu og sama myndefninu, tileinkað „grænni hugsun“. Útgáfudagur frímerkjanna var 28. apríl en þau eru með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og 50g utan Evrópu (ígildi 240 kr.). Frímerkin komu út límborin í örkum en sjálflímandi í heftum og er tökkun þeirra ekki sú sama.

Síðari hluta árs 2014 var efnt til samkeppni um myndefni meðal aðildarlandanna, sem þau greiddu síðan atkvæði um í byrjun árs 2015. Vinningstillagan var hönnuð af Doxia Sergidou frá Kýpur og send inn af kýpverska póstinum. Í öðru sæti var tillaga frá slóvenska póstinum og í þriðja sæti tillaga frá ungverska póstinum. Auk þessa sameiginlega myndefnis var öllum aðildarlöndum Post Europ frjálst að hanna eigið frímerki tileinkað grænni hugsun, kysu þau að gefa út tvö Evrópufrímerki eins og Íslandspóstur hefur gert um árabil. Lítt snortin náttúra og ómengað umhverfi er lykill að heilbrigði manna, velferð og lífsgæðum auk þess sem hún styrkir félagslega og efnahagslega þróun um allan heim. Markmiðið grænnar hugsunar er að vernda umhverfið meðal annars með því að draga úr þörf á nýtingu ósjálfbærra náttúruauðlinda. Hreint haf og vatn eru ein mikilvægustu hagsmunamál Íslendinga. Stjórnvöld hafa um árabil lagt mikla áherslu á alþjóðlegar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir mengun hafsins og annan skaða á lífríki hafsins, ekki síst vegna hagsmuna Íslendinga í sjávarútvegi. Umhverfisstofnun hefur beitt sér fyrir ítarlegri gagnasöfnun um álag á vötn og vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatns á Íslandi. Markmiðið er að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Græn upplýsingatækni ryður sér einnig til rúms og stuðlar að umhverfisvernd með því að bæta orkunýtingu, minnka losun gróðurhúsalofttegunda og hvetja til endurnýtingar. Önnur atriði sem geta tryggt góða umhverfisvitund er útivist, hjólreiðar til og frá vinnu eða skóla, flokkun úrgangs, endurvinnsla á pappír og plastafurðum og eiturefnalaus hreinsiefni svo nokkuð sé nefnt.

Hlynur Ólafsson hannaði íslenska frímerkið sem er tileinkað verndun hafsins. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Eldgos í Holuhrauni

Þann 28. apríl kom einnig út frímerki tileinkað eldgosinu í Holuhrauni. Frímerkið ber verðgildið 50g innanlands (ígildi 159 kr. á útgáfudegi).

Holuhraun var lítið basalthraun sunnarlega í Ódáðahrauni milli Dyngjufjalla og Dyngjujökuls. Hraunið var nánast óþekkt og lítið rannsakað þar til síðsumars 2014. Þá urðu þar eldsumbrot og hraungos svo nafnið Holuhraun komst á forsíður blaða.

Mikil umbrotahrina hófst þann 16. ágúst 2014 í Bárðarbungu í Vatnajökli. Til að byrja með var skjálftavirknin mest innan öskjunnar í fjallinu en síðan tók virknin að færast til norðausturs yfir Dyngjujökul og í átt að Holuhrauni. Talið er að bergkvika hafi streymt úr kvikuhólfi undir Bárðarbungu og út í sprungusveim sem leiddi hana um 40 km leið að Holuhrauni.

Þann 29. ágúst 2014 varð lítið hraungos í Holuhrauni sem stóð einungis í fáa klukkutíma og lauk samdægurs. Aðfaranótt 31. ágúst hófst öllu stærra gos í Holuhrauni. Gosið náði hámarki á fyrsta degi, en þá gaus úr rúmlega 1500 m langri gossprungu og kvikustrókar risu í 50-100 m hæð þegar mest gekk á. Stærsti gosgígurinn nefnist Baugur og rís um 60 m yfir umhverfið en smærri gígarnir kallast Baugsbörn.

Samfellt gos stóð frá 31. ágúst til 27. febrúar eða í rétta 6 mánuði. Óvanalegt er að stök gos standi svo lengi þó goshrinur eins og t.d. Kröflueldar hafi staðið yfir mikið lengur eða í 9 ár. Gosið skilaði 1,36 rúmkílómetrum af hrauni sem þekur um 85 ferkílómetra og er meðalþykkt hraunsins um 16 metrar. Þykktin er yfir 20 m á stórum svæðum og næst gígunum er hún yfir 40 m. Er þetta því langstærsta hraungos á Íslandi frá Skaftáreldum á 18. öld og hefur reyndar ekkert eldgos síðan þá skilað eins miklu magni af gosefnum. Það verður að teljast mikil heppni að þessi umbrot þróuðust eins og þau gerðu með fremur rólegu gosi á íslausu landi víðsfjarri mannabyggðum.

Gasmengun var einn fylgifiskur gossins og birtist hún sem bláleit móða, en mengunin stafaði af afgösun í hrauninu. Styrkur mengunarinnar í gosinu kom mönnum á óvart. Mest var um brennisteinsdíoxíð en einnig voru brennisteinsvetni, koldíoxíð og kolmónoxíð í mengunargasinu. Alls er talið að um 11 milljón tonn af brennisteinsdíoxíði hafi losnað úr Holuhraunskvikunni.

Menn voru lengi vel ekki á eitt sáttir um nafn nýja hraunsins enda dróst á langinn að gefa því heiti. Um miðjan desember 2015 ákvað hreppsnefnd Skútustaðahrepps að hraunið skyldi heita Holuhraun eins og hraunið sem fyrir var.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið en ljósmyndina tók Daði Harðarson. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Árstíðir

Þennan sama dag, 28. apríl, komu út fjögur frímerki tileinkuð árstíðunum fjórum. Þannig var frímerki með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 137 kr. á útgáfudegi) tileinkað vorinu, verðgildið 50g innanlands (ígildi 159 kr.) tileinkað sumrinu, verðgildið 100g til Evrópu (ígildi 310 kr.) tileinkað vetrinum og frímerki með verðgildinu 250g utan Evrópu (ígildi 985 kr.) tileinkað haustinu.

Þetta þema, árstíðir, var jafnframt þema Sepac-landanna árið 2016 og í þessari fjögurra frímerkja röð, var frímerkið með vorinu helgað Sepac-útgáfunni.

Sepac-frímerkin hafa komið út á hverju ári undanfarin ár með mismunandi þemu í sameiginlegri útgáfu þrettán eyríkja og smáþjóða: Íslands, Færeyja, Álandseyja, Grænlands, Mónakó, Lichtenstein, Lúxemborg, Gíbraltar, Mön, Guernsey, Jersey, Möltu og Vatíkansins.

2016

Árstíðaskil eru yfirleitt nokkuð skörp á norðlægum breiddargráðum og breytingar á veðurfari og í náttúrunni sjálfri við árstíðaskiptin eru áhrifamiklar og heillandi. Á vorin hækkar sólin á lofti og sumarið kemur með birtu og blómaangan. Litirnir í náttúrunni á haustin eru margvíslegir og fagrir. Farfuglarnir kveðja og æfa listflug sitt síðustu dagana fyrir brottför. Vetrinum geta fylgt váleg veður, snjórinn klæðir landið og norðurljósin blika á himninum á heiðskírum vetrarnóttum.

Í stjarnfræðilegum skilningi verða árstíðaskipti við sólstöður eða jafndægur. Þannig hefst sumar við sumarsólstöður, vetur við vetrarsólstöður en haust við haustjafndægur og vor við vorjafndægur. Samkvæmt íslensku tímatali fellur fyrsti dagur sumars á fyrsta fimmtudag eftir 18. apríl, þ.e. á bilinu 19. til 25. apríl. Fyrsti vetrardagur rennur upp á laugardegi að lokinni 26. viku sumars, þá milli 21. til 27. október en stundum 28. október.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

RÚV – Sjónvarp 50 ára

Þann 16. september kom út frímerki með áletruninni B50g innanlands (ígildi 160 kr. á útgáfudegi) tileinkað hálfrar aldar afmæli RÚV – Sjónvarps.

RÚV - Sjónvarp er eina ríkisrekna sjónvarpsstöðin á Íslandi og hóf hún útsendingar þann 30. september 1966. Sjónvarpið er deild innan Ríkisútvarpsins, RÚV, sem einnig rekur þrjár útvarpsstöðvar, RÁS1, RÁS2 og Rondó. Þegar sjónvarpið hóf göngu sína var aðeins sent út tvisvar sinnum í viku en fljótlega var sent út alla daga nema fimmtudaga. Það var ekki fyrr en 1. október 1987 sem sjónvarpið hóf útsendingar sjö daga vikunnar.

Fréttaþjónusta landsmanna batnaði til muna þegar erlendar fréttir fóru að berast gegnum gervihnött, en það gerðist í fyrsta skipti í september árið 1981. Fyrir stofnun sjónvarpsins hafði aðeins Kanasjónvarpið eða AFRTS Keflavík, starfað á varnarliðssvæðinu frá 1951 og mjög fáir höfðu aðgang að því sjónvarpi. Útvarpið var þá aðal fjölmiðillinn fyrir utan dagblöðin. Saga sjónvarps á Íslandi endurspeglar að sjálfsögðu að verulegu leyti þjóðarsöguna á þeim 50 árum sem liðin eru frá því að Ríkisútvarpið hóf sjónvarpssendingar.

Þegar byrjað var að ræða um íslenskt sjónvarp um miðjan sjöunda áratuginn, náðust sendingar frá sjónvarpi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur. Í mars 1964 birtist ávarp sextíumenninganna svonefndu, allt þjóðkunnir einstaklingar, sem kröfðust þess að sendingar frá Keflavíkurstöðinni yrðu takmarkaðar við herstöðina. Við þessari áskorun var brugðist með því að stofna fjölmennt félag sjónvarpsáhugamanna sem litu á það eins og hver önnur mannréttindi að fá að horfa á Keflavíkursjónvarpið. Þetta sama ár, 1964, var ákveðið að stofna íslenskt sjónvarp á vegum Ríkisútvarpsins.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

2016

Lífríki hafsbotnsins við Ísland

Þennan sama dag, 16. september, komu út tvö fyrstu frímerkin í útgáfuröðinni Lífríki hafsbotnsins við Ísland. Sæfífill er myndefni frímerkis með áletruninni B50g innanlands (ígildi 160 kr. á útgáfudegi) og marflækja er myndefni frímerkis með áletruninni 250g innanlands (ígildi 200 kr.).

Sæfíflar (*Actinauge sp.*) eru frumstæð fjölfruma sjávardýr af fylkingu holdýra. Skyldir hópar eru meðal annars kóraldýr, sæfjaðrir, armfætlur og marglyttur. Hver sæfífill er stök lífvera, efst á búknum eru margir armar, oft fremur stuttir en geta verið langir á sumum tegundum. Neðst á búknum er skífa, eða einskonar fótur, sem dýrið notar til að festa sig við undirlagið. Sæfíflar lifa oftast nær á hörðum botni, klettabotni eða sitja á skeljum og kuðungum oft þeim til varnar gegn afræningjum. Fæðan getur verið margvísleg eða frá agnarsmáum krabbadýrum upp í sæmilegustu fiska sem þeir lama með stingfrumum á örmunum.

Sæfíflar eru mjög útbreiddir, allt frá grunnsævi og niður á 5000 metra dýpi. Í hlýjum sjó geta þeir oft verið ákaflega litskrúðugir og geta orðið mjög stórir. Margar tegundir sæfífla er að finna á grunnsvæði við Ísland. Sæfíflar af ættinni Actinauge (sem ekki hefur enn hlotið íslenskt heiti) finnast líklega allt í kringum landið, en útbreiðsla þeirra er þó ekki vel þekkt. Stafar það líklega helst af því hve erfitt er að greina þessi dýr til tegunda. Skráðar eru um 8 tegundir af þessari ætt í heiminum en óvissa ríkir um fjölda þeirra vegna erfiðleika við greiningar. Ógerningur er að greina þessi dýr til tegunda af ljósmyndum. Sæfífillinn á myndinni var ljósmyndaður á 600 m dýpi í Háfadjúpi.

Marflækja (*Gorgonocephalus sp.*) er botndýr af ættbálki skrápdýra (*Echinodermata*) og tilheyrir slöngustjörnum. Til skrápdýra teljast auk þess krossfiskar, ígulker, sæbjúgu og sæliljur en þau draga draga nafn sitt af kalkflögum í húð þeirra. Hjá sumum þeirra mynda flögurnar samfellda skel, líkt og hjá ígulkerum en hjá öðrum eru þetta litlar lausar flögur svo að líkaminn er í raun mjúkur.

Lífshættir þessara hópa eru mjög ólíkir. Fræðiheitið er dregið af grísku orðunum „gorgós“ sem þýðir ógnvekjandi og „cephalus“ sem þýðir höfuð. Á norsku heitir marflækjan Medúsuhöfuð og vísar til þjóðsagnarinnar um Medúsu drottningu sem hafði snáka í stað hárs og gat breytt mönnum í stein með augnaráði sínu. Búkur marflækjunnar er skífa og út frá henni ganga fimm armar sem greinast hvað eftir annað í tvennt og geta greinar armanna orðið allt að 5000 talsins. Armana nota þær til að fanga bráð úr sjávarmassanum. Marflækja er algengust á meira en 50 metra dýpi en hefur einnig fundist allt niður á 2000 metra dýpi. Heimkynni marflækjunnar í Norðaustur Atlantshafi, eru meðal annars við Ísland, Orkneyjar, Bretland og Noreg en hún finnst einnig í köldum sjó, við norður- og suðurheimsskautið og á djúpsjávarsvæðum. Í dag teljast 10 tegundir til þessarar ættar og finnast fjórar þeirra við Ísland. Marflækjan á myndinni var ljósmynduð á um 900 m dýpi á Drekasvæðinu norðaustan við Ísland.

Botndýrasamfélög eru stundum skoðuð með neðansjávarmyndavélum. Þetta á einkum við um rannsóknir á viðkvæmum búsvæðum og sýna myndirnar ástand búsvæðanna, helstu tegundir og einnig samspil tegunda á botninum. Neðansjávarmyndefni er safnað á ýmsa vegu. Einfaldlega er hægt að setja myndavél á grind sem látin er síga niður á botn og við lendingu er smellt af en slíkt var gert þegar marflækjan var mynduð. Einnig er hægt að tengja myndavélar við ljósleiðarakapal sem gerir mögulegt að fylgjast með í rauntíma því sem fyrir augu ber og þannig taka myndir af völdu viðfangsefni, eins og þegar sæfífillinn var myndaður.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en ljósmyndir voru teknar á vegum Hafrannsóknastofnunar. The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada prentaði í offset og Pantone sérlit.

Villtur íslenskur gróður

Þann 16. september komu einnig út fyrstu frímerkin í röðinni, Villtur íslenskur gróður. Lambagras er myndefni frímerkis með áletruninni 100g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og holurt er myndefni frímerkisins með áletruninni 500g innanlands (ígildi 275 kr.).

Lambagras (*Silene acaulis*) er af hjartagrasaætt. Það er ein af algengustu jurtum landsins og vex á melum, söndum og þurru graslendi, jafnt á láglendi sem hátt til fjalla. Það hefur fundist víða á Tröllaskaga í 1100-1200 metra hæð en hæst hefur það fundist í 1440 metra hæð. Lambagrasið blómgast fremur snemma á vorin. Það myndar sérkennilegar ávalar þúfur, með langri og sterkri stólparót niður úr, sem slær yfir bleikum lit þegar blómin eru upp á sitt fegursta á vorin. Lambagrasið blómgast í maí á láglendi en upp til fjalla má sjá bleikar þúfur fram eftir sumri. Oft má sjá mismunandi liti í sömu þúfunni, fagurbleikan, ljósbleikan og hvítan. Rætur lambagrassins hafa verið kallaðar holtarætur og harðaseigjur. Þær hafa verið notaðar fyrr á tíð, í grauta og eins steiktar í smjöri sem meðlæti með mat.

Holurt (*Silene uniflora*) er háplanta af hjartagrasaætt sem ber fimmdeild blóm með hvítum krónublöðum sem hafa bleikfjólubláan belg. Holurt vex á melum eða söndum og oftast vaxa margir stönglar upp af sömu rót. Stönglarnir eru 10-25 cm á lengd og gjarnan jarðlægir. Önnur nöfn á holurt eru meðal annars flugnablóm, flugnabú og laxerarfi, vegna laxerandi áhrifa jurtarinnar. Algengur misskilningur er að holurtin sé flugnaæta en flugur leita stundum niður í belginn. Hún er algeng þar sem malarborinn jarðvegur eða vikur er fyrir hendi, en oft fremur sjaldgæf þar sem land er þétt gróið. Eyður eru í útbreiðslu hennar sums staðar á Vestfjörðum, í sunnanverðri Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu. Á öræfunum er hún algeng upp í 800 m hæð, en hæst er hún skráð ofan 1000 metra. Holurtin er auðþekkt frá öllum öðrum íslenskum jurtum, meðal annars á hinum sérkennilega, uppblásna bikar.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

Dagur frímerkisins – Pourquoi Pas?



Á Degi frímerkisins þann 16. september var gefin út smáörk með áletruninni 1000g innanlands (ígildi 480 kr. á útgáfudegi) í tilefni þess að 80 ár voru liðin frá því að franska rannsóknaskipið Pourquoi Pas? (Hvers vegna ekki?) fórst við Mýrar í Borgarfirði.

Þessa sjóslyss er minnst sem eins hins hörmulegasta sem orðið hefur við Ísland. Leiðangursstjóri á skipinu var heimskautafarinn mikli dr. Jean-Baptiste Charcot og með honum hurfu í hafið 39 ungir franskir vísindamenn og sjómenn. Þessi dramatíski atburður lifir enn í huga Íslendinga, ekki síður en Frakka, sem á þessu ári minntust á margvíslegan hátt vísindamannsins og heimskautafarans. Viðamikil sýning var sett upp af þessu tilefni í Háskólasetri Suðurnesja í Sandgerði og var henni ætlað að varpa ljósi á ævi og starf þessa merka manns. Dr. Charcots var einnig minnst með málþingi í Háskóla Íslands og ævisaga hans kom út í íslenskri þýðingu.

Pourquoi-Pas? var að koma úr sínum þrettánda rannsóknaleiðangri til norðurskautssvæðisins, með bækistöð á Grænlandi, þegar vélarbilun varð þess valdandi að skipið tafðist í Reykjavíkurhöfn á leið til Kaupmannahafnar. Skipið lagði úr höfn í Reykjavík í góðu veðri eftir hádegi 15. september 1936. Það var 825 tonna þrímastra barkskip með gufuvél, 57 metrar að lengd og sérstaklega styrkt með stál- og sinkþynnum til að sigla í ís. Ofsaveður skall skyndilega á skipið út af Garðskaga og steytti skipið á skeri og brotnaði á skerinu Hnokka undan Álftanesi á Mýrum. Feðgar frá bænum Straumsfirði sáu þrímastra skip reka stjórnlaust í átt til lands. Skipið hvarf brátt en möstrin stóðu upp úr fram á næsta dag.

Danska varðskipið Hvidbjørnen fór á strandstað daginn eftir, svo og vélbáturinn Ægir. Þá var aðeins eitt siglutré upp úr og allt um seinan. Alls létust 40 manns, 23 fundust látnir, 17 var saknað og fundust aldrei. Einn áhafnarmeðlimur komst lífs af.

Jean-Baptiste Charcot (1867-1936) var einn þeirra sem fyrstir könnuðu og kortlögðu haf- og landsvæðin umhverfis heimskautin í byrjun síðustu aldar. Hann eignaðist fjölmarga vini hér á landi og strand Pourquoi Pas? var því mikil sorgarfrétt á Íslandi á sínum tíma. Til marks um það má nefna að þegar minningarsamkoma um hina látnu var haldin var öllum verslunum í Reykjavík lokað og mun það vera einsdæmi að erlendum manni sé sýndur viðlíka sómi.

Hany Hadaya hannaði smáörkina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslensk myndlist – Strangflatarlistin eftir síðara stríð

Þema sjöundu frímerkjaraðarinnar um íslenska myndlist sem Íslandspóstur gaf út 3. nóvember var strangflatarlistin eftir síðara stríð. Málverkin sem prýða frímerkin að þessu sinni eru: Komposition (50g innanlands, ígildi 175 kr. á útgáfudegi) eftir Karl Kvaran, Abstraction (100g til Evrópu, ígildi 340 kr.) eftir Nínu Tryggvadóttur, Á svörtum grunni (1000g innanlands, ígildi 480 kr.) eftir Valtý Pétursson og Málverk (100 g utan Evrópu, ígildi 535 kr.) eftir Þorvald Skúlason.

Strangflatarlistin svonefnda, sem umturnaði íslenskri myndlist á árunum 1950-60, markar ótvírætt tímamót í þróunarsögu sjónlista á landinu. Í fyrsta og síðasta sinn gerðist það að stór hópur íslenskra myndlistarmanna sameinaðist um

tiltekna hugmyndafræði, þ.e. huglæga hreinstefnu byggða á kenningum um myndverkið sem sjálfstæðan, óræðan veruleika til hliðar við sýnilegan heim. Með aðild sinni að þessari hreinstefnu öðlaðist þessi hópur íslenskra myndlistarmanna einnig hlutdeild í alþjóðlegri listhreyfingu og þar með framgang með öðrum þjóðum, sem var sömuleiðis nýnæmi.

Upp úr miðjum sjötta áratugnum var oftlega fjallað um íslenska strangflatarlist af velvild og virðingu í erlendum fjölmiðlum. Eins og ýmisleg önnur nýbreytni í íslenskri myndlist spratt strangflatarlistin í meginatriðum upp úr tilraunum íslenskra myndlistarmanna á erlendri grundu. Myndlistarmenn sem verið höfðu í menningarlegri einangrun uppi á Íslandi meðan á heimstyrjöldinni stóð áttu þess nú kost að læra til myndlista utanlands. Í Frakklandi var ódýrt að búa, þar var fjöldi ágætra skóla og margt að gerast. Á árunum 1947-55 voru u.þ.b. 15 íslenskir myndlistarmenn við nám og störf í París. Helstu áhrifamenn í þeim hópi, t.a.m. Hörður Ágústsson og Valtýr Pétursson, voru hugsjónamenn sem sáu í evrópskri strangflatarlist uppgjör við gjaldþrota og úrelta fortíðardýrkun í myndlist og leið til að hefja nýja sókn á hreinu borði (tabula rasa). Undir sama jarðarmen gengu og margir félagar þeirra. Heimkomnir hófust þeir handa við að útbreiða boðskapinn með hvort tveggja sýningum og fyrirlestrum, við misjafnar undirtektir almennings og menningarfrömuða. Áhugaleysi strangflatarlistamanna um hefðbundna íslenska myndlist, ekki síst landslagsmyndir, var lagt þeim til lasts og talið óþjóðlegt. Einnig voru þeir ítrekað vændir um einsleitni; að myndir þeirra gengju allar í sömu átt. Athugun á verkum þessara listamanna leiðir þvert á móti í ljós umtalsverða fjölbreytni og sjálfstæð vinnubrögð. Sérhver þeirra meðhöndlaði form, liti og rými með sínu lagi, eins og sést á því sýnishorni mynda eftir Karl Kvaran (1924-1989), Nínu Tryggvadóttur (1913-1968), Valtý Pétursson (1919-1988) og Þorvald Skúlason (1906-1984) sem hér eru kynnt til sögunnar.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Þennan sama dag, 3. nóvember, komu út jólafrímerkin 2016 með áletruninni B50g innanlands (ígildi 160 kr. á útgáfudegi), 50g innanlands (ígildi 175 kr.) og 50g til Evrópu (ígildi 225 kr.).

Í íslensku sveitunum var kapp lagt á það áður fyrr að ljúka við verkin sem vinna þurfti fyrir jólin. Fór þar mest fyrir tóvinnunni. Fyrir prjónles var hægt að fá úttekt hjá kaupmanninum og ullarvörurnar urðu að sjálfsögðu að vera tilbúnar í tæka tíð fyrir jól. Þá þótti mikilvægt að heimilismenn væru þokkalega til fara þegar jólahátíðin loks gekk í garð og enginn mátti fara í jólaköttinn. „Allir fá þá eitthvað fallegt, í það minnsta kerti og spil“, segir í alkunnu jólakvæði.

Nú tíðkast að prjóna jólapeysur fyrir jólin með ýmiskonar mynstri sem tengist helgihaldinu og sjá má tvenn slík myndefni á frímerkjunum, Betlehemsstjörnuna og jólakertið. Stundum er prjónað utan um jólakúlur og annað jólaskraut, handbragðið er fallegt og fínlegt og skrautið tekur sig vel út á jólatrénu.

Hany Hadaya hannaði jólafrímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2017

Fyrsta ríkisstjórn Íslands 100 ára

Þann 16. febrúar kom út frímerki með áletruninni B50g innanlands (ígildi 160 kr. á útgáfudegi) tileinkað aldarafmæli fyrstu ríkisstjórnar íslenska lýðveldisins.

Á nýársdag 1917 voru ný lög um fjölgun ráðherra í íslenska stjórnarráðinu send símleiðis til Danakonungs sem samþykkti þau daginn eftir. Fram til þess tíma hafði aðeins einn ráðherra, Hannes Hastein, verið á Íslandi en nú urðu þeir þrír, Jón Magnússon forsætisráðherra og dómsmálaráðherra, Sigurður Jónsson atvinnumálaráðherra og Björn Kristjánsson fjármálaráðherra. Sigurður Eggerz tók við embætti fjármálaráðherra síðar árið 1917.

Allt frá árinu 1909 höfðu komið fram tillögur um fjölgun ráðherra og árið 1913 samþykkti Alþingi að breyta mætti tölu ráðherra með lögum. Breyting var samt ekki gerð fyrr en 4. janúar 1917 þegar fyrsta ríkisstjórn Íslands tók til starfa. Nýju ráðherrarnir voru skipaðir yfir þrjár skrifstofur Stjórnarráðs Íslands, hver með sína skrifstofu, síðar nefnd ráðuneyti. Hver ráðherra hafði úrskurðarvald um málefni síns ráðuneytis án íhlutunar samráðherra. Stjórnaði forsætisráðherra reglulegum fundum ráðherra, þar sem rædd voru stjórnarmálefni. Í forföllum forsætisráðherra gegndi annar af hinum ráðherrunum störfum hans, en þegar ráðherrum fjölgaði, gegndi þeim venjulega einhver flokksbræðra hans í stjórninni. Er sú skipan í gildi nú.

Samkvæmt stjórnarskrá skipaði konungur ráðherra og fól þeim framkvæmd valds síns, enda báru þeir ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum. Alþingi gat kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra og skyldi landsdómur dæma í slíkum málum. Sameiginlegur fundur konungs og ráðherra nefndist ríkisráð. Ákveðið var með konungsúrskurði 28. maí 1919 að stofna íslenskt ríkisráð, í samræmi við fullveldi Íslands 1918. Eftir lýðveldisstofnun 17. júní 1944 tók forseti Íslands sæti konungs. Um störf ráðherra gilda nú lög um ráðherraábyrgð frá 1963.

Frímerkið hannaði Oscar Bjarnason en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi prentaði í offset og Pantone sérlilt.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík 150 ára

Þennan sama dag, 16. febrúar, kom út frímerki í tilefni 150 ára afmælis Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Frímerkið ber áletrunina B50g (ígildi 160 kr. á útgáfudegi).

Til þess að efla hag íslenskra iðnaðarmanna um miðja nítjándu öld þurfti samtök, menntun, áræði og framkvæmdir. Það kom í hlut reykvískra iðnaðarmanna að stuðla að þessari þróun með stofnun Handverksiðnaðarmannafélagsins í Reykjavík 3. febrúar árið 1867. Stofnendur voru 31 talsins, allir reykvískir iðnaðarmenn. Um sex árum síðar var félagið nefnt Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.

Stofnfundur Iðnaðarmannafélagsins var haldinn í fyrsta húsi innréttinganna svonefndu, en þær voru framtak nokkurra Íslendinga, þar á meðal Skúla Magnússonar, til að koma á laggirnar verksmiðjuframleiðslu á Íslandi og vinna að viðreisn íslensks efnahags. Árið 1869 stofnaði Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík kvöldskóla og voru kennslugreinar: réttritun, uppdráttarlist, reikningur, danska, enska og söngur. Rekstur skólans reyndist félaginu fjárhagslega erfiður og lagðist kennsla niður árið 1890. Á fundi í Iðnaðarmannafélaginu þann 31. mars árið 1901 kynnti stjórn félagsins áform um að koma á fót kvöldskóla með námsskrá fyrir iðnaðarmenn og hófst skólahald með nýju fyrirkomulagi við Iðnskólann í Reykjavík 1. október árið 1904. Mánuði eftir fyrstu setningu skólans lagði formaður félagsins Knud Zimsen fram teikningar af nýju skólahúsi og hófst kennsla þar haustið 1906. Skólastjóri á þessum upphafsárum skólans var Jón Þorláksson verkfræðingur.

Árið 1924 gaf Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík íslensku þjóðinni styttuna af Ingólfi Arnarsyni sem stendur á Arnarhóli, og á aldarafmæli sínu, árið 1967 gaf Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík borgarstjóraembættinu „hátíðartákn“, keðju sem borgarstjóri ber við hátíðleg tækifæri. Keðjan er úr silfri, smíðuð af listamanninum Leifi Kaldal gullsmið. Á 150 ára afmæli félagsins í ár ákvað Iðnaðarmannafélagið að minna á sögu sína og fortíð með því að standa fyrir hönnun og kosta lýsingu á styttu Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík er þriðja elsta félagið sem starfað hefur óslitið á Íslandi. Tilgangur félagsins er og hefur frá upphafi verið að efla menntun og menningu iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu auk þess sem félagið var frumkvöðull í löggildingu iðngreina. Saga félagsins hefur verið tengd sögu iðnaðar á Íslandi órofa böndum í 150 ár auk þess sem saga félagsins og Reykjavíkurborgar er samofin allt til þessa dags. Félagar í Iðnaðarmannafélaginu eru á afmælisárinu um 290 talsins.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkið en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Rögnvaldur Ólafsson 100 ára

Þennan sama dag, 16. febrúar, kom einnig út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 175 kr. á útgáfudegi) í tilefni aldarafmælis Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts.

Rögnvaldur Ágúst Ólafsson hefur verið kallaður fyrsti íslenski arkitektinn. Hann fæddist að Ytri Húsum í Dýrafirði árið 1874 og ólst upp á Ísafirði. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1901 og sigldi til Hafnar til náms við Det Tekniske Selskabs Skole sama ár. Hann lauk ekki námi vegna veikinda og sneri heim 1904 með berkla sem hann háði baráttu við æ síðan.

Rögnvaldur var fyrsti Íslendingurinn sem fékkst einvörðungu við að teikna hús. Hann varð ráðunautur landsstjórnarinnar um opinberar byggingar árið 1906 og lagði þar með grunninn að embætti húsameistara ríkisins. Þótt starfstími hans yrði aðeins um 12 ár liggja eftir hann 30 kirkjur, 30 hús í Reykjavík og

tugir annarra húsa víða um land. Hann teiknaði mörg af glæsilegustu timburhúsunum sem reist voru í Reykjavík á fyrsta áratug aldarinnar, þar með er talinn Ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu. Auk þess teiknaði hann nokkur af fyrstu og svipmestu steinhúsunum, þar á meðal Pósthúsið í Pósthússtræti og skólahús á Hvanneyri og á Hólum.

Mörg húsa Rögnvalds eru snilldarleg íslensk útfærsla á byggingarstílum sem nefndir eru sveitserstíll og nýklassík, en sveitserstíllinn barst til Íslands með norskum hval- og síldarútvegsmönnum á síðasta áratug 19. aldar. Nýklassískur byggingarstíll reis hins vegar upp úr nýklassískri hreyfingu sem hófst um miðja 19. öld, að hluta sem andsvar við rókokkó stíl. Danir kalla þennan stíl síðklassískan. Alþingishúsið, Dómkirkjan og Iðnó eru hús í nýklassískum byggingarstíl.

Eitt af þekktari verkum Rögnvaldar er Húsavíkurkirkja sem var vígð 2. júní 1907. Hún er krosskirkja, byggð úr norskum viði. Edinborgarhúsið á Ísafirði er timburhús reist 1907. Nokkur önnur verk hans voru Vífilsstaðaspítali, reistur 1908, og Þingeyrarkirkja sem er einnig steinhús og í gotneskum stíl. Vífilsstaðahælið var hans stærsta verk og þar lést hann sjálfur úr berklaveiki árið 1917, aðeins 42 ára að aldri.

Bók um Rögnvald Á. Ólafsson og verk hans hans kom út í október 2017 í útgáfu Hins íslenska bókmenntafélags. Höfundur ritsins er Björn G. Björnsson hönnuður.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði í sex Pantone sérlitum.

Íslensk samtímahönnun – Textílhönnun

Þennan sama dag, 16 febrúar, kom einnig út áttunda frímerjaröðin í flokknum íslensk samtímahönnun. Að þessu sinni eru frímerkin tileinkuð textílhönnun og eru myndefnin verk nokkurra textíllistamanna.

Verndarhönd – trefill, er myndefni á frímerki með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 160 kr. á útgáfudegi). Um er að ræða verk Víkur Prjónsdóttur, sem varð til árið 2005 sem samstarfsverkefni hönnuða og þá einnar elstu starfandi prjónaverksmiðju landsins, Víkurprjóns í Vík í Mýrdal. Markmið verkefnisins var að efla vöruþróun á sviði ullar- og prjónaiðnarins. Vík Prjónsdóttir er heilluð af sagnahefð, innblásin af hegðun náttúrunnar og nið borgarinnar. Hún trúir á hið yfirnáttúrulega og ber virðingu fyrir því ósýnilega. Vík Prjónsdóttir hefur einbeitt sér að því að vinna með staðbundna menningu, hráefni og framleiðslu. Hönnuðirnir að baki Vík Prjónsdóttur eru Brynhildur Pálsdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Þuríður Rós Sigurþórsdóttir. Vík Prjónsdóttir hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar og vörurnar birst í bókum og tímaritum og verið sýndar á sýningum erlendis. Verndarhendurnar eru innblásnar af seiðmönnum frá Alaska sem nota sérstakar verndarhendur til þess að lækna sjúka og reka á brott illa anda. Verndarhendur Víkur Prjónsdóttur eru tileinkaðar þessum kröftum. Þær eru prjónaðar úr íslenskri ull, í fimm mismunandi litasamsetningum sem breytast ár hvert.

Auga/Kúla – þæfð ull, er myndefni á frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 175 kr.) en um er að ræða hljóðlausn sem Bryndís Bolladóttir hannaði. Bryndís útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 1999 með áherslu á textílmyndlist en hún hefur sérhæft sig frá árinu 2009 í að byggja upp skúlptúrform sem jafnframt hafa notagildi og hefur í þeim tilgangi fengið alþjóðlegar vottanir fyrir hljóðdempandi virkni verka sinna. Árið 2010 gerði Bryndís samning við Normann Copenhagen um sölu á tveimur vöruflokkum. Bryndís vann 1. verðlaun í listskreytingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ sem vígður var í árslok 2013.

2017

Einnig hlaut hún viðurkenningu fyrir hönnun sína á Stokkhólms Messunni 2013, sem ein af fimm bestu hönnuðum með vöru með virkni, og var boðið að sýna í London í kjölfarið. Bryndís hefur sýnt og selt verk sín til allra Norðurlandanna sem og fjölmargra Evrópulanda. Hún á verk í opinberum rýmum bæði á Íslandi, Finnlandi og Hollandi.

Fjallgarður – innanhússtextíll, er myndefni á frímerki með verðgildinu 1000g innanlands (480 kr.), en um er að ræða hönnun Rögnu Fróða sem ber þess vitni að íslensk náttúra er stöðugur áhrifavaldur í hönnun hennar enda vinnur Ragna í þessu verki sínu með íslensk mótív. Mynstrið er gert í blýantsteikningu á frumstigum og síðan fært yfir í stafrænt form í flóknu ferli þar sem þrílitaskali vefnaðarins tekur yfir og umbreytist í marglitan vefnað með abstrakt mynstri. Ragna lærði fata- og textílhönnun í París og á Íslandi og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar og styrki fyrir hönnun sína. Undanfarin ár vann Ragna í New York hjá einu þekktasta „tískuspádómsfyrirtæki“ heims en hún býr núna á Íslandi og vinnur að eigin hönnun, ásamt að vera deildarstjóri Textíldeildar Myndlistaskólans í Reykjavík.

Vor/Sumar 2016 – ísaumaður textíll, er myndefni á frímerki með verðgildinu 1500g innanlands (565 kr.), eftir Anítu Hirlekar. Hún útskrifaðist með BA gráðu í fatahönnun með áherslu á fataprent árið 2012 og MA í fatahönnun með áherslu á textíl 2014 úr Central Saint Martins í London. Hönnun Anítu einkennist af listrænum litasamsetningum og handbróderuðum textíl sem hefur einstaka áferð. Hugmyndafræði Anítu snýst um að sameina handverk og tískuvitund með einkennandi hætti. Í september 2016 sýndi Aníta vor/sumar 2016 línu sína á tískuvikunni í London og París en Aníta var valin sem ein af fjórum mest framúrskarandi alþjóðlegum hönnuðum árið 2015 í Bretlandi. Aníta hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir hönnun sína m.a. var hönnun Anítu í forvali til Hönnunarverðlaunanna 2015.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

Ferðamannafrímerki

Þann 27. apríl kom út sjötta frímerkjaröðin í flokknum ferðamannafrímerki. Myndefni á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 225 kr. á útgáfudegi) er hestaferðir og jöklaferðir á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 285 kr.). Á þeim fimm útgáfuröðum ferðamannafrímerkja sem komið hafa út fram til þessa hefur áherslan verið á íslenskt landslag. Frá og með sjöttu útgáfuröðinni verður megináherslan á ferðamöguleika og afþreyingu ferðamanna.

Hestaferðir eru skipulagðar af ferðaþjónustuaðilum víða um land. Ferðirnar geta spannað allt frá nokkrum klukkutímum upp í marga daga en síðarnefndu ferðirnar eru ætlaðar vönu hestafólki. Fyrirtæki í ferðaiðnaði sem gangast fyrir hestaferðum segja að markmiðið sé að bjóða viðskiptavinum sínum einstæða upplifun í íslenskri náttúru á íslenskum hestum. Íslenski hesturinn er þekktur víða um heim sem afbragðs fararskjóti. Hann er þekktur fyrir sínar fimm ólíku gangtegundir og rómaður fyrir öryggi á ferðum um gróft landslag. Íslenski hesturinn er smár vexti en afar sterkur og yfirleitt ljúfur í lund og hefur sterkan persónuleika.

Jöklaferðir hafa orðið vinsælli hin allra síðustu ár, ekki síst með auknum ferðamannastraumi til landsins. Ferðast er um á vélsleðum, breyttum jeppum eða enn stærri bílum, svo sem á Langjökli en þar voru opnuð ein stærstu manngerðu ísgöng í heimi í júní 2015. Þau eru alls 550 m löng og búið er að grafa út nokkra hella í göngunum. Jöklaferðum fylgir alltaf nokkur áhætta, ekki síst gönguferðum. Sprungur geta opnast, snjóbrýr geta fallið og úrkoma getur breytt svæðum á stuttum tíma. Ferðamönnum sem ætla á jökla er eindregið ráðlagt að nýta sér þjónustu aðila í ferðaþjónustu sem hafa sérhæft sig í jöklaferðum enda geta íslenskir jöklar verið varasamir eins og dæmin sanna. Ísklifur getur verið hluti af jöklaferðum og þar er ísexi, mannbroddar og hjálmur nauðsynlegur útbúnaður eins og sést á frímerkinu.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Loftkastalar og snjókastalar

Evrópufrímerkin 2017 komu einnig út þann 27. apríl. Samkvæmt ákvörðun PostEurop, Sambands opinberra póstrekenda í Evrópu, voru kastalar sameiginlegt þema frímerkjanna þetta ár. Evrópufrímerkin bera að þessu sinni áletrunina 100g til Evrópu (ígildi 340 kr. á útgáfudegi) og 100g utan Evrópu (ígildi 535 kr.).

Kastali er víggirt mannvirki, yfirleitt torsótt vegna staðsetningar sinnar. Flestir kastalar í Evrópu á miðöldum voru heimili hefðarfólks og konungborinna og voru byggðir til að standast áhlaup óvina, ásamt því að vera mikilvægt stöðutákn. Margir kastalar álfunnar eru enn í notkun, flestir sem söfn en nokkrir sem bústaðir, jafnvel heimili afkomenda þeirra sem þá byggðu.

Kastalar voru aldrei reistir á Íslandi að undanskildum loftkastölum og snjókastölum sem er þema íslensku frímerkjanna. Að byggja eða reisa loftkastala vísar til dagdrauma og skýjaborga óraunhæfra hugmynda, en snjókastali vísar til efnislegri hluta. Hægt er að búa til snjókastala þegar þannig viðrar, þótt slík mannvirki standi sjaldnast lengi í því rysjótta veðri sem allajafna er á Íslandi yfir vetrarmánuðina.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Íslenska lopapeysan

Þennan sama dag, 27. apríl, kom einnig út Sepac-frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 225 kr. á útgáfudegi). Þema Sepac-frímerkjanna þetta árið var staðbundin eða dæmigerð handavinna útgáfulandsins og myndefni íslenska frímerkisins er íslenska lopapeysan.

Mynstrið á frímerkinu nefnist Álafoss mynstur nr. 51 en það kom fram í kringum 1960 og þykir mjög einkennandi fyrir íslensku lopapeysuna en mynstrið hannaði Astrid Ellingsen. Helstu sérkenni lopapeysunnar eru hráefnið og tæknin – ullin og lopaprjónið. Rannsóknir benda til að á fimmta áratug tuttugustu aldar hafi peysan tekið á sig þá mynd sem í daglegu tali er kölluð íslensk lopapeysa og má því segja að hún sé jafngömul íslenska lýðveldinu. Útlit hennar mótaðist líklega fyrir áhrif erlendra prjónahefða sem bárust til landsins í gegnum tímarit um hannyrðir og tísku. Grænlensk þjóðbúningamynstur hafa einnig verið nefnd til sögunnar og sömuleiðis norsk prjónamynstur. Þegar íslenskar konur tóku að yfirfæra erlend prjónamynstur og útfæra í samræmi við eiginleika hráefnisins urðu íslensku peysurnar með sama lagi og erlendar fyrirmyndir þeirra en mynstrin í sauðalitunum og öll stórgerðari. Það var vegna þess að lopinn er viðkvæmari en spunnið band og því var oftast prjónað úr þremur þráðum samtímis. Með því móti varð flíkin endingarbetri og hlýrri.

Lopapeysan var orðin nokkuð fastmótuð í sinni hefðbundnu mynd seint á sjötta áratug tuttugustu aldar. Á þeim sjöunda varð hún vinsæl útflutningsvara en á áttunda áratugnum vildu hana færri. Lopapeysan virðist eiga sér sterkar rætur í menningu núlifandi Íslendinga og fyrir tilstuðlan íslenskra hönnuða hefur peysan öðlast vinsældir á ný. Falleg hönnun hefur gert það að verkum að fleiri eru farnir að prjóna lopapeysur, en einnig hefur sala aukist mjög til ferðamanna, með auknum ferðamannastraum til landsins eftir 2010.

Hönnuður frímerkisins er Elsa Nielsen en Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði frímerkið á loðinn pappír.

Alþjóðlegt ár sjálfbærrar ferðaþjónustu

Þennan sama dag, 27. apríl, komu einnig út frímerki með útgáfuheitinu Alþjóðlegt ár sjálfbærrar ferðaþjónustu – Jarðböð á Íslandi.

Samkvæmt ákvörðun Sameinuðu þjóðanna er árið 2017 ár „sjálfbærrar ferðaþjónustu til þróunar“ (International Year of Sustainable Tourism for Development). Hugtakið sjálfbær ferðaþjónusta hefur verið skilgreint sem hvers konar þróun eða starfsemi í ferðaþjónustu sem ber virðingu fyrir umhverfinu, tryggir verndun náttúrulegra og menningarlegra auðlinda til langs tíma og er ásættanleg og réttlát frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði. Jarðböðin sem eru myndefni frímerkjanna falla undir skilgreininguna sjálfbær ferðaþjónusta því þau fullnægja þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að njóta þessara auðlinda.

Bláa lónið á Reykjanesi, sem er myndefni frímerkisins með verðgildinu B50g til Evrópu (ígildi 200 kr. á útgáfudegi), myndaðist af affallsvatni frá Hitaveitu Suðurnesja, í kjölfar starfsemi hennar í Svartsengi við Grindavík árið 1976. Árið 1981 fór fólk að baða sig í lóninu þegar í ljós kom að böðunin hafði jákvæð áhrif á húðsjúkdóminn psoriasis. Sex árum seinna, eða árið 1987, var opnuð baðaðstaða fyrir almenning og 1992 var Bláa Lónið hf. stofnað. Hefur það með tímanum orðið einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi. Vistkerfi Bláa Lónsins er eitt sinnar tegundar í heiminum. Kaldur sjór og grunnvatn komast í snertingu við heitt innskotsberg á miklu dýpi þar sem Ameríku og Evrópu-Asíu flekarnir tengjast. Vökvinn snögghitnar og stígur upp á yfirborð jarðar. Hitaveita Suðurnesja borar eftir slíkum holum og jarðhitavökvinn er nýttur til að veita 17.000 íbúum heitt vatn og 45.000 manns rafmagn. Hitastigið í lóninu er 37-39°C og það hefur að geyma 9 milljón lítra af jarðsjó, sem endurnýjar sig á 40 stunda fresti.

Jarðböðin við Mývatn, sem er myndefni frímerkisins með verðgildinu B50g utan Evrópu (ígildi 250 kr.) eru staðsett í Jarðbaðshólum, um 4 km frá Reykjahlíð.

2017

Hér hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld en snemma á þrettándu öld vígði Guðmundur góði, biskup, gufuholu í Jarðbaðshólum sem notuð var til gufubaða (þurrabaða). Jarðböðin eru fyrir alla sem vilja njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Boðið er upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott. Með Jarðböðunum við Mývatn er ætlunin að viðhalda aldagamalli hefð fyrir böðum í Mývatnssveit, styrkja atvinnulíf á svæðinu og opna nýja möguleika í heilsutengdri ferðaþjónustu. Mývatn er fjórða stærsta stöðuvatn landsins og heimsfrægt fyrir fjölbreytt náttúrufar og fuglalíf. Jarðmyndanir eru mjög fjölbreytilegar og víðast hiti í jörðu, enda er svæðið innan hins virka eldgosabeltis og eru eldgos tíð, hið síðasta árið 1984.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Pétur Atli Antonsson Crivello gerði teikningarnar. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Ungviði íslensku húsdýranna

Þennan sama dag, 27. apríl, komu út frímerki með útgáfuheitinu, Ungviði íslensku húsdýranna. Áformað er að þetta verði myndefni frímerkjaraðar sem á að koma út næstu fjögur árin. Myndefnin að þessu sinni eru kiðlingur og kettlingur. Frímerkin bera áletrunina B50g innanlands (ígildi 160 kr. á útgáfudegi) og 50g innanlands (ígildi 175 kr.)

Vorið er skemmtilegasti tíminn í sveitinni og í Húsdýragarðinum í Reykjavík þegar nýtt líf kviknar með tilheyrandi gleði og umstangi. Kiðlingarnir í Húsdýragarðinum eru oft fyrsta ungviðið. Þeir eru skemmtilegir og fjörmiklir og í miklu uppáhaldi hjá börnum og öðrum gestum Húsadýragarðsins. Við upphaf byggðar á Íslandi fluttu landnámsmenn geitur með sér til landsins og eiga allar íslenskar geitur rætur að rekja til landnámskynsins. Þeim fækkaði mjög frameftir öldum vegna kólnandi veðurfars. Ríkisstjórn Íslands samþykkti alþjóðlegan samning um líffræðilega fjölbreytni árið 2008 og fellur vernd íslenska geitastofnsins undir þann samning.

Það eru spennandi tímar framundan þegar nýr kettlingur bætist við fjölskylduna og mikið sem þarf að læra um hvernig hægt er að auðvelda honum að aðlagast heimilinu. Kettir eru hreinleg dýr og fljótir að læra. Mataræði kettlinga er ólík næringarþörf eldri katta og því mikilvægt að gefa þeim rétta fæðu. Skemmtilegt er fyrir börn að leika við lítinn kettling. Æfingin er kettlingnum góð og styrkir líkama hans þegar hann stækkar en leikurinn er einnig góð aðferð til tengslamyndunar milli fjölskyldumeðlimanna og kattarins.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Bára Kristinsdóttir tók ljósmyndirnar. Joh. Enschedé Security Print í Haarlem, Hollandi offsetprentaði.

Siðbót í 500 ár

Þann 14. september kom út frímerki í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá upphafi siðbótar. Frímerkið ber áletrunina B50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi).

Árið 2017 eru 500 ár frá því að Marteinn Lúther hengdi skjal með 95 greinum á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg. Tilgangurinn var að efna til guðfræðilegrar umræðu um réttmæti aflátssölu kirkjunnar og fleira. Sá atburður markaði upphaf siðbótarhreyfingarinnar sem átti eftir að hafa víðtæk áhrif víða í Evrópu, meðal annars á Íslandi. Lúther vildi siðbót innan kirkjunnar og barðist meðal annars gegn sölu aflátsbréfa sem notuð voru til að fjármagna framkvæmdir í Róm. Aðrir siðbótarmenn réðust gegn mörgum af grundvallarkenningum kaþólsku kirkjunnar eins og trúnni á hreinsunareldinn, tilbeiðslu Maríu, flest sakramentin, kröfunni um skírlífi kirkjunnar þjóna og vald páfa. Siðaskiptin leiddu til fjölda trúarbragðastyrjalda í Evrópu, en þau náðu hátindi sínum í Þrjátíu ára stríðinu 1618-1648.

Siðaskiptin á Íslandi urðu um miðja 16. öld og er þá yfirleitt miðað við aftöku Jóns Arasonar biskups á Hólum og sona hans haustið 1550. Jón var andstæðingur hins nýja siðar og þegar hann var úr sögunni varð miklu auðveldara að koma breytingum í kring. Við siðbreytingu fluttust allar eigur kirkjunnar í hendur Danakonungs og ítök og áhrif Dana jukust til muna hér á landi, ekki síst í verslunarmálum. Þeirri þróun lauk með tilkomu einokunarverslunarinnar 1602. Margt annað breyttist við siðaskiptin. Löggjöf varð strangari og árið 1564 gekk í gildi hinn alræmdi Stóridómur, sem var ströng löggjöf í siðferðismálum. Þjóðkirkjan á Íslandi minnist fimm alda afmælis siðbótarinnar á fjölbreyttan hátt á árinu 2017 s.s. með málþingum, útgáfu á völdum ritum Lúthers og annarri útgáfu. Einnig stendur Þjóðkirkjan að dagskrárgerð í fjölmiðlum, leiksýningum, kynningu á sálma- og tónlistararfi siðbótarinnar, samkomum í kirkjum og ýmsu öðru. Myndefni frímerkisins er titilblað Nýja testamentisins, fyrstu bókar sem prentuð var á íslenska tungu, en þýðandinn var biskupssonurinn Oddur Gottskálksson (1514/1515-1556).

Hönnuður frímerkisins er Tryggvi T. Tryggvason en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Viðskiptaráð Íslands 100 ára

Þennan sama dag, 14. september, kom út frímerki í tilefni aldarafmælis Viðskiptaráðs Íslands. Frímerkið ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi).

Verzlunarráð Íslands var stofnað hinn 17. september 1917. Í september árið 2005 var ákveðið að breyta nafni Verzlunarráðs Íslands í Viðskiptaráð Íslands. Undangenginn áratug hafði orðið meiri breyting á íslensku viðskiptaumhverfi en nokkurn tíma áður í sögunni. Aukin fjölbreytni fyrirtækja einkenndi umfram annað þá nafnbreytingu. Tilgangur samtakanna er að efla og treysta íslenska verslun og skapa heilbrigða og hagfellda verslunarhætti meðal þeirra, sem verslun stunda. Viðskiptaráð Íslands eru heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Ráðið og þeir sem að því standa telja að heilbrigt og kraftmikið atvinnulíf skapi forsendur til framfara og bættra lífskjara hér á landi.

Segja má að forveri ráðsins hafi verið Kaupmannaráð Reykjavíkur. Kaupmannaráðið starfaði á ýmsan hátt eins og erlend verslunarráð gerðu á þessum tíma og hafði náin sambönd við bæði stjórnvöld og kaupsýslumenn. Einnig hafði Kaupmannaráðið gengist fyrir stofnun Verzlunarskóla Íslands árið 1905. Þó var að lokum ákveðið að endurskipuleggja starfsemina og upp úr því varð Verslunarráð Íslands til. Það var fulltrúafundur verslunarstéttarinnar, haldinn í KFUM-húsinu við Amtmannsstíg í Reykjavík 17. september 1917, sem gekk frá stofnun ráðsins. Á fundinum var einróma samþykkt tillaga þess efnis að stofna „fulltrúanefnd fyrir verzlun, iðnað og siglingar, er nefndist Verzlunarráð Íslands.“ Að fundinum stóðu 73 einstaklingar eða fyrirtæki, en síðar bættust fleiri í hópinn og teljast stofnendur ráðsins vera 156 talsins.

Ráðið hefur verið virkt í ýmsum hagnýtum málum er varða aðildarfélaga, s.s. verðlags-, innflutnings- og gjaldeyrismálum. Ráðið hefur haft umsjón með elsta starfandi gerðardómi landsins og skipað fulltrúa til ýmissa tilfallandi nefndarstarfa. Um miðbik síðustu aldar beindist athyglin að lánsfjármálum. Þótti kaupsýslumönnum verslunin vera afskipt og illa haldin. Til að leysa þetta

mál var Verzlunarsparisjóðurinn stofnaður árið 1956, en upp úr honum varð Verzlunarbankinn til. Verzlunarráð lék mikilvægt hlutverk í stofnun bankans. Verzlunarbankinn sameinaðist síðar Útvegsbanka Íslands, Alþýðubankanum og Iðnaðarbankanum undir nafninu Íslandsbanki. Aðild að Viðskiptaráði eiga 236 félög og fyrirtæki.

Hönnuður frímerkisins er Hany Hadaya en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Lífríki hafsbotnsins við Ísland

Þennan sama dag, 14. september, kom út önnur frímerkjaröðin í flokknum, Lífríki hafsbotnsins við Ísland. Ægisdrekka er myndefni frímerkis með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) og glókórall er myndefni frímerkis með áletruninni B100g til Evrópu (ígildi 300 kr.).

Ægisdrekka (*Acesta excavata*) er stór og tiltölulega flöt skel sem lifir sunnan og suðvestan við Ísland á 200-1400 m dýpi. Stærstu skeljarnar hafa mælst 17 cm að hæð og 10 cm á breidd og er þetta stærsta samlokutegundin við Ísland. Dýrið sjálft er bleikt eða appelsínugult, en skelin er hvítleit. Ægisdrekkan er oft í nábýli við kóral og kóralrif. Hún lifir á litlum ögnum sem hún síar úr vatnsmassanum. Ægisdrekkan þykir ágætur matur en hún er þó ekki nýtt eða veidd sérstaklega. Skelin er með perlugljáa á innra borði. Yrði hún án efa hagnýtt í þeim löndum þar sem skeljaiðnaður er á háu stigi, eins og t. d. í Bandaríkjunum. Annars er ekki vitað alveg með vissu um lifnaðarhætti þessa tröllvaxna skeldýrs.

Glókórall (*Madrepora oculata*) er kóraldýr sem myndar harða kalkskel sem gegnir hlutverki ytra stoðkerfis. Glókórall er ein af þremur kóraltegundum

sem getur myndað kóralrif í sjónum við Ísland. Vaxtarhraði þessara dýra er um 3-20 mm á ári, þannig að það tekur gríðarlega langan tíma að mynda kóralrif. Hér við land vex glókórall á 200-1000 m dýpi við landgrunnskantinn úti fyrir Suður- og Vesturlandi. Á þessu svæði eru mörg kóralrif og hafa nokkur þeirra verið mynduð með neðansjávarmyndavélum. Þessi kóralrif njóta nú verndunar. Orðið kórallur er líka notað um kóralladýrin sjálf. Kórallar tilheyra flokkinum Anthozoa en til hans telst einnig sæfjöður og nokkrir aðrir hópar holdýra. Stærsta kórallarif í heimi er hið mikla kóralrif undan austurströnd Ástralíu. Það er um 2.000 km á lengd og yfir 140 km á breidd og verður að teljast eitt magnaðasta og tegundaauðugasta vistkerfi jarðar.

Hönnuður frímerkjanna er Örn Smári Gíslason en ljósmyndirnar er fengnar hjá Hafrannsóknastofnun. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

Villtur íslenskur gróður

Þann 14. september kom einnig út önnur frímerkjaröðin í flokknum, Villtur íslenskur gróður. Útgáfuheitið er fléttur en þær eru gróður sem samanstendur af sambýli svepps og grænþörungs og/eða blábakteríu. Veggjaglæða er myndefni frímerkis með áletruninni B50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og skeljaskóf er myndefni frímerkisins með áletruninni B100g utan Evrópu (ígildi 470 kr.).

Veggjaglæða (*Xanthoria parietina*) er algeng þar sem úthafsloftslag er mest á landinu. Hún er mjög útbreidd á Suður- og Vesturlandi, en finnst aðeins á ystu annesjum á Norður- og Austurlandi. Hún vex á klettum, steyptum veggjum og stöku sinnum á viði eða trjábolum. Í fuglabjörgum getur hún litað heila klettaveggi. Áður fannst hún oft á veggjum gömlu bæjanna og þar af hefur hún fengið nafnið. Veggjaglæða er stór flétta, oft 6-10 cm í þvermál, og þekkist best frá öðrum glæðum s.s. klettaglæðu og hellisglæðu, á blaðkenndum jöðrum sem auðvelt er að losa frá undirlaginu. Gömul nöfn á veggjaglæðu eru veggjaskóf, viðarmosi og veggmosi.

Skeljaskóf (*Placopsis gelida*) er algeng flétta um allt land. Hún myndar sambýli bæði með grænþörungi, sem lifir í hvíta hluta fléttunnar, og bláþörungi sem lifir í brúna hluta fléttunnar. Skeljaskóf var ein þriggja fyrstu fléttanna til að finnast í Surtsey eftir að eyjan myndaðist. Hún er algeng hvarvetna á landinu þar sem raka úthafsloftslagsins nýtur við, en er sjaldgæf inn til landsins. Skeljaskófin vex á steinum, bæði basalti og móbergi, oft á smásteinum sem liggja á jörðunni. Hún er mjög algeng á Suður- og Vesturlandi þar sem loftslag er hafrænt, en lítið inn til dala á norðaustanverðu landinu, þar sem hún er aftur á móti algeng hátt til fjalla.

Hönnuður frímerkjanna er Kristín Þóra Guðbjartsdóttir en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

Dagur frímerkisins – Erlendir vísindaleiðangrar

Þann 14. september kom einnig út smáörk með einu frímerki í tilefni af Degi frímerkisins en þema arkarinnar er, erlendir vísindaleiðangrar og ferðamenn til Íslands í 250 ár. Verðgildi smáarkarinnar er 2000g innanlands (ígildi 630 kr. á útgáfudegi).

Í janúar 1767 var franski sjóliðsforinginn Yves Joseph de Kerguelen de Trémarec boðaður til Versala. Þar voru honum afhent fyrirmæli frá Loðvíki konungi XV um að sigla til Íslands til að aðstoða fiskimenn frá Norður-Frakklandi, sem þar stunduðu veiðar. Úr þessu varð fyrsti erlendi vísindaleiðangurinn sem farinn var til Íslands. Þessa fyrstu ferð fór hann á freigátunni La Folle („Sú sem kemur á óvart“) með 200 manna áhöfn en ári síðar sneri hann aftur til Íslands á korvettunni L‘Hirondelle („Svölunni“). Vel er við hæfi að minnast þess árið 2017 að þá eru 250 ár frá fyrri ferð hans.

Margt bar til þess að Kerguelen var valinn til forystu. Hann hafði á unga aldri vakið athygli fyrir verðleika sína. Hann var heillaður af landfræði og náttúruvísindum og vegna þess þótti enginn betur fallinn til forystu í leiðangrinum. Bók hans um Íslandsferðirnar „Relation d‘un voyage dans la Mer du Nord“ (Frásögn um ferðalag í Norðurhöfum) kom út árið 1771. Þar greindi hann frá rannsóknum sínum og uppgötvunum í þessum tveimur Íslandsferðum, en um leið frá ýmsu öðru eins og samskiptum sínum á latínu við forsvarsmann dönsku verslunarinnar á Patreksfirði og einnig við hinn íslenska fræðimann og skáld, Eggert Ólafsson.

Skýrslur Kerguelens höfðu bæði hernaðarlega og vísindalega þýðingu. Auk þess að fela í sér nákvæmar upplýsingar um sjóferðirnar þá birtust þar greinargóðar upplýsingar um náttúrufar, dýralíf, plönturíki, loftslag, búsæld, landskosti og landafræði, um leið og greint var frá ýmsum siðum og háttum Íslendinga á þessum tíma. Kerguelen gaf þannig mörgum löndum sínum og erlendum lesendum tækifæri til að kynnast hinum margvíslegu töfrum og sérkennum Íslands. Rit hans er talið áreiðanleg heimild því öfugt við þá sem áður höfðu fjallað um landið hafði Kerguelen engra hagsmuna að gæta.

Síðar skipulögðu aðrir erlendir vísindamenn leiðangra til Íslands. Joseph Paul Gaimard stýrði vísindaleiðangri á Norðurslóðum árin 1835 og 1836 og ferðaðist þá um Ísland. Í því tilefni orti Jónas Hallgrímsson frægt kvæði sem hefst á orðunum „Þú stóðst á tindi Heklu hám.“ Sir Joseph Banks veitti fyrsta breska vísindaleiðangrinum til Íslands forystu árið 1772 og dvaldi hér í um sex vikur. Með honum í för í ágúst 1772 var Uno von Troil, síðar erkibiskup. Bréf hans með frásögnum frá Íslandi eru merkileg í landfræðilegu og menningarsögulegu tilliti en þar skráði hann í bréfaformi upplýsingar um aðbúnað og lífsgæði Íslendinga.

Myndin á smáörkinni birtist í bók John Truslers „The Habitable World“ sem kom út í 20 bindum á árunum 1788-1797 og er teiknuð eftir lýsingu í frásögnum von Troils. Meðal annarra merkra vísindamanna sem komu til Íslands og skrifuðu um landið voru Sir John Stanley, Sir George Stewart McKenzie, William Jackson Hooker, sem kom til landsins með Jörundi hundadagakonungi, Ebenezer Henderson og fleiri.

Hönnuður smáarkarinnar er Hlynur Ólafsson en teikninguna gerði I. Ibbetson. Myndgröft annaðist I. Thortwaithe. The Lowe-Martin Group í Ottawa, Kanada offsetprentaði.

Íslensk myndlist – Ljóðræna abstraktlistin

Þema áttundu frímerkjaraðarinnar um íslenska myndlist sem Íslandspóstur gaf út 2. nóvember er ljóðræna abstraktlistin á sjötta og sjöunda áratugnum. Málverkin sem prýða frímerkin að þessu sinni eru: Málverk (B50g innanlands, ígildi 180 kr. á útgáfudegi) eftir Kristján Davíðsson, Án nafns (50g innanlands, ígildi 195 kr.) eftir Hafstein Austmann, Komposition (50g utan Evrópu, ígildi 285 kr.) eftir Eirík Smith og Orgelfúga (250g til Evrópu, ígildi 650 kr.) eftir Gerði Helgadóttur.

Formföst strangflatarlistin var haldreipi framsækinna myndlistarmanna á Íslandi mestan hluta sjötta áratugarins (sjá Íslensk myndlist VII 2016). Hún bjó við andstreymi frá þorra alþýðu og íhaldssömum menningarfrömuðum, en átti vísan stuðning áhrifamikilla aðila í þjóðfélaginu, t.a.m. gagnrýnenda, hins nýstofnaða Listasafns Íslands og tímarita um menningarmál á borð við Birting. Er leið á áratuginn fór smám saman að fjara undan hugmyndalegum undirstöðum strangflatarlistarinnar. Var um að kenna vaxandi efasemdum nokkurra listfrömuða, sem töldu strangflatarlistina líða fyrir vöntun á frjálsu flæði hugmynda og tilfinninga. Sömuleiðis má nefna aukið brautargengi sjálfsprottinnar abstraktlistar úti í Frakklandi um sama leyti, en þangað höfðu íslenskir listamenn löngum sótt listræn viðmið.

Tíðindi af nýrri abstraktlist, sem ýmist var kennd við „frjálsa sveiflu“, „slettutækni“ eða „formleysu“, bárust í auknum mæli til Íslands með tímaritum á borð

við Cimaise, sem margir listamenn voru áskrifendur að. Í París töldu menn „frjálsa“ abstraktlist m.a. endurspegla nýfengið frjálsræði í kjölfar styrjaldar og hernáms Þjóðverja. Sömuleiðis höfðu menn spurnir af nýrri „frjálslegri“ abstraktlist í Bandaríkjunum, svonefndum abstrakt expressjónisma.

Óhætt er að segja að sýningar Kristjáns Davíðssonar 1957 og 1958, þar sem listamaðurinn bæði spann með olíulitum af fingrum fram og sletti lakki, hafi verið eiginlegt upphaf ljóðrænnar abstraktlistar á Íslandi, þótt ávæning af þess konar list megi vissulega sjá í eldri verkum Svavars Guðnasonar og Nínu Tryggvadóttur. Í þessum verkum Kristjáns, svo og margra félaga hans, ber mikið á upprifjun á mótífum úr náttúrunni, sem strangflatarmálarar höfðu úthýst. Um 1958 hóf Eiríkur Smith að mála abstrakt tilbrigði við hraunið kringum Hafnarfjörð með rípólínlakki, og stuttu seinna notaði Hafsteinn Austmann vatnslitatæknina til að „ljóða“ um náttúruna, ekki einasta föst form hennar, heldur einnig óáþreifanleg fyrirbæri á borð við veður og vinda. Ljóðrænna viðhorfa gætir einnig í þrívíðum verkum Gerðar Helgadóttur, þar sem málmurinn er meðhöndlaður líkt og fínofin tilbrigði um náttúruform. Að sumu leyti er ljóðræna abstraktlistin því eins og huglægur viðauki við íslenska landslagsmálverkið.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Þann 2. nóvember komu jólafrímerkin 2017 einnig út, með áletruninni B50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi), 50g innanlands (ígildi 195 kr.) og 50g til Evrópu (ígildi 225 kr.)

Desember er tími vongleði og eftirvæntingar. Frá því kveikt er á fyrsta kerti aðventukransins eykst tilhlökkun barnanna uns klukkan hringir inn jólin á aðfangadagskvöld. Frímerkin endurspegla þá gleði og friðsæld sem ríkir um hátíðarnar. Foreldrar upplifa gjarnan stemninguna og jólagleðina í gegnum börnin sín og þau eru í aðalhlutverki ásamt jólasveinunum á öllum frímerkjunum. Hönnuðurinn notar texta úr þremur jólalögum sem innblástur við hönnunina: Gefðu mér gott í skóinn, Skreytum hús, og Þorláksmessukvöld.

Um miðja 20. öld fóru jólasveinarnir að gefa börnum í skóinn að norðurevrópskum sið. Þegar fyrsti jólasveinninn kemur láta börnin skóinn í gluggakistuna, eins og sést á frímerkinu og bíða stundum í eftirvæntingu þangað til þau sofna. Það verður sífellt vinsælla að velja sér sitt eigið jólatré úti í náttúrunni. Jólasveinar fylgjast úr fjarlægð með börnunum sem hafa valið sér tréð sem þeim finnst fallegasta jólatréð í skóginum. Orð jólalagsins, „Tendrum ljós á trénu bjarta, tendrum ljós í hverju hjarta," gætu verið stef þessa frímerkis. Meðan beðið er eftir jólunum er tilvalið að stytta sér stundir við leiki utandyra. Ekki er verra ef jólasveinn slæst með í för á sleðanum eins og sést á þriðja jólafrímerkinu.

Hönnuður frímerkjanna er Linda Ólafsdóttir en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2018

Íslenska fullveldið 100 ára



Frá og með 1. febrúar fækkaði dreifingardögum bréfapósts í þéttbýli. Eftir breytinguna er öllum bréfapósti dreift á næstu þremur virkum dögum eftir póstlagningu eins og gert hafði verið með B-póst frá 1. júlí, 2012. A-póstur er ekki lengur í boði. Verð fyrir 50g bréf innanlands varð frá sama tíma aðeins eitt, 180 kr. og því varð verðgildi frímerkja með áletruninni B50g innanlands og 50g innanlands hið sama.

Þann 15. febrúar gaf Íslandspóstur út tvö frímerki og smáörk í tilefni 100 ára fullveldisafmælis íslenska lýðveldisins en árið 2018 var ein öld liðin frá því að Ísland varð sjálfstætt ríki í samfélagi þjóðanna.

Myndefni frímerkjanna eru Alþingishúsið, á frímerki með verðgildinu B50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og Stjórnarráðið, á frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 180 kr.). Smáörkin inniheldur tvö frímerki sem sýnir sömu opinberu byggingarnar, ásamt því að rekja þróun í mannfjölda, búsetu, fiskafla, búfénaði og útfærslu landhelginnar á tímabilinu 1918-2018. Verðgildi smáarkarinnar er 2x1000g innanlands (ígildi 500 kr. á útgáfudegi).

2018

Samningum um fullveldi Íslands lauk 18. júlí 1918 og teljast þessir atburðir hinir merkustu í sögu þjóðarinnar frá upphafi. Samið var um að Danir færu að formi til með samskipti Íslendinga við aðrar þjóðir, þ.e. utanríkisþjónustu og gæslu landhelginnar, en æðsta vald á þeim sviðum lá hjá Íslendingum sjálfum. Sambandslögin voru staðfest af Danakonungi 30. nóvember 1918 og gengu í gildi 1. desember. Með fullveldinu fékk íslenska ríkið fullt ákvörðunarvald um skipan dómsvaldsins og Hæstiréttur Íslands var stofnaður 1919.

Þann 16. júní 1944 ályktaði Alþingi að fella niður sambandslagasamninginn frá 1918 og á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum næsta dag gekk ný stjórnarskrá í gildi og fyrsti forseti Íslands, Sveinn Björnsson, var kosinn. Í kjölfar fullveldisins 1918 fylgdu miklir framfaratímar hér á landi. Sjálfstraustið og bjartsýnin sem vaknaði með fullveldinu áttu án efa drjúgan þátt í framförunum. Eftir lýðveldisstofnun 1944 hélt þetta framfaraskeið áfram út öldina. Samskipti við erlend ríki voru mikilvægur þáttur í þessari þróun. Ungt fólk leitaði í auknum mæli menntunar í nágrannalöndunum og flutti með sér heim.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á högum þjóðarinnar á undanförnum 100 árum. Landsmönnum hefur fjölgað úr rúmum 91.000 í um 346.000. Landhelgin var stækkuð í fjórum áföngum úr 3 sjómílum í 200 sjómílur. Sauðfjárbúskapur sem var undirstöðugrein í landbúnaði hefur tekið miklum breytingum á þessum tíma og sauðfé fækkað úr tæpri einni milljón um miðbik tímaskeiðsins í tæp 500.000 við lok þess. Búsetuhlutfall hefur gjörbreyst. Árið 1918 bjuggu tæp 80% landsmanna á landsbyggðinni en árið 2015 bjuggu 64% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu og 36% á landsbyggðinni.

Fullveldisafmælisins var fagnað allt afmælisárið með viðamikilli dagskrá sem náði um land allt, enda var dagskrá afmælisársins mótuð í samvinnu við fólkið í landinu. Um var að ræða á annað hundrað viðburða, s.s. menningarviðburða, ráðstefna og fræðslu auk sýninga og margvíslegra annarra dagskrárliða s.s. bókaútgáfu og samkeppna. Þá var haldinn hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum 18. júlí, en hefð er fyrir því að Alþingi minnist merkra tímamóta í sögu landsins með því að funda á Þingvöllum. Hinn 1. desember stóð svo Ríkisstjórn Íslands að dagskrá í tilefni dagsins en hún var mótuð í samvinnu við ungt fólk og tók mið af hugðarefnum þess og hugmyndum um framtíð fullveldisins.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin og smáörkina. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði frímerkin í offset og Pantone sérlitum.

Landsbókasafnið 200 ára

Þennan sama dag, 15. febrúar, kom út frímerki í tilefni tveggja alda afmælis Landsbókasafns Íslands. Frímerkið ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi.)

Landsbókasafn Íslands var þjóðbókasafn Íslands frá stofnun þess árið 1818. Enginn sérstakur bókavörður var í safninu til ársins 1848 þegar Jón Árnason þjóðsagnasafnari, var ráðinn stiftsbókavörður. Þegar fjárveitingavald fluttist til landsins með endurreisn Alþingis 1874 fékk safnið regluleg opinber framlög. Árið 1881 flutti safnið í hið nýbyggða Alþingishús og 1886 voru sett lög um prentsmiðjur þar sem kveðið var á um skylduskil til Landsbókasafnsins. Við þetta stækkaði safnkosturinn ört og jafnframt stækkaði handritadeild safnsins.

Á aldarafmæli safnsins árið 1918 var safnkosturinn orðinn 100.000 bindi og handritasafnið 7.000 bindi. Nýtt Safnahús við Hverfisgötu var reist á árunum 1906-1908 og þangað fluttu inn árið 1909 Landsbókasafnið, auk Þjóðskjalasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Náttúrugripasafnsins, en tvö síðarnefndu söfnin fluttu úr húsnæðinu síðar. Um miðja síðustu öld var farið að huga að sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns og í framhaldi af því var farið að tala um byggingu „þjóðarbókhlöðu“ yfir bæði söfnin við háskólann.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn opnaði síðan í Þjóðarbókhlöðunni 1. desember 1994. Safnið safnar öllum íslenskum gögnum, varðveitir þau, skráir og flokkar auk þess sem það sinnir þjónustu við kennslu- og rannsóknarstarfsemi Háskóla Íslands og heldur uppi bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsókna. Á afmælisárinu stendur safnkosturinn í um það bil milljón bindum bóka, tímarita og annarra gagna.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jón Thoroddsen 200 ára

Þennan sama dag, 15. febrúar, kom einnig út frímerki í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Thoroddsen. Frímerkið ber áletrunina 100g innanlands (ígildi 210 kr. á útgáfudegi.)

Jón Thoroddsen (5. okt. 1818 – 8. mars 1868) var sýslumaður og rithöfundur og er þekktastur fyrir að hafa skrifað skáldsöguna Pilt og stúlku, sem er fyrsta íslenska skáldsagan með nútímasniði. Jón fæddist á Reykhólum á Barðaströnd. Hann las lög við Hafnarháskóla og varð sýslumaður Barðstrendinga. Jón var ekki atkvæðamikill í félagslífi og stjórnmálavafstri landa sinna, en umgekkst þó hina fremstu meðal þeirra, þar á meðal Jón Sigurðsson og Jónas Hallgrímsson.

Á árunum 1848-1850 skrifaði hann Pilt og stúlku, sem er hugljúf og bráðskemmtileg saga af ástum ungmenna. Þarna birtast magnaðar aukapersónur á borð við Gróu á Leiti og Bárð á Búrfelli, sem Íslendingar tóku snemma ástfóstri við og nota enn sem viðmið um æskilegt framferði og skapgerð. Bókin var prentuð í 500 eintökum í Kaupmannahöfn í apríl 1850. Skáldsagan ber þess merki að hún er skrifuð undir áhrifum fremstu rithöfunda samtímans, þar á meðal Charles Dickens og Walter Scott.

Vorið 1851 trúlofaðist Jón, Kristínu Ólínu Þorvaldsdóttur í Hrappsey. Embættisannir og búskaparstrit komu í veg fyrir að hann fengi skrifað nokkuð á þessum árum, en nokkur kvæði eru þó til, einkum erfiljóð. Jón tók við embætti sýslumanns í Borgarfjarðarsýslu sumarið 1862. Árið 1865 vann Jón hörðum höndum við nýja skáldsögu, sem hann nefndi Maður og kona. Ekki tókst honum að ljúka verkinu nema að tveimur þriðju hlutum áður en hann lést 8. mars 1868, eftir erfið veikindi síðustu mánuðina. Maður og kona var gefin út 1876, átta árum eftir dauða hans. Báðar eru sögurnar rómantískar ástarsögur sem gerast í íslenskri sveit.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Brýr

Evrópufrímerkin 2018 voru gefin út þann 15. febrúar en brýr voru sameiginlegt þema þeirra. Frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 225 kr. á útgáfudegi) sýnir hjóla- og göngubrýr yfir Elliðaárósa en frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 285 kr.) hengibrú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Í september 2013 voru opnaðar tvær nýjar brýr yfir Elliðaárósa, en stígarnir sem þeim tengjast eru liður í stærra kerfi á höfuðborgarsvæðinu. Brýrnar og stígarnir yfir Elliðaárósa eru samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Brýrnar eru 4,5 m breiðar, þær eru 36 m langar og burðarvirki þeirra er 18 m hátt. Haldin var samkeppni um gerð þeirra í desember 2011 í samvinnu við félög arkitekta og verkfræðinga. Höfundar vinningstillögunnar voru frá Teiknistofunni Tröð, þau Hans-Olav Andersen og Sigríður Magnúsdóttir, arkitektar. Vegamálastjóri og formaður borgarráðs Reykjavíkur vígðu mannvirkin með því að hjóla yfir brýrnar.

Hengibrúin yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi er í Austur-Skaftafellssýslu.Áin er er ein stysta jökulá landsins, aðeins um 500 metra löng. Fyrr var hún talin ein erfiðasta jökulá á Íslandi til yfirferðar, vegna þess hve oft hún breytti farvegi sínum. Hún rennur úr Jökulsárlóni við jaðar Vatnajökuls á miðjum Breiðamerkursandi, milli Öræfasveitar og Suðursveitar. Frá árinu 1932 var fólk ferjað yfir ána en á sjöunda áratug síðustu aldar var ákveðið að brúa hana. Vegna dýpis og ísreks var ákveðið að reisa þar hengibrú og samið við enska verkfræðifyrirtækið Dorman Long um smíði hennar. Brúargerðin á Breiðamerkursandi hófst 1966 og tók alls níu mánuði. Brúin var vígð í september 1967. Hún var með stærstu brúarmannvirkjum hér á landi á þeim tíma, 110 metra löng milli turna.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin en höfundar ljósmyndanna eru Hans-Olav Andersen (brýr yfir Elliðaárósa) og Jonas Jacobsson (hengibrú yfir Jökulsá). Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ungviði íslensku húsdýranna

Þann 26. apríl kom út önnur frímerkjaröðin í flokknum Ungviði íslensku húsdýranna. Myndefni frímerkjanna eru kálfur á frímerki með áletruninni B50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og lamb á frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 180 kr.).

Íslenska kúakynið er talið að uppruna hið sama og var flutt hingað við landnám fyrir um 1100 árum og er þar af leiðandi skylt norska kúastofninum. Í fyrstu voru nautgripir aðallega notaðir til jarðyrkju en síðar fóru bændur að huga meira að mjólkurnytjum. Kýr ganga með kálfa í rúma níu mánuði. Yfirleitt eiga kýrnar einn kálf í einu en þær geta átt tvo þótt það sé fremur sjaldgæft. Síðustu vikurnar fyrir burð er kýrin ekki mjólkuð. Eftir burð fer mjólkurstarfsemin í gang og kallast fyrsta mjólkin sem kemur úr kúnum broddur. Mikilvægt er að kálfurinn fái broddinn því í honum er heilmikið af efnum sem eru nauðsynleg ónæmiskerfinu. Yfirleitt fá kálfar ekki að sjúga mæður sínar því þá breytist lögun spenanna og erfitt er að ná mjólkinni úr þeim bæði með handafli og mjaltavélum.

Íslenska sauðféð er að skyldleika við norskt stuttrófufé og fé frá Grænlandi og Færeyjum. Sauðburður þykir mörgu sveitafólki vera skemmtilegasti tími ársins. Þá er veturinn á enda, daginn farið að lengja, fuglasöngur í lofti og gróður í miklum vexti. Sauðburður hefst yfirleitt fyrrihluta maí, en ærnar ganga með lömbin í um 140 daga. Íslenska sauðféð er rólegt og viðráðanlegt en fjörug og spretthörð lömbin eru eftirlæti barnanna. Ærnar hugsa vel um lömbin og mjólka vel, enda voru þær mjólkaðar í kvíum öldum saman. Frjósemi ánna fer mikið eftir því hve vel er að þeim búið yfir veturinn. Sé illa fóðrað að haustinu er hætta á að margar þeirra verði einlembdar. Það er sjaldgæft í dag þar sem nútímabændur eiga yfirleitt alltaf nóg af heyi. Mikil vinna fylgir sauðburði. Heimilisfólkið þarf að bregða sér í ljósmóðurhlutverkið þegar þannig ber undir og vaka þarf yfir kindunum allan sólarhringinn meðan sauðburður stendur yfir.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Bára Kristinsdóttir tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ferðamannafrímerki

Þennan sama dag, 26. apríl, komu út tvö frímerki í sjöundu röð ferðamannafrímerkja sem fyrst voru gefin út 2012. Myndefni frímerkjanna eru kajakferðir á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 225 kr. á útgáfudegi) og hellaskoðun á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 285 kr.).

Kajakferðir á sjó og vötnum njóta aukinna vinsælda meðal ferðamanna hérlendis. Margir íslenskir firðir henta vel til slíkra ferða því þeir eru skjólgóðir og er ríkt dýralífi meðfram ströndinni. Seli og fugla er sennilega hvergi hægt að skoða í betra návígi en sitjandi í kajak enda einstök aðferð til að upplifa náttúruna. Ferðamönnum og öðrum gefst kostur á slíkri náttúruskoðun víða um land á vegum ferðaþjónustuaðila sem sérhæfa sig í slíkum ferðum. Yfirleitt er miðað við stuttar ferðir með ferðamenn í fugla- og selaskoðun og þurfa menn ekki að hafa róið á kajak áður til að spjara sig í ferðunum.

Hellaskoðun er áhugaverður kostur fyrir útivistarfólk og gefur nýja sýn á íslenska náttúru. Nauðsynlegt er að undirbúa slíkar ferðir vel og hafa trausta leiðsögn því ekki þarf mikið til þess að eitthvað fari úrskeiðis. Hellar eru oftar en ekki í afskekktum hraunum þar sem fáir eru á ferli og fáir þekkja til. Dropasteina er að finna í mörgum íslenskum hellum auk hraunstráa og annarra viðkvæmra steinmyndana.

Hellamyndin á frímerkinu er tekin í gríðarmiklum gíghelli, Þríhnúkahelli, sem er hluti af Þríhnúkagíg og talinn eitt stærsta og merkasta náttúrufyrirbæri sinnar tegundar á jörðinni.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók jafnframt ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Siglufjarðarbær 100 ára

Sama dag, þann 26. apríl, kom út frímerki tileinkað 100 ára kaupstaðarafmæli Siglufjarðar. Frímerkið ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi).

Siglufjörður er bær sem stendur við samnefndan fjörð á Norðurlandi nyrst á Tröllaskaga. Hinn forni Sigluneshreppur náði yfir bæði Siglufjörð og Héðinsfjörð, kenndur við bæinn Siglunes, sem framan af var höfuðból sveitarinnar og síðar kirkjustaður og mikil verstöð. Árið 1614 var ný kirkja reist á Hvanneyri við Siglufjörð. Verslun hófst í hreppnum 1788 og Siglufjörður varð að löggiltum verslunarstað árið 1818. Einni öld síðar, árið 1918, fékk Hvanneyrarhreppur kaupstaðarréttindi og hét eftir það Siglufjarðarkaupstaður. Í bænum bjuggu alls 1182 þann 1. janúar 2018, sem er mikil fækkun frá blómaskeiði bæjarins á fjórða og fimmta áratugnum. Árið 1950 bjuggu 3100 manns á Siglufirði og var það þá fimmti stærsti kaupstaður landsins. Þetta blómaskeið Siglufjarðar var afleiðing mikilla síldveiða fyrir Norðurlandi sem hófust árið 1903. Sum árin var verðmæti síldarútflutnings frá Siglufirði yfir 20% af öllum útflutningi Íslendinga. Siglfirðingar minnast þessa tímabils enn í dag, því í bænum er starfandi Síldarminjasafn og árlega er haldin bæjarhátíðin „Síldarævintýrið á Sigló“.

Togaraútgerð hófst frá Siglufirði upp úr 1970 og síðar hófst þar rækjuvinnsla. Í kosningum í janúar 2006 samþykktu Siglfirðingar og Ólafsfirðingar að sameina bæjarfélögin tvö. Sameiningin gekk í gildi 11. júní 2006 og sveitarfélagið fékk nafnið Fjallabyggð. Samgöngur við Siglufjörð voru lengst af mjög erfiðar en bötnuðu mjög við gerð Strákaganga 1967. Árið 2010 voru Héðinsfjarðargöng opnuð en þau tengja saman Siglufjörð og Ólafsfjörð. Mikil menningarstarfsemi er í bænum. Þar er rekið Þjóðlagasetur og haldin árleg þjóðlagahátíð. Þá er Síldarminjasafnið eitt virtasta safn landsins og það eina sem hlotið hefur evrópsku safnaverðlaunin. Ljóðasetur Íslands tók til starfa í bænum árið 2011.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið en ljósmyndin er fengin úr myndabanka. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Norræna húsið í Reykjavík 50 ára

Þennan sama dag, 26. apríl, kom út frímerki tileinkað hálfrar aldar afmæli Norræna hússins í Reykjavík. Frímerkið ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi).

Norræna húsið sem er í Vatnsmýrinni í Reykjavík á að stuðla að samvinnu og efla tengsl Íslands og hinna Norðurlandanna. Byggingin var hönnuð af finnska arkitektinum Alvar Aalto (3. febrúar 1898– 11. maí 1976). Hún var fullbyggð 1968 og opnuð almenningi þann 24. ágúst sama ár. Þar má finna bókasafn, veitingastað og sali. Húsið er opið alla daga vikunnar og almennt er enginn aðgangseyrir að neinum viðburðum sem Norræna húsið sjálft stendur fyrir. Rekstur hússins er greiddur sameiginlega af Norrænu ráðherranefndinni. Norræna húsið er bæði bakhjarl og þátttakandi í helstu menningarviðburðum Íslands svo sem Kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, Bókmenntahátíð Reykjavíkur, Iceland Airwaves, Listahátíð í Reykjavík og Norræna tískutvíæringnum en Norræna húsið átti frumkvæðið að þeim viðburði. Þá hefur Norræna húsið einnig skipulagt og haft frumkvæði að margvíslegum menningarviðburðum og sýningum. Bókasafn Norræna hússins er stærst sinnar tegundar á Norðurlöndum. Þar er að finna bækur og blöð á sjö norrænum málum: dönsku, finnsku, færeysku, grænlensku, norsku, samísku og sænsku. Þar er einnig hægt að fá lánaðar hljóðbækur og DVD-myndir og hlaða má niður rafbókum í gegnum heimasíðu safnsins. Í safninu er einnig Artótek með grafíkmyndum eftir norræna listamenn, sem hægt er að fá að láni. Barnahellir í bókasafninu er sérsniðinn að þörfum yngri kynslóðarinnar og fjölskyldna þeirra.

Fánaborgin á frímerkinu, sem Örn Smári Gíslason hannaði, er þannig til komin að hvíti liturinn í sumum fánanna rennur saman við bakgrunn frímerkisins en frá vinstri til hægri standa litirnir fyrir fána Grænlands, Finnlands, Færeyja, Álandseyja, Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Íslands. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkið.

Eggert Ólafsson 250 ára

Þennan sama dag, 26. apríl, kom út frímerki helgað 250 ára minningu Eggerts Ólafssonar. Frímerkið ber áletrunina 250g innanlands (ígildi 225 kr. á útgáfudegi).

Eggert Ólafsson (1. desember 1726 - 30. maí 1768) var skáld, rithöfundur og náttúrufræðingur úr Svefneyjum á Breiðafirði. Hann var einn af fyrstu boðberum upplýsingarinnar á Íslandi.

Eggert var náttúrufræðingur að mennt en lagði einnig stund á fornfræði, málfræði, lögfræði, lögspeki og búfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Eggert ritaði um ýmis efni, sem ekki hefur allt verið gefið út. Á svipuðum tíma og Eggert var að hefja nám í Kaupmannahöfn hóf annar Íslendingur nám í náttúruvísindum og læknisfræði þar, en það var Bjarni Pálsson síðar landlæknir. Var þetta nokkuð óvenjulegt að tveir nemendur frá Íslandi hæfu nám í náttúrufræðum á sama tíma við Kaupmannahafnarháskóla.

Eggert var eindreginn þjóðernissinni og rit hans, einkum kvæðin, eru þrungin eldmóði. Þá var hann talinn mikill málverndarsinni og er talinn frumkvöðull að því að semja samræmdar réttritunarreglur. Þekktastur er Eggert þó fyrir bók þá sem hann skrifaði með Bjarna Pálssyni um landshætti á Íslandi, en þeir félagarnir ferðuðust um landið á árunum 1752-1757 og söfnuðu gagnlegum upplýsingum um land og þjóð í því skyni að finna leiðir til úrbóta og koma atvinnumálum í betra horf. Var hér um tímamótaverk að ræða bæði fyrir fræðimenn og það hve hún leiðrétti hugmyndir erlendra manna um land og þjóð almennt. Hefur hún enn í dag mikið gildi sem heimildarrit um hag og háttu landsmanna á þessum tíma.

Eggert samdi ferðabók þeirra félaga á dönsku og kom hún út árið 1772. Tveimur árum síðar kom bókin út á þýsku, á frönsku árið 1802 og hlutar hennar á ensku 1805. Á íslensku kom hún út árið 1942. Eggert Ólafsson var einn af forvígismönnum upplýsingarinnar hér á landi og átti sinn þátt í að vekja Íslendinga

til umhugsunar um stöðu sína og hvað þeir þyrftu að gera til að ná sér upp úr þeim hörmungum og doðahugsun sem honum fannst einkenna þá á 18. öld.

Eggert lést langt um aldur fram en hugmyndir hans lifðu ekki síst með því að Fjölnismenn fóstruðu þær í riti sínu og héldu nafni hans á lofti. Eggert drukknaði á Breiðafirði árið 1768, ásamt konu sinni Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Voru þau á leið heim úr vetursetu í Sauðlauksdal en Rannveig, systir Eggerts, var kona séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ísland á HM í fótbolta – Víkingaklappið

Þennan sama dag, 26. apríl, kom einnig út frímerki tileinkað þátttöku Íslands í lokakeppni heimsmeistaramótsins í fótbolta í Rússlandi. Frímerkið ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) en þema þess er Víkinga-klappið eða HÚH-ið, sem íslenskir stuðningsmenn karlalandsliðsins gerðu ódauðlegt á EM í Frakklandi 2016 og vakti heimsathygli enda nánast orðið einkennismerki íslenska landsliðsins og stuðningsmanna þess.

Ísland vann eitt sitt allra stærsta íþróttaafrek í sögu þjóðarinnar þann 9. október 2017 þegar karlalandsliðið í fótbolta tryggði sér þátttökurétt í lokakeppni HM, sem fór fram í Rússlandi sumarið 2018. Ísland tryggði sér sæti í lokakeppninni fyrsta sinni, með því að sigra Kósóvó 2:0 á Laugardalsvellinum og þar með sinn riðil í undankeppni HM. Knattspyrnumennirnir Gylfi Þór Sigurðsson og Jóhann Berg Guðmundsson voru hetjur Íslands þegar þeir tryggðu sigurinn gegn Kósóvó.

2018

Segja má að draumur heillar þjóðar hafi ræst þegar „strákarnir okkar“ tryggðu sér sæti í úrslitakeppni HM 2018. Um leið varð Ísland með sína 346.000 íbúa fámennasta þjóð sögunnar sem tók þátt í þessu stærsta móti knattspyrnunnar. Rússland fékk réttinn til að halda HM í fótbolta 2. desember 2010. Þetta var fyrsta heimsmeistarakeppnin í Evrópu síðan 2006, en þá var hún haldin í Þýskalandi. HM í Rússlandi var haldið í Evrópuhluta Rússlands þ.e.a.s. vestan Úralfjallanna til að halda ferðatíma viðráðanlegum.

HM í Rússlandi hófst 14. júní og lauk með úrslitaleiknum 15. júlí á Luzhniki vellinum í Moskvu. Keppnisliðin á HM í Rússlandi voru 32 talsins og var leikið í átta fjögurra liða riðlum. Tvö efstu liðin komust svo í útsláttarkeppnina sem hófst á 16-liða úrslitum. Dregið var í riðla þann 1. desember 2017 í Kremlarhöllinni í Moskvu. Þrír til fjórir leikir voru á dag á meðan riðlakeppnin stóð yfir. Alls voru 64 leikir spilaðir á 12 stöðum í 11 borgum. Spilað var í Moskvu, St. Pétursborg, Kaliningrad, Kazan, Nizhny Novogrod, Samara, Volgograd, Saransk, Rostov-on-Don, Sotsjí og Yekaterinburg. Íslenska landsliðið var með aðsetur í borginni Gelendzhik við Svartahafið á meðan á HM stóð. HM í fótbolta 2018 (FIFA World Cup 2018) var 21. heimsmeistaramótið sem FIFA (Fédération Internationale de Football Association) stóð fyrir síðan 1930, en HM í fótbolta er haldið á fjögurra ára fresti. Það var haldið í Brasilíu 2014.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið en íslenska landsliðið annaðist myndskreytingu þess. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 2018



Þann 26. apríl kom einnig út smáörk í tilefni þess að samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 2018 var haldin á Íslandi dagana 8.-10. júní 2018. Smáörkin ber áletrunina 2000g innanlands (ígildi 655 kr. á útgáfudegi).

NORDIA frímerkjasýningin á sér langa sögu og má rekja hana aftur til ársins 1966 þegar Finnar héldu sýningu í Helsinki sem þeir nefndu NORDIA. Önnur slík frímerkjasýning var haldin 1975 og þá var fyrst viðruð sú hugmynd að halda reglulegar norrænar frímerkjasýningar.

Íslendingar hafa tekið þátt í NORDIA frímerkjasýningum frá 1978, verið þar með umboðsmenn og dómara, og tekið virkan þátt í að sýna íslensk söfn og margoft hlotið verðlaun sem veitt eru fyrir bestu söfnin. NORDIA 2018 er sjöunda sýningin af þessu tagi sem haldin er á Íslandi. Á sýningunni var gestum boðið upp á tæplega 700 sýningarramma á öllum keppnisstigum. Á sýningunni voru bæði sölubásar póststjórna og frímerkjakaupmanna, innlendra sem erlendra. NORDIA 2018 nýtur stuðnings FEPA (Federation of European Philatelic Associations) eða Evrópusambands frímerkjasafnara.

Íslandspóstur gaf út smáörk í tilefni sýningarinnar. Myndefnið á smáörkinni er útsaumsverk Þórdísar Egilsdóttur (1878-1961) af íslenskum sveitabæ. Þórdís var á sínum tíma ein fremsta hannyrðakona Íslendinga. Þetta verk hennar var fyrst sýnt í heimabæ hennar, Ísafirði, árið 1937, sama ár og hún lauk við það. Veggteppið er saumað með listasaumi úr íslensku ullarbandi sem Þórdís vann sjálf. Hún kembdi, spann og litaði bandið með íslenskum jurtalitum úr skófum, mosa, lyngi og blómum. Fyrirmynd verksins teiknaði Ríkarður Jónsson myndskeri samkvæmt hennar fyrirsögn en einnig kom Gunnar Klængsson teikni- og handavinnukennari á Ísafirði að teikningu þess. Myndin sýnir reisulegan burstabæ og fólk við heyvinnu, sem var það sveitalíf sem Þórdís ólst upp við á sínu æskuheimili að Kjóastöðum í Biskupstungum. Árið 1930 hafði Þórdís saumað mynd af íslenskri baðstofu, einnig eftir fyrirmynd Ríkarðs myndskera. Báðar þessar myndir voru á heimssýningunni í New York 1939 en íslenska ríkið keypti þær 1944 og fékk Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu. Sveitabærinn hefur prýtt húsakynni forseta Íslands á Bessastöðum.

Örn Smári Gíslason hannaði smáörkina en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

Lífríki hafsbotnsins við Ísland

Þann 13 . september kom út þriðja frímerkjaröðin í flokknum, Lífríki hafsbotnsins við Ísland. Svampdýr er myndefni frímerkis með áletruninni B50g til Evrópu (ígildi 200 kr. á útgáfudegi) og sæbjúga er myndefni frímerkis með áletruninni B50g utan Evrópu (ígildi 250 kr.).

2018

Svampdýr (*Porifera*) eru fjölfrumungar og sér á báti meðal fjölfrumunga jarðar bæði hvað varðar byggingarlag þeirra og lífeðlisfræði. Fræðiheiti svampdýrsins á frímerkinu er Mycale lingua og lifir það í íslenskri lögsögu en hefur ekki fengið íslensk nafn. Fæðunám svampdýra er ákaflega sérstakt vegna þess að þau hafa ekki neinn munn líkt og önnur fjölfruma dýr. Vatn streymir inn um ótal smá op á hliðum dýrsins, sem nefnast ostia á fræðimáli. Inn í veggjum þessara gata eru svonefndar kragafrumur (*e. choanocyte*) sem eru alsettar tiltölulega löngum bifhárum. Þessar frumur veiða upp smásæjar fæðuagnir sem berast með vatnsstraumnum inn um opin með bifhárunum. Með því að framkvæma samdrætti og útvíkkun opanna, örvar svampdýrið flæði vatns inn um þau. Á einum degi getur svampdýrið því dælt nokkrum lítrum af sjó og vatni um opin og fengið talsvert magn af næringu. Þetta kerfi er ákaflega árangursríkt, sérstaklega þar sem svampdýr hafa ekki samræmt taugakerfi til að stjórna starfseminni líkt og önnur fjölfruma dýr hafa. Svampdýr lifa í öllum höfum allt niður að 9.000 metra dýpi og finnast ennfremur í vötnum víða um heim. Svampdýr eru að öllum líkindum elstu fjölfruma dýrin sem koma fram í þróunarsögunni.

Sæbjúgu (*Holothuroidea*) eru einn af sex ættbálkum innan fylkingar skrápdýra. Sæbjúgað á frímerkinu hefur Hafrannsóknastofnun gefið nafnið fjólufætla (*Laetmogone violacea*) en nafnið vísar í fljólubláan lit þess og fjölda fóta. Sæbjúgu er að finna á hafsbotni um allan heim og eru þau víða notuð til manneldis. Fjöldi þeirra heldur sig á djúpum hafsbotnum, þar sem þau eru oft meirihluti lífmassans. Sæbjúgun mynda stóra hópa sem hreyfa sig eftir botninum og veiða sér til matar. Flest sæbjúgu fjölga sér með því að sleppa sæði og eggjum út í sjóinn. Ein stærsta sæbjúgnategundin við Ísland og sú eina sem er nýtt til manneldis er brimbútur (*C. frondosa*). Brimbútur tilheyrir Dendrochirotidaættbálknum. Algengt er að stærstu dýrin séu um 35 cm að lengd og er þeirri stærð yfirleitt náð við um 10 ára aldur. Brimbútur heldur sig mest kyrr á sama stað en getur ferðast með 20 til 30 m hraða á klst. Á dökkum sívölum búknum hefur hann fimm tvöfaldar raðir appelsínugulra sogfóta sem hann notar til að festa sig við botninn. Mataræði flestra sæbjúgna samanstendur af svifi og rotnandi lífrænum efnum. Sæbjúgu þjóna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar þar sem þau hjálpa til við endurvinnslu næringarefna og brjóta niður leifar af dauðum dýrum og önnur lífræn efni.

Hönnuður frímerkjanna er Örn Smári Gíslason en ljósmyndirnar er fengnar hjá Hafrannsóknastofnun. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og Pantone sérlit.

Samvinnuskólinn/Háskólinn á Bifröst 100 ára

Þennan sama dag, 13 . september, kom út frímerki í tilefni aldarafmælis Háskólans á Bifröst/Samvinnuskólans. Frímerkið ber áletrunina 50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi).

Háskólinn á Bifröst á rætur að rekja til Samvinnuskólans sem var stofnaður árið 1918 í Reykjavík og hóf starfsemi í desember það ár. Skólasetningin hafði þá dregist nokkuð vegna spænsku veikinnar sem geisaði í Reykjavík. Í ágúst sama ár hafði stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga samþykkt að halda skóla „fyrir samvinnumenn“ og varð Jónas Jónsson frá Hriflu fyrsti skólastjórinn. Í dag er Háskólinn á Bifröst fjölbreyttur háskóli, sem býður nemendum sínum upp á fræðslu, þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði og viðskiptalögfræði sem og heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Sumarið 1955 var skólinn fluttur að Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði og hefur verið starfræktur þar síðan. Þá urðu mikil tímamót í sögu skólans. Jafnframt var skólinn endurmótaður og endurskipulagður frá grunni sem heimavistarskóli. Nú hefur risið myndarlegt háskólaþorp á Bifröst og hafa íbúar þess náð að vera 700 talsins þegar mest var. Skólinn stendur á landsvæði sem áður tilheyrði jörðinni Hreðavatni en sem er núna í eigu skólans.

Samvinnuskólinn, Samvinnuháskólinn, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Háskólinn á Bifröst eru ein og sama stofnunin. Fram til 1990 var skólinn deild innan Sambands íslenskra samvinnufélaga og í eigu þess en frá 1990 hefur skólinn verið sjálfseignarstofnun. Í dag útskrifast nemendur skólans með BS eða BA gráðu eftir þriggja ára háskólanám eða meistaragráðu eftir fimm ára nám en skólinn hóf kennslu á meistarastigi 2003. Nemendafjöldi skólans hefur vaxið hratt á síðustu árum. Árið 1998 voru um 120 nemendur skráðir í skólann en árið 2017 stunduðu um 850 manns nám við skólann. Á vorönn 2018 voru um 470 nemendur skráðir í skólann. Skólinn skiptist í fimm námsdeildir: viðskiptadeild, lagadeild, félagsvísindadeild, frumgreinadeild og símenntunardeild.

Hönnuður frímerkisins er Oscar Bjarnason en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Upphaf dráttarvélaaldar á Íslandi – Akranes-traktorinn

Sama dag, 13. september, kom út frímerki tileinkað því að öld var liðin frá því að fyrsta dráttarvélin kom til Íslands. Frímerkið ber áletrunina 1000g innanlands (ígildi 500 kr. á útgáfudegi).

Blað var brotið í búnaðarsögu Íslands þann 12. ágúst 1918 þegar fyrsti traktorinn kom til landsins og markaði þannig upphaf vélvæðingar í íslenskum landbúnaði. Kaupendur voru tveir áhugamenn um íslenskan landbúnað búsettir á Akranesi, þeir Þórður Ásmundsson kaupmaður og útgerðarmaður og Bjarni Ólafsson skipstjóri.

Dráttarvélin var af Avery-gerð, með 16 hestafla olíuvé, um 2,5 tonn að þyngd, 1,5 metri að breidd og 3,5 metri á lengd. Vélin gat dregið þrjá plóga en einnig mátti láta hana draga ýmiskonar herfi, upptökuvél fyrir kartöflur, vagna, skurðgröfu, valtara o.s.frv. Vélinni var m.a. ætlað að notast við kartöflurækt, en kartöflur höfðu verið ræktaðar um langan aldur á Akranesi.

Dráttarvélar höfðu verið notaðar í Ameríku í nokkra áratugi og bárust til Evrópu í fyrri heimstyrjöldinni 1914-1918. Á Norðurlöndum voru þær að kalla óþekktar fyrir þann tíma. Akranes-traktorinn kom til landsins með gamla Gullfossi og með henni Vestur-Íslendingurinn John Sigmundsson sem setti vélina saman. Töluverð vantrú var í fyrstu á þessari tilraun til vélvæðingar landbúnaðarins á Íslandi. Bæði landsstjórnin, Búnaðarfélag Íslands og Alþingi Íslendinga höfðu hafnað kaupum á vélinni. Haft var eftir þeim sem fyrstir lærðu á vélina hún hafi reynst bæði fljótvirk og velvirk.

Hönnuður frímerkisins er Hlynur Ólafsson en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Norðurlandafrímerki – Fiskar

Norðurlandaþjóðirnar hófu á árinu 2018 að gefa út nýja sameiginlega útgáfuröð Norðurlandafrímerkja í þremur hlutum. Þema frímerkjanna að þessu sinni eru fiskar á hafsvæðum Norðurlandaþjóðanna. Næst koma út frímerki með spendýrum (2020) og þá fuglum (2022). Íslandspóstur gaf út fyrsta frímerkið í þessari útgáfuröð 13. september og ber það áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 225 kr. á úgáfudegi). Myndefnið eru tveir mikilvægir nytjafiskar fyrir íslenska þjóð, markríll og loðna. Engin sameiginleg norræn gjafamappa kemur lengur út með öllum Norðurlandafrímerkjunum en hverri og einni þjóð er nú í sjálfsvald sett hvort hún gefur úr slíka gjafamöppu á eigin vegum. Þannig gáfu frímerkjasölur Álandseyja og Noregs út slíkar gjafamöppur 2016, en aðeins Noregur 2018.

Makríll (*Scomber scombrus*) er hraðsyntur uppsjávarfiskur af makrílætt, sem finnst í Norður-Atlantshafi. Makríll er algengur í svölum sjó og heldur sig í stórum torfum nálægt yfirborði. Makríllinn kemur að ströndum í fæðuleit að sumarlagi þar sem vatnshiti er milli 11° og 14 °C. Á veturna heldur hann sig á meira dýpi og fjær landi. Markríll fer í ætisleit í miklar göngur norður með Noregi og síðustu ár til Íslands. Rauðáta er mikilvæg fæða hans en hann étur einnig svif og fiska. Makríll er sundmagalaus og sekkur því ef hann er ekki á stöðugri hreyfingu. Magn af makríl í Norðursjó minnkaði mikið upp úr 1960 vegna ofveiði. Hann er langlífur og greinst hefur 25 ára gamall makríll. Fiskurinn verður kynþroska við 2-3 ára aldur. Þrír stofnar makríls eru í NA-Atlantshafi en þeir eru Vesturstofn sem er lang stærstur, Suðurstofn og Norðursjávarstofn. Makrílgöngur hafa tekið miklum breytingum undanfarin ár og er breytt göngumynstur talið orsakast af hlýnun sjávar. Makríll fannst fyrst við Ísland árið 1895 en makrílafli var fyrst skráður af Fiskistofu árið 1996. Veiðar á makríl hér við land hafa aukist mjög á undanförnum árum. Árið 2006 veiddust 4.200 tonn í íslenskri lögsögu en sex árum síðar veiddust hér 152.347 tonn.

Loðna (*Mallotus villosus*) er smávaxinn uppsjávarfiskur sem heldur sig í torfum. Hún er útbreidd um öll nyrstu höf jarðar og við Ísland er hún mjög tíð, bæði við strendur og á hafi úti. Stærstu loðnustofnar þar eru í Barentshafi og á Íslandsmiðum. Á sumrin er loðnan við íshafsröndina þar sem hún étur dýrasvif af ýmsu tagi. Stór loðna étur ljósátu og önnur smákrabbadýr. Fullþroska loðna er 13-18 cm á lengd en getur þó orðið lengri. Loðnan hrygnir á sandbotni og við sandstrendur 2-6 ára og drepst yfirleitt að lokinni hrygningu sem hefst í marsbyrjun. Loðnan er mikilvægur hlekkur í vistkerfi sjávar við Ísland. Loðna er aðalfæða þorsks og flestallir fiskar sem éta aðra fiska lifa á loðnu einhvern hluta ævi sinnar.

Loðna hefur verið meðal mikilvægustu nytjafiska Íslendinga frá því á sjöunda áratugi 20. aldar. Áður var hún helst nýtt til beitu en einnig í skepnufóður sums staðar á landinu en farið var að gefa loðnunni meiri gaum eftir að síldin hvarf af Íslandsmiðum 1968. Mjöl er framleitt úr stærstum hluta loðnuaflans og er það notað í fiskifóður en loðnan fer einnig í lýsisframleiðslu. Þá er loðna einnig heilfryst og loðnuhrogn tekin, hvoru tveggja verðmætar útflutningsafurðir til manneldis.

Hany Hadaya hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Stórkostlegt útsýni

Þennan sama dag, þann 13. september, kom einnig út frímerki í sameiginlegri útgáfuröð Sepac-landanna og ber það áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 225 kr. á útgáfudegi). Sepac-frímerkin eru að þessu sinni tileinkuð tilkomumiklu útsýni í viðkomandi löndum og í tilviki Íslands varð Vestrahorn fyrir valinu.

Vestrahorn er 454 m hátt fjall á Suðausturlandi á nesinu milli Skarðsfjarðar og Papafjarðar. Áður fyrr hét það Eystrahorn, en það nafn fluttist yfir á Hvalnes-horn austan við Lónssveit. Vestrahorn er hömrum girt og svipmikið. Er það eitt af fáum fjöllum á Íslandi, sem eru nær eingöngu úr gabbró en einnig er nokkuð um granófýr í því. Fjallið stendur við opið úthaf um 10 km fyrir austan Höfn í Hornafirði. Erfið og ógreiðfær gönguleið liggur milli fjalls og fjöru við Vestrahorn. Við rætur fjallsins og í fjörunni er mikið af gabbróhnullungum, þeir stærstu á við fimm hæða fjölbýlishús. Vestan við Vestrahorn gengur Stokksnes í sjó fram og er mikið um sel á skerjunum fyrir utan ströndina þar. Vestrahorn tilheyrir fjalllendinu utan Skarðsdals en það er á náttúruminjaskrá. Það er fagurt með margvíslegum bergtegundum. Eitt sinn var talið að gabbróið í Vestrahorni væri elsta berg á Íslandi. Síðar hefur komið í ljós að gabbróið er innskotsberg inn í eldra basaltbergi. Gabbró-granófýrið er um 6,6 milljón ára gamalt. Vestrahorn er á mörkum á landnámi landnámsmannanna Þorsteins leggs og Hrollaugs Rögnvaldssonar. Hrollaugur var sonur jarlsins á Mæri í Noregi og bróðir Göngu-Hrólfs. Hann kom fyrst til hafnar í Reykjavík en fann öndvegissúlur sínar reknar á land við Vestrahorn og settist þar að.

Hönnuður frímerkisins er Borgar Hjörleifur Árnason en ljósmyndina tók Ratnakorn Piyasirisorost. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslensk myndlist – SÚM

Þema níundu frímerkjaraðarinnar um íslenska myndlist, sem Íslandspóstur gaf út þann 1. nóvember, er myndlist meðlima SÚM-hreyfingarinnar. Verkin sem prýða frímerkin að þessu sinni eru: Collage (50g innanlands, ígildi 180 kr. á útgáfudegi), frá 1979 eftir Sigurð Guðmundsson, Attending (50g til Evrópu, ígildi 225 kr.) frá árinu 1973 eftir Hrein Friðfinnsson, Hjartað (50g utan Evrópu, ígildi 285 kr.) frá 1968 eftir Jón Gunnar Árnason og Tíminn og ég (250g utan Evrópu, ígildi 1.075 kr.) frá 1967 eftir Ragnhildi Óskarsdóttur (Rósku).

SÚM-hreyfingin varð til í Reykjavík um miðjan sjöunda áratuginn og starfaði nokkuð samfellt fram yfir 1970, þegar þrír forsvarsmenn hennar fluttu búferlum til Hollands og Þýskalands. Hreyfingin heitir eftir Súmerum, fornri menningarþjóð, sem minnst er á í mannkynssögu Ólafs Hanssonar. Í heild sinni var hreyfingin róttæk atlaga að meginstoðum íslenskrar myndlistar á síðari hluta 20. aldar, landslagsmálverkinu annars vegar og abstraktlistinni hins vegar. Innbyrðis voru SÚM-listamenn afar ólíkir, sumir að mestu sjálflærðir, og fyrir utan myndlistarmenn voru í hópnum rithöfundar, tónlistarmenn, hönnuðir og listdansarar.

Rætur SÚM-hreyfingar liggja hvort tveggja í ýmiss konar þjóðfélagslegu umróti í samtímanum, þar með talið uppgjöri við gildismat vestrænna landa, stórkapítalismann og stríðsrekstur víða um heim, og róttækum viðhorfum til listsköpunar og listhlutarins á sjötta og sjöunda áratugnum. Popplistamenn gerðu

sér mat úr „ólistrænni“ dægurmenningu, Beat-skáldin réðust að „úrkynjaðri“ bókmenntahefð með ljóðabulli, Ný-Dadaistar breyttu tilfallandi drasli í myndlist og Fluxus-hreyfingin vildi gera úr tilverunni allsherjar myndlistargjörning. Ný kynslóð íslenskra myndlistarmanna kynntist þessum viðhorfum að hluta til fyrir tilstilli svissnesk-þýska myndlistarmannsins Dieter Roth, sem búsettur var á landinu frá 1957 og fram á miðjan sjöunda áratuginn.

Regnhlífarhugtak sem tekur til flestra þessara myndlistarviðhorfa er „nýraunsæi“, og má beita því til greiningar á býsna mörgu því sem gert var undir merkjum SÚM-hreyfingar. Í hugtakinu felst að veruleikinn, eins og hann birtist okkur, er fullkomlega áhugaverður í sjálfum sér, og er því óþarfi að gera af honum „eftir-myndir“ í tvívídd eða þrívídd, eins og gerist í hefðbundinni myndlist, heldur má innlima hann óbreyttan í listaverkið. Þar getur hann orðið merkingarbær hluti af myndheimi hvers listamanns. Þannig er ljósmyndaverk Sigurðar Guðmundssonar (f. 1942) Collage, samtíningur vel þekktra en innbyrðis ósamstæðra fyrirbæra úr hversdagslegum veruleika, sem í sameiningu mynda órætt myndljóð, eins konar „ferskeytlu“. Hreinn Friðfinnsson (f. 1943) tekur venjulegan handspegil af borði sínu og lætur hann spegla óravíddir himins og jarðar í verkinu Attending. Jón Gunnar Árnason (1931-1989) dregur saman aflóga vélaparta og smíðar úr þeim risavaxið og rafvætt hjartalíkneski sem hristist og titrar; þannig tjáir hann ímigust sinn á líffæraflutningi suðurafríska skurðlæknisins Christiaan Barnards. Málað verk Rósku (1946-1996) er hér nokkur undantekning, en inniheldur þó nokkra smáhluti sem í sameiningu opinbera viðhorf listakonunnar til tímans og hefðbundins kynhlutverks hennar sjálfrar.

Flest verk SÚM-listamanna eru þannig í eðli sínu tilvistarlegar fyrirspurnir í nýjum og óvæntum búningi. Þótt mörg þeirra væru gerð úr forgengilegum efnum, voru áhrif þeirra varanleg. Þau eru því hvorttveggja endapunktur og nýtt upphaf í íslenskri myndlist.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Þann 1. nóvember komu einnig út jólafrímerkin 2018. Myndefni frímerkjanna eru jólasmákökur en piparkaka í formi jólatrés er á frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) og piparkaka í formi stjörnu er á frímerki með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 225 kr.).

Piparkökubakstur er ómissandi í jólaundirbúningnum á mörgum heimilum og piparkökurnar, litfagrar og listilega skreyttar, geta tekið á sig margvíslegustu myndir. Heilu fjölskyldurnar hittast jafnvel til að baka saman piparkökur og búa til sín eigin piparkökuhús af ýmsum stærðum og gerðum. Jólin eru jú tími fjölskyldunnar og flestum þykir samveran með börnum og nánustu ættingjum besta og dýrmætasta gjöfin sem þeir fá á jólum.

Allt þetta umstang á aðventunni þegar heimilið er undirlagt skreytingum, kökubakstri og þrifum skapar sérstaka hátíðarstemningu. Börnin eru full eftirvæntingar og dugleg að hjálpa til og þá ekki bara við smákökubakstur því sumar fjölskyldur halda föndurkvöld, búa til eigin jólakort, fara jafnvel á jólatónleika eða út í skóg að velja og fella eigið jólatré og nota þá ef til vill tækifærið líka til að týna grenikönglа.

Eftirvænting og spenningur barnanna vegna jólanna sameinast ómandi jólatónlist, ljósin og hátíðleikinn heilla og góða lyktin af piparkökum og greni leggur um allt hús. En loks fellur allt í dúnalogn í faðmi fjölskyldunnar á aðfangadag. Sannur jólaandi svífur yfir vötnum og enginn fer í jólaköttinn. Jólafrímerkin eru sérstök að því leyti að þau gefa frá sér piparkökuilm séu þau nudduð lauslega.

Elsa Nielsen hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi prentaði í offset og ilmbleki (piparkökulykt).

2019

Lýðveldið Ísland 75 ára

Þann 7. febrúar kom út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 180 kr. á útgáfudegi) tileinkað 75 ára afmæli íslenska lýðveldisins. Langþráðu markmiði í baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir frelsi og fullveldi var náð með stofnun lýðveldis á Þingvöllum 17. júní 1944. Ísland hafði fengið stjórnarskrá og takmarkaða heimastjórn á þjóðhátíð á Þingvöllum árið 1874 í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar en við lýðveldisstofnun 1944 hafði Ísland verið undir stjórn Norðmanna og Dana í 682 ár.

Landnámsöld er sögð hefjast með landnámi Ingólfs Arnarsonar 874 og ljúka með stofnun Alþingis á Þingvöllum árið 930. Var þá Ísland talið fullnumið. Noregskonungur náði landinu undir sína krúnu árið 1262 en árið 1397 varð Ísland hluti af Kalmarsambandinu þegar Svíþjóð, Noregur og Danmörk voru sameinuð undir Danakonung og fóru Danir með stjórn á Íslandi til ársins 1918, þegar það hlaut fullveldi. Danska ríkið fór þó áfram með utanríkismál og landhelgisgæslu fyrir hönd Íslands og löndin höfðu sameiginlegan konung, Kristján X, þar til lýðveldi var stofnað á Íslandi 1944.

Miklar breytingar til batnaðar urðu á högum landsmanna eftir lýðveldisstofnun. Ísland varð aðili að Sameinuðu þjóðunum árið 1946 og NATÓ 1949. Varnarsamningur var gerður við Bandaríkin, sem höfðu herstöð í landinu árin 1951-2006. Ísland hlaut styrk í formi Marshall-aðstoðarinnar, sem m.a. var notuð til smíði fjölda togara þannig að sjávarútvegur efldist. Á sjöunda áratug aldarinnar hófst stóriðja með tilkomu Búrfellsvirkjunar og álversins í Straumsvík. Landhelgisdeila við Breta braust út í formi þorskastríðanna (1958-1976 með hléum) sem varð til þess að landhelgin var færð út í 200 mílur. Árið 1970 gekk Ísland í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). Árið eftir afhentu Danir Íslendingum fornhandrit sín. Ísland gerði samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1994 og varð þannig hlutgengt á sameiginlegu markaðssvæði 31 ríkis í Evrópu. Á síðari hluta 20. aldar jókst þjóðarframleiðslan til muna og innviðir

og velferðarkerfi landsins efldust. Árið 2007 var Ísland þróaðasta land heims samkvæmt vísitölu Sameinuðu Þjóðanna um þróun lífsgæða, en á árunum 2008-2011 skall á efnahagskreppa í landinu sem kom í kjölfar alþjóðlegrar efnahagskreppu. Á öðrum áratug 21. aldar jókst fjöldi ferðamanna til muna og jafnframt hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað mjög á Íslandi á þessari öld. Árið 2018 var samkvæmt Hagstofu Íslands hlutfall innflytjenda 12,6%.

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi og æðsti embættismaður lýðveldisins Íslands. Forsetinn er þjóðkjörinn til fjögurra ára í senn og er eini embættismaðurinn sem kjörinn er í beinni kosningu. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands er forsetinn æðsti handhafi framkvæmdavaldsins og annar handhafi löggjafarvaldsins. Í reynd er þátttaka forsetans í löggjöf eða stjórnarathöfnum yfirleitt aðeins formsatriði.

Sveinn Björnsson (1881-1952) var fyrsti forseti lýðveldisins og einn þeirra brautryðjenda sem gerðu Íslendingum kleift að taka stjórn mikilvægra málaflokka í eigin hendur.

Ásgeir Ásgeirsson (1894-1972) átti að baki 30 ár í stjórnmálum þegar hann varð fyrsti þjóðkjörni forseti lýðveldisins árið 1952.

Kristján Eldjárn (1916-1982) var einn af helstu fræðimönnum Íslendinga á sviði fornleifarannsókna og minjavörslu þegar hann var kjörinn forseti Íslands árið 1968.

Vigdís Finnbogadóttir (1930-) var kjörin fjórði forseti lýðveldisins árið 1980. Hún var fyrsta konan, sem kosin hafði verið þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum.

Ólafur Ragnar Grímsson (1943-) var kjörinn fimmti forseti lýðveldisins árið 1996. Hann lét mikið að sér kveða í stjórnmálum.

Guðni Th. Jóhannesson (1968-) er núverandi forseti Íslands. Hann er sagnfræðingur og rithöfundur og eftir hann liggur fjöldi bóka um íslensk stjórnmál og stjórnmálamenn.

Myndefni frímerkisins sem Íslandspóstur gefur út í tengslum við 75 ára afmæli lýðveldisins er Fjallkonan, tákn eða kvengervingur Íslands og mikilvægt tákn á lýðveldistímanum. Hún var það vissulega líka fyrir lýðveldisstofnun, enda algengt tákn í íslenskum skáldskap allt frá 18. öld, en hún fær fasta stöðu ef svo má segja eftir lýðveldisstofnun. Myndefnið byggir á sömu fyrirmynd og mynd Benedikts Gröndals sem birtist á minningarspjaldi um þjóðhátíðina 1874 en hefur verið færð til nútímalegri teiknistíls og lita, en litavalið vísar í fánalitina, án þess að vera þeir nákvæmlega.

Hörður Lárusson hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslensk samtímahönnun – Landslagsarkitektúr

Þann 7. febrúar komu einnig út frímerki í níundu og síðustu röðinni um íslenska samtímahönnun sem að þessu sinni var tileinkuð landslagsarkitektúr. Myndefnin eru ylströndin í Garðabæ (50g innanlands, ígildi 180 kr. á útgáfudegi), brimketillinn í Staðarbergi við Grindavík (50g til Evrópu, ígildi 250 kr.), Saxhóll á Snæfellsnesi (50g utan Evrópu, ígildi 315 kr.) og Bragginn í Nauthólsvík (250g til Evrópu, ígildi 715 kr.).

Ylströndin í Sjálandshverfinu í Garðabæ nýtur mikilla vinsælda á góðviðrisdögum, en við uppbyggingu hverfisins var m.a. gert ráð fyrir smábátahöfn og ylströnd. Útfærsla strandarinnar var einföld. Gerð var afmörkun móti sjó með varnargarði úr grjóti. Sett er skarð í varnargarðinn með þröskuld úr grjóti, sem gerir það að verkum að sjór fer inn í lónið á flóði og situr eftir þannig að það myndast baðlón. Baðlónið var fyllt með skeljasandi og stallað upp með grjóti til þess að halda sandi í skefjum. Engu heitu vatni er veitt út í lónið heldur aðeins treyst á aðkomu náttúrunnar. Heildarstærð svæðis er um 4000 m^2 en vatnsborð lónsins er breytilegt eftir sjávarföllum um 200-800 m^2. Svæðið er skjólsælt og þar er skeljasandur og grassvæði til sólbaða og útiveru. Pétur Jónsson landslagsarkitekt hjá Landark ehf. hannaði ylströndina 2004.

Brimketill er sérkennileg laug í sjávarborðinu vestast í Staðarbergi skammt frá Grindavík. Gerður hefur verið stígur yfir hraunið ásamt útsýnispalli þar sem laugin blasir við. Sjávarstraumar eru einstaklega sterkir við ströndina og öldurnar geta verið ófyrirsjáanlegar og óvæntar. Brimið við klettana er mögnuð upplifun. Hafið hefur mikil áhrif á landmótun á Reykjanesi. Brimketillinn og katlarnir í nágrenni hans urðu til vegna stöðugs núnings brims við hraunklettana. Hraunið umhverfis Brimketil er gróft og sprungið og hefur líklega runnið í Reykjaneseldum á árunum 1210-1240. Teiknistofan Landmótun vann að gerð stíga og útsýnispallanna fyrir Reykjanes jarðvanginn (Reykjanes UNESCO Global Geopark). Aðalhönnuður verksins fyrir hönd Landmótunar var Lilja Kristín Ólafsdóttir og höfundur deiliskipulags var Óskar Örn Gunnarsson.

Saxhóll er rúmlega 100 metra hár, keilulaga gígur í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Ofan af honum er mikið og fagurt útsýni og er hann því vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Hlíðar Saxhóls eru með lausu og lítið grónu gjalli. Vaxandi umferð ferðamanna hafði gert það að verkum að sár hafði myndast í hólinn sem skapaði vanda fyrir fótgangandi fólk. Umhverfisstofnun ákvað því að láta leggja tröppustíg upp á Saxhól og fékk til verksins Landslag ehf. sem er leiðandi ráðgjafafyrirtæki á sviði landslagsarkitektúrs og skipulags. Stígurinn er gerður úr málmblendi sem fer afar vel saman við hraunið og gróðurinn umhverfis. Hann auðveldar göngu upp hólinn en áningarstaður er á honum miðjum. Göngustígurinn er færanlegur og sameinar með einföldum hætti hugsjónir um landvernd og frumkvöðlastarfsemi vegna fjölgunar ferðamanna til Íslands. Landslagsarkitektarnir Þráinn Hauksson og Jón Rafnar Benjamínsson hönnuðu tröppustíginn sem hefur verið tilnefndur til fjölda hönnunarverðlauna. Í lok september 2018 hlaut stígurinn ein virtustu verðlaun sem veitt eru fyrir landslagsarkitektúr, hin alþjóðlegu Rosa Barba Landscape Prize, sem veitt voru á tíunda landslagsarkitektúr tvíæringnum í Barcelona.

Bragginn er veitingastaður við Nauthólsvík sem leggur áherslu á að sinna útivistarfólki og háskólanemum. Bragginn er til húsa í nýuppgerðum bragga og þar er góð tenging við ströndina og sjóinn. Bragginn er sambyggður skemmu sem Bretar byggðu í seinni heimsstyrjöldinni. Teiknistofan Dagný Land Design (DLD) hannaði lóðina og nýtti efni úr upprunalega bragganum en arkitektastofan Arkibúllan sá um endurgerð Braggans og samtengdra bygginga. Við hönnun lóðarinnar var haft að leiðarljósi að endurskapa stemmingu þess tíma þegar bragginn var byggður. Lóðin endurspeglar braggabogaformið og kantsteinar eru endurnýttir. Lýsingin er lágstemmd en burðarbitar og ljósastaurar eru úr tré í anda þess tíma þegar braggarnir voru byggðir. Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt er eigandi teiknistofunnar DLD sem hefur unnið til fjölda verðlauna í samkeppnum.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Vestmannaeyjabær 100 ára

Þennan sama dag, 7. febrúar, kom út frímerki (50g innanlands, ígildi 180 kr. á útgáfudegi), helgað 100 ára kaupstaðarafmæli Vestmannaeyjabæjar.

Vestmannaeyjar fengu fyrst kaupstaðarréttindi árið 1786 en misstu þau 1836. Í nóvember 1918 samþykkti Alþingi lög um kaupstaðarréttindi Vestmannaeyjabæjar og öðluðust þau gildi hinn 1. janúar 1919. Er sú dagsetning stofndagur Vestmannaeyjabæjar. Á þeim tíma bjuggu í Vestmannaeyjum ríflega tvö þúsund manns af rösklega 90 þúsund á landinu öllu. Á samstöðu og einingu byggðarinnar hefur reynt í stórum áföllum en hið stærsta kom 17. júlí 1627 þegar sjóræningjar frá Algeirsborg rændu Eyjarnar og fluttu út í ánauð 242 einstaklinga og urðu 36 að bana. Um 200 manns tókst að komast undan. Mikill ungbarnadauði á fyrrihluta 19. aldar og gríðarlegir fólksflutningar frá Eyjum til Vesturheims frá miðri þeirri öld höfðu einnig mikil áhrif á framvindu byggðar.

Saga Vestmannaeyja hefur þó mest verið samofin sögu sjávarútvegs, en Vestmannaeyjar eru einnig þekktar fyrir fjölbreytt menningar- og tónlistarlíf. Vélbátaöld hófst í Eyjum árið 1906 og síðan breyttust Eyjarnar úr verstöð áraskipa í kaupstað vélbátaútgerðar. Íbúafjöldinn fjórfaldaðist á tímabilinu 1906-1926, úr um 700 í 3000 íbúa. Vestmannaeyjar hafa allt frá upphafi vélbátaaldar verið ein stærsta verstöð landsins. Hafið krafðist mikilla fórna og á fyrstu áratugum vélbátaaldar fórust sjómenn að heita mátti á hverri vetrarvertíð. Árið 1920 keyptu Eyjamenn fyrsta björgunar- og varðskip í eigu Íslendinga er bar heitið Þór og ráku skipið þar til Landhelgisgæslan var stofnuð 1926. Þegar eldgos hófst í Heimaey, aðfaranótt 23. janúar 1973, var íbúafjöldinn kominn í 5.300 manns. Ein af afleiðingum eldgossins á Heimaey 1973 var veruleg fækkun íbúa, enda gjörbreyttar aðstæður til búsetu og um þriðjungur húseigna í Eyjum fór undir hraun og ösku. Íbúaþróun í Eyjum hefur verið heldur hagstæð síðustu ár og íbúafjöldinn um 4.300 manns í árslok 2018.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið og tók ljósmyndina. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Póstmannafélag Íslands 100 ára

Þennan sama dag, 7. febrúar, kom einnig út frímerki (50g innanlands, ígildi 180 kr. á útgáfudegi) tileinkað aldarafmæli Póstmannafélags Íslands.

Póstmannafélag Íslands var stofnað í Reykjavík hinn 26. mars 1919. Sögu íslenskra póstmanna má hins vegar rekja mun aftar eða til ársins 1776 þegar Kristján VII gaf út tilskipun um að komið skyldi á póstferðum innanlands á Íslandi. Fyrsti íslenski pósturinn hét Ari Guðmundsson og fór hann gangandi frá Reykjanesi við Djúp að Haga á Barðaströnd og var sex daga á leiðinni.

Það var engin tilviljun að póstmenn efndu til stofnunar félags vorið 1919. Verkalýðshreyfingin var í deiglu um þær mundir og félög höfðu verið stofnuð víða um land auk Alþýðusambandsins sem sett var á fót þremur árum fyrr. Þá höfðu Íslendingar nýlega öðlast fullveldi og almenn vakning ríkti á félagssviðinu. Í fyrstu var félagið einfaldlega nefnt Póstmannafélagið en árið 1932 var núverandi nafn tekið upp. Þá voru félagsmenn orðnir 73 eða 66 karlar og 7 konur. Póstmannablaðið var sett á laggirnar árið 1932 og hefur það síðan verið málgagn félagsmanna. Póstmannafélag Íslands er í dag öflugt félag með um 900 félagsmenn. Meginhlutverk félagsins er nú sem fyrr að standa vörð um hagsmuni íslenskra póstmanna og sækja fyrir þeirra hönd fram til bættra kjara.

Í áranna rás hefur Póstmannafélagi Íslands vaxið mjög fiskur um hrygg um leið og félagsmönnum hefur fjölgað. Félagið er nú öflug stoð í BSRB og leiðandi afl innan launþegahreyfingarinnar. Starfið innan PFÍ hefur breyst mikið á undanförnum árum sem sést meðal annars á því að á árinu 2001 er aðeins um fjórðungur félagsmanna enn í starfi af þeim sem störfuðu hjá Póst- og símamálastofnuninni sem lögð var niður 1. janúar 1997 með stofnun Pósts og síma hf. og ári síðar Íslandspósts hf. Þrátt fyrir þessar breytingar vinnur félagið áfram að því að stuðla að félagslegu réttlæti og hlúa að mannlegum verðmætum.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkið og tók ljósmyndir. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ungviði íslensku húsdýranna

Þann 11. apríl komu út frímerki í þriðju frímerkjaröðinni sem tileinkuð er ungviði íslensku húsdýranna. Myndefni frímerkjanna að þessu sinni eru hvolpur, á frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi), og folald á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr.).

Íslenski hundurinn barst að öllum líkindum til Íslands með landnámsmönnum og telst náskyldur norska búhundinum. Skipuleg ræktun íslenska hundsins hófst upp úr miðri síðustu öld. Hann var lengst af notaður í smalamennsku en nýtur núna vinsælda sem fjölskylduhundur. Hundurinn er í eðli sínu hópdýr og honum þarf að kenna. Við uppeldi hvolps er mikilvægast að koma á góðum tengslum milli hans og eigandans. Ef það tekst vel í upphafi skilar það sér til baka í umgengni við hundinn og þjálfun hans. Fátt er eins mikilvægt í þjálfun hunda og að hrósa honum um leið og honum er kennt að greina á milli þess sem er rétt og rangt. Það er verkefni fullorðinna að ala upp hund því börn hafa ekki þroska til þess. Þótt flestar hundategundir séu barngóðar er mikill munur á því að vera leikfang eða leikfélagi og vinur.

Íslenski hesturinn er stundum talinn afkomandi norska fjarðahestsins en er þó gjörólíkur honum hvað varðar sköpulag og stærð. Á nokkrum afskekktum stöðum í Noregi er þó til hestakyn sem kallast Nordlands eða Lynge hesturinn sem svipar mjög til íslenska hestsins og er líkast leifar af sama stofni. Landnámsmenn eru taldir hafa tekið með sér bestu hrossin frá heimalandinu til Íslands þegar þeir námu Ísland fyrir rúmum ellefu öldum. Íslenski hesturinn er smávaxinn en óvenju sterkbyggður, þrautseigur og veðurþolinn. Hann hefur aflað sér mikilla vinsælda fyrir vingjarnlegt eðlisfar sitt og jafnaðargeð. Fyrir hestaunnendur fer spennandi tími í hönd á vorin þegar folöldin fæðast. Auðvelt er að vekja traust þeirra og þau koma til eigenda sinna að fyrra bragði, full af fjöri og forvitni. Mikilvægt er að umgangast þau strax í bernsku, það getur létt frumtamningu og sparar hestamanninum mikinn tíma við tamningu síðar meir. Tamningar hefjast venjulega þegar trippið er fjögurra vetra gamalt.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Bára K. Kristinsdóttir tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ferðamannafrímerki

Þennan sama dag, 11. apríl, kom út áttunda frímerkjaröðin í flokknum ferðamannafrímerki. Myndefni frímerkjanna eru köfunarferðir, á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi) og norðurljósaferðir, á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 315 kr.).

Köfunarferðir hafa notið aukinna vinsælda meðal ferðamanna á Íslandi á undanförnum árum. Innan þjóðgarðsins á Þingvöllum er eingöngu leyfð köfun í tveimur gjám, Silfru og Davíðsgjá. Silfra er einn besti köfunarstaður á Íslandi og af mörgum talinn vera á heimsmælikvarða. Um 7.000 einstaklingar fara í köfun í Silfru á ári hverju og er ástæðan gott skyggni í tæru grunnvatninu og fagurt umhverfi Silfru. Austar í þjóðgarðinum er Davíðsgjá. Gjáin er úti í vatni og þarf að synda til að komast að henni. Kafarar verða að uppfylla reglur og skilyrði um búnað og réttindi til köfunar. Þeir verða jafnframt að hlíta öllum reglum um köfun og virða reglur um umgengni innan þjóðgarðsins. Ekki er leyft að kafa einsamall, stunda hellaköfun eða fara dýpra en 30 metra. Kafarar kafa alfarið á eigin ábyrgð og áhættu.

Norðurljósin eru stórfenglegt náttúrufyrirbrigði og erlendir ferðamenn sækja sífellt meira í ferðir til að skoða þetta heillandi listaverk náttúrunnar sem tekur stöðugum breytingum, sveipað ævintýralegri dulúð. Ríflega 40% erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim fara í norðurljósaferðir en hlutfallið var 14% fyrir tíu árum. Dæmi er um að um 1.600 manns hafi farið í eina norðurljósaferð. Ferðaþjónustumenn segja ferðirnar vera orðnar eitt stærsta aðdráttarafl ferðamanna og hefur það ekki síst gerst með betri þekkingu leiðsögumanna í þessum ferðum og auknum áhuga ferðamanna. Ekki er alltaf hægt að ganga að norðurljósunum vísum. Þegar ferðamenn koma til Íslands eru þeir strax komnir á norðurljósaskoðunarsvæði á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Mögnuð norðurljós má stundum sjá frá miðbæ Reykjavíkur en allra best er að fara út fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem ljósmengun er lítil sem engin til að njóta þessa náttúrufyrirbæris.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók norðurljósamyndina. Englendingurinn Alex Mustard tók ljósmyndina í Silfru. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ljósmæðrafélag Íslands 100 ára

Þennan sama dag, 11. apríl, kom einnig út frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) tileinkað aldarafmæli Ljósmæðrafélags Íslands. Ljósmæðrafélag Íslands var stofnað 2. maí 1919. Að stofnuninni stóðu 20 ljósmæður, allt miklar hugsjónakonur, sem gerðu sér grein fyrir því að samtök faghópa væru nauðsynleg, bæði til að annast réttindamál og til að styðja ljósmæður við að auka og viðhalda þekkingu sinni í ljósmóðurfræðum. Fyrsti formaður félagsins var Þuríður Bárðardóttir og gegndi hún formennskunni í 27 ár.

Upphaf skipulagðrar ljósmæðrakennslu hér á landi má rekja til erindisbréfs Bjarna Pálssonar fyrsta landlæknis á Íslandi, sem skipaður var í embætti árið 1760 og var fyrsti kennari íslenskra ljósmæðra. Danakonungur fól Bjarna að „taka eina eða fleiri siðsamar konur og veita þeim tilhlýðilega fræðslu í ljósmóðurlist og vísindum". Árið 1761 var ráðin ljósmóðir frá Danmörku, Margrethe Katrine Magnússen, til að sjá um klíníska kennslu. Fyrsta ljósmóðurpróf, sem skráð er á Íslandi tók Rannveig Egilsdóttir að Staðarfelli á Fellsströnd, árið 1768. Fyrstu lög um ljósmóðurstarfið tóku gildi 1875. Yfirsetukvennaskóli Íslands var stofnaður 1912. Tólf árum síðar voru samþykkt ný lög um skólann og starfsheitið ljósmóðir lögfest. Þegar Landsspítalinn tók til starfa 1930 var skólinn fluttur þangað, svo og verkleg kennsla. Heiti skólans var breytt í Ljósmæðraskóli Íslands 1932. Árið 1982 var ákveðið í reglugerð að inntaka í skólann væri bundin því skilyrði að umsækjendur lykju prófi í hjúkrunarfræði. Meginforsendur fyrir þeirri breytingu voru þær að ljósmæðranám á Íslandi var langt á eftir því sem var að gerast í nágrannalöndunum. Árið 1996 hófst nýtt nám í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands og ljósmæður tóku sjálfar að sér að stýra námi sínu sem er ein af forsendum þess að stéttin sé skilgreind sem fagstétt. Fyrstu ljósmæður frá H.Í. útskrifuðust 1998.

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Fuglar

Þennan sama dag, 11. apríl, komu Evrópufrímerkin 2019 út en sameiginlegt þema þeirra, samkvæmt ákvörðun PostEurop, voru fuglar. Myndefni íslensku frímerkjanna eru haförn, á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi) og fálki á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 315 kr.).

Haförninn (*Haliaeetus albicilla*) er mjög stórvaxinn ránfugl af haukaætt sem verpir í norðurhluta Evrópu og Asíu. Haförnum var næstum útrýmt í Evrópu en með friðun og aðgerðum hefur tekist að endurreisa varp sums staðar. Hafernir eru alls staðar sjaldgæfir en eru þó flestir við strendur Noregs.

Arnarstofninn á Íslandi er í hægum vexti og taldi 76 fullorðin pör árið 2017. Árið 2005 komust 36 arnarungar á legg og eru það fleiri en nokkru sinni frá því farið var að fylgjast með arnarvarpi árið 1959. Á síðari hluta 19. aldar fækkaði örnum mjög samfara því að farið var að eitra hrossakjöt og rjúpur til að eitra fyrir tófu. Leiddi þetta til þess að örninn var nær aldauða hér á landi um aldamótin 1900. Örninn var alfriðaður með lögum frá 1. janúar 1914 og var þess minnst með frímerkjaútgáfu 16. janúar 2014. Hafarnarstofninn hefur rúmlega þrefaldast frá því að bann var lagt við því að eitra fyrir tófu árið 1964. Aðalheimkynni arnarins eru í og við Breiðafjörð en þar halda nú til 2/3 hlutar stofnsins. Þegar búseta og nytjar af eyjum drógust saman um miðja 20. öld, fluttu ernir heimkynni sín að mestu leyti úr hömrum í landi út í tanga og hólma.

Íslenski haförninn er um 70-90 cm langur og vænghaf hans er 200-240 cm. Fuglinn vegur um 5 kg. Karlfuglar eru mun minni en kvenfuglarnir. Ernir verða kynþroska fjögurra til fimm ára gamlir. Þeir parast fyrir lífstíð og falli annar fuglinn frá getur hinn verið mörg ár að finna sér nýjan maka. Haförninn er mikill ránfugl og veiðir bæði fugla og fiska. Þá getur hann tekið lömb og tófur og jafnvel selkópa, þegar hann kemst í færi við þá.

2019

Fálkinn (*Falco rusticolus*) hefur löngum verið Íslendingum hugleikinn og ræður þar bæði saga og lífshættir þessa tígulega fugls. Fálkinn er frægastur allra íslenskra fugla og var um tíma í skjaldarmerki þjóðarinnar og við hann er kennd fálkaorðan. Öldum saman voru fálkar fangaðir hér á landi og fluttir til Evrópu þar sem þeir voru notaðir við veiðar og leiki.

Fálkaættin er fjölskrúðug og greinist í margar undirættir en aðeins þrjár ætt-kvíslir sjást hér á landi. Fálkinn er stærsta tegundin innan fálkaættarinnar (*Falconidae*) og jafnframt eina fálkategundin sem byggir lönd norðurhjarans árið um kring. Íslenski fálkastofninn er lítill, áætlaður 300-400 varppör og er fálkinn á válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Á 19. öld fækkaði fálkum mjög hér á landi, en frá árinu 1919 hefur hann verið friðhelgur. Íslenski fálkinn er staðfugl hér á landi. Fálkinn er hraðfleygur og hremmir bráð oftast á lofti en einnig á landi og vatnsborði. Aðalfæða fálkans á Íslandi árið um kring er rjúpan, en einnig aðrir fuglar allt frá þúfutittlingum upp í fullorðnar grágæsir. Þá er hagamúsin eina spendýrið sem fálkinn veiðir í einhverjum mæli. Fullorðinn kvenfálki vegur 1,5-1,8 kg en karlfugl 1,2-1,4 kg. Hann velur sér varpstaði á svipuðum slóðum og hrafninn. Eru þeir oftast ekki langt frá fuglabjörgum eða æðavarpi, þar sem gott er til fanga.

Í tengslum við þessa frímerkjaútgáfu tók Íslandspóstur þátt í verkefni sem kallast „Europa bird stamps project 2019“, sem gekk út á það að tengja hljóð-skrár með fuglasöng við Evrópufrímerkin 2019. Sannarlega snjöll og skemmti-leg viðbót við hefðbundna frímerkjaútgáfu en með notkun á appi sem nefnist, CEE-app er hægt að skanna frímerkin og heyra söng fuglanna á frímerkjunum og bæta þar með við upplifunina við að skoða frímerkin. Fjöldi Evrópulanda tók þátt í þessu verkefni, sem var valfrjálst og því er ekki við því að búast að fuglar á öllum Evrópufrímerkjum ársins 2019, muni hefja upp raust sína þegar þau eru skönnuð með CEE-appinu, en íslensku frímerkin gera það.

Hany Hadaya hannaði frímerkin en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.



Jón Árnason 200 ára

Þann 12. september kom út frímerki í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Árnasonar. Frímerkið ber áletrunina 100g innanlands (ígildi 230 kr. á útgáfudegi). Jón Árnason (17. ágúst 1819 – 4. september 1888) var merkur íslenskur fræðimaður sem safnaði þjóðsögum og ævintýrum sem höfðu varðveist í munnlegri geymd. Jón var fæddur á Hofi á Skagaströnd. Hann segir frá því í endurminningum sínum að hann hafi snemma haft áhuga á að heyra sögur og sagnir og að enginn sem kom á æskuheimili hans hafi sloppið við að segja honum þær. Jón lauk stúdentsprófi frá Bessastaðaskóla. Hann var bókavörður á árunum 1848-1887, fyrst á Stiftsbókasafninu en þegar safnið fékk titilinn Landsbókasafn Íslands árið 1881 varð hann fyrsti Landsbókavörður Íslands. Hann var einnig fyrsti forstöðumaður Forngripasafns Íslands, síðar Þjóðminjasafnsins, þegar það var stofnað árið 1863.

Þjóðernisvakning 19. aldar hafði meðal annars í för með sér aukinn áhuga á þjóðsögum sem gengu mann fram af manni og enginn vissi höfund að. Árið 1845 hófu þeir Jón og Magnús Grímsson, samnemandi hans við Bessastaðaskóla, að safna því sem þeir kölluðu alþýðleg fornfræði undir sterkum áhrifum frá hinum þýsku Grimmsbræðrum. Magnús átti að safna sögum en Jón hjátrú, leikjum, þulum, gátum og kvæðum. Safn Jóns og Magnúsar með sögum og kvæðum kom út árið 1852 undir titlinum Íslenzk ævintýri og var fyrsta prentaða þjóðsagnasafnið á íslensku. Þegar þýski prófessorinn Konrad Heinrich von Maurer (29. apríl 1823 – 16. september 1902) kom til landsins 1858 hvatti hann Jón og Magnús til að halda söfnuninni áfram og lofaði að finna útgefanda að sögunum í Þýskalandi. Konrad Maurer ferðaðist sjálfur um Ísland og safnaði af vörum fólks þjóðfræðaefni sem hann gaf út sjálfur í „Isländische Volkssagen“ 1860 og varð Jóni Árnasyni fyrirmynd um efnisskipan.

Magnús Grímsson lést 1860 og kom þá í hlut Jóns Árnasonar að halda starfinu áfram. Fyrir forgöngu Jóns Sigurðssonar forseta og með aðstoð prófessors Konrads Maurer kom út í Leipzig árin 1862 og 1864 tveggja binda útgáfa þjóðsagnasafnsins sem kennt er við Jón Árnason, Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. Heildarútgáfa safnsins birtist síðan á prenti á árunum 1954–1964.

Þema frímerkisins er þjóðsagan af álfunum í Tungustapa sem lesa má um í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Myndefnið er úr þjóðsagnamyndum (vatnslitamyndum) Ásgríms Jónssonar listmálara. Tungustapi er í Sælingsdal í Hvammsfirði og talinn vera dómkirkja álfa og biskupssetur.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Flug á Íslandi 100 ára

Þann 12. september kom einnig út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) til að minnast þess að árið 2019 voru 100 ár liðin frá því að flugvél hóf sig í fyrsta sinn til flugs á Íslandi. Þetta flugtak í Vatnsmýrinni í Reykjavík 3. september 1919 markaði upphaf íslenskrar flugsögu. Aðeins voru liðin rúm fimmtán ár frá flugi Wrightbræðra og flugtæknin var enn á frumstigi. Fyrsta flugvél Íslendinga var af gerðinni Avro 504K. Flugvélin var smíðuð í Bretlandi en keypt frá Danmörku og kom til landsins á árinu 1919.

Flugfélag Íslands var stofnað í mars árið 1919 en fjárhagslegur grundvöllur fyrir rekstrinum reyndist ekki fyrir hendi enda byggðust tekjurnar nær eingöngu á hringflugi með farþega og því stóð reksturinn stutt eða aðeins í eitt ár. Næsta tilraun til flugreksturs á Íslandi var gerð með stofnun nýs Flugfélags

Íslands í maí árið 1928. Fyrsta farþegaflug á vegum þess var farið frá Reykjavík til Akureyrar, með viðkomu á Ísafirði og Siglufirði. Þessi fyrsta farþegavél Íslendinga var af gerðinni Junkers F13.

Árið 1929 komu fyrstu íslensku flugvirkjarnir til starfa hjá félaginu. Félagið hætti starfsemi árið 1931 en Flugfélag Akureyrar hf. var stofnað á Akureyri í júní 1937 og hóf farþegaflug og póstflug til Reykjavíkur og fleiri staða á landinu árið 1938. Árið 1940 færði félagið höfuðstöðvar sínar til Reykjavíkur og breytti nafni sínu í Flugfélag Íslands. Félagið eignaðist Catalina flugbát 1944 og fyrsta millilandaflug íslensks flugfélags var farið á þessum flugbáti til borgarinnar Largs á Skotlandi í júlí ári seinna. Áætlunarflug félagsins milli Íslands, Bretlands og Danmerkur hófst árið 1946.

Annað flugfélag, Loftleiðir var svo stofnað 1944 af þremur íslenskum flugmönnum sem höfðu lokið flugnámi í Kanada. Fyrstu árin rak félagið aðeins innanlandsflug frá Reykjavíkurflugvelli en 1947 hóf það millilandaflug til Kaupmannahafnar með Douglas DC-4 vél. Árið 1948 fékk félagið starfsleyfi í Bandaríkjunum og 1952 hóf það ferðir milli Bandaríkjanna og Evrópu með millilendingu á Íslandi. Á 7. áratug 20. aldar varð félagið fyrst í heimi með lággjaldaflug milli Bandaríkjanna og Evrópu.

Fyrsta íslenska þotan, „Gullfaxi“ kom til landsins í júní árið 1967 og var í eigu Flugfélag Íslands. Með komu fyrstu þotunnar leið frumherjatímabilið í íslenskri flugsögu undir lok og íslensk flugfélög voru komin inn í nútímann og stóðu erlendum flugfélögum jafnfætis. Flugfélag Íslands og Loftleiðir sameinuðust árið 1973 undir nafninu Flugleiðir hf, sem formlega hófu göngu sína í ágúst það ár og ganga nú undir nafninu Icelandair. Í áranna rás hefur fjöldi smærri flugfélaga verið stofnuð á Íslandi sem hafa bæði sinnt innanlands- og millilandaflugi.

Myndefni vélanna á frímerkinu eru fyrsta flugvél Íslendinga Avro 504K og nýjasta breiðþotan í flugflotanum, Airbus A330-900neo. Textaflöturinn á frímerkinu er stílfærð eftirmynd skráningarplötu sem er að finna í öllum flugvélum.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga 100 ára

Sama dag, þann 12. september, kom einnig út frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) tileinkað aldarafmæli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Félagið var stofnað af sex konum sem komu saman í Fjalakettinum við Aðalstræti og stofnuðu Félag íslenskra hjúkrunarkvenna þann 18. nóvember 1919. Markmið félagsins var að koma á fót námi í hjúkrun á Íslandi en fyrstu hjúkrunarkonurnar sem störfuðu hér á landi voru danskar og ráðnar til að vinna á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi sem tók til starfa 1898. Engar íslenskar konur voru þá menntaðar í hjúkrun en með komu dönsku kvennanna gafst tækifæri til að læra hjá þeim. Þannig hófst kennsla hjúkrunarkvenna hérlendis en til þess að fullnema sig í fræðunum þurftu þær að fara utan og fóru þær einkum til Kaupmannahafnar.

Árið 1931 var Hjúkrunarkvennaskólinn stofnaður og fór þá allt nám fram hér heima. Nafni skólans var breytt í Hjúkrunarskóla Íslands 1948. Nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands hófst árið 1973 en fram til ársins 1986 var einnig nám í hjúkrun við Hjúkrunarskóla Íslands. Frá árinu 1986 hefur nám í hjúkrunarfræði á Íslandi einvörðungu verið kennt á háskólastigi. Hjúkrunarfræði er í dag fjögurra ára nám sem kennt er í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Árið 1960 var nafni Félags íslenskra hjúkrunarkvenna breytt í Hjúkrunarfélag Íslands þar sem fyrstu karlmennirnir höfðu þá lært hjúkrun hér á landi en starfsheitinu hjúkrunarkona var hins vegar ekki breytt í hjúkrunarfræðing fyrr en árið 1975. Árið 1978 stofnuðu hjúkrunarfræðingar með próf frá Háskóla Íslands sérstakt félag fyrir háskólamenntaða hjúkrunarfræðinga en 15. janúar 1994 sameinuðust félögin tvö og til varð Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið, en það vísar bæði til núverandi búnings hjúkrunarfræðinga og eins til eldri búnings Félags íslenskra hjúkrunarkvenna, sem hannaður var í takt við þær línur sem tískan bauð um miðjan þriðja áratuginn. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði frímerkið.

Gömul íbúðarhús

Þann 12. september kom einnig út frímerki tileinkað gömlum íbúðarhúsum á Íslandi sem ennþá er búið í. Frímerkið ber áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi) en einnig Sepac-áletrunina, enda er hér um að ræða sameiginlega útgáfu Sepac-landanna tólf þar sem þemað er sögufræg heimili (historic homes).

Faktorshúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði er eitt elsta hús á Íslandi. Það var byggt af dönskum kaupmönnum árið 1765 og er dæmi um elstu gerðir íbúðarhúsa frá 18. öld. Húsið var upprunalega reist af kaupmönnum Almenna verslunarfélagins (Det almindelige handelskompagni) í Kaupmannahöfn en þetta félag tók við einokunarverslun á Íslandi árið 1764 og lét reisa vönduð íbúðarhús á allmörgum verslunarstöðum á Íslandi. Húsið dregur nafn sitt af verslunarstjórum á Ísafirði sem bjuggu í húsinu og voru kallaðir faktorar. Faktorshúsið er timburhús með risþaki, upprunalega af svokallaðri „bolhúsagerð“. Um miðja 19. öld var það endurbætt og því breytt. Það var klætt að nýju að utan og innan og fékk á sig svipmót annars byggingarstíls. Endurbætur hafa síðan verið unnar í samráði við húsafriðunarnefnd og taka mið af þeim svip sem húsið fékk eftir endurbygginguna á 19. öld. Ísafjarðarbær er eigandi hússins og hefur leigt það út. Enn er búið í húsinu og er það því eitt elsta, ef ekki elsta, hús á Íslandi í samfelldri búsetu. Það er ekki hluti af safnasýningu Byggðasafns Vestfjarða þó það mætti ætla miðað við staðsetningu þess.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Dagur íslenskrar náttúru

Þann 12. september gaf Íslandspóstur einnig út smáörk í tilefni að Degi íslenskrar náttúru. Smáörkin er með tveimur frímerkjum sem bera áletrunina 1000g innanlands (ígildi 550 kr. á útgáfudegi). Fátt hefur mótað íslenska þjóð eins og náttúran. Íslendingar hafa aðlagað líf sitt samspili elds og ísa, veðrum og sjávarföllum. Jafnframt hafa þeir notið alltumlykjandi náttúrufegurðar og haft lífsviðurværi sitt af ríkulegum gjöfum náttúrunnar.

Dagur íslenskrar náttúru er haldinn hátíðlegur 16. september ár hvert og eru skólar, stofnanir og félagasamtök hvött til að minnast dagsins. Í tengslum við þennan dag afhendir umhverfisráðherra verðlaun og viðurkenningar.

Myndefni smáarkarinnar er málverk Eggerts Pétursonar listmálara af gróðri á Tröllaskaga. Eggert (f. 1956) hefur helgað list sína veröld gróðursins. Í málverkum sínum sækir hann myndefni í jurtaríkið, hið smáa og jafnframt hverfula í náttúrunni. Annes Tröllaskaga eru meðal snjóþyngstu svæða Íslands. Þar leynist sérstök og tegundaauðug flóra sem hefur orðið Eggerti uppspretta fjölda verka. Í verkinu sem prýðir smáörkina má í bakgrunni þess greina útlínur hluta skagans, en síðan koma plönturnar, rúmlega 70 tegundir, málaðar í raunstærð. Efst þær sem vaxa hæst í fjöllunum og síðan niður eftir bröttum hlíðunum til þeirra sem vaxa neðst, alla leið að sjávarmáli.

Eggert Pétursson nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðan við Jan van Eyck Academie í Maastricht, Hollandi. Verk hans hafa verið sýnd víðs vegar. Árið 2007 hélt Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir sýningu á verkum hans og 2016 var stór sýning á verkum hans í Listasafninu í Pori í Finnlandi. Málverkið á frímerkinu er í eigu Saastamoinen Foundation og er í vörslu EMMA-safnsins í Espoo, Finnlandi.

Hlynur Ólafsson hannaði smáörkina sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslensk myndlist – Nýja málverkið á níunda áratugnum

Þema tíundu og síðustu frímerkjaraðarinnar um íslenska myndlist, sem Íslandspóstur gaf út þann 31. október er „nýja málverkið“ á níunda áratugnum. Verkin sem prýða frímerkin að þessu sinni eru: Ríki Póseidons (50g innanlands, ígildi 195 kr. á útgáfudegi), frá 1988 eftir Helga Þorgils Friðjónsson, Calda, calda, Heit, Heitt, (50g til Evrópu, ígildi 250 kr.) frá árinu 1982 eftir Daða Guðbjörnsson, skúlptúr (50g utan Evrópu, ígildi 315 kr.) frá 1983 eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur

og að síðustu verk án titils (2000g innanlands, ígildi 720 kr.) frá árinu 1983 eftir Jón Axel Björnsson.

Í tímans rás hafa myndlistarhreyfingar haft tilhneigingu til að kalla á andstæður sínar. Áttundi áratugurinn í íslenskri myndlist var tímabil ýmiss konar mótvægis gegn abstraktlist og landslagsmyndum fortíðar, með áherslu á hugmyndalist, gjörninga og „ólistrænan“ efnivið úr hversdagslegu umhverfi (sjá Íslensk myndlist IX). Við upphaf níunda áratugar bárust til Íslands frá Evrópu – aðallega Ítalíu og Þýskalandi – tíðindi af endurkomu málverksins. Þetta „nýja“eða „villta“ málverk, eins og það var ýmist kallað, bar mörg einkenni gamals og harðhnjóskulegs expressjónisma, um leið og það tók til sín ýmislegt úr dægurmenningu. Listmálarar gerðu hráar og ögrandi mannlífsmyndir með tilvistarlegu, erótisku og pólitísku inntaki. Árið 1983 var þessi tegund málverks einnig orðin svo útbreidd meðal ungra myndlistarmanna á Íslandi að efnt var til tveggja stórra - og talsvert ólíkra - sýninga á þeim með nokkurra mánaða millibili.
Að Kjarvalsstöðum sýndu listamenn sem tóku mestmegnis mið af því sem gerst hafði í ítalskri, þýskri og bandarískri myndlist af þessu tagi. Þar sýndi m.a. Jón Axel Björnsson (f. 1956) stór tilvistarleg og kröftuglega máluð verk sem snerust að hluta um átrúnað, kynlíf og sálarþrengingar.

Hin sýningin, sem nefndist „Gullströndin andar“, var samvinnuverkefni myndlistarmanna, pönkhljómlistarmanna og leikara, sem vildu með verkum sínum deila á ríkjandi þjóðfélagsástand. Þeim megin voru verk myndlistarmannanna öllu sjálfsprottnari, brotakenndari og ágengari en félaga þeirra að Kjarvalsstöðum. Þar mátti m.a. sjá verk eftir Helga Þorgils Friðjónsson (f. 1953), einn helsta tengilið ungra íslenskra myndlistarmanna við evrópskt nýmálverk, en hann þræddi lipurlega einstigið milli hefðbundinnar rýmisskynjunar og einkalegrar myndveraldar, uppfullrar með fjarstæðukenndum sögubrotum.
Á Gullstrandarsýningunni var sömuleiðis að finna málverk eftir Daða Guðbjörnsson (f. 1954), sem einnig var hallur undir hið ævintýralega og gráglettna. Þeir Helgi Þorgils stunduðu einnig fjölföldun bókverka og grafíkverka sem stefnt var gegn hefðbundinni notkun þessara miðla.

Hugmyndafræði hins hráa „nýja málverks“ rataði einnig inn í skúlptúra nokkurra listamanna. Þar ber helst að nefna myndverk Brynhildar Þorgeirsdóttur (f. 1955), gerð úr óhefðbundnum efnum á borð við steinsteypu, járn, gler og plast, þar sem skapaðar eru ógnvekjandi skepnur með sterka nærveru, ættaðar ýmist úr forsögu eða nútímalegum hryllingsmyndum.

Hlynur Ólafsson hannað frímerkin sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Jólafrímerkin 2019 komu einnig út þann 31. október en myndefni þeirra er sótt í gömul jólatré. Fyrstu jólatrén komu í íslenska kaupstaði um miðja 19. öld og þá aðallega á heimili danskra fjölskyldna. Fæstir landsmenn áttu þess kost að eignast grenijólatré á þeim tíma en einhverjir leystu þó málin með því að smíða sér gervijólatré og klæða með sortulyngi, beitilyngi eða eini. Margar helgisagnir eru til um uppruna jólatrésins en þekktust þeirra er líklega sagan um englana þrjá sem sendir voru til jarðar þegar halda átti jól í fyrsta sinn. Þeir áttu að velja tré sem best hentaði tilefninu og allir völdu þeir grenitréð.

Myndefni jólafrímerkjanna eru sem sé heimasmíðuð íslensk jólatré, annað frá Hruna í Hrunamannahreppi en hitt frá Laugadælum í Flóahreppi. Jólatréð frá Hruna, sem er á frímerki með verðgildinu 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi), er talið vera elsta varðveitta jólatré á Íslandi. Það er frá 1873, einn metri á hæð, smíðað úr tré og grænmálað. Tréð er með 38 trépílum sem er stungið inn í stofninn og smástyttast eftir því sem ofar dregur. Greinarnar voru vafðar með sortulyngi og kerti á hverri grein. Tréð er úr búi séra Steindórs Briem í Hruna en smiðurinn var Jón Jónsson bóndi í Þverspyrnu. Byggðasafn Árnesinga eignaðist tréð árið 1955 og hefur það lengi verið hluti af jólasýningu Hússins á Eyrarbakka.

Jólatréð frá Laugardælum, sem er á frímerki með verðgildinu 50g til Evrópu (ígildi 250 kr.) er frá því um miðja síðustu öld. Það er með renndum 63 cm stofni og fæti ásamt stílfærðum greinum fyrir kerti. Tréð fannst á kirkjulofti Laugardælakirkju þegar hún var rifin. Vitað er að þjóðhagasmiðurinn Gísli Brynjólfsson (1871-1961) á Haugi í Gaulverjabæ smíðaði jólatré með þessu lagi og bendir því allt til að hann hafi einnig smíðað þetta jólatré sem var lengi notað í Laugardælakirkju.

Hönnuður frímerkjanna er Tryggvi T. Tryggvason en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði þau.

Veðurstofa Íslands 100 ára

Þann 7. maí gaf Íslandspóstur út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) tileinkað 100 ára afmæli Veðurstofu Íslands sem stofnuð var 1. janúar 1920. Þann 17. janúar 1920 var fyrsta veðurspáin samin á Veðurstofunni og sýnir frímerkið mynd af einu fyrsta veðurkortinu sem þar var teiknað.

Starfsemi Veðurstofunnar efldist mjög í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar og 1946 tók Ísland að sér flugleiðsöguþjónustu á Norður-Atlantshafi, þ.á.m. veðurþjónustu vegna millilandaflugs. Flugveðurþjónustu var komið á laggirnar á Keflavíkurflugvelli vorið 1952. Farið var að sinna mengunarmálum í ríkari mæli eftir 1957. Hafísvöktun var efld á árunum 1965-71. Starfsemi ofanflóða styrktist verulega eftir 1980 og mun meir eftir snjóflóðin miklu 1995 í Súðavík og á Flateyri. Mikil framför varð með tilkomu nýs kerfis jarðskjálftamæla um 1990. Þá hafa stórstígar framfarir orðið á sviði veðurþjónustu m.a. með tilkomu sjálfvirkra veðurstöðva. Mælinga- og eftirlitskerfin hafa styrkst og upplýsingatækniþjónusta eflst. Rannsóknir á fagsviðum stofnunarinnar hafa einnig vaxið verulega að umfangi.

Ný Veðurstofa hóf starfsemi þann 1. janúar 2009 undir nafni Veðurstofu Íslands. Hin nýja Veðurstofa varð til við sameiningu tveggja stofnana, Veðurstofu Íslands hinnar eldri og Vatnamælinga. Helstu viðfangsefni Vatnamælinga hafa verið kerfisbundnar vatnamælingar, mælingar á jöklabúskap og kortlagning á ísalögum vatna, langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni og gerð vatnafars- og flóðakorta.

Starfsstöðvar Veðurstofu Íslands í Reykjavík eru á Bústaðavegi 9 og Grensásvegi 9. Ennfremur rekur stofnunin útibú á Ísafirði þar sem einkum er fengist við ofanflóðaverkefni og gerðar eru veðurathuganir og fleiri mælingar í starfsstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Þá rekur stofnunin athugunarkerfi og mælistöðvar um allt land.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Aðild Íslands að EFTA 50 ára

Þennan sama dag, þann 7. maí, kom einnig út frímerki með áletruninni 1000g innanlands (ígildi 550 kr. á útgáfudegi) tileinkað 50 ára aðild Íslands að EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu.

Árið 2020 voru 60 ár liðin frá undirritun Stokkhólmssáttmálans, stofnsáttmála EFTA, (European Free Trade Association). Samtökin voru upphaflega stofnuð af sjö ríkjum sem annaðhvort gátu ekki gengið eða vildu ekki ganga í Efnahagsbandalag Evrópu fyrirrennara Evrópusambandsins. Þau voru Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Svíþjóð og Sviss.

EFTA-sáttmálinn gekk í gildi 3. maí 1960. Ísland gerðist aðili að EFTA tíu árum síðar, hinn 22. janúar 1970 og tók aðildin gildi 1. mars 1970. Auk Íslands eru Noregur og Sviss enn aðilar að EFTA, að viðbættu Liechtenstein sem gerðist aðili að samtökunum árið 1991. Önnur EFTA-ríki hafa gengið í Evrópusambandið, en Bretland yfirgaf síðan sambandið þann 31. janúar 2020.

Helstu áfangarnir í sögu EFTA eru gerð tvíhliða fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalag Evrópu 1972, afnám tolla og annarra viðskiptahindrana á áttunda áratugnum við aðildarríki EFTA og Efnahagsbandalagsins, gildistaka EES-samningsins 1994 og gerð um 30 fríverslunarsamninga við ríki víðs vegar um heiminn. Á heimsvísu eru sameiginleg vöruviðskipti EFTA-ríkjanna í 10. sæti eftir verðmæti og þjónustuviðskipti í 5. sæti. EFTA-ríkin eru 3. stærsti vöruviðskiptavinur Evrópusambandsins og sá 2. stærsti í þjónustuviðskiptum. Aðalskrifstofur EFTA eru í Genf í Sviss.

Fullyrða má að aðild Íslands að EFTA hafi haft víðtæk og jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf í gegnum árin, á sviði vöruviðskipta, þjónustuviðskipta og fjárfestinga.

Hany Hadaya hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Hæstiréttur Íslands 100 ára

Þann 7. maí kom sömuleiðis út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) tileinkað 100 ára afmæli Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur var stofnaður með lögum nr. 22, 6. október 1919 og tók til starfa í ársbyrjun 1920, en fyrsta þinghald hans var haldið 16. febrúar 1920 og hefur sá dagur síðan verið talinn afmælisdagur Hæstaréttar.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll landsins og hefur aðsetur í Reykjavík. Hæstiréttur starfar í einni deild og taka fimm dómarar þátt í meðferð máls fyrir dómi hverju sinni, en hæstaréttardómarar eru átta talsins. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti Hæstaréttar þó ákveðið að sjö dómarar skipi dóm.

Frá því að Hæstiréttur var stofnaður árið 1920 og til ársloka 2017 gegndi hann tvíþættu hlutverki, var annars vegar áfrýjunardómstóll og hins vegar fordæmisgefandi dómstóll. Hinn 1. janúar 2018 tóku gildi ný lög um dómstóla nr. 50/2016. Samkvæmt þeim var dómstólaskipan landsins breytt og stofnað nýtt millidómstig, Landsréttur, sem tók við því hlutverki Hæstaréttar að vera áfrýjunardómstóll. Hlutverk Hæstaréttar er því nú að vera fordæmisgefandi dómstóll og meginreglan er sú að ekki er unnt að kæra eða áfrýja málum til Hæstaréttar nema að fengnu leyfi réttarins. Í undantekningartilvikum er þó unnt að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar án leyfis.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til annars dómstóls. Mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verður því aðeins endurskoðað að Endurupptökunefnd ákveði að það skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju.

Dómsmálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna að hinu nýja dómhúsi Hæstaréttar við Arnarhól 15. júlí 1994, lagði hornsteininn að byggingunni á 75 ára afmæli dómsins 16. febrúar 1995 og afhenti hana réttinum til afnota 5. september 1996.

Hany Hadaya hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Listahátíð í Reykjavík 50 ára

Þann 7. maí kom einnig út frímerki með áletruninni 250g innanlands (ígildi 250 kr. á útgáfudegi) tileinkað 50 ára afmæli Listahátíðar í Reykjavík.

Samtök um Listahátíð í Reykjavík voru stofnuð 10. mars 1969. Forsaga þess var að Vladimir Ashkenazy sem þá var búsettur á Íslandi og Ivar Eskeland, forstjóri Norræna hússins, höfðu hvatt til þess að í borginni yrði haldin alþjóðleg tónlistarhátíð annars vegar og norræn menningarhátíð hins vegar. Eftir viðræður Bandalags íslenskra listamanna, menntamálaráðherra og borgaryfirvalda, var ákveðið að sameina þessar hugmyndir og stofna til alþjóðlegrar Listahátíðar í Reykjavík sem var haldin í fyrsta sinn sumarið 1970. Frá þeim tíma og allt fram til ársins 2005 fór hátíðin fram annað hvort ár (tvíæringur) en á árunum 2005-2016 var hún haldin árlega. Frá árinu 2016 er hátíðin aftur orðin að tvíæringi. Listahátíð í Reykjavík var frá upphafi rekin með sérstöku samkomulagi ríkis og borgar en á því varð breyting árið 2008 þegar Listahátíð í Reykjavík varð að sjálfseignastofnun.

Hlutverk Listahátíðar er að skipuleggja og standa að listahátíðum í Reykjavík á sviði tónlistar og söngs, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina. Hafa skal metnaðarfulla listsköpun að leiðarljósi og kappkosta að tefla fram framúrskarandi listafólki af hinu alþjóðlega sviði og því besta sem býr í listmenningu þjóðarinnar. Sérstaka áherslu ber að leggja á nýsköpun og aðra þá þætti íslenskrar menningar sem skapa henni sérstöðu í samfélagi þjóðanna. Árin 1978 til 1993 var Kvikmyndahátíð listahátíðar sömuleiðis haldin undir hatti Listahátíðar og fór hún fram á árinu sem ekki var Listahátíð.

Mikil listræn fjölbreytni er einkenni Listahátíðar í Reykjavík. Hún vinnur með og leiðir saman opinberar stofnanir og sjálfstæða hópa listamanna á öllum sviðum menningarlífsins.

Elsa Nielsen og Hrefna Lind Einarsdóttir hönnuðu frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Kosningaréttur jafn í 100 ár

Þennan sama dag, þann 7. maí, kom einnig út frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) tileinkað því að 100 ár voru liðin frá því að allir Íslendingar fengu jafnan kosningarétt árið 1920.

Íslendingar fengu fyrst kosningarétt með tilskipun sem Kristján 8. Danakonungur gaf út 8. mars 1843 og var hann bundinn því að menn væru orðnir 25 ára, hefðu óflekkað mannorð og ættu að minnsta kosti 10 hundraða jörð eða múr- eða timburhús í kaupstað sem metið væri á að minnsta kosti 1000 ríkisdali eða hefðu lífstíðarábúð á 20 hundraða jörð. Karlmenn einir höfðu kosningarétt.

Reglurnar um eign voru rýmkaðar dálítið þegar kosið var til þjóðfundarins 1851 og aftur árið 1903. Þá fengu karlmenn, sem ekki voru öðrum háðir sem hjú og borguðu fjórar krónur eða meira í útsvar, kosningarétt.

Árið 1915 var svo gerð veruleg breyting; konur fengu þá kosningarétt og einnig allir sem orðnir voru 25 ára og skulduðu ekki sveitarstyrk. Þessum nýju kjósendum var þó ekki strax treyst til að beita kosningaréttinum; aðeins þeir sem orðnir voru 40 ára máttu kjósa og það mark átti síðan að færast niður um eitt ár á ári þar til 25 ára markinu væri náð.

Þessar takmarkanir voru svo felldar niður árið 1920 þegar ný stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, lög nr. 9/18. maí 1920, var fest í gildi en hún færði öllum 25 ára og eldri kosningarétt, óháð kyni og atvinnu. Þá voru konur og vinnumenn orðin jafnrétthá karlmönnum.

Enn varð breyting árið 1934, þegar kosningaréttur var færður niður í 21 árs aldur og takmarkanir á kosningarétti vegna skuldar við sveitarsjóð voru numdar úr gildi. Kosningaaldurinn var svo lækkaður í 20 ár árið 1968 og að lokum í 18 ár 1984.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Ungviði íslensku húsdýranna



Sama dag, 7. maí, komu út frímerki í fjórðu og síðustu frímerkjaröðinni sem tileinkuð er ungviði íslensku húsdýranna. Myndefni frímerkjanna eru hænuungi, á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi) og grís á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 315 kr. á útgáfudegi).

Hænsnarækt barst til Norður-Evrópu frá Asíu (Indlandi og Indókína), löngu áður en Ísland var numið en barst hingað til lands með landnámsmönnum. Íslensku landnámshænsnin eru smávaxin, dökk eða dröfnótt. Rannsóknir á vefjaflokkagerð þeirra hafa sýnt að þau eru ólík öllu sem nú gerist á Norðurlöndum nema gömlum norskum hænsnum. Þetta er því líklega sami stofninn og landnámsmenn komu með.

Íslenska hænan er hin besta móðir, viljug og hörð að liggja á og unga út og ver sig og sína af krafti. Íslenska hænan þótti ekki henta sem varphæna og um miðja síðustu öld hófst markviss ræktun erlendra tegunda. Sú tegund sem aðallega gefur okkur egg og kjöt í dag er upprunnin við Miðjarðarhafið og kallast hvítur Ítali.

Svín voru tamin fyrir níu þúsund árum síðan og eru afbrigði af villisvínum. Vitað er að svín voru flutt til Íslands með landnámsmönnum. Ástæðan fyrir fyrir því að svín virðast hafa verið algeng húsdýr á fyrstu öldum Íslandsbyggðar er talin sú að á þessum tíma var veðurfar milt, láglendisgróður fjölbreyttur og skóglendi í blóma. Svínabúskapur virðist hafa lagst af á Íslandi á 17. eða 18. öld með breyttum landkostum, eyðingu skóga og harðnandi árferði. Svín voru síðan flutt inn til landsins seint á 19. öldinni en greinin náði þó ekki verulegri fótfestu fyrr en á fjórða tug 20. aldarinnar.

Algengt er að gyltur eigi um átta til tólf grísi í hverju goti og ná því yfirleitt allir grísirnir að vera á spena í einu en gyltur eru með 14 spena.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin en Bára K. Kristinsdóttir tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

2020

Ferðamannafrímerki

Þann 7. maí, kom einnig út níunda frímerkjaröðin í flokknum ferðamannafrímerki. Myndefni frímerkjanna eru flúðasiglingar, á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi) og hvalaskoðun á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 315 kr. á útgáfudegi).

Flúðasiglingar eru skemmtileg afþreying fyrir ferðamenn í ævintýraleit. Flúðasiglingar hafa verið í boði niður Hvítá á Suðurlandi frá 1985. Lagt er upp frá Drumboddsstöðum í nágrenni Flúða og farin 7 kílómetra leið gegnum falleg gljúfur og yfir margvíslegar flúðir.

Flúðasiglingar hafa einnig verið í boði frá því um 1990 í Skagafirði og þar er hægt að velja um tvær ár, Jökulsá Vestari fyrir þá sem eru að fara í fjölskylduferð og Jökulsá Austari fyrir þá sem vilja komast í adrenalínvímu. Sigling niður Jökulsá Vestari hefst við Goðdali. Sigling niður Jökulsá Austari hefst við Skatastaði í Austurdal.

Þegar fyrstu hvalategundirnar voru friðaðar fékk hvalurinn allt í einu annars konar athygli. Hann var í útrýmingarhættu og sjaldgæfur og vegna þess áhugaverður. Það virðist vera eins og tími hafi verið kominn til að gefa hvalnum nýtt hlutverk og þannig var kominn grundvöllur fyrir hvalaskoðun sem atvinnugrein. Ísland bættist heldur seint í hóp þjóða sem buðu upp á hvalaskoðun en í staðinn þróaðist hvalaskoðun hérlendis þeim mun hraðar.

Hvalaskoðun byrjaði á Íslandi sem alvöru ferðaþjónustugrein sumarið 1995 en frá því sumri hefur verið boðið upp á það sem má kalla reglubundnar hvalaskoðunarferðir víða um land m.a frá Akureyri, Grundarfirði, Reykjavík, Hauganesi, Hjalteyri, Hólmavík, Húsavík og Ólafsvík. Húsavík hefur verið frá upphafi miðstöð hvalaskoðunar hérlendis enda þekkt hjá erlendum gestum sem höfuðstaður hvalaskoðunar í Evrópu.

Oscar Bjarnason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Evrópufrímerki – Fornar póstleiðir

Þennan sama dag, 7. maí, voru Evrópufrímerkin 2020 gefin út en sameiginlegt þema þeirra samkvæmt ákvörðun PostEurop eru fornar póstleiðir.

Á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi) er myndefnið Póstleiðakort Íslands árið 1790 með póstreglur Suðurlands í bakgrunni.

Samkvæmt kortinu var um þrjár aðalpóstleiðir að ræða á þessum tíma: Norðanpóst, Sunnanpóst og Vestanpóst. Þrír aðalbréfberar sáu hver um sig um eina póstleið, ásamt a.m.k. þremur aukabréfberum.

Ferðir Norðanpósts hófust árið 1783 og fóru frá amtmannssetrinu á Möðruvöllum í Hörgárdal til Bessastaða á Álftanesi þar sem stiftamtmaður hafði aðsetur. Aukabréfberi (Austurlandsbréfberi) sá um að flytja bréf frá Múlasýslum og Þingeyjarsýslu til móts við Norðurlandsbréfbera á Möðruvöllum. Miðað var við að farnar væru þrjár póstferðir á ári á þessari póstleið, vetur, vor og haust þ.e. frá Eskifirði til Möðruvalla og frá Möðruvöllum til Bessastaða með viðkomu þar þann 1. maí, 1. september og 1. desember.

Frá og með 1785 varð sú breyting á skipan póstmála að ekki skyldi aðeins farið á milli sýslumannssetra með póst heldur einnig á milli verslunarstaða landsins. Pósturinn átti þannig ekki einungis að þjóna embættismannakerfinu, heldur einnig verslun og viðskiptum í landinu.

Ferðir Sunnanpósts um Suðurland hófust 1785 og átti Suðurlandsbréfberinn að fara frá Bessastöðum til allra hafnarbæja á Suðurnesjum og austanfjalls og þaðan að setrum sýslumanna í Árnes- og Rangárvallasýslum og enda að Móeiðarhvoli, sem síðar breyttist í Hlíðarenda í Fljótshlíð með flutningi sýslumanns þangað. Tengdur Sunnanpósti var aukabréfberi sem fór um Skaftafellssýslur til móts við Suðurlandsbréfbera að Hlíðarenda. Miðað var við að farnar væru fimm póstferðir á ári á þessari póstleið frá Bessastöum að Hlíðarenda en fjórar póstferðir á ári frá Hlíðarenda að Hoffelli í Austur-Skaftafellssýslu.

2020

Vestanpóstur fór frá amtmannssetrinu, Innrahólmi í Hvalfjarðarsveit að sýslumannssetrinu Reykjanesi við Djúp, tvær póstferðir á ári en póstferðir um Vesturland og Vestfirði hófust 1786 og þóttu þær lengstu og erfiðustu í landinu, ekki síst vetrarferðin. Tengdur Vesturlandsbréfbera var skipulagður aukabréfberi sem fara átti á milli verslunarstaða á Snæfellsnesi og enda í Stykkishólmi, en sú skipan tókst ekki að koma á fyrir 1790 þegar um umrætt Póstleiðakort Íslands 1790 var teiknað.

Á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 315 kr. á útgáfudegi) er myndefnið fyrsta póstferð á Íslandi 1782, með ferðalýsingu Ara Guðmundssonar í bakgrunni.

Fyrsta póstferð á Íslandi hófst á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp þann 10. febrúar 1782 og lauk á Haga á Barðaströnd þann 14. febrúar. Jón Arnórsson sýslumaður Ísfirðinga bjó á Reykjanesi við Djúp og sendi hann Ara Guðmundsson með samtals 17 bréf í þessa fyrstu póstferð að sýslumannssetinu Haga á Barðaströnd þar sem Davíð Scheving sýslumaður bjó. Af þessum 17 bréfum voru átta á vegum konunglegrar þjónustu.

Ari lagði af stað til baka, frá Haga þann 16. febrúar 1782 með tvö bréf frá Davíð Scheving sýslumanni og náði aftur að Reykjanesi við Djúp þann 25. febrúar, en hann varð veðurtepptur á ferð sinni og því tók heimferðin mun lengri tíma.

Lítið er vitað um ævi fyrsta póstsins, Ara Guðmundssonar, sem fór aðeins þessa einu póstferð en hann skildi eftir sig merkilega heimild eða leiðarlýsingu því hann varð að greina skilmerkilega frá kostnaði við ferðina fram og til baka. Þannig mun póstferð Ara hafa kostað átta sinnum meira en tekjurnar af henni. Ekki var farin aftur póstferð á Vestfjörðum fyrr en 1786.

Borgar Hjörleifur Árnason hannaði frímerkin sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Íslenskt grænmeti

Þann 29. október gaf Íslandspóstur út tvö frímerki tileinkuð íslenskum jarðargróðri til manneldis, en Íslendingar tóku seint við sér hvað neyslu grænmetis varðar þrátt fyrir að upplýsingar lægju fyrir um nytsemi og næringargildi þess. Myndefnið er rótargrænmeti, þ.e. gulrætur á frímerki með áletruninni 100g innanlands (ígildi 230 kr. á útgáfudegi) og rófur á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 315 kr. á útgáfudegi).

Gulrót er rótargrænmeti af sveipjurtaætt. Gulrætur finnast í hvítum, fjólubláum, rauðum, gulum og appelsínugulum afbrigðum en við þekkjum appelsínugula afbrigðið best hér á landi. Að baki gulrótanna eins og við þekkjum þær í dag er margra alda vinna að kynbótum. Appelsínugula afbrigðið varð þekkt í Evrópu á 15. öld. Hollendingar tóku appelsínugula afbrigðið að sér og á 19. öld höfðu þeir náð miklum árangri í að rækta fram sætar og stökkar gulrætur. Í dag er appelsínugula afbrigðið ríkjandi í ræktun gulróta á heimsvísu.

Gulrætur eru taldar geta bætt meltingu, minnkað náttblindu og gagnast krabbameinsveikum en í gulrótum er mikið af litarefniu beta-karóten. Líkaminn getur notað karoten til að búa til A-vítamín. Auk þess er í gulrótum B- og C-vítamín ásamt mikilvægum steinefnum eins og kalíum, kalki, járni og fosfór.

Gulrófa eða rófa er tvíær rótarávöxtur af krossblómaætt sem upphaflega var kynblendingur hvítkáls og næpu. Rófan er stundum kölluð „appelsína norðursins“ vegna hins háa C-vítamín innihalds hennar. Gulrófan er upprunnin í Norður-Evrópu og talið er að rófur hafi verið ræktaðar á norðlægum slóðum allt frá því á bronsöld. Rófan barst frá Svíþjóð til Bretlands og Norður-Ameríku. Á Íslandi er hennar fyrst getið í ræktun í byrjun 19. aldar.

Rófur eru ásamt kartöflum eitt algengasta rótargrænmetið sem ræktað er á Íslandi og eru þær nýttar til matargerðar. Rófur eru ætar hráar. Einnig er þó hægt að matreiða þær, og þá er gjarnan búið til úr þeim mauk, rófustappa, eða þær soðnar í súpur eins og íslenska kjötsúpu og baunasúpu.

Elsa Nielsen hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Norðurlandafrímerki – Spendýr

Sama dag, 29. október kom út Norðurlandafrímerki og var það annað frímerkið í útgáfuröð Norðurlandafrímerkja sem hófst 2018. Þá var þemað fiskar á hafsvæðum Norðurlandaþjóðanna en að þessu sinni er þemað norræn spendýr. Myndefnið á frímerkinu er eina spendýrið sem lifir hér á landi sem ekki hefur komið áður út á frímerki, en það er minkurinn sem er aðflutt tegund.

Minkur tilheyrir marðarætt og sá minkur sem býr á Íslandi lifir villtur í Norður-Ameríku. Ameríski minkurinn er vinsæll og mikið notaður í feldiðnaði og hefur tegundin verið flutt heimshorna á milli til slíkrar ræktunar. Minkar voru fyrst fluttir til Íslands haustið 1931 en þá voru þrjú dýr keypt af norskum loðdýrabændum. Nokkrum mánuðum síðar voru 75 minkar fluttir á nýstofnað bú á Selfossi. Minkabúum fjölgaði síðan hérlendis á næstu árum.

Minkar sluppu fyrst úr minkabúum hérlendis haustið 1932. Fyrsta minkagrenið fannst árið 1937, við Elliðaárnar í Reykjavík. Í dag lifir minkur alls staðar á landinu þar sem lífvænlegt er fyrir tegundina.

Minkur er stuttfættur með um 35–42 cm langan búk en skottið er um 16–18 cm langt. Stærðarmunur er mikill á kynjunum en að meðaltali vega kvendýr rúmlega 600g og karldýr rúmlega 1200g. Dýrin eru brún að lit með misstóra hvíta bletti á bringu og/eða höku. Minkur velur sér bústað í nánd við vatn, sjó eða læki og sækir mest af fæðunni í vatnið enda minkar flinkir að synda og kafa og þar eru líklega kjörlendi minksins. Við sjóinn lifir hann aðallega á fiski árið um kring en á sumrin veiðir hann líka fugla.

Fullorðnir minkar eru einfarar og forðast samneyti við aðra minka, nema á fengitíma sem stendur frá febrúar til apríl með hámarki í mars. Á Íslandi er gotstærðin hjá minkum að meðaltali 6–7 hvolpar og flestir eru fæddir fyrrihluta maímánaðar.

Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkið en ljósmyndina tók Sindri Gíslason. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Listaverk í þjóðlistasafni

Þennan sama dag, þann 29. október kom einnig út frímerki í sameiginlegri útgáfuröð Sepac-landanna og ber það áletrunina 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi). Sepac-frímerkin eru að þessu sinni tileinkuð listaverkum í þjóðlistasöfnum Sepac-landanna. Í tilviki Íslands var málverk Jóns Stefánssonar fyrir valinu.

Jón Stefánsson (1881-1962) var íslenskur listmálari þekktastur fyrir landslagsmyndir sínar. Jón lauk stúdentsprófi í Reykjavík árið 1900 og lærði síðan verkfræði í þrjú ár við Háskólann í Kaupmannahöfn en hvarf frá því námi og snéri sér alfarið að málaralistinni. Jón stundaði myndlistarnám við Teknisk Selskabs Skole 1903-1905 og við einkaskóla Kristians Zahrtmann til 1908 og fór síðan til Parísar þar sem hann stundaði nám við einkaskóla Henri Matisse 1908-1910. Jón var lengi búsettur erlendis, lengst af í Kaupmannahöfn en flutti alkominn heim árið 1946.

Jón tók þátt í fjölda samsýninga á Norðurlöndunum en þó oftast í Charlottenborg í Kaupmannahöfn. Hann hélt fyrst einkasýningu á Íslandi í sal KFUM í Reykjavík 1920 og hélt síðan sjö einkasýningar hér á landi. En frá því hann lést hafa verið haldnar átta einka- og yfirlitssýningar á verkum hans hér á landi, flestar á vegum Listasafns Íslands.

Meginviðfangsefni Jóns var íslenskt landslag en hann málaði auk þess portrettmyndir og uppstillingar. Jón var í hópi brautryðjenda íslenskrar myndlistar á 20. öld og helsti frumkvöðull módernismans í myndlist hér á landi. Mynd Jóns á frímerkinu er Skjaldbreið séð frá Þingvöllum, olíumálverk málað 1937 sem er í eigu Listasafns Íslands (LÍ-4677). Áður hafði Jón málað aðra mynd af Skjaldbreið árið 1929 sem Íslendingar gáfu Alexandrínu drottningu, eiginkonu Kristjáns 10. sama ár.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Landsnefndin fyrri 250 ára

Sama dag, þann 29. október, kom einnig út frímerki tileinkað Landsnefndinni fyrri 250 ára og ber það áletrunina 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi).

Landsnefndin fyrri var þriggja manna nefnd sem Kristján 7. skipaði árið 1770 til að ferðaðist um Ísland á árunum 1770-1771 og safna upplýsingum um land, þjóð og aðstæður í samfélaginu. Embættismenn landsins fengu sértækar spurningar frá nefndinni um allar hliðar samfélagsins á Íslandi, svo sem um fólksfjölda, kirkju, heilbrigðismál, verslun, handverk, landbúnað, sjávarútveg, samgöngur og margt fleira. En almenningur var hvattur til að senda nefndinni sína sýn á landsins gagn og nauðsynjar að ógleymdum eigin aðstæðum.

Í skjalasafni Landsnefndarinnar eru því bréf frá almenningi, prestum, sýslumönnum og öðrum embættismönnum auk greinargerða og margvíslegra gagna frá nefndarmönnum sjálfum. Landsnefndarskjölin gefa einstæða innsýn inn í hugarfar, venjur og siði almennings og embættismanna, auk afstöðu danskra stjórnvalda til þeirra fjölmörgu mála sem Íslendingar gerðu að umtalsefni í lok 18. aldar.

Sérstök skrifstofa var stofnuð í Kaupmannahöfn árið 1773 til að fjalla um þessi mál, ásamt þeim sömu fyrir Færeyjar og Grænland. Skrifstofan var undir stjórn Jóns Eiríkssonar konferensráðs sem hafði það hlutverk að að koma tillögum nefndarinnar í lagaform og reka á eftir því að þær kæmust í framkvæmd eftir því sem kostur var á.

Miklar fyrirætlanir um umbætur voru hafðar í frammi í landbúnaði en einnig löggjöf um vegagerð, póstmál og heilbrigðismál ásamt því að talsverðar tilraunir voru gerðar með þilskipaútgerð. Minna varð þó úr þessum framkvæmdum en búist var við í upphafi vegna þess að skömmu síðar dundu Móðuharðindin yfir.

Þorbjörg Helga Ólafsdóttir hannaði frímerkið sem Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Dagur frímerkisins – 800 ár frá upphafi Sturlungaaldar

Þennan sama dag, þann 29. október, gaf Íslandspóstur út smáörk með tveimur frímerkjum með áletruninni 1000g innanlands (ígildi 550 kr. á útgáfudegi) til að minnast þess að 800 ár voru liðin frá upphafi Sturlungaaldar. Almennt er miðað við árið 1220 sem upphafsár Sturlungaaldarinnar en það ár gerðist Snorri Sturluson lénsmaður Hákonar gamla Noregskonungs og þar með hófst tilraun Noregskonungs til að leggja Ísland undir norsku krúnuna, en konungur vildi að Snorri gengi í það mál og kæmi Íslandi undir Noreg.

Sturlungaöldin var ofbeldisfyllsta öld Íslandssögunnar þar sem ættir valdamikilla höfðingja herjuðu hver á aðra. Þessar ættir voru Haukdælir, sem voru staðsettir í Árnesþingi, Oddaverjar í Rangárþingi, Ásbirningar í Skagafirði, Vatnsfirðingar við Ísafjarðardjúp, Svínfellingar á Austurlandi og svo Sturlungar sem Sturlungaöld er nefnd eftir og kennd er við Sturlu Þórðarson í Hvammi í Dölum en Sturlungar voru jafnframt valdamesta ættin. Synir Sturlu, Þórður, Sighvatur og Snorri, mynduðu áhrifasvæði á Stað á Ölduhrygg um Snæfellsnes, Grund í Eyjafirði og Borg á Mýrum.

Eftir að innanlandsófriði í Noregi lauk gat Hákon gamli Noregskonungur einbeitt sér að utanríkispólitík og þar með reynt að auka áhrif sín hér á landi. Konugur valdi þá leið að gera íslenska höfðingja að lénsmönnum sínum. Leið ekki á löngu þar til margir helstu höfðingjar Íslendinga voru orðnir handgengnir Noregskonungi.

Árið 1235 gerðist einnig Sturla Sighvatsson, bróðursonur Snorra, lénsmaður

2020

Hákonar gamla Noregskonungs. Sturla var mun harðskeyttari en Snorri og rak hann fljótlega út til Noregs til fundar við konung og hóf síðan hernað á hendur öðrum höfðingjum til að brjóta landið undir sig og konung. Sturla og Sighvatur faðir hans biðu hins vegar frægan ósigur fyrir Gissuri Þorvaldssyni, höfðingja Haukdæla, og Kolbeini unga, höfðingja Ásbirninga, við Örlygsstaði í Skagafirði 1238. Þeir Gissur og Kolbeinn ungi urðu í kjölfarið valdamestu höfðingjar landsins. Gissur Þorvaldsson var lénsmaður konungs, eins og svo margir íslenskir höfðingjar. Hákon konungur krafðist þess að Snorri yrði drepinn og fór Gissur þá að kröfu hans og drap Snorra árið 1241. Ári síðar kemur til landsins Þórður kakali Sighvatsson. Hann átti harma að hefna eftir að bræður hans og faðir voru vegnir við Örlygsstaði og sýndi skjótt að hann var mikilhæfur herforingi og leiðtogi. Fjórum árum síðar var veldi Ásbirninga hrunið eftir stöðugar skærur við Þórð. Má hér nefna Flóabardaga árið 1244, einu sjóorrustu Íslandssögunnar, og mannskæðasta bardagann, Haugsnesbardaga árið 1246, þar sem nær hundrað manns féllu.

Þeir Þórður kakali og Gissur Þorvaldsson lögðu þó ekki í hernað hvorir gegn öðrum heldur skutu máli sínu til konungs þar sem báðir voru þeir lénsmenn hans. Að ráði Vilhjálms kardínála úrskurðaði Hákon Þórði í vil og árin 1247-50 var Þórður nær einráður hérlendis. Konungur kallaði hann þá á sinn fund og setti Þórður menn sér handgengna yfir veldi sitt áður en hann fór utan. Þórði kakala auðnaðist aldrei að koma aftur til ríkis síns því hann lést í Noregi sex árum síðar eftir að hafa loks fengið brottfararleyfi frá Hákoni.

Árið 1252 sendi konungur Gissur til landsins í stað Þórðar. Menn Þórðar voru ekki sáttir og fóru að honum við Flugumýri í Skagafirði og reyndu að brenna hann inni. Þrátt fyrir að vera valdamesti höfðingi landsins reyndist Gissuri ekki unnt að ná foringjum brennumannanna og árið 1254 var honum stefnt til Noregs því konungi þótti hann ekki standa sig í því að koma landinu undir norsku krúnuna. Vígaferlin héldu áfram og brátt var Gissur sæmdur nafnbótinni jarl og sendur aftur til landsins. Konungi tókst hins vegar ekki að fá landsmenn til að játast sér fyrr en hann hafði sent hingað Hallvarð gullskó sérlegan fulltrúa sinn til að ganga erinda sinna.

Hákoni gamla Noregskonungi tókst þar með ætlunarverk sitt með hjálp annarra íslenskra höfðingja og á árunum 1262/64 gengu Íslendingar Noregskonungi á hönd með Gamla Sáttmála. Þar með lauk Sturlungaöldinni og einnig þjóðveldistímanum sem hófst við landnámið.

Smáörkina hannaði Tryggvi T. Tryggvason. Myndirnar á frímerkjunum eru unnar upp úr Króksfjarðarbók, skinnhandriti frá seinni hluta 14. aldar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Hin íslenska fálkaorða 100 ára

Þann 29. október gaf Íslandspóstur út þrjú frímerki tileinkuð hinni íslensku fálkaorðu 100 ára. Til stóð að gefa frímerkin út á afmælisári orðunnar árið 2021, en útgáfunni var flýtt þegar ljóst varð að Íslandspóstur myndi ekki gefa út nein frímerki árið 2021. Myndefni frímerkjanna er keðja forseta Íslands, stórmeistara hinnar íslensku fálkaorðu, á frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi). Stórriddarakross, orðuband kvenna, á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi). Riddarakross, orðuband karla, á frímerki með áletruninni 50g utan Evrópu (ígildi 315 kr. á útgáfudegi).

Þegar Kristján konungur 10. kom til Íslands sumarið 1921, var gefið út konungsbréf um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu, undirritað í Reykjavík 3. júlí 1921. Konungur Íslands var fyrsti stórmeistari fálkaorðunnar, en með stofnun lýðveldisins árið 1944 varð forseti Íslands stórmeistari orðunnar. Í upphafi voru orðustigin þrjú, en eru nú fimm: Keðja ásamt stórkrossstjörnu, stórkrossriddari, stórriddari með stjörnu, stórriddari, riddari. Nefnd sex manna, orðunefnd, ræður málefnum orðunnar og gerir tillögur til stórmeistara orðunnar, um hverja skuli sæma henni. Sameiginlegt merki orðunnar er gullrenndur, innskorinn, hvítsteindur kross. Framan á krossinum miðjum er gullrenndur, blásteindur skjöldur og á honum silfurfálki er lyftir vængjum til flugs. Aftan á krossinum miðjum er blásteind, sporöskjulöguð gullrönd, og á hana letrað með gullnum stöfum: Seytjándi júní 1944.

Forseta Íslands skal veitt æðsta stig orðunnar á embættistökudegi og jafnframt skal veita maka hans hið næsta stig orðunnar þar fyrir neðan. Orðuskjöl þessi undirrita handhafar forsetavalds og formaður orðunefndar en honum ber hverju sinni að annast framkvæmd þessara tilteknu orðuveitinga.

Örn Smári Gíslason hannaði frímerkin og tók ljósmyndirnar. Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði.

Jólafrímerki

Jólafrímerkin 2020 komu einnig út þann 29. október en myndefni þeirra er rjúpa á frímerki með áletruninni 50g innanlands (ígildi 195 kr. á útgáfudegi) og refur á frímerki með áletruninni 50g til Evrópu (ígildi 250 kr. á útgáfudegi). Bæði rjúpan og refurinn eru hér í sínum alhvíta vetrarbúningi á stjörnubjartri nóttu með norðurljósin alltumlykjandi.

Rjúpa er meðalstór hænsnafugl kubbslega vaxin, með stuttan háls og fætur. Karlfuglinn eða karrinn er nokkru stærri og þyngri en kvenfuglinn. Litur rjúpunnar er breytilegur eftir árstíma og búningaskiptin tíð miðað við flesta aðra fugla en hún skiptir um klæði þrisvar sinnum á ári; sumarbúningurinn er brúnn, haustbúningurinn er gráleitur og vetrarbúningurinn er hvítur. Búningar rjúpunnar eru feluklæði og hjálpa henni að leynast fyrir féndum sínum. Aðeins á vorin bregður karrinn frá þeim vana að stunda feluleik en hann notar hvít vetrarklæðin sem sitt brúðgumaskart. Hann er hvítur fram í lok maí, löngu eftir að snjó hefur tekið upp og gerir ekkert til að leynast heldur þvert á móti. Kvenfuglinn fylgir hins vegar landinu og skiptir yfir í brúnan vor- og sumarbúning þegar snjóa leysir. Fætur og tær rjúpunnar eru fiðruð. Það fyrirkomulag er aðlögun að lífi á norðurslóðum, það bæði einangrar gegn kulda og auðveldar gang í lausamjöll. Rjúpur verða kynþroska ársgamlar, frjósemi er mikil og hver kvenfugl verpir að jafnaði 11–12 eggjum. Mikilvægustu varplönd hennar eru móar af ýmsum gerðum. Rjúpan er jurtaæta og étur laufblöð, blóm, ber, fræ, æxlilauka, rekla, brum og sprota. Rjúpa er útbreiddur og algengur varpfugl á Íslandi. Hún er staðfugl en ferðast innanlands haust og vor og oft landshorna á milli.

Refir á Íslandi eru oftast annað hvort hvítir eða mórauðir enda er hvítur litur hentugur felubúningur þar sem snjór þekur land. Mórauð dýr eru algeng á

strandsvæðum. Þau halda lit sínum allt árið en undir lok vetrar verða þau gjarnan ljósari þegar vetrarhárin upplitast af sólinni. Hvít dýr halda sig meira inn til landsins. Þau eru næstum alhvít að vetri en að sumarlagi eru þau tvílit, grábrún á baki og ljós á kvið.

Stærð refsins er mismunandi eftir kyni og vega dýrin meira á veturna en sumrin. Steggirnir eru almennt stærri, um 58 cm að lengd, læðurnar eru að meðaltali 55 cm langar. Háttalag íslenskra refa er breytilegt eftir árstíðum. Á veturna fer fram undirbúningur fyrir fengitíma og meðgöngu og ung dýr fara að heiman í leit að maka og óðali. Bæði kyn verða kynþroska á fyrsta vetri. Fengitími er í mars og meðgangan tekur tæpa 60 daga. Íslenskar tófur eignast fremur stóra yrðlinga sem ná oft fullri stærð á fjórum mánuðum. Sumarið er tími vaxtar og uppeldis og sjá báðir foreldrar um að færa yrðlingunum fæðu. Fæðuval tengist árstíðabundnu framboði. Á sumrin er á flestum stöðum gnótt af fæðu en aðgangur að nægilegri fæðu yfir vetrartímann skiptir sköpun fyrir afkomu dýranna og getu þeirra til að fjölga sér.

Hönnuður frímerkjanna er Kristín Þóra Guðbjartsdóttir, en Cartor Security Printing S.A., í Meaucé-La Loupe, Frakklandi offsetprentaði þau.

Verðlaun íslenskra frímerkja innanlands og erlendis



ED-Awards / European Design Awards 2019

Frímerki nr. 657A-B og smáörk nr. 658A, útgefið af Íslandspósti 15. febrúar 2018 í tilefni þess að 1. desember 2018 voru 100 ár liðan frá því að Ísland fékk fullveldi, hlaut bronsverðlaun í hinni árlegu samkeppni „The European Design Awards“ (ED-Awards), í flokknum prentað mál af ýmsum toga (Printed Miscellaneous). Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

Verðlaunin, „The European Design Awards“, einnig þekkt sem „ED-verðlaunin“ eru veitt árlega evrópskum hönnuðum og auglýsingagerðarfólki fyrir framúrskarandi vinnu á þessu sviði. Til ED-verðlaunanna var stofnað að frumkvæði hönnunartímarita víðs vegar að úr Evrópu með samþykki alþjóðasamtakanna „International Council of Design“. Fulltrúar frá evrópskum tímaritum um hönnun skipa dómnefnd og er niðurstaða hennar kynnt í ED-verðlaunabókinni.

2018

„El Mejor Sello del Mundo“ 2018, Spáni

Frímerki nr. 648A, útgefið af Íslandspósti 27. apríl 2017 í tilefni Alþjóðlegs árs sjálfbærar ferðaþjónustu, lenti í 1. sæti í flokknum „The World´s best Mixed Printing Stamp“ í hinni árlegu samkeppni spænska frímerkja- og myntblaðsins El Eco – Filatelico Y Numismatico, um fallegastu frímerki og myntir heimsins útgefnum árið 2017. Tékkland lenti í öðru sæti í þessum flokki og Noregur í því þriðja. Frímerkið hannaði Hlynur Ólafsson grafískur hönnuður en teikninguna gerði myndskreytirinn Pétur Atli Antonsson Crivello.

Frímerkja- og myntkeppnin „El Mejor Sello del Mundo / La Mejor Moneda del Mundo“, eða „Fallegustu frímerki og myntir heimsins“, hefur verið haldin árlega allt frá árinu 2013, af spænska tímaritinu El Eco sem hóf göngu sína 1944 og er gefið út af útgáfufélaginu Nexo Editores S.A. í Madríd. Tímaritið stendur annars vegar fyrir samkeppni um fallegustu frímerki heimsins og nefnir „Premios Nexofil“ og hins vegar fallegustu myntir heimsins og nefnir þá samkeppni „Premios Nexonum“. Keppnin fer fram í 10 flokkum og var það flokkurinn, fallegasta frímerki heimsins 2007, prentað með blandaðri tækni, sem Íslandspóstur vann.

Wahl der schönsten Briefmarke Europas 2015, Þýskaland

Smáörk nr. 623A, með tveimur frímerkjum, útgefin af Íslandspósti 10. september 2015 í tilefni Alþjóðlega jarðvegsársins 2015 lenti í 10. sæti í hinni árlegu samkeppni þýska frímerkjablaðsins Deutsche Briefmarken-Revue, um fallegasta frímerkið útgefið í Evrópu árið 2015. Smáörkina hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

Frímerkjasamkeppnin „Wahl der schönsten Briefmarke Europas“, í Þýskalandi er haldin af frímerkjablaðinu Deutsche Briefmarken-Revue sem hóf göngu sína 1950 og kemur mánaðarlega út og nær til um 60.000 lesenda. Samkeppnin hefur verið í blaðinu síðan 1998 og síðan 2006 fer verðlaunaafhendingin ætíð fram á alþjóðlegu frímerkjasýningunni í Essen sem haldin er í maí á ári hverju.



URKUNDE

WIPA

GRAND PRIX
DE L'EXPOSITION WIPA

DER POSTVERWALTUNG VON
ISLAND
WIRD VOM ORGANISATIONSKOMITEE WIPA DER

5. PLATZ
FÜR DAS JAHR
2014

VERLIEHEN.

Grand Prix De L'Exposition WIPA 2014, Austurríki

Jólafrímerki nr. 611B, útgefið af Íslandspósti 6. nóvember 2014, lenti í 5. sæti í hinni árlegu WIPA Grand Prix frímerkjasamkeppni fyrir árið 2014. Þátttökulönd voru alls 65 og verðlaunasæti 10. Hönnuður frímerkisins er Hlynur Ólafsson grafískur hönnuður, en myndefnið er úr miðaldahandriti sem nefnist Íslenska teiknibókin.

Frímerkjasamkeppnin Grand Prix De L'Exposition WIPA er haldin á hverju ári í Vínarborg í Austurríki en samkeppnin hófst árið 1981. Verðlaunin voru því veitt í 33. sinn árið 2014. WIPA-verðlaunin eru kennd við alþjóðlegu frímerkjasýninguna Wiener Internationale Postwertzeichen-Ausstellung sem fyrst var haldin í Vínarborg 1933, en síðan 1965, 1981, 2000 og 2008. Landssamband austurrískra frímerkjasafnara, VÖPh – Verband Österreichischer Philatelistenvereine heldur utan um WIPA samkeppnina, sem er á heimsvísu þar sem öllum póststjórnum er heimil þátttaka með einni undantekningu þó. Austurríski pósturinn fær ekki að taka þátt í þessari samkeppni enda eru dómarar í WIPA samkeppninni austurrískir frímerkjahönnuðir, frímerkjablaðamenn og fulltrúar austurríska póstsins og austurrísku ríkisprentsmiðjunnar ÖSD, sem prentar frímerki.

Premio Internazionale Asiago D´Arte Filatelica 2014, Ítalía

Frímerki nr. 585A, útgefið af Íslandspósti 24. janúar 2013 í tilefni árs alþjóðlegrar samvinnu um vatn, lenti í 1. sæti í flokknum vistfræði (Ecology price) í hinni árlegu Asiago International Award for Philatelic Art frímerkjasamkeppni í Asiago á Ítalíu, fyrir frímerki útgefin árið 2013. Frímerkið hannaði Borgar Hjörleifur Árnason grafískur hönnuður.

Frímerkjasamkeppnin Asiago International Award for Philatelic Art er ein af elstu samkeppnum á þessu sviði í heiminum, en verðlaunin voru veitt í 44. sinn árið 2014. Verðlaunin eru kennd við bæinn Asiago sem er skammt frá Feneyjum, en að þeim stendur Sette Comuni di Asiago Philatelic and Numismatic Association og eru verðlaunin undir verndarvæng forseta Ítalíu. Þau þykja ein af mikilvægustu verðlaunum sem veitt eru fyrir frímerkjahönnun og eru gjarnan nefnd „Óskarsverðlaun" frímerkjagreinarinnar en um 100 lönd taka þátt í þessari samkeppni árlega.

2013

Hönnunarverðlaun FÍT 2013

Frímerki nr. 583A, útgefið af Íslandspósti 24. janúar 2013, tileinkað 150 ára afmæli Þjóðminjasafns Íslands, hlaut 1. verðlaun (gullverðlaun) í flokki almennra myndskreytinga og útgáfu, í árlegri samkeppni Félags íslenskra teiknara (FÍT) fyrir útgefið efni árið 2013. Frímerkið hannaði Sigríður Rún Kristinsdóttir grafískur hönnuður.

Félag íslenskra teiknara (FÍT), er félagsskapur grafískra hönnuða og myndskreyta á Íslandi. Félagið var stofnað 23. nóvember 1953 og telur rúmlega 300 félagsmenn. Tæpur helmingur þeirra er starfsfólk á auglýsingastofum en meirihlutinn starfar sjálfstætt. Félagið hefur staðið fyrir samkeppni FÍT félaga um árabil og hin síðari ár haldið sýningu á verðlaunaverkunum á HönnunarMars.



Hönnunarverðlaun FÍT 2011

Smáörk nr. 543A, með tveimur frímerkjum, útgefin af Íslandspósti 16. september 2010 og tileinkuð Degi frímerkisins 2010 þar sem þemað var Alþjóðlegt ár líffræðilegrar fjölbreytni, hlaut viðurkenningu í opnum flokki í árlegri samkeppni Félags íslenskra teiknara (FÍT) fyrir efni útgefið árið 2010. Smáörkina hannaði Þorbjörg Helga Ólafsdóttir grafískur hönnuður.

2011

Design Award of the Federal Republic of Germany 2011, Þýskaland

Frímerki nr. 513A, útgefið af Íslandspósti 9. október 2008 í tilefni Friðarsúlunnar í Viðey, listaverks Yoko Ono sem vígt var 9. október 2007, fékk árið 2011 tilnefningu frá þýska efnahags- og orkumálaráðuneytinu til þýsku hönnunarverðlaunanna, Design Award of the Federal Republic of Germany. Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

Hönnunarverðlaun Þýskalands Design Award of the Federal Republic of Germany voru fyrst veitt árið 1969. Þau heyra undir þýska efnahags- og orkumálaráðuneytið (Ministry for Economic Affairs and Energy) og eru veitt á tveggja ára fresti.

Premio Internazionale Asiago D´Arte Filatelica 2010, Ítalía

Smáörk nr. 518A, með tveimur frímerkjum, útgefin af Íslandspósti 29. janúar 2009 þar sem þemað er Verndun jökla og heimskautasvæða lenti í 1. sæti í flokknum vistfræði (Ecology price) í hinni árlegu Asiago International Award for Philatelic Art frímerkjasamkeppni í Asiago á Ítalíu, fyrir frímerki útgefin árið 2009 en frímerkjasamkeppnin var haldin í 40. skiptið árið 2010. Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

2010



The ADC*E Awards of The Art Directors Club of Europe 2010

Smáörk nr. 518A, með tveimur frímerkjum, útgefin af Íslandspósti 29. janúar 2009 þar sem þemað er Verndun jökla og heimskautasvæða, hlaut tilnefningu (Nomination) í hinni árlegu samkeppni The Art Directors Club of Europe (ADC*E-Awards), í flokknum hönnun af ýmsum toga (Design Any Other). Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

*ADC*E-verðlaunin eru veitt af samtökunum, The Art Directors Club of Europe, sem eru samtök félaga evrópskra hönnuða og auglýsingagerðarfólks. Samtökin voru stofnuð árið 1990 í þeim tilgangi að efla og verðlauna framúrskarandi hönnun í Evrópu og koma henni á framfæri sem víðast. ADC*E-verðlaununum er ætlað að hvetja, fræða og sameina, enda standa þau fyrir það besta sem gerist á sviði hönnunar og auglýsingagerðar í Evrópu. Aðeins verk sem unnið hafa til verðlauna á landsvísu fá að taka þátt í þessari samevrópsku keppni The Art Directors Club of Europe.*

URKUNDE

WIPA

GRAND PRIX
DE L'EXPOSITION WIPA

DER POSTVERWALTUNG VON
ISLAND
WIRD VOM ORGANISATIONSKOMITEE WIPA DER

10. PLATZ
FÜR DAS JAHR
2010

VERLIEHEN.

FÜR DIE JURY

WIEN, IM SEPTEMBER 2012

PRÄSIDENT

Grand Prix De L'Exposition WIPA 2010, Austurríki

Frímerki nr. 539A, útgefið af Íslandspósti 22. júlí 2010 í tilefni eldgossins í Eyjafjallajökli, lenti í 10. sæti í hinni árlegu WIPA Grand Prix frímerkjasamkeppni fyrir árið 2010. Þátttökulönd voru alls 71 og verðlaunasæti 10. Frímerkið hönnuðu grafísku hönnuðirnir Borgar Hjörleifur Árnason og Hany Hadaya en ljósmyndina tók Óskar Ragnarsson.

2010

Hönnunarverðlaun FÍT 2010

Smáörk nr. 518A, með tveimur frímerkjum, útgefin af Íslandspósti 29. janúar 2009 með þemanu Verndun jökla og heimskautasvæða, hlaut aðalverðlaun FÍT fyrir árið 2010 í árlegri samkeppni Félags íslenskra teiknara fyrir efni útgefið 2009. Smáörkin vann einnig til verðlauna í opnum flokki í samkeppninni. Smáörkina hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

Wahl der schönsten Briefmarke Europas 2010, Þýskaland

Frímerki nr. 539A, útgefið af Íslandspósti 22. júlí 2010 í tilefni eldgossins í Eyjafjallajökli, lenti í 5. sæti í hinni árlegu samkeppni þýska frímerkjablaðsins Deutsche Briefmarken-Revue, um fallegasta frímerkið útgefið í Evrópu árið 2010. Frímerkið hönnuðu Borgar Hjörleifur Árnason og Hany Hadaya en ljósmyndina tók Óskar Ragnarsson.

Frímerkjasamkeppnin Wahl der schönsten Briefmarke Europas, í Þýskalandi er haldin af frímerkjablaðinu Deutsche Briefmarken-Revue sem hóf göngu sína 1950 og kemur mánaðarlega út og nær til um 60.000 lesenda. Samkeppnin hefur verið í blaðinu síðan 1998 og síðan 2006 fer verðlaunaafhendingin ætíð fram á alþjóðlegu frímerkjasýningunni í Essen sem haldin er í maí á ári hverju.

StampNews.com 2010

Frímerki nr. 539A, útgefið af Íslandspósti 22. júlí 2010 í tilefni eldgossins í Eyjafjallajökli, lenti í 2. sæti í árlegri samkeppni frímerkjasíðunnar www.stampnews.com um óvenjulegustu frímerki ársins 2010. Þetta var þriðja árið í röð sem íslensk frímerki voru í verðlaunasætum hjá vefsíðunni yfir óvenjulegustu frímerkin. Það sem þykir óvenjulegt við gosfrímerkin er að þau eru öll silkiprentuð með mjög fínkorna trakíandesít gosösku 3 míkron (µm) eða minni, sem féll undir Eyjafjöllum 17. apríl 2010 og sem fengin var hjá Magnúsi Tuma Guðmundssyni og hans fólki hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

2009

ED-Awards / European Design Awards 2009

Frímerki nr. 513A, útgefið af Íslandspósti 9. október 2008 í tilefni Friðarsúlunnar í Viðey, hlaut bronsverðlaun í hinni árlegu samkeppni The European Design Awards (ED-Awards), í flokknum prentað mál af ýmsum toga (Miscellaneous Printed). Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

Verðlaunin, The European Design Awards, einnig þekkt sem ED-verðlaunin eru veitt árlega evrópskum hönnuðum og auglýsingagerðarfólki fyrir framúrskarandi vinnu á þessu sviði. Til ED-verðlaunanna var stofnað að frumkvæði hönnunartímarita víðs vegar að úr Evrópu með samþykki alþjóðasamtakanna International Council of Design. Fulltrúar frá evrópskum tímaritum um hönnun skipa dómnefnd og er niðurstaða hennar kynnt í ED-verðlaunabókinni.

Hönnunarverðlaun FÍT 2009

Frímerki nr. 513A, útgefið af Íslandspósti 9. október 2008 í tilefni Friðarsúlunnar í Viðey, hlaut viðurkenningu í flokknum grafísk hönnun fyrir prentmiðla í árlegri samkeppni Félags íslenskra teiknara (FÍT) fyrir efni útgefið árið 2008. Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

StampNews.com 2009

Smáörk nr. 518A, með tveimur frímerkjum, útgefin af Íslandspósti 29. janúar 2009 þar sem þemað er Verndun jökla og heimskautasvæða lenti í 2. sæti í árlegri samkeppni frímerkjasíðunnar www.stampnews.com um óvenjulegustu frímerki ársins 2009. Það óvenjulega við þessa smáörk er að rauði liturinn er prentaður með hitasæknu bleki sem breytir um lit við hækkandi hitastig (t.d. ef smáörkin er lögð á ofn). Tilgangurinn með þessari framsetningu á smáörkinni er að leggja áherslu á að sú hætta blasir við að hækkandi hiti á jörðinni, vegna gróðurhúsaáhrifa, muni hafa veruleg áhrif á jökla og heimskautasvæði og þrengja að lífskjörum þeirra sem búa í grennd við þessi svæði enda eru vistkerfi heimskautalandanna viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum. Því er spáð að meðalhiti jarðarinnar hækki um 2°-5°C á næstu 50 til 100 árum. Hins vegar er búist við mun meiri hlýnun á heimskautasvæðunum eða allt að 10°C. Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

2008

ED-Awards / European Design Awards 2008

Frímerki nr. 492A, útgefið af Íslandspósti 20. september 2007 í tilefni endurútgáfu Biblíunnar árið 2007 í nýrri íslenskri þýðingu hlaut tilnefningu (Finalist) í hinni árlegu samkeppni The European Design Awards (ED-Awards), í flokknum prentað mál af ýmsum toga (Miscellaneous Printed). Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

Wahl der schönsten Briefmarke Europas 2008, Þýskaland

Frímerki nr. 513A, útgefið af Íslandspósti 9. október 2008 í tilefni Friðarsúlunnar í Viðey, lenti í 4. sæti í hinni árlegu samkeppni þýska frímerkjablaðsins Deutsche Briefmarken-Revue, um fallegasta frímerkið útgefið í Evrópu árið 2008. Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

StampNews.com 2008

Frímerki nr. 513A, útgefið af Íslandspósti 9. október 2008 í tilefni Friðarsúlunnar í Viðey, lenti í 3. sæti í árlegri samkeppni frímerkjasíðunnar www.stampnews.com um óvenjulegustu frímerki ársins 2008. Það óvenjulega við þetta frímerki er að myndin af Friðarsúlunni á frímerkinu glóir í myrkri. Einnig er andlitsmynd af John Lennon prentuð á frímerkið, en hún sést aðeins undir útfjólubláu ljósi.
Þessi sami frímerkjavefur, www.stampnews.com valdi jólafrímerkin nr. 515A-B útgefin af Íslandspósti 6. nóvember 2008 í 10. sætið yfir „Top 10 most touching postage stamps of 2008“ sem þýða mætti sem sætustu (krúttlegustu) eða jafnvel skemmtilegustu frímerki ársins.

Grand Prix De L'Exposition WIPA 2007, Austurríki

Smáörk nr. 494A með einu frímerki, útgefin af Íslandspósti 20. september 2007 í tilefni 100 ára frá konungskomunni 1907, lenti í 4. sæti í hinni árlegu WIPA Grand Prix frímerkjasamkeppni fyrir árið 2007. Þátttökulönd voru 70 og verðlaunasæti 10. Frímerkið hannaði Tryggvi Tómas Tryggvason grafískur hönnuður.

Wahl der schönsten Briefmarke Europas 2007, Þýskaland

Frímerki nr. 495A-B, útgefin af Íslandspósti 1. október 2007, lentu í 4. sæti í hinni árlegu samkeppni þýska frímerkjablaðsins Deutsche Briefmarken-Revue, um fallegasta frímerkið útgefið í Evrópu árið 2007. Frímerkin eru tvö samstæð merki sem sýna Selfoss í Jökulsá á Fjöllum. Annað þeirra, nr. 495A, er svokallað Sepac-frímerki, en þema þeirrar útgáfu fyrir árið 2007 var landslag. Frímerkið hannaði Borgar Hjörleifur Árnason grafískur hönnuður en ljósmyndina tók Skotinn Bruce Percy.

Hönnunarverðlaun FÍT 2006

Frímerki nr. 456A-D, útgefin af Íslandspósti 10. mars 2005 undir þemanu, Tækifærisfrímerki hlaut viðurkenningu í flokki myndskreytinga í árlegri samkeppni Félags íslenskra teiknara (FÍT) fyrir efni útgefið 2005. Frímerkin hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

The most beautiful EUROPA stamp competition, 2005

Frímerki nr. 459A, útgefið af Íslandspósti 26. maí 2005 hlaut 1. verðlaun í samkeppni PostEurop um fallegasta Evrópufrímerki ársins 2005. Slík verðlaun eru jafnan veitt á aðalfundi PostEurop, samtaka 43 póststjórna í Evrópu, og greiða fulltrúar póststjórnanna atkvæði í samkeppninni. Aðalfundur PostEurop var haldinn í Portúgal 30. september 2005 og veitti Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, verðlaununum viðtöku. Efni íslenska frímerkisins er fiskmeti, en matargerðarlist var sameiginlegt myndefni Evrópufrímerkjanna árið 2005. Snið frímerkisins er óvenjulegt því það er hringlaga og er gengið út frá matardisk sem forsendu hönnunarinnar. Frímerkið hannaði Hany Hadaya grafískur hönnuður en ljósmyndirnar tók Þjóðverjinn Thorsten Henn.

2005

Gran Premio Riccione Arte Filatelica 2005, Ítalía

Frímerki nr. 439B, útgefið af Íslandspósti 11. mars 2004, hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegri samkeppni Gran Premio Riccione Arte Filatelica um þýðingarmestu frímerkjaútgáfur í Evrópu fyrir árið 2004. Verðlaunin eru veitt á vegum Riccione-frímerkjasýningarinnar á Ítalíu en hún hefur undanfarin 44 ár gengist fyrir samkeppni um listræna hönnun frímerkja. Póstrekendur í öllum Evrópulöndum, sem eru meðlimir í Alþjóðapóstsambandinu (UPU), tóku þátt í samkeppninni.

Íslenska frímerkið sem hlaut verðlaunin að þessu sinni var gefið út í röð fimm frímerkja um jarðhita á Íslandi. Á sama tíma var einnig gefið úr veglegt gjafahefti með frímerkjunum og ítarlegum upplýsingum um jarðhita á Íslandi. Verðlaunafrímerkið sýnir borholu í Hengli. Önnur myndefni útgáfunnar eru raforkuhverfill á Nesjavöllum, Snorralaug í Borgarfirði, heitt vatn á leið til Reykjavíkur og kort af Atlantshafshryggnum.

Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður hannaði frímerkin og gjafaheftið. Verðlaunagripurinn var gerður af ítalskri myntsláttu.

Hönnunarverðlaun FÍT 2005

Frímerki nr. 442A, útgefið af Íslandspósti 19. maí 2004 undir þemanu, Síldarsöltun í 100 ár hlaut viðurkenningu í flokki myndskreytinga í árlegri samkeppni Félags íslenskra teiknara (FÍT) fyrir efni útgefið árið 2004. Frímerkið hannaði Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður.

Grand Prix De L'Exposition WIPA 2004, Austurríki

Frímerki nr. 449A, útgefið af Íslandspósti 8. október 2004 í tilefni 100 ára frá vígslu franska spítalans á Fáskrúðsfirði, lenti í 6. sæti í hinni árlegu „WIPA Grand Prix" frímerkjasamkeppni fyrir árið 2004. Þátttökulönd voru 70 og verðlaunasæti 10. Frímerkið hannaði Tryggvi Tómas Tryggvason grafískur hönnuður.

Premio Internazionale Asiago D´Arte Filatelica 2002, Ítalía

Evrópufrímerki nr. 399B, útgefið af Íslandspósti 17. mai 2001, þar sem sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna, vatn – náttúruleg auðlind, lenti í 1. sæti í flokknum náttúra og umhverfismál (Environment price) í hinni árlegu Asiago International Award for Philatelic Art frímerkjasamkeppni í Asiago á Ítalíu, fyrir frímerki útgefin árið 2001. Frímerkjasamkeppnin var haldin í 32. skiptið árið 2002. Frímerkið hannaði Hany Hadaya grafískur hönnuður.



Stamp World Cup 2002, Frakkland

Evrópufrímerki nr. 399B, útgefið af Íslandspósti 17. mai 2001, þar sem sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna, vatn – náttúruleg auðlind, lenti í 2. sæti í hinni árlegu samkeppni franska frímerkjablaðsins Timbropresse, Stamp World Cup um fallegasta frímerkið útgefið í heiminum 2001-2002 (The World´s Most Beautiful Stamp 2002). Frímerkið hannaði Hany Hadaya grafískur hönnuður.

Wahl der schönsten Briefmarke Europas 2001, Þýskaland

Evrópufrímerki nr. 399B, útgefið af Íslandspósti 17. maí 2001, þar sem sameiginlegt þema Evrópufrímerkjanna, vatn – náttúruleg auðlind, lenti í 2. sæti í hinni árlegu samkeppni þýska frímerkjablaðsins Deutsche Briefmarken-Revue, um fallegasta frímerkið útgefið í Evrópu árið 2001. Frímerkið hannaði Hany Hadaya grafískur hönnuður.

2000

Canadiana Stamp of the Year 2000, The Canadian Connection Journal Award, Kanada

Smáörk nr. 390A, sem útgefin var af Íslandspósti á Degi frímerkisins 9. október 2000 og tileinkuð er Vesturförunum, var valin besta frímerki ársins 2000 af lesendum kanadíska frímerkjablaðsins The Canadian Connection Journal. The Canadian Connection Journal, sem gefið var út af frímerkjafélaginu The Canadiana Study Unit, stóð að slíku vali meðal lesenda sinna í níunda skiptið árið 2000. Smáörkina hannaði Þröstur Magnússon grafískur hönnuður. Fékk hann af því tilefni sent heiðursskjal frá félaginu, þar sem segir að umrætt frímerki þyki best hannaða frímerkið ársins 2000. „Heiðursskjalið var sent Íslandspósti en síðan hefur Íslandspóstur sent skjalið til mín“ sagði Þröstur í samtali við Morgunblaðið af þessu tilefni. Hann kveðst því lítið vita um þessa viðurkenningu en telur líklegt að valið hafi staðið á milli frímerkja sem tengdust Kanada á einhvern hátt.

Smáörkin, sem er með einu frímerki, er gerð eftir málverki Árna Sigurðssonar (1884-1970) frá árinu 1950 og sýnir íslenska landnema við Winnipegvatn í Manitoba í Kanada þar sem þeir stofnuðu Nýja Ísland.

Kanadíska frímerkjafélagið Canadiana Study Unit, sem stofnað var árið 1988, var mjög virkt félag undir stjórn John Peebles. Starfsemi eða áhugasvið félagsins snérist fyrst og fremst um kanadísk frímerki, þar sem þemað var saga, menning og iðnaður Kanada, jafnt í heimalandinu sem og erlendis. Canadiana Study Unit gaf ársfjórðungslega út tímaritið The Canadian Connection. Félagið var leyst upp í lok árs 2013 eða byrjun árs 2014.

Coupe Du Monde Des Timbres, 1997, Frakkland

Frímerki útgefin af Pósti og síma árin 1995-1997 tryggðu Íslandi 3. sætið í hinni árlegu samkeppni franska frímerkjablaðsins Timbroloisirs, Coupe Du Monde Des Timbres 1997 (Stamp World Cup 1997), yfir fallegustu frímerki útgefin í heiminum árin 1995-1997. Þátttökulöndin sendu hvert og eitt inn úrval frímerkja frá þessu árabili og sendi Ísland inn 15 frímerki, sem fulltrúa íslenskra frímerkja útgefinna árin 1995-1997. Hönnuðir frímerkjanna voru Þröstur Magnússon (10 frímerki), Sigríður Bragadóttir (2), Tryggvi Tryggvason (1), Skyggna-Myndverk (2). Dómnefndin, sem samanstóð af öllum lesendum Timbroloisirs frímerkjablaðsins, setti Ísland í 3. sætið en í fyrsta sæti lenti Mónakó. Frakkland lenti í öðru sæti, Taiwan í fjórða, Saint-Pierre-et-Miquelon í fimmta og Wallis-et-Futuna í sjötta sæti.

Frímerkjasamkeppnin Coupe Du Monde Des Timbres, í Frakklandi var haldin af frímerkjablaðinu, Timbroloisirs, sem hóf göngu sína árið 1989. Blaðið breytti síðar um nafn og varð að Timbres Magazine, þegar þrjú frönsk frímerkjablöð sameinuðust í eitt, en þau voru Le Monde des philatélistes, Timbroscopie og Timbroloisirs. Timbres Magazine, sem gefið er út af Timbropresse, kemur út mánaðarlega í 33.000 eintökum, en fastir áskrifendur eru um 15.000. Frímerkja-samkeppnin Coupe Du Monde Des Timbres, var haldin árin 1992 til 2003 þegar hún lagðist af.

1997

150 00
ÍSLAND
Íslandsblóg
Svavar Guðnason
200 00
ÍSLAND
Háfur
Þorvaldur Skúlason
ÍSLAND 35 00
ÍSLAND 35 00
ÍSLAND 35 00
ÍSLAND 35 00
ÍSLAND 35 00
ÍSLAND 35 00
ÍSLAND 35 00
ÍSLAND 35 00
45 00
ÍSLAND
25 00
ÍSLAND
ÍSLAND
10 00
NORDIA 96
10 00
150 00
ÍSLAND
ÍSLAND
Hraunfossar
Norræn frímerkjasýning Reykjavík 25. - 27. október 1996
Verð kr. 200

Le Grand Prix de l'Art Philatelique 1994, Frakkland

Á hverju hausti er haldin í París frímerkjasýningin Salon Philatélique d'Automne og hefur svo verið allt frá árinu 1946. Það eru samtök franskra frímerkjakaupmanna CNEP (Chambre syndicale française des Négociants et Experts en Philatélie), sem standa að þessari sýningu og hafa gert frá upphafi en þetta er stærsta frímerkjasýningin sem haldin er í Frakklandi ár hvert. Samtökin standa einnig árlega fyrir vorsýningu og er sú frímerkjasýning ætíð haldin í öðrum borgum Frakklands en París.

Frá árinu 1971 hefur eitt Evrópuland ætíð verið kosið heiðursgestur Salon Philatélique d'Automne sýningarinnar í París og var Ísland þess heiðurs aðnjótandi árið 1994. Í tengslum við frímerkjasýninguna kaus dómnefnd, skipuð 30 einstaklingum, fallegasta íslenska frímerkið sem kom út 1994 og veitti því verðlaun undir formerkjum „Le Grand Prix de l'Art Philatelique" eða fallegasta erlenda frímerkið árið 1994. Þann heiður hlaut smáörk nr. 321, útgefin af Pósti og síma í tilefni af Degi frímerkisins 7. október 1994, en smáörkina hannaði Hlynur Ólafsson grafískur hönnuður og er hún helguð frímerkjasöfnun barna og unglinga.

Í tilefni þess að Ísland var kosið heiðursgestur Salon Philatélique d'Automne sótti Ólafur Tómasson Póst- og símamálastjóri sýninguna heim og tók þar við forláta vasa sem verðlaunum fyrir útgáfu fallegasta erlenda frímerkisins 1994. Vasinn, sem var gjöf frá forseta franska lýðveldisins, var handunninn í Sévres postulínsverksmiðjunni í París. Samkeppnina Le Grand Prix de l'Art Philatelique sem Samtök franskra frímerkjakaupmanna (CNEP) standa að, má rekja allt til ársins 1951. Frá árinu 1993, hafa samtökin veitt verðlaun í þremur flokkum, tveimur fyrir frönsk frímerki og einum fyrir Evrópsk frímerki.

1992

Coupe Du Monde Des Timbres 1992 (Stamp World Cup 1992), Frakkland

Frímerki nr. 289A-B, útgefin af Pósti og síma 7. febrúar 1991, sem sýna flórgoða (*Podiceps auritus*) og súlu (*Sula bassana*) og smáörk nr. 301, útgefna 6. apríl 1992, þar sem þemað er fundur Ameríku tryggðu Íslandi 1. sætið í hinni árlegu samkeppni franska frímerkjablaðsins Timbroloisirs, Coupe Du Monde Des Timbres 1992 (Stamp World Cup 1992), yfir fallegustu frímerki útgefin í heiminum fyrir árin 1991-1992. Frímerkin hannaði Þröstur Magnússon.

Það voru lesendur franska frímerkjablaðsins, sem greiddu atkvæði í þessu vali þar sem íslensk frímerki voru talin bera af öðrum, en 144 póststjórnir tóku þátt í keppninni um hylli lesenda. Í öðru sæti lenti Mónakó, Frakkland í því þriðja, Svíþjóð í fjórða, Ástralía í fimmta og Kanada í sjötta sæti. Þá völdu lesendur tímaritsins einnig fallegustu einstöku frímerkin og hannaði Þröstur Magnússon fimm af 32 merkjum sem komust í úrslit. Fyrir fallegasta einstaka frímerkið hlaut Mónakó fyrsta sætið og Ísland það þriðja (smáörkin: Fundur Ameríku).

1992

Ólafur Tómasson Póst- og símamálastjóri tók við viðurkenningu frá aðstandendum keppninnar af þessu tilefni í París. Albert Guðmundsson, sendiherra í Frakklandi, var viðstaddur verðlaunaafhendinguna sem og yfirmenn franska póstsins og framámenn í frímerkjaheiminum.

Verðlaunin voru afsteypa af sigurgyðjustyttunni (sem heitir Nike í grískri goðafræði, Victoria í rómverskri) frá fjórðu öld fyrir Krists burð og varðveitt er á Louvre-safninu í París. Styttan fannst á eynni Samóþrakíu í Egea-hafinu árið 1863 og er af vængjaðri dís sem tekur flugið úr stafni skips. Hún er til minningar um sigur Demetriosar I Poliorketusar (Borgaskelfis) yfir egypska flotanum í sjóorustu.

1992

Canadiana Stamp of the Year 1992, The Canadian Connection Journal Award, Kanada

Smáörk nr. 301A, sem útgefin var af Pósti og síma 6. apríl 1992 og tileinkuð fundi Ameríku, var valin besta frímerki ársins 1992 af lesendum kanadíska frímerkjablaðsins, The Canadian Connection Journal. The Canadian Connection Journal, sem gefið var út af frímerkjafélaginu The Canadiana Study Unit stóð að valinu meðal lesenda sinna. Smáörkina hannaði Þröstur Magnússon grafískur hönnuður. Fékk hann af því tilefni sent heiðursskjal frá félaginu.

Smáörkin, sem er með tveimur frímerkjum, er jafnframt Evrópufrímerki ársins 1992 þar sem þemað var fundur Ameríku en á árinu 1992 voru fimm aldir liðnar frá því, er Kristófer Kólumbus sté á land í Vesturheimi. Evrópufrímerkin voru þess vegna helguð þeim atburði. Íslensku frímerkin voru bæði gefin út stök í örkum og svo saman í smáörk, þar sem annars vegar kemur skýrt fram leið Leifs heppna til Vínlands árið 1000 og svo hins vegar leið Kólumbusar árið 1492. Þessi útgáfa var jafnframt samútgáfa póststjórna Íslands og Færeyja, þar sem sama myndefni og hönnun Þrastar Magnússonar var á frímerkjum beggja landanna.

Kanadíska frímerkjafélagið Canadiana Study Unit, sem stofnað var árið 1988, var mjög virkt félag undir stjórn John Peebles. Starfsemi eða áhugasvið félagsins snérist fyrst og fremst um kanadísk frímerki, þar sem þemað var saga, menning og iðnaður Kanada, jafnt í heimalandinu sem og erlendis. Canadiana Study Unit gaf ársfjórðungslega út tímaritið The Canadian Connection. Félagið var leyst upp í lok árs 2013 eða byrjun árs 2014.

Menningarverðlaun DV 1992

Árið 1992 hlaut Þröstur Magnússon Menningarverðlaun DV fyrir hönnun frímerkja. Þröstur var á árunum 1977-2001 helsti hönnuður íslenskra frímerkja, en eftir hann liggja samtals 211 frímerki. Á annan tug þeirra hafa hlotið alþjóðlegar viðurkenningar eins og lesa má nánar um í köflunum um verðlaun áranna 1992-2000.

Jónas Kristjánsson ritstjóri Dagblaðsins stofnaði Menningarverðlaun DV árið 1978 og hafa verðlaunin verið veitt árvisst síðan, fyrir utan eitt skipti í kjölfar eigendaskipta á DV. Jónas stofnaði til þessara verðlauna sem ritstjóri Dagblaðsins en fylgdi svo verðlaunum yfir í að verða Menningarverðlaun DV þegar Dagblaðið og Vísir sameinuðust undir nafni DV. Menningarverðlaun DV hafa allt frá upphafi verið almenn verðlaun þvert á margar greinar menningar og ná þau yfir meginhluta sviðsins enda veitt í fjölda flokka.

Verðlaun íslenskra frímerkjabóka innanlands og erlendis











NORDIA 2019

Tvær frímerkjabækur útgefnar af Íslandspósti árin 2016 og 2019 unnu til verðlauna á norrænu frímerkjasýningunni NORDIU 2019, sem haldin var 23.-25. ágúst í Sarpsborg í Noregi.

Annars vegar hlaut frímerkjalistinn, Frímerki íslenska konungsríkisins og íslenska lýðveldisins 1873-2019, gyllt silfur (85 stig), en bókin var fyrst gefin út 2018 og endurútgefin uppfærð og endurskoðuð 11. apríl 2019.

Hins vegar hlaut bókin Frímerki íslenska lýðveldisins 1944-2014, sem er 2ja binda verk, stórt silfur (75 stig), en bókin var fyrst gefin út þann 27. desember 2016. Uppfærð útgáfa bókarinnar, Frímerki íslenska lýðveldisins 1944-2019, sem nær yfir 75 ára frímerkjasögu kom út í september 2019.

China 2019 World Stamp Exhibiton, Kína

Bókin, Frímerki íslenska lýðveldisins 1944-2014, sem er 2ja binda verk útgefið af Íslandspósti 27. desember 2016 hlaut silfur (70 stig) á frímerkjasýningunni, China 2019 World Stamp Exhibiton, sem haldin var 11.-17. júní í Wuhan í Kína.

Frímerkjasýningin, China 2019 World Stamp Exhibiton, var haldin í alþjóðlegu sýningarhöllinni í borginni Wuhan í Hubei-héraði í Kína. Sýnt var efni í 4700 sýningarrömmum. Þetta var í þriðja sinn sem Kínverjar héldu þessa heimssýningu tileinkaða frímerkjasöfnun, en áður héldu þeir hana árin 1999 og 2009. Opinbert tilefni sýningarinnar var m.a. að fagna 70 ára afmæli stofnunar Alþýðulýðveldisins Kína.

NORDIA 2018

Tvær frímerkjabækur útgefnar af Íslandspósti árin 2016 og 2018 unnu til verðlauna á norrænu frímerkjasýningunni NORDIU 2018, sem haldin var 8.-10. júní í TM-höllinni í Garðabæ. Annars vegar hlaut frímerkjalistinn, Frímerki íslenska konungsríkisins og íslenska lýðveldisins 1873-2018, gyllt silfur (80 stig), en bókin var gefin út á fyrsta degi NORDIU, þann 8. júní 2018. Hins vegar hlaut bókin Frímerki íslenska lýðveldisins 1944-2014, sem er 2ja binda verk, stórt silfur (75 stig), en bókin var gefin út þann 27. desember 2016.

Samnorræna frímerkjasýningin NORDIA 2018 var að þessu sinni haldin á Íslandi í sjöunda sinn og var efni sýnt í 700 sýningarrömmum. Íslendingar hafa tekið þátt í NORDIA sýningum frá árinu 1978. Rekja má NORDIA sýningarnar aftur til ársins 1966 þegar Finnar héldu frímerkjasýningu sem nefnd var Nordia. Önnur slík frímerkjasýning var haldin 1975 og var þá ákveðið að halda reglulegar norrænar frímerkjasýningar sem ýmist eru haldnar í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Íslandi.

PÓSTURINN

ISBN 978-9979-9897-6-9